

Skýrsla

**Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra
um utanríkis- og alþjóðamál**

Lögð fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017 - 2018

Apríl 2018

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	7
I. UTANRÍKISÞJÓNUSTA OG STJÓRNSÝSLA UTANRÍKISMÁLA	13
1. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR	13
1.1. Almenn.....	13
Mynd 1: Fjárlög utanríkisráðuneytisins 2018.....	13
Mynd 2: Sendiskrifstofur Íslands	14
1.2. Markmið og starfið fram undan.....	14
2. UTANRÍKISÞJÓNUSTA TIL FRAMTÍÐAR	14
2.1. Skýrsla um <i>Utanríkisþjónustu til framtíðar, hagsmunagæslu í síbreytilegum heimi</i>	14
Sendiráð í Kaupmannahöfn: Fyrsta sendiráð Íslands.	15
Mynd 3: Áætluð staða tillagna í lok júní 2018	16
2.2. Ný skrifstofa ráðuneytisstjóra	16
2.2.1. Deild heimasendiherra.	16
2.2.2. Stjórnsýslueftirlitsdeild.....	17
2.2.3. Upplýsingar- og greiningardeild	17
Mynd 4: Nýtt skipurit utanríkisráðuneytisins	17
2.3. Varnarmálaskrifstofa.....	18
2.4. Prótókollskrifstofa – kjöræðismenn	18
Sendiráð í Nýju-Delí. Fjárfesting til framtíðar.	19
2.5. Sendiskrifstofur	20
Sendiráð í Berlín: Norðurlöndin í hjarta Evrópu.	21
3. BORGARAÞJÓNUSTA	22
3.1 Almenn.....	22
Tafla 1: Íslendingar búsettir erlendis	23
3.2 Markmið og starfið framundan.....	24
Sendiráð í Stokkhólmi: Mikil þjónusta við 8000 Íslendinga í Svíþjóð.....	24
4. NORÐURLÖND OG NÆRSVÆÐI	25
4.1. Almenn.....	25
4.2. Samstarf Norðurlandanna.....	25
Sendiráð í Osló: Söguleg tengsl og sameiginlegir hagsmunir.	26
4.3. Norðurslóðir	28
Sendiráð í Ottawa: Sameiginlegir hagsmunir á norðurslóðum og í auðlindanýtingu.	29
4.4. Norðurskautsráðið	30
Aðalræðisskrifstofa í Nuuk: Miklir vaxtarmöguleikar í Grænlandi.	31
4.5. Eystrasaltsráðið	32
Sendiráð í Helsinki: Sérstakt samband við Finnland og Eystrasaltsríkin.	34
4.5. Barentsráðið	35

4.6. Norðlæga víddin.....	35
4.7. Markmið og starfið framundan.....	35
5. ALÞJÓÐA- OG UTANRÍKISMÁL.....	35
5.1. Almenn utanríkismál.....	35
5.1.1. Bandaríkin.....	35
Sendiráð í Washington DC: Bandaríkin mikilvægasti bandamaður Íslands.....	36
5.1.2. Rússland.....	37
Sendiráð í Moskvu: Áratuga samskipti Íslands og Rússlands.....	38
5.1.3. Kína.....	39
Sendiráð í Peking: Vettvangur nýrra tækifæra fyrir íslensk fyrirtæki.....	40
5.1.4. Norður-Kóreudeilan.....	41
5.1.5. Mið-Austurlönd.....	41
5.1.6 Samstarf gegn hryðjuverkastarfsemi.....	42
5.2. Málefni Sameinuðu þjóðanna.....	42
Mynd 5: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	43
Fastanefnd í New York: Rödd Íslands í hnattrænu samstarfi.....	44
5.3. Mannréttindamál.....	45
5.3.1. Almennt.....	45
5.3.2 Jafnréttismál.....	45
5.3.3. Þriðja nefnd allsherjarþingsins.....	45
5.3.4. Mannréttindaráðið í Genf.....	46
5.3.5. Evrópuráðið.....	46
5.4. Markmið og starfið framundan.....	47
6. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL.....	47
6.1. Almennt.....	47
6.2. Loftslagsmál.....	47
6.3. Jarðvarmi – Endurnýjanlegir orkugjafar.....	48
6.4. Jarðvegsmál.....	49
6.5. Fiskveiðar og sjálfbær nýting auðlinda hafsins.....	49
6.5.1. Samningur um stjórnun fiskveiða og vísindasamstarf í Norður-Íshafi.....	49
6.5.2. Fiskimál á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO).....	49
Fastanefnd í Róm: Hagsmunagæsla í sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins.....	50
6.5.3. Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin (NEAFC).....	51
Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn: Mikilvæg samskipti í sjávarútvegsmálum.....	52
6.5.4. Líffræðileg fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja.....	53
6.5.6. Ráðherrafundur um bláa hagkerfið.....	53
6.6. Markmið og starfið framundan.....	53
7. ÞJÓÐRÉTTARMÁL.....	53
7.1. Samningar Íslands við erlend ríki.....	53

7.2. Hafréttarmál	54
7.3. Landgrunnsmál.....	54
7.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn	55
7.5. Mannúðarréttur.....	55
7.6. Útflutningseftirlit.....	55
7.7. Þvingunaraðgerðir	55
7.8. Iceland-málið á vettvangi EUIPO	56
7.9. Markmið og starfið framundan.....	56
8. PRÓTOKOLLMÁL	56
9. UPPLÝSINGAR- OG GREININGARMÁL	57
9.1. Greiningarstarf	57
9.2. Upplýsingamiðlun	57
9.3. Markmið og starfið framundan.....	58
9.4. Skjalasafn utanríkisþjónustunnar	59
9.5. Markmið og starfið fram undan.....	59
II. UTANRÍKISVIÐSKIPTI.....	62
1. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU (BREXIT).....	62
1.1. Almenn.....	62
Sendiráð í Lundúnum: Brexit meginverkefnið framundan.....	63
Mynd 6: Vægi Bretlands í heildarútflutningi eftir vöruflokkum 2015 í milljónum króna.....	64
1.2. Fyrsti fasi og bráðabirgðatímabilið	64
1.3. Framtíðarfyrirkomulag í öðrum fasa	65
Mynd 7: Tímalína Brexit og mismunandi verkþættir	66
1.4. Skipulag Brexit-vinnunnar	68
1.5. Varúðarráðstafanir.....	68
1.6. Markmið og starfið framundan.....	68
2. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF	70
2.1. Utanríkisviðskipti almennt	70
Mynd 8: Útflutningur á vöru og þjónustu.....	70
Tafla 2: Samsetning vöruútflutnings miðað við vörutegundir	70
Mynd 9: Vöruútflutningur miðað við vörutegundir.....	71
Tafla 3: Útflutningur á vörum eftir löndum.....	72
Tafla 4: Samsetning þjónustuútflutnings	73
Mynd 10: Útflutningur á þjónustu	73
Mynd 11: Þróun útflutningstekna	74
2.2. Viðskiptaþjónusta.....	74
Aðalræðisskrifstofa í New York: Viðskiptaþjónusta víða í Ameríku.....	75
2.3. Markmið og starfið framundan.....	76
2.4. Íslandsstofa.....	76

2.5. Viðskipti við einstök ríki og svæði.....	78
2.5.1. Almennt	78
Mynd 12: Umfang utanríkisviðskipta 2016.....	78
2.5.2. Færeyjar og Grænland.....	79
Mynd 13: Þjónustu- og vöruviðskipti Íslands og Færeyja 2013-16.....	79
2.5.3. Japan	80
Sendiráð í Tókýó: Rótgróin viðskipti og pólitískt samstarf um auðlindamál.....	81
2.5.4. Kína.....	82
2.5.5. Rússland.....	82
2.5.5. Bandaríkin.....	82
2.6. Tvíhliða viðskiptasamningar	82
2.7. Loftferðasamningar	83
2.8. Fjárfestingasamningar	83
2.9. Markmið og starfið framundan.....	83
3. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF	84
3.1. Fjölbjóðastofnanir	84
3.1.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)	84
3.1.2. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)	85
Sendiráð í Genf: Forysta í gerð fríverslunarsamninga.....	86
3.1.3. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)	87
4. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ (EES)	88
4.1. EES og samstarf við Evrópusambandið	88
4.2. Framkvæmd EES-samningsins.....	88
Tafla 5: Hlutfall þeirra tilskipana sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn en hafa enn ekki verið innleiddar í landsrétt.....	89
4.3. EFTA-dómstóllinn	89
4.4. Hagsmunagæsla innan EES.....	89
Sendiráðið í Brussel: Hagsmunagæsla vegna EES-samningsins.....	91
4.5. Markmið og starfið framundan.....	92
4.6. Uppbyggingarsjóður EES.....	92
4.7. Schengen-samstarfið	92
4.8. Markmið og starfið framundan.....	93
5. MENNINGARMÁL	93
5.1. Alþjóðlegt menningarstarf og kynning.....	93
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Ræktar samskiptin við Vestur-Íslendinga.....	94
5.2. Markmið og starfið framundan.....	95
5.3. Mennta- og menningarmálastofnun SP (UNESCO).....	95
Sendiráð í París: Fyrirsvar í Suður-Evrópu og hjá OECD og UNESCO.....	96

III. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL	99
1. Varnir Íslands	99
2. Íslenska friðargæslan.....	100
3. Fjölbjóðasamstarf.....	101
3.1. Atlantshafsbandalagið.....	101
Fastanefnd í Brussel: NATO hefur tryggt öryggi í Evrópu síðan 1949.....	102
3.2. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	103
Fastanefnd í Vín: ÖSE stuðlar að öryggi í austurhluta Evrópu.	104
4. Markmið og starfið framundan.....	105
IV. ÞRÓUNARSAMVINNA	107
1. Almenn.....	107
2. Framlög til þróunarsamvinnu	107
3. Samstarf við atvinnulífið	107
4. Tvíhliða þróunarsamvinna.....	108
4.1. Almenn	108
4.2. Svæðasamstarf í jarðhita og samstarf við atvinnulíf.....	108
4.3. Úganda.....	109
Sendiráð í Kampala: Víðtækari stjórnmalasamskipti og viðskipti í Austur-Afríku.....	110
4.4. Malaví.....	110
Sendiráð í Lilongwe: Stuðningur við lýðheilsu-, vatns- og salernisverkefni.....	111
4.5. Mósambík	111
5. Fjölbjóðleg þróunarsamvinna.....	112
5.1. Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNU).....	112
5.2. Alþjóðabankinn.....	113
5.3. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF)	114
5.4. Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women)	114
5.5. Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC)	114
5.6. Umhverfis- og loftslagsmál.....	115
5.7. Jafnréttismál.....	115
Tafla 6: Verkefni greind með jafnréttisstíku	116
6. Mannúðaraðstoð.....	116
7. Borgarasamtök	117
Tafla 7: Framlög til mannúðar- og þróunarverkefna 2017	118
8. Úttektir og árangur	118
9. Markmið og starfið framundan.....	119

INNGANGUR

Almennt

Þótt síðasta ár hafi verið umhleypingasamt í stjórnámálum, jafnt á Íslandi sem erlendis, eru meginlínurnar í íslenskri utanríkisstefnu skýrar og markmiðin þau sömu og áður: Að tryggja öryggi og varnir landsins, viðskiptahagsmuni erlendis og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar, auk þess sem að hafa í heiðri grundvallargildi mannréttinda, mannúðar og jafnréttis. Á þeim eitt hundrað árum, sem liðin eru síðan Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með Sambandslögunum 1918, hafa þessar meginlínur verið þær sömu, þótt Íslendingar hafi stigið fyrstu skrefin í utanríkis- og varnarmálum sem hluti af danska konungsríkinu. Fyrir eitt hundrað árum gengu Íslendingar formlega í samfélag þjóðanna og þá hófst jafnframt samleiðin með öðrum vestrænum ríkjum sem búa við frelsi og lýðræði, mannréttindi og frjálst hagkerfi.

Síðari heimsstyrjöldin færði Íslendingum heim sanninn um að gamla hlutleysisstefnan tryggði ekki lengur frið og öryggi. Því var nauðsynlegt að hverfa frá henni og gerast þátttakandi í öryggismálasamstarfi vestrænna lýðræðisríkja. Í stjórnarsáttmálanum segir: „*Ríkisstjórnin leggur áherslu á að öryggismál þjóðarinnar séu í traustum skorðum. Þjóðaröryggisstefna Íslands sem samþykkt var af Alþingi verður höfð að leiðarljósi.*“

Línurnar hafa einnig verið skýrar í utanríkisviðskiptum. Á fyrstu árum fullveldisins sendu íslensk stjórnvöld viðskiptafulltrúa, svokallaða fiskifulltrúa, til að afla markaða erlendis. Hinir örfáu fiskifulltrúar voru undanfarar umfangsmikils viðskiptastarfs sem utanríkisþjónustan hefur unnið á seinni árum. Allt frá því er Íslendingar tóku utanríkismálin í sínar hendur hefur utanríkisþjónustan leitast við að tryggja útflutningshagsmuni og vinna að fríverslun í þágu landsmanna. Af þessum meiði er aðildin að Fríverslunarsamtökum Evrópu og Evrópska efnahagssvæðinu. Íslendingum hefur borið gæfa til stýra fleyi sínu vel í þessum efnunum, og hefur ríkisstjórnin mótað afgerandi afstöðu til Evrópusambandsins, enda segir í stjórnarsáttmálanum að hagsmunum þjóðarinnar sé best borgið með því að standa áfram utan Evrópusambandsins.

Með fullveldinu hófst smám saman hin farsæla samleið Íslands í ríkjahópi Norðurlandanna enda kveður sáttmáli ríkisstjórnarinnar m.a. á um að norrænt samstarf verði áfram einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Framundan er á næsta ári formennska Íslands í Norðurlandasamstarfinu, sem einnig felur í sér samráð við Eystrasaltsríkin, útverði Atlantshafsbandalagsins í austri. Á því ári hefst einnig formennska í Norðurskautsráðinu þar sem við styðjum vísindasamstarf, sjálfbæra nýtingu auðlinda og málefni frumbyggja á mörgum sviðum. Í ljósi örra breytinga á norðurslóðum, ríður á að aðildarríki ráðsins gæti hagsmuna sinna og svæðisins í viðum skilningi með hin 17 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Þrátt fyrir að eitt hundrað ára saga fullveldis og lýðveldis hafi verið farsæl, hefur þjóðin oft gengið í gegnum erfiða tíma. Minnst ég þeirra fjölmörgu sem hurfu í hafið við að tryggja þjóðinni útflutningstekjur á stríðsárunum en talið er að 211 manns eða 0,17% af íbúafjölda landsins hafi látist af völdum ófriðarins, nær sama hlutfall og hjá Bandaríkjamönnum. Mjög reyndi á einingu landsmanna í kalda stríðinu, og hinn erfiði tími fyrir einum áratug, þegar fjármálakreppan hófst, er Íslendingum enn í fersku minni. Það er því mikilvægt að hafa í huga að farsæld þjóðarinnar ræðst af ytri aðstæðum og getu hennar til að skilja breytingarnar í umhverfinu, svara kalli tímans og bregðast rétt við.

Eftir fall Sovétríkjanna var frekar tíðindalaust, ef svo mætti að orði komast, í öryggismálum í norðurhöfum og Norður-Evrópu, jafnvel svo að bandarísk stjórnvöld ákváðu að flytja varnarlið sitt á brott frá Íslandi. Nú eru aftur á móti óvissutímar í öryggismálum í Evrópu sem bregðast þarf markvisst við.

Efnavopnaárásin í enska bænum Salisbury í upphafi marsmánaðar er alvarlegt brot á alþjóðalögum og ógnun við öryggi og frið í Evrópu. Efnavopnum hefur ekki verið beitt í álfunni frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Viðbrögð rússneskra stjórnvalda við árásinni hafa hingað til verið ótraustvekjandi og yfirlýsingar þeirra ótrúverðugar. Árásin hefur kallað á samstilltar aðgerðir Vesturlanda. Norðurlöndin, mörg samstarfsríki í Atlantshafsbandalaginu, og ýmis aðildarríki Evrópusambandsins, ákváðu að grípa til aðgerða gagnvart rússneskum stjórnvöldum. Ríkisstjórn Íslands ákvað, í samráði við utanríkismálanefnd, að taka þátt í þessum aðgerðum og hefur öllum tvíhliða fundum með rússneskum ráðamönnum og háttsettum

embættismönnum verður frestað um óákveðinn tíma. Af þeirri ákvörðun leiðir að íslenskir ráðamenn munu ekki sækja heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Rússlandi á komandi sumri.

Enn á ný tryggjum við öryggi okkar með virkri þátttöku í varnarsamstarfi vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu, og með varnarsamningnum við Bandaríkin. Góðar varnir og öflugt eftirliti á Norður-Atlantshafi er grundvallarþáttur í þeim efnum. Öryggi í Evrópu kallar einnig á virka þátttöku ríkja álfunnar, þar með talið Íslands, í fjölbreytilegu svæðasamstarfi, þar sem iðulega koma saman fulltrúar þjóða sem eru á öndverðum meiði í stjórnámálum, samfélagsgerð og gildum. Á slíkum vettvangi geta Íslendingar lagt af mörkum, og stundum tekið forystu, til að bæta sambúð og samstarf þjóða og tala máli lýðræðis, mannréttinda og viðskiptafrelsis. Í fyrra lauk formennsku Íslands í Eystrasaltsráðinu þar sem tókst að halda fyrsta ráðherrafund í ráðinu eftir að Rússland beitti hervaldi í Úkraínu. Þá þarf einnig að taka öflugan þátt í samstarfi allra Evrópuríkja, Evrópuráðinu í Strasborg, en þar er einnig formenskuhlutverk framundan, og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vínarborg, og stuðla að lýðræðisþróun, virðingu fyrir mannréttindum og friðsamlegri lausn deilumála, ekki síst í austurhluta Evrópu þar sem loft er lævi blandið í öryggismálum.

Ég hef iðulega í ræðu og riti vakið athygli á því að viðskiptamynstur heimsins er að breytast og að Íslendingar þurfi að breyta verklagi sínu samræmi við það. Viðskiptaleiðirnar, sem voru beinar og breiðar áratugum saman, eru nú krókóttar og lúta öðrum lögmálum en áður í hraða, fjarskiptum og tækni. Ef takast á að vinna nýja útflutningsmarkaði í fjarlægum heimsálfum og auka útflutningstekjur, þarf nota til þess öll þau tæki sem við höfum, ekki síst utanríkisþjónustuna.

Utanríkisþjónusta Íslands er lifandi tæki til að tryggja víðtæka hagsmuni Íslands erlendis. Hagsmunir og áherslur breytast eðli málsins samkvæmt, og þarf utanríkisþjónustan að taka mið af því, samhliða því að hafa í heiðri þá aðferðafræði sem þjóðir heims hafa komið sér saman um að nota í milliríkjasamskiptum og endurspeglast í Vínarsamningnum um stjórnálasamband.

Utanríkisþjónusta til framtíðar

Fyrsta skýrsla mín sem utanríkisráðherra til Alþingis, fyrir tæpu ári síðan, var að miklu leyti miðuð við markmið í utanríkismálum. Var gengið út frá fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og leitast við að sýna skýr markmið, mælikvarða og aðgerðir á greinargóðan hátt. Í skýrslunni, sem ég legg fram á Alþingi í dag, er gengið enn lengra hvað þetta varðar, og nýt ég þess að í haust er leið lauk gerð skýrslu um *Utanríkisþjónustu til framtíðar, Hagsmunagæslu í sibreytilegum heimi*, sem kynnt hefur verið opinberlega. Skýrslan um utanríkisþjónustuna var árangur umfangsmikillar vinnu í ráðuneytinu og samráðs við fjölmarga hagsmunaaðila í samfélaginu. Í henni er sett fram 151 tillaga um aðgerðir til að styrkja starf utanríkisþjónustunnar. Í skýrslu minni um utanríkismál, sem ég legg fram í dag, er fyrir vikið meiri umfjöllun um skipulag og starfshætti utanríkisþjónustunnar en tíðkast hefur hingað til. Þetta er gert með það í huga að veita Alþingi og almennungi betri innsýn í verkefni og störf utanríkisþjónustunnar sem oft hefur verið erfitt að fjalla um vegna trúnaðarbindingar og viðkvæmrar stöðu þeirra mála sem unnið er að. Ég vil því verja nokkru af tíma mínum hér í dag til að gera grein fyrir því hvernig breytingum í utanríkisþjónustunni er ætlað að styrkja hin pólitísku stefnumið.

Óhætt er að fullyrða að nú séu í farvegi umfangsmestu breytingar innan utanríkisþjónustunnar í langan tíma. Fyrir lok júní næstkomandi er gert ráð fyrir að rúmlega 70% tillagnanna í fyrrnefndri skýrslu verði komnar í framkvæmd. Tvær nýjar skrifstofur eru nú í ráðuneytinu, þ.e. ný skrifstofa ráðuneytisstjóra og endurvakin hefur verið sérstök varnarmálaskrifstofa. Nýjar deildir hafa tekið til starfa, þ.m.t. deild heimasendiherra og deild stjórnáslueftirlits, auk þess sem upplýsingadeild hefur verið fengið það nýja hlutverk að hafa umsjón með greiningu ýmissa málefna, svo sem hagsmunagæslu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þróunarsamvinnuskrifstofu hefur ný deild fyrir atvinnulíf og svæðasamvinnu tekið til starfa og deild fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu mun leiða hið umfangsmikla samræmingarstarf kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum þegar Ísland gegnir formennsku í samstarfinu til tveggja ára (2019-2021). Auk þess hefur ný kjöræðisdeild verið stofnuð og starfsemi Íslensku friðargæslunnar verið eflað með því að færa hana til varnarmálaskrifstofu. Er það víska mín að nýtt skipulag verði til að styrkja starf ráðuneytisins.

Utanríkisþjónustan þarf að ganga hönd í hönd með atvinnulífinu inn á ný markaðssvæði og veita því aðstoð sína, einkallega í löndum þar sem atbeini opinberra aðila er nauðsynlegur til að greiða götu viðskipta. Nota þarf starfsstöðvar í fjarlægum heimsálfum til að opna dyr að nýjum mörkuðum. Sendiráð Íslands hafa lengi haft stór umdæmissvæði. Niðurskurður síðustu ára og fækkun diplómátískra starfsmanna í sendiráðunum hefur gert þeim erfitt fyrir í því hlutverki sínu að sinna vel öðrum umdæmisríkjum en gistiríkinu.

Undir skrifstofu ráðuneytisstjóra heyrir nú ný deild heimasendiherra. Fyrirsvar gagnvart mörgum ríkjum hefur verið flutt til Íslands og falið í hendur reyndum sendiherrum sem sinna munu þessum ríkjum frá Íslandi. Hleypt hefur verið nýju lífi í það fyrirkomulag að sendiherrar heima fyrir sinni einnig ákveðnum málaflokkum eða þeim og geti þannig myndað sterkari tengsl við íslenskt atvinnulíf og eflt viðskipti, nýsköpun og ímynd landsins. Fimm heimasendiherrar eru nú við störf í deildinni og sinna þeir fjölmörgum ríkjum, en auk þess mikilvægum málaflokkum, eins og til dæmis jarðhitamálum og jafnréttismálum.

Ný deild kjöræðismála starfar nú undir prótókollskrifstofu og hefur umsjón með um 230 kjöræðismönnum í um 90 ríkjum. Kjöræðismenn eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar í viðskiptaþjónustu og borgaraþjónustu. Unnið er að uppfærslu á *Handbók ráðuneytisins* frá 1979 fyrir kjöræðismenn Íslands og stefnt að því að ljúka því fyrir ráðstefnu kjöræðismanna sem haldin verður í Reykjavík í september 2019. Einnig er verið að endurmeta mögulegan fjölda kjöræðismanna og staðsetningu þeirra í einstökum heimshlutum, einkum í nýmarkaðsríkjum.

Þjónusta við íslenska borgara erlendis er eitt af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar. Í hverjum mánuði berast um 700 borgaraþjónustuerindi til aðalskrifstofu ráðuneytisins og um 2.200 til sendiskrifstofa. Í heildina má því ætla að yfir 30 þúsund erindi af margvíslegum toga berist á ári hverju. Utanríkisráðuneytið er með sólarhringsvakt allan ársins hring fyrir aðkallandi aðstoðarmál íslenskra borgara, hvar sem þeir eru staddir í heiminum.

Nú eru starfandi 25 sendiskrifstofur í 21 landi, þ. e. 17 tvíhliða sendiráð, fjórar fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Á síðasta ári var einu sendiráði lokað, þ.e. í Mósambík, og nú í vor mun sendiráðsstarfsemi í Vín gagnvart Austurríki leggjast af, en í Vínarborg mun áfram starfa fastanefnd gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE).

Sendiskrifstofur Íslands eru nú reknar með minnsta mögulega mannafla. Sem dæmi má nefna að ellefu þeirra, eða tæplega helmingur, hafa aðeins einn útsendan starfsmann, þ.e. forstöðumann, frá Íslandi. Aðrir eru staðarráðnir. Þetta kemur vel fram í umfjöllun um sendiskrifstofurnar í skýrslunni, sem ég legg nú fram, en þar er bryddað upp á því nýmæli að hafa upplýsingar um hverja sendiskrifstofu. Birtar eru tölfræðilegar upplýsingar, sem teknar voru saman á fyrri hluta ársins 2017, um hlutfallslega skiptingu verkefna, viðskipti, starfsfólk og kostnað, auk þess sem hver sendiskrifstofa gerir grein fyrir stöðunni eins og hún er í dag.

Framlög til sendiskrifstofa og aðalskrifstofu utanríkisþjónustunnar (án þýðingamiðstöðvar og Íslandsstofu) nema um fimm milljörðum króna eða 0,61% af heildarútgjöldum ríkisins. eru þessi framlög lægri hlutfallslega en undanfarin ár, en þau námu 0,7% árin 2007 og 2012, svo dæmi séu tekin. Fjárframlögin til sendiskrifstofa og aðalskrifstofu hafa einnig lækkað sem hlutfall af framlögum til utanríkismála síðan 2012, en þá var hlutfallið 40%, en er nú ríflega 32%.

Hvað heildarframlög til utanríkisþjónustunnar varðar, nema þau á fjárlögum 2018 tæplega 14.961 milljörðum króna, eða um 1,8% af heildarútgjöldum ríkisins (A-hluta fjárlaga). Þar af rennur um það bil helmingur eða 6.971 milljarðar króna til þróunarsamvinnu og alþjóðastofnana.

Varnar- og öryggismál

Sérstök varnarmálaskrifstofa hefur verið endurreist í utanríkisráðuneytinu í samræmi við tillögu þar að lútandi í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar*. Endurspeglar það áhersluna á varnar- og öryggismál og þann ásetning að við Íslendingar erum virkir þátttakendur í öryggissamstarfi vestrænna þjóða. Öflug varnarmálaskrifstofa verður í stakk búin til að takast á við þær breytingar og óvissu sem nú er í öryggismálum

í okkar heimshluta. Hún hefur að bakhjarli Þjóðaröryggisráð og Þjóðaröryggisstefnu sem nær jafnt til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis.

Íslendingar verða sjálfir að vera þátttakendur í aðgerðum til að tryggja öryggi landsins. Á undanförunum árum hafa framlög til öryggis- og varnarmála heima fyrir og á vettvangi NATO verið aukin í samræmi við skuldbindingar bandalagsríkja um viðbúnað og jafnari byrðar. Lögð hefur verið áhersla á að endurnýja og bæta varnarinnviði á Íslandi, efla gistiríkjustuðning við loftrýmisgæsluna, leggja til fjármagn í stuðnings- og átakssjóði bandalagsins og auka virkari þátttöku borgaralegra sérfræðinga í verkefnum bandalagsins.

Rekstur varnarmannvirkja á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og starfræksla ratsjárkerfisins, sem nær yfir umfangsmikið svæði á Norður-Atlantshafinu, er veigamikill þáttur í framlagi Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins. Fengist hefur umtalsverður stuðningur úr mannvirkja- og innviðasjóði NATO og er búið að heimila greiðslur úr sjóðnum vegna endurnýjunar á ratsjárstöðvunum að upphæð 22.4 milljónir evra. Hlutur Íslands í verkefninu er um þrjár milljónir evra.

Íslendingar hafa nú um allnokkurt skeið verið virkir þátttakendur í varnaræfingum bandalagsins og fengið þannig góða þjálfun. Kafbátaleitaræfingin *Dynamic Mongoose* fór fram í lögsögu Íslands í júní 2017 og nú er í undirbúningi þátttaka í varnaræfingunni *Trident Juncture* haustið 2018. Auk þessa tekur Ísland árlega þátt í *Northern Challenge* æfingunni en markmið hennar er að æfa sprengjueyðingu og viðbrögð við hryðjuverkum. Loftrýmisgæsla NATO hér við land er með óbreyttu sniði og er liður í því að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins. Efnt hefur verið til aukins samráðs við ýmis bandalagsríki og samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á liðnum árum. Tekur Ísland m.a. þátt í borgaralegum hluta norræna varnarsamstarfsins. Undir lok árs 2017 gerðist Ísland aðili að norrænu samkomulagi sem auðveldar komu og brottför óvopnaðra herflugvéla vegna sameiginlegra æfinga eða aðgerða.

Áhersla hefur undanfarið ár verið lögð á virka þátttöku í afvopnunarmálum. Ísland og Írland gegna formennsku saman í Eftirlitskerfinu með flugskeytataekni 2017-2018 en samstarfið snýst um að takmarka útbreiðslu á eldflaugataekni fyrir burðarkerfi vopna, þ.m.t. gereyðingarvopna. Næsta haust verður Ísland gestgjafi fyrir ráðstefnu Atlantshafsbandalagsins um afvopnun og gereyðingarvopn.

Góður skriður er nú kominn á störf borgaralegra sérfræðinga á vegum Íslensku friðargæslunnar innan ramma NATO. Sérfræðingar hafa starfað í Afganistan, í Georgíu og Eistlandi. Þar að auki hefur verið gerð úttekt á þjálfunarverkefni fyrir sprengjueyðingasérfræðinga í Írak og stefnt er að því að fulltrúar sprengjueyðingasveitar Landhelgisgæslunnar taki frekari þátt í því. Á vegum Íslensku friðargæslunnar fóru árið 2017 sex einstaklingar í kosningaefirlit ÖSE í Armeníu, Albaníu og Georgíu.

Norðurlönd og norðurslóðir

Enn er tækifæri til að koma málum á norðurslóðum í góðan farveg, þannig að þar verði sjálfbær þróun í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en ekki stjórnleysi. Örar breytingar í umhverfinu á norðurslóðum geta haft mikil áhrif á lífríkið og líf og afkomu fólks um allan heim. Ríkjum á norðurslóðum, einkanlega aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, hefur því verið lögð mikil ábyrgð á herðar sem þau þurfa að standa skil á gagnvart komandi kynslóðum.

Norðurskautsráðið hefur fest sig í sessi sem mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða. Ísland fer með formennsku í ráðinu 2019 – 2021. Mikilvægt er að vel takist til í þessu formennskuhlutverki og Ísland sýni þar forystu, fagmennsku og framsýni. Formennskan veitir Íslendingum tækifæri til að stuðla að því að áherslur á sjálfbæra þróun, sjálfbær samfélög og vinnu gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum fái hljómgrunn meðal ríkja og samstarfsaðila ráðsins. Í því samhengi er brýnt að beina sjónum að hafinu, orkumálum og stöðu frumbyggja.

Auðveldari siglingar um Norðurhöf hafa vakið áhuga mikilla siglingaþjóða, og væntingar eru uppi um auðveldari aðgang að náttúrauðlindum. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er meðal annars lögð áhersla á sérstöðu Íslands sem norðurskautsríki þar sem stór hluti efnahagslögsögunnar er innan norðurslóða. Er þar áréttað að

auknum siglingum og annarri starfsemi fylgi tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Þá er þar lögð áhersla á grannríkjasamstarf við Færeyjar og Grænland og vestnorrænt samstarf.

Í utanríkisráðuneytinu er nú að taka á sig mynd samræming vegna formennsku Íslands í Norðurlandasamstarfinu 2019 og Norðurskautsráðinu 2019–2021. Þar verður meðal annars hlúð að vísindasamstarfi á norðurslóðum og starfi skrifstofa vinnuhópa um verndun lífríkis annars vegar og hins vegar um málefni hafins sem eru staðsettar á Akureyri, auk þess styrkt verður starf að leit og björgun á svæðinu og framgangi jafnréttissjónarmiða.

Lykilatriði í utanríkisstefnu Íslands er að tryggja sjálfbæra nýting lifandi auðlinda hafins í anda hafréttarsamings Sameinuðu þjóðanna og tengdra samninga. Á þetta einnig við um hafsvæðið í Norður-Íshafi. Í lok árs 2017 náðist tímamótasamkomulag 10 ríkja um stjórnun fiskveiða í Norður-Íshafi utan lögsögu ríkja, en viðráður höfðu staðið yfir frá því í desember 2015 og er gert ráð fyrir formlegri undirritun bindandi samnings um mitt ár 2018. Samningurinn um stjórnun fiskveiða í Norður-Íshafi nær til úthafsins og felur í sér í stuttu máli að aðilar hans munu skuldbinda sig til að heimila ekki veiðar á samningssvæðinu fyrr en vísindarannsóknir hafa lagt grunn að sjálfbærum fiskveiðum. Með aðild Íslands að samningnum verður í framtíðinni tryggt aðkoma Íslands að ákvarðanatöku og rannsóknasamstarfi á þessu mikilvæga hafsvæði.

EES-mál

Þátttakan í samstarfinu um Evrópska efnahagssvæðið hefur um langt skeið verið afar umfangsmikil í starfi utanríkisþjónustunnar. Því til viðbótar hefur þurft að gera mikið átak til að tryggja hagsmuni Íslands vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og þar með úr EES-samstarfinu. Ljóst er að íslensk stjórnsýsla og löggjafarvald hafa á undanförunum árum tekist á við umtalsverðan vanda við framkvæmd EES-samningsins. Upptaka og innleiðing EES-gerða hefur dregist aftur úr og svigrúm til að hafa áhrif á slíkar gerðir á mótunarstigi þrængst. Þetta hefur gerst þrátt fyrir góðan vilja og ótult starf í hlutaðeigandi ráðuneytum og á Alþingi.

Forgangslisti ríkisstjórnarinnar fyrir hagsmunagæslu í EES-samstarfinu hefur verið endurskoðaður fyrir árið 2018 og þar eru skilgreind þau hagsmunamál Íslands sem brýnust eru meðal þeirra málefna sem eru í lagasetningarferli innan ESB. Í utanríkisráðuneytinu er unnið að greiningu á því hvernig Ísland kemur sjónarmiðum sínum að við mótun löggjafar innan ESB og fylgist með umfjöllun um málefni sem varða íslenska hagsmuni. Lykillinn að árangursríkri hagsmunagæslu við mótun löggjafar innan Evrópska efnahagssvæðisins er að koma sjónarmiðum Íslands að snemma í ferlinu. Mikils átaks er þörf í þessum efnunum.

Í því sambandi er nauðsynlegt að nýta þau tækifæri sem Ísland hefur samkvæmt EES-samningnum til að hafa áhrif á mótun nýrra EES-reglna. Til boða stendur að taka átt í sérfræðingahópum sem framkvæmdastjórn ESB hefur samráð við um mótun löggjafar. Ísland á sæti án atkvæðisréttar í stjórnarnefndum þeirra undirstofnana framkvæmdastjórnar ESB sem EFTA-ríkin innan EES eru þátttakendur í.

Ég vil beita mér fyrir auknu upplýsingastreymi til Alþingis og sérfræðinga í stjórnsýslunni og hagsmunaaðila um hvaða Evrópulöggjöf sé í farvatninu. Nýi EES-gagnagrunnurinn gefur tækifæri til aukins samráðs en um 250 sérfræðingar innan stjórnsýslunnar hafa nú aðgang að gagnagrunninum og geta nýtt hann til að vinna sameiginlega greiningarvinnu á stefnumótandi skjölum um mótun löggjafar í ESB inn í grunninum. Einnig gefur grunnurinn heildaryfirsýn yfir ferli EES-gerða allt frá mótunarstigi til upptöku í EES-samninginn, innleiðingar í íslenska löggjöf og hugsanlegrar málsmeðferðar sem þeim tengjast hjá Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólum. Stefnt er að því að gera upplýsingar úr gagnagrunninum aðgengilegar Alþingi, hagsmunaaðilum og almenningi til að auka aðkomu þeirra að EES-málum.

Viðskiptaþjónusta og nýmarkaðssvæði

Ég legg mikla áherslu á að utanríkisráðuneytið sinni viðskiptaþjónustu og aðstoð við fyrirtæki í markaðsleit, hvort sem er á hefðbundnum mörkuðum og nýmörkuðum. Ætlunin er að styrkja sendiráðin í Asíu með fleiri viðskiptafulltrúum, auk þess sem skipaðir verða nýir kjöræðismenn í helstu borgum.

Viðskiptaþjónustan er einnig ábyrg fyrir menningar- og orðsporsmálum. Á þessu ári er fullveldisafmælið í fyrirrúmi og þátttaka Íslands á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Rússlandi. Reynt er að nýta slík tilefni til að vekja áhuga á viðskipta- og fjárfestingatækifærum. Sendiráð Íslands búa yfir staðarþekkingu og tengslaneti og veita fyrirtækjum fjölbreytta þjónustu. Áherslan nú er ekki síst á að efla þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki, hátækniíðnað og skapandi greinar. Verið er að skoða þann möguleika að opna viðskiptaskrifstofur í Austur-Asíu og á hátæknisvæðinu í Kaliforníu á vesturströnd Bandaríkjanna.

Þróunarmál og viðskipti

Nú er einnig komið að því beina sjónum til svæða sem hafa ekki verið í sigtinu nýlega, eins og Afríku. Ákveðið hefur verið, samkvæmt tillögum í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar*, að færa út verksvið sendiráða Íslands í Úganda og Malaví, fyrst með því að skipa sendiherra í Kampala í Úganda. Þar með styrkist mjög staða sendiráðsins til að sinna fjölbreyttari verkefnum en áður, einkallega á sviði stjórnmálasamskipta og viðskipta í Austur-Afríku. Er þetta liður í því að hjálpa íslenskum fyrirtækjum til athafnasemi í álfunni. Í sigdalnum mikla í Austur-Afríku eru miklir möguleikar til jarðhitanýtingar og þörf á tækniþekkingu á svæðinu. Fyrirhugað er að sendiráðið í Kampala byggji upp öflugt net kjöræðismanna í Austur-Afríku sem sinni íslenskum viðskiptahagsmunum og borgaraþjónustu. Sendiráðið verður einnig með fyrirsvor gagnvart Eþíópíu og Afríkusambandinu en það er með höfuðstöðvar í Addis Ababa. Með fyrirsvori þar er hægt ná til allra ríkja álfunnar og rækta betur sambandið við einstaka ríkjahópa, til að mynda með framboð Íslands til setu í stjórnnum stofnana Sameinuðu þjóðanna í huga.

Tæplega helmingur af fjárveitingum til utanríkisþjónustunnar rennur til þróunarsamvinnu og alþjóðastofnana, eða tæplega sjö milljarðar króna (6.971 milljarðar kr.). Stærstur hluti þess mikla fjár fer til þróunarsamvinnuverkefna í Afríku á sviði heilsugæslu og heilbrigðis. Framlög hins opinbera er ekki eina leiðin til að fjármagna þróunarsamvinnu. Virkja þarf atvinnulífið betur til þátttöku í þróunarstarfi í samræmi við ákall alþjóðasamfélagsins og hvetja til fjárfestinga og viðskipta. Þetta eru skilaboðin í niðurstöðum alþjóðlegu ráðstefnunnar um fjármögnun þróunar í Addis Ababa árið 2015 og, hvað Ísland varðar, í samræmi við nýlegri jafningjarýni þróunarnefndar OECD. Nú er unnið að því að gera íslenskum sérfræðingum og sérhæfðum fyrirtækjum, t.d. í jarðvarma og sjávarútvegi, betur kleift að nota þekkingu sínu í þágu fátækra þjóða, ekki síst fyrir atbeina Alþjóðabankans og Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar. Er mikils vænst af nýrri deild svæðasamstarfs og atvinnulífs innan þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins í þeim efnunum.

Niðurlag

Í þessu stutta yfirliti hef ég lagt áherslu á þær breytingar sem nú eru til framkvæmdar í utanríkisþjónustunni og leitast við að sýna hvernig þær munu styrkja starf utanríkisþjónustunnar og verða til hagsbóta fyrir stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Fyrir vikið hefur ekki unnist tími til að fjalla um ýmis mál sem ég hef beitt mér fyrir. Í skýrslunni sjálfri, aftur á móti, er ítarlega fjallað um þau gildi sem mér eru hugleikin og Íslendingar standa fyrir, og þá nefni ég mannréttindi, jafnrétti, réttindi hinsegins fólks, sjálfbærni og umhverfisvernd.

Á þessum tímamótum, eitt hundrað ára afmæli fullveldisins, má spyrja, eins og skáldið Jónas Hallgrímsson áður: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“ Þeirri spurningu verður vissulega hver að svara fyrir sig, en það er mín trú að Íslendingar hafi á þessum hundrað árum náð að sigla fram hjá helstu boðaföllum og skapa opið og fjölbreytilegt samfélag með tengsl um allan heim og samstöðu með alþjóðasamfélaginu um hin algildu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Öflug og virk utanríkisþjónusta hefur verið leiðandi í þessari þróun.

I. UTANRÍKISÞJÓNUSTA OG STJÓRNSÝSLA UTANRÍKISMÁLA


1. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR

1.1. Almennt

Framlög til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum 2018 nema samtals 14.961 m.kr. eða um 1,8% af A-hluta fjárlaga. Þar af rennur u.þ.b. helmingur eða 6.971 m.kr. til þróunarsamvinnu og alþjóðastofnana. Framlög til utanríkisþjónustunnar, þ.e. aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiskrifstofa og Íslandsstofu nema 5.859 m.kr. eða 40% af fjárlögum ráðuneytisins og um 0,7% af A-hluta fjárlaga.

Framlög til sendiskrifstofa og aðalskrifstofu utanríkisþjónustunnar (án þýðingamiðstöðvar og Íslandsstofu) nema fimm milljörðum króna eða 0,61% af A-hluta fjárlaga. eru þessi framlög lægri hlutfallslega en undanfarin ár, en þau námu 0,7% árin 2007 og 2012, svo dæmi séu tekin. Framlög til sendiskrifstofa og aðalskrifstofu hafa einnig lækkað sem hlutfall af framlögum til utanríkismála síðan 2012, en þá var hlutfallið 40%, en er nú ríflega 32%.

Mynd 1: Fjárlög utanríkisráðuneytisins 2018



Sendiskrifstofurnar eru nú 25 í 21 landi, þar af eru 17 tvíhliða sendiráð, fjórar fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, er hagkvæmt og leiðir til betri nýtingar fjármuna, m.a. með sameiginlegri stöðþjónustu, og skýrari yfirsýnar yfir reksturinn.


Hagræðing í ríkisrekstri undanfarin ár hefur óhjákvæmilega haft áhrif á starfsemi utanríkisþjónustunnar og möguleika hennar til að taka þátt í alþjóðasamstarfi og gæta íslenskra hagsmuna. Utanríkisþjónusta Íslands er ein sú minnsta í Evrópu, enda þjóðin fámenn. Það eru þó ýmis verkefni í alþjóðasamskiptum sem verður að sinna, óháð stærð þjóða. Þá finna starfsmenn íslenskra sendiskrifstofa mikið fyrir vaxandi áhuga á Íslandi og íslenskum vörum og eftirspurn eftir þjónustu þeirra hefur aukist jafnt og þétt. Tryggja verður að sendiskrifstofurnar geti staðið undir þessu aukna álagi og veitt einstaklingum, fyrirtækjum og erlendum stjórnvöldum góða þjónustu og greinargóðar upplýsingar.

Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum Íslands og tryggt er að störf þar skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var eru kynjahlutföll nokkuð jöfn í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa og má leiða að því líkur að í ljósi framgangskerfis utanríkisþjónustunnar og flutningsskyldu muni kynjahlutföll í stjórnunarstöðum jafnast á næstu árum.

Í tengslum við gerð skýrslunnar um *Utanríkisþjónustu til framtíðar* lét utanríkisráðuneytið taka saman ýmsar upplýsingar og tölur um starfsemi og umfang sendiskrifstofa, þar á meðal um umfang helstu verkefna sem sendiskrifstofurnar sinna, fjölda Íslendinga á umdæmissvæðinu, viðskipti, starfsmannafjöldi, o. s. fr. Miðað var við upplýsingar sem lágu fyrir á fyrri hluta ársins 2017.

Mynd 2:

Sendiskrifstofur Íslands



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	41.584	90%
Vöruútflutningur	304.752	48,7%
Þjónustuútflutningur	402.616	70,1%
Vöruinnflutningur	441.171	63,0%
Þjónustuinnflutningur	252.532	67,8%
Fjölþjóðasamstarf		

Starfsmenn	Tölur	Prosent
Útsendir diplómatar	46	
Útsendir aðrir	8	
Staðarr. viðskiptaf.	10	
Aðrir staðarráðnir	50,5	
Starfsmenn	114,5	100,0%

Kostnaður	Tölur	Prosent
Kostnaður	2.552	100,0%

1.2. Markmið og starfið fram undan

Í skýrslu utanríkisráðherra *Utanríkisþjónusta til framtíðar – Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi*, sem kynnt var í september 2017, eru fjölmargar tillögur sem lúta að rekstri utanríkisþjónustunnar, húsnæðismálum og upplýsingatækni. Er unnið að framkvæmd þessara tillagna, sem lúta að betri nýtingu tæknilausna, s.s. með öruggari og öflugri nettengingu milli ráðuneytis og sendiskrifstofa, bættri þjónustu tölvudeildar við sendiskrifstofur, aukinni notkun snjallsíma og fartölva og fjölgun fjarfundabúnaðar. Jafnframt er unnið að framkvæmd ýmissa tillagna skýrslunnar um upplýsingamiðlun og ímyndarvinnu, s.s. um mörkun stefnu um að nýta betur tækni og rafræna þjónustu til að auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri, um bætt upplýsingaflæði milli ráðuneytis og sendiskrifstofa, og aðgerða til að draga úr notkun tölvupósts. Þá eru tillögur í skýrslunni sem unnið er að og lúta að símenntun og bættri starfsaðstöðu starfsmanna.


2. UTANRÍKISÞJÓNUSTA TIL FRAMTÍÐAR

2.1. Skýrsla um *Utanríkisþjónustu til framtíðar, hagsmunagæslu í síbreytilegum heimi*.

Í skýrslunni til Alþingis 2017 var kynnt gerð nýrrar skýrslu um *Utanríkisþjónustu til framtíðar, hagsmunagæslu í síbreytilegum heimi*. Því verki lauk síðastliðið haust og var skýrslan þá kynnt almenningi. Skýrslan um utanríkisþjónustuna var árangur umfangsmikillar vinnu í ráðuneytinu og samráðs við fjölmarga aðila í samfélaginu. Í henni er gerð 151 tillaga um hvernig styrkja má starf utanríkisþjónustunnar, markmið hennar og framtíðarsýn. Óhætt er að fullyrða að þetta verkefni feli í sér umfangsmesta starf að breytingum innan utanríkisþjónustunnar í langan tíma.

Í ár, þegar Íslendingar fagna eitt hundrað ára afmæli fullveldisins, er það óneitanlega umhugsunarvert að þróunin, sem hófst með einu sendiráði í höfuðborg danska konungsríkisins og ófullburða þreifingum svokallaðra fiskifulltrúa á mörkuðum við Miðjarðarhafið, hafi smám saman leitt til starfsemi íslenskra sendiráða og kjöræðismanna í flestum heimsálfum og markaðsstarfs í fjarlægum löndum um allan heim.

Kaupmannahöfn



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	10.505	22,6%
-------------------	--------	-------

Vöruútflutningur	15.002	2,4%
Þjónustuútflutningur	35.566	6,2%

Vöruinnflutningur	49.730	7,1%
Þjónustuinnflutningur	38.831	10,4%

Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd
-------------------	------------

Starfsmenn	Fj.	%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. Viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	

Kostnaður	136	5,3%
-----------	-----	------

Sendiráð í Kaupmannahöfn: Fyrsta sendiráð Íslands.

Sendiráðið var stofnað árið 1920 og er því það sendiráð sem lengst hefur verið starfandi af sendiráðum Íslands. Tæplega tveimur árum áður hafði Danmörk með Sambandslagasamningnum 1. desember 1918 viðurkennt Ísland sem frjálst og fullvalda ríki. Aldarafmæli fullveldis Íslands er nú fagnað með fjölbreyttum hætti í Danmörku, einkum á menningarsviðinu, sem sendiráðið stendur fyrir. Saga Íslands og Danmerkur er tengd næsta órjúfanlegum böndum og hafa þau reynst sem styrkar stoðir í samskiptum ríkjanna eftir stofnun fullveldisins og síðar lýðveldisins Íslands. Kaupmannahöfn telst enn fyrsti og tíðasti viðkomustaður Íslendinga erlendis og talið er að hátt í 12.000 Íslendingar séu nú búsettir í Danmörku, þar á meðal um 4.000 námsmenn.


Það sem einkennir verkefni sendiráðsins er hin sögulegu og menningarlegu tengsl ríkjanna, það að Danmörk er eitt Norðurlandanna og hinn mikli fjöldi Íslendinga sem er búsettir í Danmörku eða sækir landið heim. Vegna þess síðastnefnda er borgarþjónusta sendiráðsins umfangsmikil og sú víðamesta af sendiráðum Íslands, líka vegna þess að til sendiráðsins leitar fjöldi Íslendinga sem búsettir eru í suður- og suðvesturhluta Svíþjóðar. Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs er staðsett í Kaupmannahöfn og eru samskipti sendiráðsins og skrifstofunnar nán.

Íslensk menning, einkum bókmenntir, nýtur töluverðrar hylli í Danmörku. Reynsla sendiráðsins er að menningarstarf sé það hagsmunamál sem er best til þess fallið að styrkja ímynd og orðspor Íslands í Danmörku. Því hefur sendiráðið staðið fyrir og stutt fjölmarga íslenska menningarviðburði í Danmörku á undanförunum árum og á aldarafmæli fullveldisins verður þessu gerð skil með fjölbreyttum hætti.

Viðskipti ríkjanna eru rótgróin og þótt dregið hafi úr verðmæti vöruviðskipta hefur vægi þjónustuviðskipta og fjárfestinga aukist á síðustu tveimur árum. Merkja má aukinn áhuga í Danmörku á íslenski hönnun og nýsköpun og stendur sendiráðið fyrir kynningum á þeim sviðum. Auk Danmerkur veitir sendiráðið fyrirvar gagnvart Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklandi. Þá eru aðalræðisskrifstofur Íslands í Nuuk og Þórshöfn formlega í umdæmi sendiráðsins. Samtals eru 22 ræðismenn í þessum löndum. Þá eru í Kaupmannahöfn 19 sendiráð með fyrirvar gagnvart Íslandi.

Vinna við framkvæmd tillagna í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* hófst um miðjan september sl. Tillögunum var skipt niður á ábyrgar skrifstofur og deildir og starfsmenn settir fyrir hverja tillögu. Verkefnisstjóri heldur utan um framkvæmdina. Miðað var við að ljúka ákveðnum fjölda tillagna fyrir áramót 2017 og svo aftur fyrir lok júní 2018. Áhersla er lögð á að ljúka sem fyrst við þær tillögur sem byggja á „einföldum“ ákvörðunum. Segja má þó að fleiri tillögur séu þess eðlis að þær krefjist lengri framkvæmdatíma en svo að hægt sé að ljúka þeim á mjög skömmum tíma. Tillögur, sem byggja á samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir, getur þurft að vinna upp að því marki sem hægt er í utanríkisráðuneytinu en lokaákvörðun eða framkvæmd getur verið utan áhrifaramma ráðuneytisins. Þann 15. febrúar sl. hafði rúmlega 50 tillögum verið hrundið í framkvæmd og fyrir lok júní er gert ráð fyrir að rúmlega 70% tillagnanna verði komnar í framkvæmd.

Mynd 3: Áætluð staða tillagna í lok júní 2018



2.2. Ný skrifstofa ráðuneytisstjóra

Gerðar hafa verið skipulagsbreytingar í ráðuneytinu. Tvær nýjar skrifstofur eru nú í ráðuneytinu, þ.e. ný skrifstofa ráðuneytisstjóra og endurvakin hefur verið sérstök varnarmálaskrifstofa. Fyrir eru rekstrar- og þjónustuskrifstofa, alþjóða- og öryggisskrifstofa, viðskiptaskrifstofa, lagaskrifstofa og þróunarsamvinnuskrifstofa. Nýrri skrifstofu ráðuneytisstjóra tilheyrir m.a. ný deild heimasendiherra og ný stjórnsýslueftirlitsdeild. Upplýsingadeild hefur verið færð undir skrifstofuna og fengið til viðbótar umsjón með greiningu ýmissa málefna.

2.2.1. Deild heimasendiherra.

Heimasendiherrar hafa starfað í utanríkisráðuneytinu í rúma fjóra áratugi en í kjölfar skýrslunnar *Utanríkisþjónusta til framtíðar* var ákveðið að styrkja þennan þátt starfseminnar. Í skýrslunni segir „...að um sé að ræða deild mönnum sendiherrum með búsetu á Íslandi sem verði skráðir gagnvart sumum þeirra ríkja sem Ísland hefur stjórn málasamband við en þar sem ekki eru íslenskar sendiskrifstofur“. Gefinn hefur verið út nýr forsetaúrskurður um umdæmi sendiráða og hefur fyrirvar gagnvart mörgum ríkjum verið flutt til Íslands og sett í hendur reyndra sendiherra sem sinna munu þessum ríkjum frá Íslandi. Hleypt hefur verið nýju lífi í það fyrirkomulag að sendiherrar heima fyrir sinni einnig ákveðnum málaflokkum eða þeim og geti þannig myndað sterkari tengsl við íslenska hagsmunaaðila og atvinnulíf og eflt viðskiptatengsl, nýsköpun og ímynd landsins. Umdæmi sendiráðanna eru stór og ljóst að ekki næst að sinna ýmsum ríkjum nægilega vel og fyrir bragðið glatast þar tækifæri. Fimm heimasendiherrar eru nú við störf í deildinni og sinna þeir fjölmörgum ríkjum, en auk þess mikilvægum málaflokkum, eins og afvopnunarmálum, jarðhitamálum og jafnréttismálum.


2.2.2. Stjórnsýslueftirlitsdeild

Í samræmi við tillögur í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* hefur verið sett á stofn stjórnsýslueftirlitsdeild sem hefur með höndum eftirlit með stjórnsýsluframkvæmd í utanríkisþjónustunni. Markmiðið er að stuðla að hámarks nýtingu mannafla og fjár í utanríkisþjónustunni, þ.m.t. til þróunarsamvinnu. Starfsemi deildarinnar beinist einkum að því að hafa með höndum innra eftirlit með því að lög, þ.m.t. fjárlög, reglur, fyrirmæli, viðmiðanir og verkferlar, sem utanríkisþjónustan starfar eftir, séu virt og í hávegum höfð og jafnræðis og nútímalegra stjórnarháttá gætt í hvívetna í mannauðsmálum. Jafnframt mun deildin gefa ábendingar um hvort endurbóta kunni að vera þörf. Auk innra eftirlits mun deildin annast reglulegar úttektir á framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og hinum ýmsu stefnum er hana varða. Verður fylgt bestu alþjóðlegum venjum á því sviði eins og þær eru skilgreindar af Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Verður í flestum tilvikum leitað til óháðra aðila til að framkvæma úttektir. Unnið verður að þessu markmiði í nánu samráði við aðrar einingar ráðuneytisins og sendiskrifstofur erlendis.

2.2.3. Upplýsingar- og greiningardeild

Upplýsingamiðlun utanríkisþjónustunnar miðar að því að styrkja stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi, ásamt því að miðla almennum upplýsingum um starfsemi utanríkisþjónustunnar og efla skilning á hlutverki hennar. Viðfangsefnin eru mörg og ólík og tengjast öllum störfum utanríkisþjónustunnar. Í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* eru fjölmargar tillögur um hvernig skerpa skal upplýsingamiðlun. Deild upplýsingamála hefur verið færð undir nýja skrifstofu ráðuneytisstjóra og er henni ætlað að hafa umsjón með ýmis konar greiningarvinnu á vegum ráðuneytisins. Með aukinni áherslu á greiningu upplýsinga og miðlun þeirra til viðskiptalífs og almennings er ætlunin að nýta betur þá þekkingu sem utanríkisþjónustan býr yfir og skerpa á utanríkisstefnunni. Meðal slíkra greiningarverkefna er nýútkomin skýrsla um skref í átt að bættri framkvæmd EES-samningsins og yfirstandandi greining á stöðu Íslands á Rússlandsmarkaði í tengslum við innflutningsbann Rússlands og einnig greining á áætlunum Kínverja um nýja Silkileið sem kennd er við Belti og braut. Þá verður upplýsingum um árangur íslenskrar þróunarsamvinnu miðlað til almennings í enn meiri mæli en gert hefur verið, sem og upplýsingum um stefnu stjórnvalda um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Mynd 4: Nýtt skipurit utanríkisráðuneytisins



2.3. Varnarmálaskrifstofa


Sérstök varnarmálaskrifstofa var endurreist undir utanríkisráðuneytinu í október 2017, samkvæmt markmiðum skýrslunnar *Utanríkisþjónustu til framtíðar*, og endurspeglar það hina ríku áherslu sem lögð er á varnar- og öryggismál. Innan varnarmálaskrifstofunnar eru fjórar deildir, 1) aðgerðir og æfingar, 2) fjölþjóðlegt varnarmálasamstarf, 3) varnartengd rekstrar- og þjónustumál og 4) þátttaka í fjölþjóðlegum aðgerðum. Öflug varnarmálaskrifstofa verður í stakk búin til að takast á við þær breytingar og óvissu sem nú er í öryggismálum i okkar heimshluta. Hún hefur að bakhjarli Þjóðaröryggisráð og þjóðaröryggisstefnu og nær jafnt til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggis. Þá hefur Íslenska friðargæslan verið staðsett innan nýrrar varnarmálaskrifstofu.

2.4. Prótókollskrifstofa – kjörræðismenn

Í því skyni að efla og treysta samskiptin við kjörræðismenn Íslands var deild kjörræðismála færð undir prótókollskrifstofu. Skrifstofan hefur umsjón með um 220 kjörræðismönnum Íslands í tæplega 90 ríkjum. Kjörræðismenn eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar í margvíslegri hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd um allan heim og starfa samkvæmt Vínarsamningnum um ræðissamband frá 1963 (*e. Convention on Consular Relations*). Markmið breytinganna er að þróa enn traustari og nánari tengsl utanríkisráðuneytis og sendiskrifstofa við kjörræðismenn með bættem samskiptum, skýrari verklagsreglum og aukinni miðlun upplýsinga um Ísland og íslensk málefni. Í þessu sambandi er sérstök áhersla lögð á viðskiptamál og borgaraþjónustu.

Í undirbúningi er uppsetning sérstaks vefsvæðis á vegum utanríkisráðuneytisins sem verður sniðið að þörfum kjörræðismanna. Einnig er lögð áhersla á skilvirkni og að skýrar reglur gildi um verksvið kjörræðismanna og eðli starfsins, þar á meðal um val kjörræðismanna, skipun, hámarksaldur og starfslok. Einnig er unnið að uppfærslu á tímamótariti Péturs Thorsteinssonar, fv. ráðuneytisstjóra, frá 1979, Handbók fyrir kjörræðismenn Íslands (*Manual for Honorary Consuls of Iceland*). Stefnt er að því að þessu verki ljúki fyrir ráðstefnu kjörræðismanna Íslands sem haldin verður í Reykjavík í september 2019. Ítrekaður hefur verið sá ásetningur að ræðismannaráðstefnur á Íslandi verði haldnar á 4-5 ára fresti. Einnig er verið að endurmeta mögulegan fjölda kjörræðismanna og staðsetningu þeirra í einstökum heimshlutum, einkum í nýmarkaðsríkjum. Engum blöðum er um það að fletta að hinir ólaunuðu kjörræðismenn um allan heim hafa í hendi sér lykilinn að góðum árangri Íslendinga á mörgum fjarlægum nýmarkaðssvæðum og nauðsyn ber til að hvetja þá í starfi.

Nýja-Delí



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	7	0,0%
-------------------	---	------

Vöruútflutningur	130	0,0%
Þjónustuútflutningur	1.506	0,3%

Vöruinnflutningur	3.949	0,6%
Þjónustuinnflutningur	1.651	0,4%

Fjölþjóðasamstarf		
-------------------	--	--

Starfsmenn	5	4,3%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. Viðskiptaf.	2	
Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður	100	3,9%
------------------	-----	------

Sendiráð í Nýju-Delí. Fjárfesting til framtíðar.

Landkynning og viðskiptaþjónusta eru megin viðfangsefni sendiráðsins í Nýju-Delí og vinnur það náið með Íslandsstofu og fyrirtækjum. Þriðja ræðisskrifstofan var opnuð á árinu í Kolkata. Útsendum starfsmönnum fækkaði um einn um sl. áramóti, og starfar nú í sendiráðinu sendiherra og þrír staðarráðnir starfsmenn. Önnur umdæmislönd eru Banglades, Nepal og Sri Lanka. Viðskiptatækifærin á Indlandi eru einkum á sviði endurnýjanlegrar orku, hátækni, ferðaþjónustu og þjónustu við kvikmyndaiðnaðinn. Sendiráðið stóð fyrir 18 viðskipta- og menningarviðburðum á sl. ári í helstu stórborgum Indlands. Sendiráðið aðstoðar við að afla heimilda fyrir innflutningi á lambakjöti og sjávarafurðum, og stóð á árinu fyrir kynningu á þeim afurðum í Nýju-Delí.

Nýverið stóð sendiráðið fyrir jarðvarmaráðstefnu í Gujarat í samvinnu við Centre of Excellence for Geothermal Energy með þátttöku íslenskra sérfræðinga og fyrirtækja. Þá hefur starfsfólk sendiráðsins haldið fjölmörg erindi og veitt viðtöl um viðskipti, fjárfestingar, loftslagsmál, norðurslóðamál og tengsl þeirra við Himalayavæðið, og jafnréttismál en sendiráðið leggur áherslu á að tengja íslenskar og indverskar konur í viðskipta- og atvinnulífinu.

Norrænu sendiráðin vinna saman að viðskiptakynningum í Chennai og Kolkata, kvikmyndahátíð norrænu og baltnesku (NB8) ríkjanna, og sameiginlegri þátttöku í Jaipur-bókmenntahátíðinni en stærsta samstarfsverkefnið er að koma á framfæri norrænni nýsköpun og hátækni á vettvangi Snjallborgaáætlunar indverskra stjórnvalda (Smart Cities). Hefur Nordic Innovation-átak Norrænu ráðherranefndarinnar úthlutað ISK 51 milljón til tveggja ára framkvæmdaáætlunar norrænu sendiráðanna í Nýju-Delí.


Indverskum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað árlega um 50% undanfarin þrjú ár. Sendiráðið hefur staðið fyrir ferðaþjónustukynningum og tókur indverskra kvikmynda á Íslandi hafa vakið athygli á landi og þjóð. Hið vinsæla tónlistarmyndband *Gerua* hefur fengið tæplega 200 milljónir áhorf á „Youtube“. Sendiráðið hefur góð tengsl við indverska kvikmyndaiðnaðinn og heldur reglulega kynningar um Ísland sem eftirsóknarverðs tókustaðar í helstu kvikmyndaborgum Indlands. Þannig var Ísland í brennidepli á Indiwood Film Carnival í Hyderabad, og stóð sendiráðið ásamt Film in Iceland að því. Á sviði menningarmála hefur sendiráðið lagt áherslu á sýningu íslenskra kvikmynda á ýmsum kvikmyndahátíðum og þátttöku íslenskra rithöfunda í bókmenntahátíðum. Sendiráðið undirbýr menningarhátíð í Pondicherry í samvinnu við íslenska og indverska aðila og Indversk-íslenska viðskiptaráðið.

2.5. Sendiskrifstofur

Samkvæmt nýjum forsetaúrskurði eru starfandi 17 tvíhliða sendiráð, fjórar fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Á síðasta ári var einu sendiráði lokað, þ. e. í Mósambík, og nú í vor mun verður hætt sendiráðsstarfsemi í Vín gagnvart Austurríki og umdæmisríkjum, en í Vínarborg mun áfram starfa fastanefnd gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Sendiskrifstofur Íslands eru nú reknar með minnsta mögulega mannafla. Sem dæmi má nefna að ellefu þeirra, eða hátt í helmingur, hafa aðeins einn útsendan starfsmann, þ. e. forstöðumann, frá Íslandi. Aðrir eru staðarráðnir.

Leitast er við að búa utanríkisþjónustuna sem best úr garði, hafa á að skipa vel þjálfuðu starfslíði með fjölbreytilegan bakgrunn, menntun og tungumálakunnáttu. Starfsaðstaða erlendis skiptir miklu máli og þarf að fara þar saman góð starfsaðstaða, sem er Íslandi samboðin, og hagkvæmni í rekstri. Þar sem hægt er að koma því við hefur skrifstofuhúsnæði verið leigt af norrænum eða baltneskum sendiráðum, s.s. í Washington DC, Róm, Kampala og Beijing. Í Kaupmannahöfn er sendiráðið í sama húsi og sendiskrifstofur Færeyja og Grænlands. Góð reynsla er af samlegðinni með norrænu sendiráðunum í Berlín þar sem sendiráðin fimm eru á sama reit og sameiginlegt húsnæði hefur nýst vel fyrir margs konar starfsemi. Norrænu sendiráðin í Berlín eru áberandi þáttur í borgarmyndinni.

Berlín



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	1.614	3,5%
-------------------	-------	------

Vöruútflutningur	46.631	7,4%
------------------	--------	------

Þjónustuútflutningur	40.574	7,1%
----------------------	--------	------

Vöruinnflutningur	60.118	8,6%
-------------------	--------	------

Þjónustuinnflutningur	16.772	4,5%
-----------------------	--------	------

Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd	
-------------------	------------	--

Starfsmenn	8	7,0%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	4	

Kostnaður	130	5,1%
------------------	------------	-------------

Sendiráð í Berlín: Norðurlöndin í hjarta Evrópu.

Þrátt fyrir breytt landslag í þýskum stjórnámum líta flestir til Berlínar þegar móta þarf pólitíska stefnu á meginlandinu. Tengsl Íslands og Þýskalands hafa lengi verið nán og má merkja það með tíðari ráðherraheimsóknum. Ætlunin er að efla þingmannasamstarf en áður var samband íslenskra stjórnmalaflokka við þýska systurflokka nánara. Í sendiráðinu starfa þrjú útsendir og fimm staðarráðnir starfsmenn. Umdæmi þess nær einnig til Póllands, Króatíu, Serbíu og Montenegro og nýtur sendiráðið dyggrar aðstoðar 13 ræðismanna í þessum ríkjum auk Þýskalands. Sendiráðinu er mikill styrkur að sambúðinni með sendiráðum hinna Norðurlandanna og sameiginlegri byggingu (Felleshus).

Þýskaland er eitt mikilvægasta viðskiptaland Íslands og námu milliríkjaviðskipti 155 milljörðum 2016. Þýskalandsmarkaður er sem fyrr mikilvægur fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Í upphafi ársins fjárfesti DFFU, dótturfélag Samherja, fyrir 10 milljarða í tveimur glæsilegum fiskiskipum. Um er að ræða stærstu fjárfestingu íslensks sjávarútvegsfyrirtækis á erlendri grundu. Sumarið 2017 var beint flug til Íslands frá 11 borgum í Þýskalandi. Sama ár sóttu 155.000 þýskir ferðamenn Ísland heim. Í mars sótti metfjöldi íslenskra fyrirtækja, eða yfir 30, ITB-ferðastefnuna í Berlín. Sendiráð og Íslandsstofa lögðu áherslu á *matarlandið*, *ferðamannalandið* og *fótboltalandið* Ísland. Þjóðverjar leita talsvert til sendiráðsins vegna ferðalaga og á árinu svaraði sendiráðið tæplega 300 ferðatengdum fyrirspurnum. Aukinheldur tóku sendiráðsstarfsmenn á móti tæplega 1.000 íslenskum og þýskum gestum árið 2017. Í sendiráðinu starfar viðskiptafulltrúi og á árinu leitustu 65 fyrirtæki til sendiráðsins auk þess sem fjöldi fyrirspurna um viðskiptamál var 235. Á árinu stóð sendiráðið að 10 viðskiptatengdum atburðum í sendiherrabústað, Felleshus og utanhúss.

Þjóðverjar eru áhugasamir um Ísland og íslenska menningu, og er Þýskaland mikilvægasti erlendi markaðurinn fyrir íslenskar menningarafurðir. Landkynningar- og menningarmál setja svip sinn á starfsemi sendiráðsins. Árið 2017 stóð sendiráðið fyrir 52 menningarviðburðum. Segja má að Felleshuset eins konar menningar- og viðskiptamiðstöð Norðurlandanna. Í fyrra aðstoðaði sendiráðið eða kom að skipulagningu yfir 70 menningarviðburða utan sendiráðs í samvinnu við aðra og svaraði yfir 200 fyrirspurnum tengdum menningarmálum.

Fimm m.kr. verður varið á árinu til fullveldishátíðahalda í Þýskalandi; landkynningar og menningar- og viðskiptaviðburða, m. a. með stuðningi íslenskra fyrirtækja. Meðal annars mun utanríkisráðherra opna landkynningarsýningu í Felleshus. Í tengslum við HM í Rússlandi standa norrænu sendiráðin fyrir landkynningu og verða leikir Íslendinga, Dana og Svía sýndir í beinni útsendingu á torginu við sendiráðin.

3. BORGARAÞJÓNUSTA

3.1 Almenn

Þjónusta við íslenska borgara erlendis er ein grundvallarstoðanna í starfsemi utanríkisþjónustunnar. Árlega koma starfsmenn utanríkisráðuneytis og sendiskrifstofa að ógrynni slíkra mála, að ógleymdum kjöræðismönnum sem eru nær 230 í 90 ríkjum.

Í hverjum mánuði berast um 700 borgaraþjónustuerindi til aðalskrifstofu ráðuneytisins og um 2.200 til sendiskrifstofa. Í heildina má því ætla að yfir 30 þúsund erindi berist aðalskrifstofu og sendiskrifstofum á ári. Mjög misjafnt er hve miklu af tíma sínum sendiskrifstofur verja í borgaraþjónustu. Fjöldi borgaraþjónustumála helst í hendur við aukin ferðalög Íslendinga til útlanda, fjölgun áfangastaða beins flugs frá landinu, svo og breytt ferðamynstur fjölda þeirra Íslendinga sem búsettir eru utan landsteinanna s.s. vegna atvinnu eða menntunar. Utanríkisráðuneytið er með sólarhringsvakt á neyðarsíma, allan ársins hring, fyrir aðkallandi aðstoðarmál íslenskra ríkisborgara hvar sem þeir kunna að vera staddir í heiminum.

Tíu af 151 tillögu í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar - Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi* snúa að borgaraþjónustu og er markvisst fylgt eftir. Þær lúta allar að bættri þjónustu við Íslendinga erlendis s.s. aukinni þjálfun og formlegri tilnefningu starfsmanna er fara með ræðismál í sendiráðum, samræmdri og bættri nýtingu samfélagsmiðla, m.a. til að vakta hættuástand erlendis. Þá má nefna formfestingu samstarfs og samræmingu verkferla við innlendir samstarfsstofnanir ráðuneytisins.

Sendiskrifstofur Íslands eru nokkurs konar umboðsmenn íslenskrar stjórnarsýslu gagnvart Íslendingum erlendis. Í framangreindri skýrslu kemur fram að um 30% verkefna sendiráða, þar sem Íslendingar eru fjölmennastir, lúta að borgaraþjónustu. Algengustu verkefni eru skjalavottanir, heimflutningur látinna, veikra eða vegalausra ríkisborgara, aðstoð vegna veikinda, slysa, sakamála, afplánunar refsidóma, utankjörfundaratkvæðagreiðslna, auk móttöku umsókna um vegabréf. Um 90% þeirra Íslendinga, sem búa erlendis, eru í löndum þar sem Ísland er með sendiskrifstofu.

Tafla 1: Íslendingar búsettir erlendis

Íslendingar búsettir erlendis: 46.392

Sendiráð samtals	41.584	89,6%
Danmörk	10.505	22,6%
Noregur	9.895	21,3%
Svíþjóð	8.390	18,1%
Bandaríkin	6.428	13,9%
Bretland	2.345	5,1%
Þýskaland	1.614	3,5%
Kanada	893	1,9%
Frakkland	476	1,0%
Austurríki	253	0,5%
Finnland	250	0,5%
Færeyjar	222	0,5%
Belgía	141	0,3%
Grænland	50	0,1%
Kína	44	0,1%
Japan	36	0,1%
Rússland	35	0,1%
Indland	7	0,0%

Ekkert sendiráð samtals	4.808	10,4%
Spánn	591	1,3%
Lúxemborg	532	1,1%
Sviss	521	1,1%
Ástralía	496	1,1%
Holland	441	1,0%
Pólland	248	0,5%
Ítalía	207	0,4%
Nýja-Sjáland	168	0,4%
Írland	95	0,2%
Sameinuð arabafurstadæmi	62	0,1%
Saúdí-Arabía	50	0,1%
Suður-Afríka	50	0,1%
Portúgal	47	0,1%
Mexíkó	45	0,1%
Grikkland	37	0,1%
Serbía	36	0,1%
Taíland	35	0,1%
Hongkong	31	0,1%
Chile	29	0,1%
Eistland	26	0,1%
Ísrael	26	0,1%
Máritanía	26	0,1%
Malta	26	0,1%
Filippseyjar	26	0,1%
Tékkland	24	0,1%
Lettland	24	0,1%
Singapúr	23	0,0%
Ungverjaland	20	0,0%
Búlgaría	19	0,0%
Brasilía	18	0,0%
Evrópa ótilgreint	88	0,2%
Ameríka ótilgreint	43	0,1%
Asía ótilgreint	49	0,1%
Afríka ótilgreint	32	0,1%
Útlönd ótilgreint	244	0,5%
Önnur lönd	373	0,8%

Stórt skref var stigið á árinu við að koma upp búnaði til móttöku vegabréfsumsóknna hjá nær öllum sendiskrifstofum Íslands. Því verkefni lauk í upphafi ársins 2018. Tekið var á móti ríflega 4000 umsóknum um vegabréf á sendiskrifstofum árið 2017 og er þá ótalinn sá fjöldi neyðarvegabréfa sem gefinn var út hjá kjöræðismönnum Íslands víðsvegar um heim. Borgaraþjónustan vaktar hættu- og hamfarasvæði erlendis og miðlar upplýsingum og skipuleggur nauðsynlegar aðgerðir til hjálpar Íslendingum á hættustundu. Hryðjuverkaógn er ekki lengur bundin við fjarlægja staði heldur þarf almenningur að vera viðbúinn því að slíkt geti gerst hvar sem margmenni er. Því þarf að huga sérstaklega að öryggi í kringum íþróttaviðburði þar sem fjöldi einstaklinga, af mismunandi þjóðerni, er saman kominn á litlu svæði. Í þessu sambandi skal nefnt að í október sl. var undirritaður samningur milli utanríkisráðuneytis og ríkislögreglustjóra um samnýtingu Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð ef upp koma válegir atburðir sem kalla á fjöldahjálp við Íslendinga sem staddir eru erlendis.


Helstu aðgerðir síðustu misseri til að bæta þjónustuna:

- Settar upp umsóknarvélar fyrir íslensk vegabréf í nær öllum íslenskum sendiráðum.
- Undirritaður samsstarfsamningur utanríkisráðuneytis og ríkislögreglustjóra um samnýtingu Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð ef upp koma válegir atburðir erlendis.
- Aukin áhersla á upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu ráðuneytisins og samfélagsmiðla.
- Innleidd ný áætlun um þjálfun starfsmanna á sviði borgaraþjónustumála.
- Reglulegir samráðsfundir við helstu samstarfsstofnanir utanríkisráðuneytisins.
- Tilnefning ábyrgðarmanns ræðis- og aðstoðarmála í sendiráðum.

3.2 Markmið og starfið framundan

Styrkja borgarþjónustuteymið í ráðuneytinu. Auka og samræma upplýsingamiðlun sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum. Kanna leiðir til að auðvelda vegabréfaútgáfu fyrir íslenska ríkisborgara sem búa fjarri sendiráðum. Auka þjónustustig við Íslendinga erlendis, m.a. með betri búnaði og aukinni viðbragðsgetu utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa í neyðartilvikum erlendis. Leita eftir endurnýjuðu samstarfi við þjóðkirkjuna eða önnur trúfélög um ýmsa þjónustu og aðstoð við Íslendinga á þeim stöðum erlendis þar sem þeir eru flestir.

Stokkhólmur



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	8.390	18,1%
-------------------	-------	-------

Vöruútflutningur	3.023	0,5%
------------------	-------	------

Þjónustuútflutningur	22.974	4,0%
----------------------	--------	------

Vöruinnflutningur	26.895	3,8%
-------------------	--------	------

Þjónustuinnflutningur	13.678	3,7%
-----------------------	--------	------

Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd	
-------------------	------------	--

Starfsmenn	Fjöldi	Prosent
------------	--------	---------

Útsendir diplómatar	4	3,5%
---------------------	---	------

Útsendir aðrir	2	
----------------	---	--

Staðarr. viðskiptaf.	0	
----------------------	---	--

Aðrir staðarráðnir	0	
--------------------	---	--

Kostnaður	85	3,3%
-----------	----	------

Sendiráð í Stokkhólmi: Mikil þjónusta við 8000 Íslendinga í Svíþjóð.

Meginhlutverk sendiráðsins er að gæta hagsmuna Íslands og Íslendinga í Svíþjóð og öðrum umdæmislöndum sendiráðsins og efla samskiptin á sviði stjórn mála, viðskipta og menningarmála. Útsendum starfsmönnum var nýlega fækkað, og er sendiherrann nú eini útsendi starfsmaðurinn, en auk hans er gert ráð fyrir þremur staðarráðnum starfsmönnum. Önnur umdæmislönd eru Albanía og Kúveit. Um 8.000 Íslendingar búa í Svíþjóð og er aðstoð við þá stór þáttur í starfseminni en 2017 tók sendiráðið við umsóknum um 432 almenn vegabréf og gaf út 33 neyðarvegabréf. Sendiráðinu berst mikill fjöldi fyrirspurna frá ferðamönnum, sérstaklega um vegabréfamál en einnig er töluvert um vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara annarra landa.

Menningar- og landkyrning er mikilvægur og vaxandi þáttur starfseminnar, ekki síst upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlum um íslenska menningarviðburði í Svíþjóð og ýmsar upplýsingar sem eru gagnlegar Íslendingum. Mikill áhugi á Íslandi er hjá sænskum almenningi og kom það vel í ljós í nýlegri heimsókn forseta Íslands til Svíþjóðar. Beiðnir berast jafnt og þétt um alls kyns upplýsingar og um þátttöku af hálfu sendiráðsins á fundum og ráðstefnum ýmissa félaga. Þá eru skipulagðir kynningarfundir fyrir í embættisbústað sendiherra. Sendiráðið sinnir viðskiptafyrirspurnum og veitir ýmsa ráðgjöf, t. d. við að kortleggja hugsanlega samstarfsaðila eða bjóða upp á fundaraðstöðu, ef þess er óskað. Í menningarstarfi sendiráðsins hefur frá 2015 verið lögð sérstök áhersla á þýðingar íslenskra bókmennta á sænsku og mikilvægi þýðenda.

Töluverð samvinna er milli íslenskra og sænskra heilbrigðisstofnana og sérfræðinga og vísindamanna á sviði læknisfræði og heilbrigðisvísinda, en um 450 íslenskir læknar starfa í Svíþjóð, margir þeirra í doktorsnámi. Á undanföllum árum hefur færst í aukana að námsmenn, bæði á menntaskóla- og háskólastigi, taki próf í sendiráðinu og má segja að það sé orðinn fastur þáttur í starfseminni. Töluverð vinna er við utankjörfundaratkvæðagreiðslur í Alþingis-, sveitarstjórnar- og forsetakosningum. Í Alþingiskosningunum í nóvember 2017 kusu 314 manns í sendiráðinu. Þá kusu um 230 hjá ræðismönnum Íslands.

4. NORÐURLÖND OG NÆRSVÆÐI

4.1. Almenn

Sáttmáli ríkisstjórnarinnar kveður á um, að „Norrænt samstarf verður áfram einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands“. Enn fremur segir: „Ísland hefur mikilvæga sérstöðu sem norðurskautsríki þar sem stór hluti efnahagslögsögunnar er innan norðurslóða. Auknum siglingum og annarri starfsemi fylgja tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Viðkvæmt vistkerfi norðurslóða á að fá að njóta vafans.“


Stærsta verkefnið framundan í norrænu samstarfi er formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni sem hefst um næstu áramót. Íslensk stjórnvöld munu í haust leggja fram formennskuáætlun fyrir árið 2019 þar sem fram koma þau málefni sem Ísland vill leggja áherslu á og þau formennskuverkefni sem hrint verður af stökkunum. Á formennskuárinu munu ráðherrar og aðrir fulltrúar Íslands stýra fundum á ólíkum stigum norræns samstarfs en margvíslegir viðburðir fara fram á Íslandi í tilefni formennskunnar.

4.2. Samstarf Norðurlandanna

Umtalsverður þróttur er nú í norrænu samstarfi. Það má m.a. rekja til þess að forsætisráðherrar Norðurlandanna settu sér það markmið að Norðurlöndin verði tengdasta svæði veraldar með sérstakri áherslu á stafræna tækni, hreyfanleika milli landa, og sameiginlega kynningu út á við. Á alþjóðavettvangi fer áhugi vaxandi á styrkleikum Norðurlandanna s. s. á sviði nýsköpunar, lausna í loftslagsmálum, jafnréttis og velferðar, og í því felast veruleg tækifæri fyrir atvinnulífið. Um leið hefur samstarfið inn á við eflst og orðið markvissara og stuðningur við það hefur aukist meðal íbúa.

Samstarf Norðurlandanna á sér djúpar rætur en Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, svo og Færeyjar, Grænland og Álandseyjar, hafa um áratugaskeið haft með sér samvinnu í mismunandi samfélagsgeirum. Þar hefur samstarf á sviði mennta- og menningarmála, velferðar-, byggða- og atvinnumála lengi borið hæst en á liðnum árum hefur sjónum ekki síður verið beint að jafnréttismálum, lífhagkerfinu (landbúnaði og sjávarútvegi) og nýsköpun fyrirtækja, svo dæmi um nýjar áherslur séu nefnd. Markmið samstarfsins er að það þjóni sameiginlegum hagsmunum og er þá sjónum beint að sviðum þar sem Norðurlöndin eru sterkari saman heldur en sitt í hvoru lagi. Íslensk félagasamtök, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki taka virkan þátt í norrænu samstarfi á ýmsum sviðum, m.a. í tengslum við samstarfsáætlanir á borð við NordPlus og rannsóknarsamstarf á vettvangi NordForsk, svo dæmi séu nefnd.

Oslo



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	9.895	21,3%
-------------------	-------	-------

Vöruútflutningur	29.116	4,7%
Þjónustuútflutningur	26.388	4,6%

Vöruinnflutningur	71.030	10,1%
Þjónustuinnflutningur	15.424	4,1%

Fjölbjóðsamstarf	Norðuslóðir
------------------	-------------

Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	4	3,5%
Útsendir aðrir	2	
Staðarr. Viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður	83	3,3%
-----------	----	------

Sendiráð í Oslo: Söguleg tengsl og sameiginlegir hagsmunir.

Tengsl Íslands og Noregs eiga sér djúpar sögulegar og menningarlegar rætur og byggjast á gagnkvæmum hagsmunum í viðskiptamálum, Evrópumálum, öryggis- og varnarmálum, á vettvangi norrænnar samvinnu og í utanríkispolítísku samstarfi. Sendiráðið í Oslo er skipað tveimur útsendum starfsmönnum og tveimur staðarráðnum. Átta kjöræðismenn starfa í landinu. Auk Noregs veitir sendiráðið fyrirvar gagnvart Grikklandi, Íran, Egyptalandi og Pakistan.

Vinskapur og hlýja í garð íslensku þjóðarinnar mætir Íslendingum hvarvetna í Noregi og var vinarþel Norðmanna enn á ný undirstrikað í opinberri heimsókn forseta Íslands til Noregs í mars 2017. Í heimsókn til klasa sprotafyrirtækja var samstarf á sviði nýsköpunar í brennidepli og á málþingi í Björgvin var ýtt úr vör samstarfi íslenskra og norskra aðila um nýtingu sjávarfangs. Einn af hápunktum heimsóknarinnar var afhending þjóðargjafar til Norðmanna, 500 eintök af nýrri norskrí útgáfu Íslendingasagna, sem dreift verður í norsk bókasöfn.

Á árinu sinnti sendiráðið 140 viðskiptaerindum og liðsinnti 70 fyrirtækjum. Vöruviðskipti landanna námu 88 milljörðum króna og er Noregur þar með sjöundi stærsti útflutningsmarkaður Íslands og í öðru sæti á lista yfir vöruinnflutning til Íslands. Þjónustuviðskipti hafa undanfarin ár numið á bilinu 40 til 50 milljörðum króna og um 50 þúsund norskir ferðamenn sækja Ísland heim árlega. Samkvæmt könnun Íslandsstofu selja 46,5% íslenskra útflutningsfyrirtækja vörur og þjónustu til Noregs sem er hærra hlutfall en til nokkurs annars lands.

Fjöldi íslensks listafólks sækir Noreg heim árlega til þátttöku í viðburðum vítt og breytt um landið og fer áhugi á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni vaxandi. Á árinu kom sendiráðið að þátttöku í 45 menningarviðburðum og sóknarfæri felast í samstarfi á sviði skapandi greina.

Veigamikill þáttur í störfum sendiráðsins er að veita íslenskum borgurum liðsinnti en nú hafa um 9.500 Íslendingar fasta búsetu í Noregi og allmikill fjöldi til viðbótar er þar við nám og störf. Á árinu voru 73 próf þreytt í sendiráðinu, tekið var á móti umsóknum um 1.204 vegabréf og gefin voru út 44 neyðarvegabréf. Einstaklingar sem greiddu atkvæði utan kjörfundar í sendiráðinu og hjá kjöræðismönnum í Alþingiskosningum 2017 voru 683.

Kjölfestan í samstarfi stjórnvalda er á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Alls er um að ræða samstarf 11 ráðherra og fagráðuneyta, auk ráðherrasamstarfs um stafræna væðingu. Norrænir fagráðherrar hittast venjulega 1-2 á ári til að ræða sameiginlega hagsmuni og viðfangsefni og á milli hittast embættismenn og ýmsir sérfræðinga- og vinnuhópar til að móta stefnu og undirbúa ákvarðanir ráðherranna. Samstarfsráðherrar Norðurlandanna bera ábyrgð á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar í umboði norrænna forsætisráðherra, og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn skapar umgjörð um samstarfið og veitir faglega aðstoð.

Norræna ráðherranefndin er fjármögnuð sameiginlega af löndunum og gerir fjárhagsáætlun fyrir þetta ár ráð fyrir útgjöldum að upphæð 951 milljón danskra króna eða tæplega 16 milljörðum króna. Þar af greiðir Ísland 1,0% eða um 160 milljónir króna á ári. Til samanburðar má nefna að fjárveiting Norrænu ráðherranefndarinnar til Norræna hússins í Reykjavík, sem fagnar 50 ára afmæli á þessu ári, nemur tæplega 220 milljónum króna árlega. Þá er ógetið fjármögnunar formennskuverkefna Íslands og styrkja og fjárframlaga, sem íslenskir aðilar njóta frá sameiginlegum norrænum stofnunum og verkefnum, s.s. á sviði rannsókna og þróunar, menningar og mennta. Þessu til viðbótar nýtur Ísland góðs af málefna-samstarfinu sem slíku auk þess að hafa sterka pólitíska fótfestu sem eitt Norðurlandanna.

Undirbúningur að formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni stendur nú yfir, í nánú samráði við önnur ráðuneyti og stofnanir, undir stjórn samstarfsráðherra Norðurlanda. Þó að formennskan sjálf sé til eins árs þá er formennskuáætlun Íslands og þau verkefni sem verður hrundið af stað til þriggja ára, þ.e. til ársins 2021. Formennskuáætlanir ríkja skarast og gefa tilefni til eftirfylgni þótt nýtt ríki sé tekið við formennsku. Ísland gegndi þessu hlutverki síðast árið 2014 og þá voru einkunnarorð vel heppnaðrar formennsku „Gróska og lífskraftur“.

Formennskuáætlun Íslands fyrir 2019 verður kynnt af forsætisráðherra og lögð fram til samþykktar á þingi Norðurlandaráðs í lok október nk. Til formennskuverkefna Íslands verður varið 15 milljónum danskra króna á ári í þrjú ár eða samtals rúmlega 750 milljónum króna miðað við núverandi gengi. Hagsmunir og áherslur Íslands, Norðurlandanna og vestnorræna svæðisins, að ógleymdum heimsmarkmiðum SP, mynda grunninn að formennskuáætluninni. Hún mun að auki taka mið af fyrri formennskuáætlunum til að tryggja samfellu í stefnu og verkefnum. Þá er stefnt að samlegðaráhrifum með formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu sem einnig hefst á næsta ári en áætlanir gera ráð fyrir að málefni hafsins verði áberandi í báðum þessum formenskum.

Noregur gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á síðasta ári, 2017. Yfirskrift norsku formenskunnar var „Norðurlönd í umbreytingu - Norðurlönd í Evrópu – Norðurlönd í veröldinni.“ Umtalsverð áhersla var á starf norræna stjórnsýsluhindranaráðsins. Sænska formennskan, sem hófst um áramót, leggur áherslu á sjálfbær, nýskapandi, örugg og hreinskiptin Norðurlönd fyrir alla, og er stafræn væðing rauður þráður áætlunarinnar. Þá tók ný samstarfsáætlun um málefni Norðurslóða fyrir árin 2018 til 2021 gildi í upphafi árs. Hún kveður m.a. á um aðgerðir til að auka viðskipti og fjárfestingu á norðurslóðum, og efla velferð.

Norrænt samstarf utanríkisráðherra er veigamikill þáttur í utanríkistengslum Íslands. Um er að ræða mikilvægan vettvang til upplýsinga- og skoðanaskipta um þau alþjóðamálefni sem eru efst á baugi, eiga samskipti við önnur og oft stærri ríki og til að stilla saman strengi í málflutningi. Þannig standa Norðurlöndin oft sameiginlega að framboðum í laus sæti og stöður hjá SP. Á síðustu fundum norrænna utanríkisráðherra hefur Svíþjóð, sem situr nú í öryggisráði SP, gert grein fyrir álitamálum á þeim mikilvæga vettvangi. Utanríkisráðherra Íslands á einnig margvíslegt tvíhliða samstarf við sín norrænu starfsystkini, sbr. fundi með utanríkisráðherra Svíþjóðar í Stokkhólmi um miðjan janúar og utanríkisráðherra Noregs í Osló í lok janúar sl.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna funda einnig tvisvar á ári með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, einu sinni undir merkjum NB8-samstarfsins og í hitt skiptið með utanríkisráðherrum Visegrad-ríkjanna: Póllands, Slóvakíu, Tékklands og Ungverjalands, á hinum svokölluðu NB8-V4 fundum. Á fundum NB8 hefur á liðnu ári m.a. verið fjallað um samskiptin við Rússland og samstarf við Eystrasaltið, um orkuöryggi og netvarnir, og á fundum NB8-V4 er fjallað um svæðisbundið samstarf í breiðu samhengi, um Evrópumál, öryggismál og viðskiptasamstarf, og annað það sem efst er á baugi hverju sinni.

Það er gömul saga og ný að styrkur norræns samstarfs felst í sameiginlegum gildum Norðurlandanna og svipaðri samfélagsgerð. Væringar og óvissa á alþjóðavettvangi virðast einnig hafa beint sjónum Norðurlandabúa inn á við á nýjan leik. Í nýrri könnun Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs á því hvernig almenningur lítur norrænt samstarf kemur skýrt fram að Norðurlandabúar telja samstarfið vera mikilvægt. Rúmlega 90% aðspurðra telja samstarfið mikilvægt eða afar mikilvægt, þar af 59% afar mikilvægt. Rúmlega tveir þriðju vilja aukið norrænt samstarf sem er marktækt, fleiri en þegar síðast var spurt fyrir tíu árum. Tveir þriðju telja þróun alþjóðamála hafa aukið mikilvægi norrænnar samvinnu. Almennur telur varnar- og öryggismál brýnustu samstarfssviðin sem er breyting frá fyrri tíð.


4.3. Norðurslóðir

Í stjórnsáttmálanum segir varðandi norðurslóðir: „Ísland hefur mikilvæga sérstöðu sem norðurskautsríki þar sem stór hluti efnahagslögsögunnar er innan norðurslóða. Auknum siglingum og annarri starfsemi fylgja tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Viðkvæmt vistkerfi norðurslóða á að fá að njóta vafans. Málefni norðurslóða snerta nær allar hliðar íslensks samfélags og eru forgangsmál í íslenskri utanríkisstefnu. Ísland mun á vettvangi Norðurskautsráðsins einkum leggja áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmál og málefni hafsins. Í samræmi við samþykktu norðurslóðastefnu Íslands verður sérstök áhersla lögð á réttindi frumbyggja og jafnrétti kynjanna.“

Núgildandi stefna Íslands í málefnum norðurslóða á sér stoð í þingsályktun sem samþykkt var samhljóða á Alþingi vorið 2011 og felur í sér tólf megináherslur. Þær lúta m.a. að stöðu Íslands innan svæðisins, mikilvægi Norðurskautsráðsins og hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmálum, sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og öryggis- og viðskiptahagsmunum. Þá er þar lögð áhersla á grannríkjasamstarf við Færeyjar og Grænland og réttindi frumbyggja.

Skýr stefnumörkun liggur nú þegar fyrir í norðurslóðamálum hér á landi en þó þarf að huga að breytingum sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulaginu um loftslagsbreytingar. Mikilvægt er að norðurslóðir einkennist áfram af stöðugleika, sjálfbærni og samvinnu. Í skýrslunni um *Utanríkisþjónustu til framtíðar* er tillaga um frekari samþættingu þeirrar vinnu innan ráðuneytis sem tengist svæðisbundnu samstarfi, með hliðsjón af formennsku í Norðurskautsráðinu og norrænu samstarfi. Fyrstu skref að framkvæmd tillögunnar voru tekin á haustdögum 2017. Í burðarliðnum er einnig vinna í tengslum við tillögu skýrslunnar sem lýtur að gerð áætlunar um skilgreinda beitingu sendiráða Íslands gagnvart aðildar- og áheyrarríkjum Norðurskautsráðsins, en Ísland heldur úti sendiráðum og aðalræðisskrifstofum í öllum aðildarríkjum ráðsins og sendiskrifstofum í sjö af þrettán áheyrarríkjum.

Ottawa



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	893	1,9%
-------------------	-----	------

Vöruútflutningur	7.494	1,2%
Þjónustuútflutningur	22.558	3,9%

Vöruinnflutningur	13.262	1,9%
Þjónustuinnflutningur	5.388	1,4%

Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir
-------------------	--------------

Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	2,8	2,4%
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1,8	

Kostnaður	65	2,5%
-----------	----	------

Sendiráð í Ottawa: Sameiginlegir hagsmunir á norðurslóðum og í auðlindanýtingu.

Sendiráð Íslands í Ottawa var opnað árið 2011 en stjórnmalasamband milli Íslands og Kanada var tekið upp árið 1947. Fyrsti sendiherra Íslands í Kanada, sem hafði á þeim tíma aðsetur í Washington D.C., var skipaður árið 1948. Umdæmisríkin eru auk Kanada, Bólivía, Hondúras, Kostaríka, Panama og Venesúela. Sendiherrann er eini útsendi starfsmaður sendiráðsins, en auk hans starfa þar tveir staðarráðnir starfsmenn. Framundan er ráðning staðarráðsins viðskiptafulltrúa. Sendiráðið nýtur einnig stuðnings viðskiptaskrifstofunnar sem starfar í New York.

Hlutverk sendiráðsins er að efla samstarf, vináttu og viðskipti á milli Íslands og Kanada og annarra ríkja í umdæmi sendiráðsins. Auk þess hefur sendiráðið með höndum víðtækt hlutverk á sviði borgarabjónustu, gætir hagsmuna Íslendinga gagnvart stjórnvöldum og veitir þeim aðstoð þegar svo ber undir. Þá annast sendiráðið framkvæmd utankjörfundakosninga. Fyrirgreiðsla vegna ferðalaga til Íslands og áritunarmál eru drjúgur þáttur í starfi sendiráðsins. Sendiherra ver einnig töluverðum tíma í samskipti við Vestur-Íslendinga og vinafélög Íslands og Kanada.

Í umdæmi sendiráðsins starfa alls fjórtán kjöræðismenn, þar af tíu í Kanada og einn í hverju hinna umdæmisríkjanna nema Bólivíu. Í umdæmi sendiráðsins er einnig aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg þar sem einn útsendur starfsmaður starfar. Sendiráðið nýtur aðstoðar kjöræðismanna Íslands, sérstaklega á sviði borgarabjónustu en kjöræðismenn vinna einnig að tengslum við stjórnvöld hver á sínu svæði og liðka fyrir myndun viðskiptasambanda.

Kanada er á meðal mikilvægustu samstarfslanda Íslands. Löndin eiga sameiginlega hagsmuna að gæta, m.a. varðandi norðurslóðamál, varnarmál og sjávarútveg. Viðskipti milli landanna hafa stóruvæðing frá því að fríverslunarsamningur EFTA og Kanada var gerður 2009 og Kanadamenn voru á síðasta ári í fjórða sæti hvað varðar fjölda ferðamanna til Íslands. Nýr loftferðasamningur var gerður við Kanada árið 2013 sem hefur orðið grundvöllur stóruvæðing flugsamgangna á milli landanna. Íslensk flugfélög hafa nú fimm fasta áfangastaði í Kanada, Vancouver, Edmonton, Montreal, Toronto og Halifax.

Í lok árs 2017 endurnýjaði utanríkisráðherra samstarf við Norðurslóðanetið á Akureyri og tekur nýr samningur mið af áætluðum verkefnum í formennskutíð Íslands í Norðurskautsráðinu. Samningurinn er í samræmi við tillögu í skýrslu utanríkisráðherra um breytingar á utanríkisþjónustunni og snýr að aukinni upplýsingamiðlun til almennings, atvinnulífs og félagasamtaka um áskoranir, ógnir, tækifæri og samstarf á norðurslóðum. Aðrir samstarfssamningar við háskólasamfélagið eru einnig í farvatninu.

Á þingi Hringborðs norðurslóða (e. *Arctic Circle Assembly*), sem sett var á laggirnar af Ólafi Ragnari Grímssyni fyrrverandi forseta Íslands, í október 2017 komu saman fulltrúar vísindasamfélags, stjórn mála, atvinnulífs, frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana og stjórnsýslu frá fjölmörgum löndum. Í ávarpi sínu lagði utanríkisráðherra áherslu á tryggja sjálfbæra þróun efnahags- og viðskiptalífs á norðurslóðum í sátt við umhverfið. Utanríkisráðherra lagði höfuðáherslu á að tryggja sjálfbæra og friðsamlega þróun á norðurslóðum á sama tíma og augu beindust í æ ríkari mæli að svæðinu. Gæta yrði að umhverfinu, óvída væru áhrif loftslagsbreytinga sýnilegri en þar og að breytingarnar hefðu svo aftur áhrif um allan heim. Alþjóðleg samvinna ríkja væri lykillinn að því að takast á við þær. Utanríkisráðherra átti fjölda tvíhliða funda með ráðherrum og öðrum fulltrúum ríkja, alþjóðastofnana og atvinnulífs sem staddir voru hér á landi í tengslum við Hringborðið.

Hluti af vinnu utanríkisráðuneytisins í norðurslóðamálum snýr að samstarfi við háskóla- og vísindasamfélagið. Undanfarin sex ár hefur verið í gildi samningur við utanríkisráðuneyti Noregs á sviði norðurslóðafræða, sem rennur út á árinu. Samningurinn felur m.a. í sér stuðning við stöðu gestaprófessors við Háskólann á Akureyri. Markmið þessarar samvinnu er að auka samstarf íslenskra og norskra fræðimanna. Möguleikar á framhaldi þessarar áætlunar verða kannaðir á vormánuðum. Unnið er eftir endurnýjuðum samningi við Fulbright-stofnunina á Íslandi sem felur í sér að ráðuneytið styrki komu bandarískra fræðimanna til kennslu og rannsókná á sviði norðurslóðafræða. Enn fremur á ráðuneytið margháttað samstarf við aðrar rannsóknastofnanir, s.s. Rannís, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Alþjóðamálastofnun HÍ. Íslensk stjórnvöld tryggðu aukinheldur fjármagn til fimm ára til reksturs Alþjóðlegru norðurslóðavísindanefndarinnar (e. *International Arctic Science Committee*) við flutning nefndarinnar til Íslands frá Þýskalandi. Skrifstofan er vistuð á Akureyri og nýtur nálægðarinnar við aðra norðurslóðastarfsemi þar. Þá er vert að nefna að annar fundur samráðsnefndar Íslands og Kína um málefni norðurslóða, sem byggir á samningi um vísindasamstarf landanna frá árinu 2012, var haldinn á Íslandi í október 2017.


4.4. Norðurskautsráðið

Undirbúningur vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu (e. *Arctic Council*) 2019-2021 er nú kominn vel á rekspól. Formennska í ráðinu er umfangsmikið verkefni en málefni þau sem Norðurskautsráðið fæst við tengjast inn í fjölbreytta málaflokka sem lúta að sjálfbærri þróun svæðisins og umhverfisvernd. Þar má helst nefna loftslagsbreytingar, nýtingu og vernd náttúruauðlinda ásamt samfélagsbreytingum og atvinnuþróun.

Undirbúningur formennskunnar hófst formlega með fjölsóttum hugarflæðisfundi með hagsmunaaðilum í janúar 2017, enda víðtækt innlent samráð mikilvægt á svo fjölbreyttu málefnaviði. Í kjölfar fundarins var stofnaður stýrihópur til að vinna úr tillögum sem þar komu fram. Í samstarfi utanríkisráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis er nú unnið að formennskuáætlun í nánu samstarfi við tengiliði innan allra ráðuneyta Stjórnarráðsins og fleiri aðila úr atvinnulífi og háskólasamfélagi. Áhersla var lögð á að hefja undirbúningsferlið tímanlega enda mun Ísland, sem formennskuríki, stýra stórum hluta af starfi Norðurskautsráðsins.

Norðurskautsráðið hefur fest sig í sessi sem mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og á Ísland ríkra hagsmuna að gæta í hagfelldri þróun svæðisins, enda telst landið allt og stór hluti landhelginnar innan marka norðurslóða. Formennskan veitir Íslendingum einstakt tækifæri til að stuðla að því að áherslur okkar á sjálfbæra þróun, sjálfbær samfélög og vinnu gegn áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum fái hljómgrunn meðal ríkja og samstarfsaðila ráðsins. Í því samhengi er ekki síst brýnt að beina sjónum að hafinu og orkumálum.

Nuuk



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	50	0,1%
-------------------	----	------

Vöruútflutningur	4.446	0,7%
Þjónustuútflutningur	2.553	0,4%

Vöruinnflutningur	3.747	0,5%
Þjónustuinnflutningur	762	0,2%

Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir
-------------------	--------------

Starfsmenn	2	1,7%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir		
Staðarr. Viðskiptaf.		
Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður	51	2,0%
------------------	----	------

Aðalræðisskrifstofa í Nuuk: Miklir vaxtarmöguleikar í Grænlandi.

Lega Íslands í Norður-Atlantshafinu kallar á náið samstarf landanna í viðskiptum, menningu, stjórnsýslu og stjórnámálum. Farþegaflug og vöruflutningar milli Grænlands og Íslands hafa vaxið ár frá ári. Íslensk fyrirtæki eru í kjörstöðu með alþjóðlegt flutninganet á sjó og farþegaflug um allan heim. Engu slíku er til að dreifa á Grænlandi. Áætlunarflug þangað er einungis frá Danmörku og Íslandi, enda fara nær allir erlendir ferðamenn sem heimsækja Austur-Grænland gegnum Ísland og drjúgur hluti þeirra sem ferðast til vesturhluta Grænlands.

Grænland er strjálbýlasta land í heimi, rúmlega tvær milljónir ferkílómetra, tuttugu sinnum stærra en Ísland, og landsmenn 56 þúsund. Eins og ferðamannaíðnaðurinn þróast má telja víst að ósnortin víðernin fangi athygli umheimsins. Óvinnandi vegur er fyrir Grænlandinga að mæta ferðamannasprengru líkri þeirri sem hefur átt sér stað á Íslandi án samstarfs við útlendinga. Þó gæti vöxturinn orðið með líku lagi ef áætlanir um byggingu flugvalla ganga eftir í landinu. Gerist það er brýnasta verkefni heimamanna að finna trausta erlenda samstarfsaðila. Vegna legu Íslands og ríkjandi tengsla er forskot íslenskra fyrirtækja augljóst.

Hið sama má segja um sjávarútveg. Við Grænland eru fengsæl fiskimið, en vannýtt að vissu marki. Hafsvæðið er risavaxið og loftsbreytingar valda þróun sem ekki er endilega fyrirsjáanleg. Nú er róið á gjöful fiskimið sem áður voru undir ís. Ný staða breytir útgerð á Grænlandi og aftur er þörf fyrir erlent samstarf á sviði þar sem íslensk fyrirtæki hafa mikið að bjóða.

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk, sem opnuð var 2013, fylgist með þróun mála á þessum sviðum eins og kostur er og leitast við að vera í góðu sambandi við Íslendinga sem tengjast rekstri á Grænlandi. Þar starfar nú aðalræðismaður og staðarráðinn starfsmaður í hálfu starfi.

Skrifstofan er í daglegum tengslum við stjórnsýslu og grænenska stjórnámálamenn, þingmenn og ráðherra. Hún fylgist vel með störfum Vestnorræna ráðsins, samstarfsvettvangs Grænlands, Íslands og Færeyja. Hún hefur milligöngu um fjölbreytt menningarsamstarf en Grænlandingar líta mjög til íslenskra listamanna eftir fyrirmyndum. Skrifstofan stendur opin þeim tugum Íslendinga sem búsettir eru í landinu um lengri eða skemmri tíma, sinnir félagslífi þeirra og ýmis konar aðstoð og fyrirgreiðslu. Síðast en ekki síst er sendiskrifstofan áberandi í bæjarlífinu í Nuuk, og það kunna íbúar þessa höfuðstaðar næsta granna okkar í vestri vel að meta.

Aukinn áhugi er meðal áheyrnaraðila á vinnu Norðurskautsráðsins og kom það skýrt fram á fundi utanríkisráðherra ráðsins í Fairbanks í Alaska í maí 2017. Fyrir fundinum lágu á þriðja tug umsókna um áheyrnaraðild, en sjö nýir áheyrnaraðilar voru samþykktir, þar á meðal Sviss sem var eina ríkið sem fékk áheyrnaraðild að þessu sinni. Samhliða vaxandi áhuga á áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu, hefur umræða innan ráðsins um mikilvægi framlags áheyrnaraðilanna til starfsins einnig aukist. Ísland hefur lagt áherslu á að rækta þau góðu tengsl sem eru til staðar við áheyrnarríki ráðsins í Austur- og Suðaustur-Asíu. Áhugi Japans, Kína, Singapore og Suður-Kóreu á málefnum norðurslóða hefur farið vaxandi á undanförunum áratug, en þar ber hæst vísindasamstarf, samstarf í umhverfismálum og efnahagsmál.

Á vettvangi ráðsins hafa nú verið gerðir þrír lagalega bindandi samningar, en sá nýjasti um vísindasamstarf á norðurslóðum var samþykktur á utanríkisráðherrafundinum í Fairbanks á síðasta ári og fullgiltur af Íslands hálfu í janúar 2018. Hinir lúta að leit og björgun annars vegar og að vörnum gegn olfúmengun hins vegar. Þungamiðjan í starfi Norðurskautsráðsins fer fram í sex vinnuhópum og hefur framlag þeirra til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum verið ómetanlegt. Skrifstofur tveggja þeirra, vinnuhóps um verndun lífríkis (*e. Conservation of Arctic Flora and Fauna, CAFF*) og vinnuhóps um málefni hafins (*e. Protection of Arctic Marine Environment, PAME*), eru staðsettar á Akureyri en í samræmi við norðurslóðastefnu Íslands er lögð áhersla á að tryggja að hluti af starfsemi Norðurskautsráðsins fari fram á Íslandi.

Finnar tóku við formennsku í Norðurskautsráðinu í maí 2017. Formennskuáætlun þeirra tekur mið af Parísarsamningnum og heimsmarkmiðum SP, auk þess sem sjónum er beint sérstaklega að umhverfismálum, fjarskiptum og grunnenntun, auk samvinnu á sviði veður- og haffræði. Rússar munu taka við keflinu af Íslandi vorið 2021.

Undirbúningur stendur nú yfir vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-2021. Mikið samráð hefur átt sér stað innanlands sem utan, en formennskan er stórt verkefni á alþjóðavettvangi og krefst mikils og vandaðs undirbúnings. Unnið er að innleiðingu á tillögum úr skýrslu utanríkisráðherra sem lúta að frekari samþættingu á vinnu ráðuneytisins að svæðisbundnu samstarfi og upplýsingamiðlun út á við um málefni norðurslóða. Formennska í Norðurskautsráðinu veitir Íslendingum einstakt tækifæri til að stuðla að því að áherslur okkar á sjálfbæra þróun, sjálfbær samfélög og vinnu gegn áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum fái hljómgrunn meðal ríkja og samstarfsaðila ráðsins.

4.5. Eystrasaltsráðið

Ísland gegndi formennsku í Eystrasaltsráðinu (*e. Council of the Baltic Sea States, CBSS*) frá miðju ári 2016 til jafnlangdar 2017. Hinn 20. júní sl., við lok formennsku Íslands, var haldinn fundur utanríkisráðherra aðildarlandanna ellefu, Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Eistlands, Lettlands, Litháen, Póllands, Rússlands og Þýskalands, auk Evrópusambandsins. Þetta var fyrsti fundur utanríkisráðherranna í Eystrasaltsráðinu frá því 2013, en ástandið í Úkraínu gerði það að verkum að ekki náðist samstaða millum aðildarlandanna um fundi ráðherra. Venjan hefur verið sú að leiðtogar aðildarríkja ráðsins og utanríkisráðherranna fundi á víxl annað hvert ár. Það var því afar mikilvægt að Íslandi tækist að brjóta ísinn og ná saman fundi utanríkisráðherranna, þar sem mótuð var stefna til framtíðar.

Í Reykjavíkuryfirlýsingu ráðherranna er m.a. kveðið á um skipun stefnumótunarhóps með fulltrúa frá hverju aðildarríki, sem skila á tillögum á vordögum um framtíðarhlutverk ráðsins og samstarf á svæðinu. Þá er og að finna í ályktun ráðherranna hvernig staðið verði að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á svæðinu, en í formennskutíð Íslands var samþykkt áætlun um verklag í þeim efnum. Reykjavíkuryfirlýsingin er ágætur vegvísir um stefnu og störf ráðsins á næstu misserum og árum. Í starfsemi Eystrasaltsráðsins er komið víða við, en þar er að finna verkefni er tengjast baráttunni gegn mansali, sjálfbærri þróun, nýsköpun, samstarfi við borgarasamtök og barnavernd þar sem Ísland hefur um margt verið í forystu um árabíl. Áhersluatriði Íslands á formennskuári voru málefni barna, jafnrétti og lýðræði.


Ýmsir viðburðir áttu sér stað í formennskutíð Íslands. Meðal atburða var ráðstefna, sem haldin var á 25 ára afmæli samtakanna, hinn 6. mars 2017. Meðal þeirra sem þar fluttu ræðu var Uffe Elleman Jensen, fyrrum utanríkisráðherra Danmerkur, en hann var einn upphafsmanna að stofnun Eystrasaltsráðsins árið 1992. Þá ávarpaði utanríkisráðherra ráðstefnuna.

Á formennskuárinu í Eyrstrasaltsráðinu lagði Ísland sérstaka áherslu á lýðræði, jafnrétti og málefni barna en í ráðinu fer einnig fram samstarf aðildarríkja um fjölbreytt málefni á borð við mansal, barnavernd, almannavarnir, sjálfbæra þróun og samstarf við borgarasamtök, auk þess sem ráðið er vettvangur fyrir stjórnsmálalegt samstarf.

Svæðisbundið samstarf er afar mikilvægt, en ætíð þarf að hafa sýn á umfang og verkefni í ljósi þess að í Norður-Evrópu er að finna mismunandi svæðisbundin samtök sem Ísland á aðild að. Má í því sambandi nefna Norðurlandasamstarfið, samstarf Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna (NB8), Eyrstrasaltsráðið, Norðurslóðasamstarfið, Norrænu víddina, Vestnorræna samstarfið og Barentsráðið. Til að forðast tvíverknað er æskilegt að upplýsingastreymi og glögg yfirsýn sé til staðar. Breytingar á innra skipulagi í utanríkisráðuneytinu, þar sem svæðisbundnu samstarfi er komið fyrir undir sameiginlegri stjórn, er liður í þeirri viðleitni.

Svíþjóð tók við formennsku af Íslandi í Eyrstrasaltsráðinu hinn 1. júlí sl. og skilar keflinu í hendur Lettlands um mitt þetta ár. Áherslur Svíþjóðar eru sjálfbærni, aðlögun að breyttri heimsmynd og samfella í starfi ráðsins. Þetta þýðir að Svíþjóð fylgir eftir ýmsum áherslum Íslands, s. s. varðandi sjálfbærni, jafnrétti og börn. Þá áformar Svíþjóð að fylgja eftir fordæmi Íslands og efna til fundar ráðherra í júní næstkomandi.

Helsinki



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	250	0,5%
-------------------	-----	------

Vöruútflutningur	1.653	0,3%
Þjónustuútflutningur	6.232	1,1%

Vöruinnflutningur	6.277	0,9%
Þjónustuinnflutningur	1.664	0,4%

Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir
-------------------	--------------

Starfsmenn	3,7	3,2%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir		
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	1,7	

Kostnaður	70	2,7%
------------------	-----------	-------------

Sendiráð í Helsinki: Sérstakt samband við Finnland og Eystrasaltsríkin.

Sendiráð Íslands í Helsinki var opnað árið 1997 en stjórnmalasamband milli ríkjanna var tekið upp árið 1947. Sendiherrann er eini útsendi starfsmaður sendiráðsins, en auk hans starfa þar fjórir staðarráðnir starfsmenn, þar af einn í hlutastarfi. Umdæmisríkin eru Eistland, Lettland, Litáen og Úkraína. Hlutverk sendiráðsins er að hlúa að og efla tvíhliða samstarf Íslands og Finnlands, auk annarra ríkja í umdæmi sendiráðsins, á sviði stjórnála, viðskipta, mennta- og menningarmála. Ísland skipar sérstakan sess í augum Eystrasaltsríkjanna og er sú áhersla vel merkjanleg í umfangi samskipta og fyrirspurna til sendiráðsins.

Sendiráðið fylgist með þjóðmálum í öllum ríkjunum. Sérstök áhersla er á samstarf Íslands og Finnlands að norðurslóðamálefnum þar sem Finnar gegna formensku í Norðurskautsráðinu fram til vors 2019 þegar Ísland tekur við keflinu.

Sendiráðið vinnur að flestum menningar- og viðskiptatengdum verkefnum í samstarfi við aðra aðila, oftast en ekki í samstarfi við norræn sendiráð, upplýsingaskrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar og Finnnsk-Íslenska viðskiptaráðið. Meðal verkefna má nefna bóka- og ferðakaupstefnur, alþjóðlegu nýsköpunarráðstefnuna *Slush* í Helsinki og „public diplomacy“ viðburði í Eystrasaltsríkjunum. Sendiráðið aðstoðar aðra aðila við markaðssetningu á viðburðum sem tengjast Íslandi, s. s. kvikmynda- og tónlistarhátíðum.

Árið 2017 fagnaði Finnland aldarafmæli sjálfstæðis og fylgja Eystrasaltsríkin í kjölfarið í ár og á næstu árum. Þessi tímamót setja mark sitt á starfsemi sendiráðsins en ýmiss konar undirbúningur og verkefni fylgja þeim, s.s. heimsóknir þjóðhöfðingja. Þá er fyrirhuguð opinber heimsókn forseta Íslands til Finnlands í maí 2018. Enn fremur veitir sendiráðið borgaraþjónustu og aðstoðar íslenska ríkisborgara í neyð, gefur út vegabréf og svarar margvíslegum fyrirspurnum sem tengjast ferðalögum til og frá Íslandi.

4.5. Barentsráðið

Ísland er aðili að Barentsráðinu (e. *Barents Euro-Arctic Council*, BEAC) sem er samstarfsvettvangur Norðurlandanna fimm, Rússlands og Evrópusambandsins. Fundur utanríkisráðherra landanna var haldinn í október 2017 í Arkhangelsk, þar sem Rússlands skilaði formennskukeflinu í hendur Svíþjóðar, sem mun gegn formennsku til hausts 2019. Á vettvangi ráðsins er hugað að samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, s. s. baráttu gegn umhverfisspjöllum og skynsamlegri nýtingu auðlinda, ekki síst með hag frumbyggja að leiðarljósi. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu.

4.6. Norðlæga víddin

Norðlæga víddin (e. *Northern Dimension*) er samráðsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um málefni Norðvestur-Evrópu. Innan Norðlægu víddarinnar eru rekin fjögur málefnasvið sem fjalla um lýðheilsu og félagslega velferð, samgöngur og flutninga, menningu og umhverfismál. Enn fremur eru rekin viðskiptaráð og upplýsingagátt um málefni víddarinnar. Stýrihópur Norðlægu víddarinnar fundaði í Osló í október 2017. Fundurinn var fyrsti fundur stýrihópsins síðan fundað var í Norðlægu víddinni í Reykjavík í desember 2016, en erfið samskipti Rússlands og vestrænna ríkja hafa sett mark sitt á samstarfið undanfarin ár. Ekki hefur náðst samstaða um að halda ráðherrafund, eins og gert hafði verið ráð fyrir, en á fundinum í Reykjavík 2016 var embættismönnum í stýrihópnum falið að leita leiða til að koma slíkum fundi á og myndi sá fundur einnig fara fram hér á landi.

4.7. Markmið og starfið framundan

Unnið verði vel að undirbúningi formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 í nánu samráði við önnur ráðuneyti og stofnanir, undir stjórn samstarfsráðherra Norðurlanda og formennskuáætlun Íslands sem er til þriggja ára. Áfram verði unnið að undirbúningi formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu með stöðugleika, samvinnu og sjálfbærni að leiðarljósi. Innlent samráð um málefni norðurslóða verði eflt og þátttöku þeirra fagráðuneyta og undirstofnana sem nauðsynleg er í alþjóðasamstarfinu komið í fastar skorður. Upplýsingamiðlun um áskoranir, ógnir, tækifæri og samstarf á norðurslóðum verði aukin, í samvinnu við þar til bæra aðila á Akureyri og í Reykjavík, t.d. Hringborð norðurslóða, Norðurslóðanet Íslands og Norðurslóðasetur HÍ.

5. ALÞJÓÐA- OG UTANRÍKISMÁL


5.1. Almenn utanríkismál

5.1.1. Bandaríkin

Samskipti Íslands og Bandaríkjanna varða hagsmuni Íslands mjög miklu og verða áfram fyrirferðarmikil í framkvæmd utanríkisstefnunnar. Varnar- og öryggismál eru ekki síst mikilvægur liður samstarfsins en reglubundnar viðræður Íslands og Bandaríkjanna um þau mál fóru fram í bandaríska utanríkisráðuneytinu í Washington í desember sl. Þá átti utanríkisráðherra samtöl við utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra Bandaríkjanna um tvíhliða varnarsamstarf ríkjanna og samvinnu innan Atlantshafsbandalagsins á fundum í Brussel.

Málefni norðurslóða verða sífellt mikilvægara samstarfssvið Bandaríkjanna og Íslands og komu þau til umræðu við ýmis tækifæri á árinu, m.a. á fundi utanríkisráðherra ríkja Norðurskautsráðsins í Fairbanks í Alaska á síðasta ári. Þá var einnig rætt um mikilvægi þess að móta framtíðarstefnu fyrir Norðurskautsráðið.

Washington DC



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	6.428	13,9%
-------------------	-------	-------

Vöruútflutningur	35.448	5,7%
Þjónustuútflutningur	126.228	22,0%

Vöruinnflutningur	55.028	7,9%
Þjónustuinnflutningur	68.155	18,3%

Fjölþjóðasamstarf	NATO, norðurslóðir	
-------------------	--------------------	--

Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	6	5,2%
Útsendir aðrir	3	
Staðarr. Viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	0	
	3	

Kostnaður	160	6,3%
-----------	-----	------

Sendiráð í Washington DC: Bandaríkin mikilvægasti bandamaður Íslands.

Í sendiráðinu starfa þrjú útsendir starfsmenn og þrjú staðarráðnir. Í umdæmi sendiráðsins eru auk Bandaríkjanna: Mexíkó, Paragvæ og Úrúgvæ. Undir sendiskrifstofuna heyra einnig rúmlega 30 kjöræðismenn. Helsta verkefni sendiráðsins er að fylgjast með stjórnáttum í Bandaríkjunum og umdæmisríkjum og vakta á þeim vettvangi mál sem lúta að hagsmunum Íslands, t.d. stefnu Bandaríkjanna í alþjóðamálum sem tengjast íslenskum hagsmunum, reglur á sviði flugverndar, stefnu og reglur um lífríki sjávar og auðlindanýtingu. Í því samhengi vinnur sendiráðið með stjórnsýslustofnunum og rættar tengsl innan stjórnkerfisins til að koma hagsmunum Íslands á framfæri.

Sendiráðið sinnir umsýslu varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og ýmsum málum sem tengjast samstarfi ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. samskiptum vegna sameiginlegra hagsmunamála innan NATO, samstarfi við ýmsar deildir hersins og samskiptum við löggæslustofnanir. Sendiráðið sinnir einnig fjölþjóðlegum verkefnum sem fastanefnd gagnvart Samtökum Ameríkuríkja (OAS).

Í umdæmi sendiráðsins búa þúsundir Íslendingar og fjölmargir íslenskir ferðamenn heimsækja löndin. Umsýsla borgaraþjónustamála er umfangsmikil og mikilvægt verkefni. Þá á starfsfólk sendiráðsins góð samskipti og samstarf við virk Íslendingafélög og samtök fólks af íslenskum uppruna í Bandaríkjunum. Markvist er unnið að því að koma íslenskri menningu á framfæri í Bandaríkjunum. Á komandi ári verður m.a. sett upp norræn myndlistarsýning í hinu virta listasafni í Washington, Phillips Collection, haldinn jazz-hátíð, íslenskar kvikmyndir kynntar, bókmenntaráðstefna haldin, o.fl.

Bandaríkin eru það ríki sem Ísland á í mestum viðskiptum við og sendiráðið vinnur náið með aðalræðisakrifstofunni í New York, sem heyrir formlega undir sendiráðið, að því að kynna Ísland sem áfangastað fyrir bandaríska ferðamenn, sem fjárfestingakost og er íslenskum fyrirtækjum til aðstoðar. Árlega tekur sendiráðið við þúsundum fyrirspurna frá fólki sem er að leita eftir upplýsingum um Ísland, sendir upplýsingaefni til ferðamanna og hýsir viðburði tengda íslenskum viðskiptaáðilum. Í Washington er fjöldinn allur af hugveitum og alþjóðlegir fjölmiðlar sem sendiráðið rættar tengsl við og tekur þátt í umræðum á þeim vettvangi um mál sem tengjast íslenskum hagsmunum s. s. málefni norðurslóða, orkumál og sjálfbæra nýtingu auðlinda.


5.1.2. Rússland

Ýmsar blikur eru á lofti í samskiptum Rússlands og Vesturlanda. Efnavopnaárásin í enska bænum Salisbury í upphafi marsmánaðar er alvarlegt brot á alþjóðalögum og ógnun við öryggi og frið í Evrópu. Efnavopnum hefur ekki verið beitt í álfunni frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Viðbrögð rússneskra stjórnvalda við árásinni hafa hingað til verið ótraustvekjandi og yfirlýsingar þeirra ótrúverðugar. Norðurlöndin, mörg samstarfsríki Íslands í Atlantshafsbandalaginu og ýmis aðildarríki Evrópusambandsins ákváðu í kjölfarið að grípa til samstilltra aðgerða gagnvart rússneskum stjórnvöldum. Ríkisstjórnin ákvað, í samráði við utanríkismálanefnd, að taka þátt í þessum samstilltu aðgerðum og hefur öllum tvíhliða fundum með rússneskum ráðamönnum og háttsettum embættismönnum verið frestað um óákveðinn tíma. Af þeirri ákvörðun leiðir að íslenskir ráðamenn munu ekki sækja heimsmeistaramótið í Rússlandi á komandi sumri.

Sértækar og mjög afmarkaðar þvingunaraðgerðir vestrænna ríkja gagnvart Rússlandi í kjölfar átaka í Úkraínu og innlimunar á Krímskaga árið 2014 eru áfram í gildi, sem og gagnaðgerðir rússneskra stjórnvalda sem fela í sér mun víðtækara innflutningsbann á matvæli. Enda þótt hér ræði um veigamikil atriði, sem setja strík í reikninginn í samskiptum þjóðanna, hafa íslensk stjórnvöld leitast áfram við að stuðla að góðum samskiptum við Rússland, m. a. í svæðisbundnu samstarfi líkt og innan Norðurskautsráðsins. Í þessu samhengi ber einnig að líta ráðherrafund sem Ísland stóð fyrir í júní í Reykjavík á vettvangi Eystrasaltsráðsins, sem formennskuríki ráðsins, en þetta var fyrsti ráðherrafundurinn sem Eystrasaltsráðið hefur haldið síðan Úkraínudeilan kom upp.

Í október fór fram í Moskvu reglubundið pólitískt samráð íslenskra og rússneskra stjórnvalda á stigi ráðuneytisstjóra og voru tvíhliða samskipti ríkjanna þá til umræðu, svæðisbundin málefni og ýmis alþjóðamál, s.s. málefni Úkraínu, Norður-Kóreu, Írans og Sírlands. Var þá m.a. ítrekuð óánægja íslenskra stjórnvalda með innflutningsbann Rússa á íslenskum afurðum, sem og erfið samskipti við rússnesku matvælastofnunina. Íslensk stjórnvöld hafa einnig tekið innflutningsbann Rússa upp við forsvarsmenn Evrópusambandsins og hvatt til aukinnar samstöðu meðal Evrópuríkja, m.a. með mótvægisáðgerðum gagnvart þeim ríkjum sem verða illa úti gagnvart innflutningsbanni Rússlands.

Moskva



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	35	0,1%
-------------------	----	------

Vöruútflutningur	12.676	2,0%
Þjónustuútflutningur	3.518	0,6%

Vöruinnflutningur	2.156	0,3%
Þjónustuinnflutningur	567	0,2%

Fjölþjóðasamstarf	Norðurslóðir
-------------------	--------------

Starfsmenn	Fj.	%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	

Kostnaður	139	5,4%
-----------	-----	------

Sendiráð í Moskvu: Áratuga samskipti Íslands og Rússlands.

Helstu verkefni lúta að stjórnála- og viðskiptasamskiptum Íslands við Rússland og umdæmisríkin. Almenn hafa samskipti Íslands og Rússlands verið góð. Sökum landfræðilegrar legu eiga ríkin í svæðisbundnu samstarfi, m.a. á vettvangi Norðurskautsráðsins og Eystrasaltsráðsins. Áratugalöng hefð er fyrir miklum samskiptum milli Íslendinga og Rússa aðila á sviði viðskipta og menningar.

Viðskiptahindranir vegna Úkraínudeilunnar hafa haft mikil áhrif á viðskipti við Rússland og hefur útflutningur á fiskafurðum nær þurrkast út, en það voru mest loðna, makrill og síld. Eitt helsta forgangsverkefni sendiráðsins síðustu misseri hefur verið að bregðast við þessari erfiðu stöðu. Á sama tíma hefur sendiráðið unnið ótulllega með íslenskum fyrirtækjum á sviði útgerðar- og fiskvinnslutækni við að ná fótfestu á Rússlandsmarkaði. Mikil uppbygging í rússneska fiskiskipafлотanum hefur skapað tækifæri fyrir íslensk nýsköpunar- og hátæknifyrirtæki. Sendiráðið reynir í hvítetna að kynna Ísland og íslenskt viðskiptalíf, m.a. með viðskiptasendinefndum til Kalíníngrad, Múrmansk og Vladívóstok.

Sendiráðið vinnur að því að auka menningarleg samskipti en í ár er 75 ára afmæli stjórnálasambands Íslands og Rússlands. Mikill áhugi hefur verið undanfarið á íslenskri tónlist og nú hefur kviknað áhugi á íslenskum barnabókmenntum. Vináttufélag Íslands og Rússlands leggur fram mikið starf í að efla menningartengsl landanna. Á síðasta ári tvöfaldaðist fjöldi rússneskra ferðamanna til Íslands. Sendiráðið hefur árlega unnið með Íslandsstofu að ferðakynningum. Beint flug milli Moskva og Keflavíkur síðar á árinu munu ýta enn frekar undir þessa þróun. Rússneskir fjölmiðlar leita reglulega til sendiráðsins og er greinilegt að áhugi á Íslandi fer vaxandi, sérstaklega í tengslum við heimsmeistaramótið í knattspyrnu í sumar en búist er við þúsundum Íslendinga til Rússlands. Afgreiðsla vegabréfaáritana á grundvelli Schengen samstarfsins fyrir ferðamenn á leið til Íslands hófst árið 2013 og á síðasta ári voru 1750 áritanir gefnar út í sendiráðinu. Þá sinnir sendiráðið borgarþjónustu við íslenska ríkisborgara.

Ísland og Rússland tóku upp stjórnálasamband í október 1943 og eru því 75 ár liðin síðan ríkin tóku upp formleg samskipti. Sendiráð Íslands í Moskvu var fimmta íslenska sendiráðið sem opnað var fyrir lýðveldisstofnun. Því var lokað 1951 en opnað aftur 1953 og hefur starfað óslitið síðan. Auk Rússlands eru Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kyrgyzstan, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkménistan og Úsbekistan í umdæmi sendiráðsins. Við sendiráðið starfa þrjár útsendir starfsmenn og fimm staðarráðnir. Fjórir kjöræðismenn eru í umdæmi sendiráðsins; í Sankti Pétursborg og Múrmansk í Rússlandi, Minsk í Hvíta-Rússlandi og Almaty í Kasakstan.


5.1.3. Kína

Pólítísk samskipti Íslands og Kína eru ágæt og kom Wang Chao, varautanríkisráðherra Kína, til Íslands á árinu til þess að taka þátt í reglubundnu pólitísku samráði landanna tveggja í ágúst. Á þeim fundi fóru fram samræður um ástand heims mála, sem og um ýmis tvíhliða mál. Kínverjar kynntu fyrir sitt leyti áætlun sína um Belti og braut (e. *Belt and Road Initiative*) sem stundum er nefnd hin nýja Silkileið og miðar einkum að því að efla mjög innviði og samgöngur í nærumhverfi og nágrannaríkjum Kína. Belti og braut teygir þó anga sína lengra, m.a. til Afríku og Evrópu. Þá hafa Kínverjar ljáð máls á því að tengja áætlunina nýjum flutningsleiðum á norðurslóðum. Unnið er að greiningu á Belti og braut áætluninni innan utanríkisráðuneytisins. Á fundinum í ágúst sl. hvatti utanríkisráðherra kínversk stjórnvöld m. a. til úrbóta heima fyrir í mannréttindamálum.

Vaxandi þungi er í samskiptum Íslands og Kína. Sem dæmi má nefna fjölgaði kínverskum ferðamönnum á Íslandi um tæplega 29% á árinu 2017 frá árinu áður, og voru þeir um 86 þúsund talsins. Verslun og viðskipti milli ríkjanna hafa jafnframt aukist verulega frá því að fríverslunarsamningur gekk í gildi árið 2014.

Kínversk stjórnvöld gáfu í janúar út hvítbók um norðurslóðastefnu Kína. Þar kemur m.a. fram hvernig stefna Kínverja á norðurslóðum tengist frumkvæði þeirra undir formerkjum Silkileiðarinnar nýju með áherslu á opnun nýrra siglingaleiða og eflingu innviða. Skýrslunnar hafði var beðið með nokkurri eftirvæntingu enda hefur umfang norðurslóðarannsóknna Kínverja aukist mjög á síðari árum, sem og þátttaka þeirra í ýmsum ráðstefnum um málefni svæðisins, þ. á m. Hringborði norðurslóða. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem kínversk stjórnvöld lýsa því yfir skýrt og skorinort að það sé forgangsverkefni Kínverja að opna nýjar siglingaleiðir um og yfir Norður-Íshafið. Norðurlöndin juku á árinu til muna samráð sitt um samskiptin við Kína, enda leikur Kína æ stærri rullu á alþjóðavettvangi, bæði í pólitískum skilningi og á efnahagssviðinu.

Peking



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	44	0,1%
-------------------	----	------

Vöruútflutningur	9.570	1,5%
Þjónustuútflutningur	7.649	1,3%

Vöruinnflutningur	54.893	7,8%
Þjónustuinnflutningur	2.247	0,6%

Fjölþjóðasamstarf		
-------------------	--	--

Starfsmenn	7	6,1%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir		
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	4	

Kostnaður	127	5,0%
------------------	-----	------

Sendiráð í Peking: Vettvangur nýrra tækifæra fyrir íslensk fyrirtæki.

Alþýðulýðveldið Kína telst nú þegar annað stærsta hagveldi heims og er jafnframt stöðug uppspretta hagvaxtar og nýrra tækifæra. Ört vaxandi millistétt, aukin kaupgeta meðal neytenda, samfara áhuga á erlendum vörum og ferðalögum veldur því að önnur ríki heims beina sjónum sínum í vaxandi mæli að Kína. Jafnframt hafa kínversk stjórnvöld axlað aukna ábyrgð og beitt sér á alþjóðavettvangi í umhverfismálum, málefnum norðurslóða og þróunarsamvinnu.

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína skapar traustan grundvöll fyrir viðskipti landanna. Þar sem meiri hluti útflutnings frá Íslandi eru sjávarafurðir, en heilbrigðiseftirlit er ekki samræmt, hefur þurft að fara í umfangsmikla vinnu við að fá viðurkenningu kínverskra stjórnvalda á íslenskum vottunum. Hefur sendiráðið haft milligöngu um samskipti stofnana og aðstoðað við skipulagningu fjögurra sendinefnda frá Kína til Íslands. Eru nú góðar horfur á viðurkenningu lykilaferða í landbúnaði, fiskeldi og sjávarútvegi. Í undirbúningi er kynning á íslenskum matvælum í samstarfi við hótélkeðjur og innflytjendur þegar viðurkenning er í höfn.

Kína birti nýverið áherslur sínar í málefnum norðurslóða og eykur það enn á möguleika á samstarfi í vísindum, rannsóknunum, siglingum og fjarskiptum. Kínverjar hafa og boðað mikla áætlun um eflingu innviða undir nafninu *Belti og braut* og boðið ríkjum heims til samstarfs. Íslenskir aðilar eru nú þegar umsvifamiklir við nýtingu jarðhita á um tuttugu stöðum í Kína. Kanna verður hvort tenging við þessa áætlun geti styrkt stöðu íslenskra fyrirtækja.

Síðvaxandi straumur kínverskra ferðamanna til Íslands hefur aukið mjög álag á áritanadeild sendiráðsins og nauðsynlegt hefur reynst að styrkja hana verulega. Á móti koma talsverðar tekjur en allt útlit er fyrir að enn verði að herða róðurinn. Á síðasta ári komu hartnær 100.000 Kínverjar til Íslands. Fullveldisafmælis Íslands verður minnst í Kína með útgáfu bókmennna, mögulegu málþingi um jafnréttismál, viðburði á degi íslenskrar tungu og hátíðarmóttöku 1. desember nk. Vefsíða sendiráðsins hefur verið eflað á undanföllum árum en ráðgerð er aukin notkun sérkínverskra samfélagsmiðla.

Umdæmislönd eru Suður- og Norður-Kórea, Víetnam, Mongólía, Taíland, Kambódía og Laos. Íslensk fyrirtæki eru óðum að hasla sér völl í Víetnam, mongólskir nemar stunda nám við Landgræðslu- og Jarðhitaskóla Háskóla SP á Íslandi. Óhjákvæmilegur fylgifiskur ferðamannastraums Íslendinga til Taílands hefur verið aukning í aðstoðarmálum, sem sinnt er með dyggri aðstoð ræðismanna þar.

5.1.4. Norður-Kóreudeilan

Spenna á Kóreuskaganum jókst á árinu. Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa lagt mikla áherslu á tilraunir með langdrægar eldflaugar og kjarnorkuvopn en alls hafa Norður-Kóreumenn í 117 skipti gert tilraunir af þeim toga frá 1984, þar af áttatíu eftir að nýr leiðtogi tók við Norður-Kóreu. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti tvennar ályktanir 2016 sem miðuðu að því að koma böndum á þessa framgöngu Norður-Kóreu en viðvörðunum hefur lítt verið sinnt í Pyongyang og frá því í febrúar 2017 hafa stjórnvöld þar sextán sinnum staðið fyrir tilraunum af þessum toga og skotið samtals 23 eldflaugum. Fimm ályktanir voru samþykktar í öryggisráðinu árið 2017 af þessum sökum, með þungbærum refsiaðgerðum. Með ályktun 2371, sem samþykkt var 5. ágúst sl. var bann lagt á allan útlutning á kóli, járn, blý, fiski og sjávarafurðum frá landinu. Einnig voru settar takmarkanir á umbodisveitingu vegabréfáritanna fyrir N-Kóreumenn til vinnu erlendis án sérstaks leyfis sérfræðinganeftar um refsiaðgerðir gegn N-Kóreu. Að auki lagði ályktunin ferðabann og eignafyrstingu á einstaka nýja aðila. Þessar aðgerðir höfðu ekki tilætluð áhrif og því var samþykkt enn frekari ályktanir í lok ágúst og í byrjun september. Eftir að Norður-Kóreumenn brutu svo enn á ný í bága við alþjóðalög með tilraunaskotum 28. nóvember sl. samþykkti ráðið ályktun nr. 2397, hinn 22. desember, sem þvingir refsiaðgerðir enn frekar.

Leiðtogar Bandaríkjanna og Norður-Kóreu hafa á árinu skipst á skotum og orðræðan harðnaði. Slaki komst hins vegar í samskipti Kóreuríkjanna tveggja í febrúar sl. þegar Suður-Kóreumenn héldu vetrarólympíuleikana 2018. Höfðu útsendarar Kóreuríkjanna þá átt fund í upphafi árs, þann fyrsta í tvö ár, þar sem samið var um að íþróttamenn frá Norður- Kóreu tækju þátt í leikunum. Í mars sl. tilkynnti forseti Bandaríkjanna að hann væri tilbúinn til viðræðna við stjórnvöld í Norður-Kóreu.

5.1.5. Mið-Austurlönd

Ísland hefur í Sírylandi og Írak stutt aðgerðir sem miða að því að sporna við áhrifum ISIL-hryðjuverkasamtakanna. Þá hefur Ísland ítrekað sinnt málafylgju á alþjóðavettvangi, s.s. með því að tala fyrir friði á svæðinu og með því að veita mannúðaraðstoð til stofnana SP sem starfa í Sírylandi og nágrennalöndunum. Þá hafa hernaðaraðgerðir Tyrklands í Afrin héraði í Sírylandi nýverið sömuleiðis valdið áhyggjum og mætt gagnrýni á alþjóðavettvangi, meðal annars af Íslands hálfu.

Ísland hefur nú í nokkur ár tekið á móti hópi flóttamanna frá Mið-Austurlöndum, nú síðast í vetur þegar fjörutíu og tveir íraskir og sýrlenskir flóttamenn komu frá Jórdaníu, auk tíu hinsegin einstaklinga (LGBT+) sem uppruna eiga í Úganda, þaðan sem þeir flúðu vegna ofsókna. Nú í febrúar hófust formlegar viðræður á vettvangi SP um tvo samninga sem stefnt er að því að samþykka á allsherjarþingi SP í september nk. og er annar þeirra kenndur við flóttamenn og hinn við fólksflutninga. Ísland hefur tekið þátt í vinnunni við gerð þessara samninga, annars vegar í Genf og hins vegar í New York, og telur mikilvægt að ríki heims nái saman um heildarstefnu til þessara mála sem byggist á virðingu fyrir mannréttindum og mannúð. 65 milljónir manna eru nú á flóttu skv. tölum Flóttamannastofnunar SP (UNHCR) og hafa aldrei í sögu mannkyns verið jafn margir.

Bandarísk stjórnvöld tilkynntu í byrjun desember að þau hygðust viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels og flytja sendiráð sitt þangað, en jafnframt var tekið fram að með því væri ekki tekin afstaða til þess hvar markalína fullveldis Ísrael í Jerúsalem yrði. Í kjölfarið ályktaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um málefni Jerúsalem. 128 aðildarríki SP greiddu atkvæði með ályktuninni í allsherjarþinginu, þ. á m. öll Norðurlöndin, en 54 sátu hjá eða greiddu atkvæði móti henni. Afstaða íslenskra stjórnvalda var sú að ákvörðunin ylli áhyggjum enda væri staða Jerúsalem mikilvægur liður í friðarviðræðum Ísraels og Palestínu og hætta á því að ákvörðunin myndi hafa neikvæð áhrif á þær viðræður, sem brýnt er að blása lífi í.

Yfirlýsingar Bandaríkjaforseta varðandi samkomulag fastaríkja öryggisráðs SP, auk Þýskalands og Evrópusambandsins, við stjórnvöld í Íran um kjarnorkutilraunir þeirra hafa einnig valdið nokkurri óvissu. Samkomulagið var gert 2015 og batt enda á tilraunir Írana til að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Hafa fulltrúar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) ítrekað vottað að Íran hafi staðið við skuldbindingar samkomulagsins. Bandaríkjaforseti hefur hins vegar sagt að ef ekki verður ráðist í að endurskoða þetta samkomulag muni Bandaríkin segja sig frá því. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur verið að standa beri vörð um þetta samkomulag, enda hafi það þrátt fyrir allt skilað tilætluðum áhrifum. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar haldið áfram að gagnrýna framferði íranskra stjórnvalda í mannréttindamálum og afskipti í Sírylandi, Jemen og Líbanon.

Íslensk stjórnvöld hafa einnig haldið uppi gagnrýni á stjórnvöld í Sádí-Arabíu, m.a. fyrir þeirra hlut í hernaðaráttökunum í Jemen, en Sádar hafa farið fyrir hópi þjóða sem staðið hefur fyrir loftárásum í landinu sem haft hafa hörmulegar afleiðingar fyrir óbreytta borgara. Brýnt er að bundinn verði endi á þessi átök. Þá gagnrýndi utanríkisráðherra ástand mannréttindamála í Sádí-Arabíu í ávarpi sínu í mannréttindaráði SP í Genf í febrúar sl., þar sem baráttufólk fyrir mannréttindum er stundum fangelsað án dóms og laga og þar sem réttindi kvenna eru afar bágborin.

Hvað varðar Tyrkland þá hefur grannt verið fylgst með stöðu mála þar allt frá valdaránstílauninni í júlí 2016. Mikilvægt er að hafa í huga að fá ríki hafa skotið skjólshúsi yfir marga sýrlenska flóttamenn og Tyrkland, og Tyrkir hafa einnig sætt ítrekuðum hryðjuverkum í landinu á undanfönum árum. Nauðsynlegt er engu að síður að tyrknesk stjórnvöld virði mannréttindi og reglur réttarríkisins og í þeim efnum hefur utanríkisráðherra lýst þungum áhyggjum sínum af þróun mála undanfarin misseri. Tyrknesk stjórnvöld hafa handtekið hundruð manna, meinta stjórnarandstæðinga, blaðamenn og mannréttindaforkólfa. Aðgerðir sem miða að því að draga úr fjölmiðlafrelsi hafa sætt gagnrýni, sem og aðgerðir sem draga úr sjálfstæði dómstóla. Hefur Ísland tekið undir kröfur þess efnis að tyrknesk stjórnvöld hagi sér í samræmi við mannréttinasáttmála Evrópu, einkum að því er viðvíkur þeirri afstöðu að menn skuli álitnir saklausir uns sekt þeirra hefur verið sönnuð. Jafnframt er þess krafist að virtur verði réttur manna til sanngjarnra réttarhalda. Málfrelsi sé hornsteinn líýðræðissamfélag og öflug og sjálfstæð borgarasamtök (á sviði mannréttinda) séu mikilvæg öllum líýðræðisríkjum.

5.1.6 Samstarf gegn hryðjuverkastarfsemi

ISIL er á undanhaldi í Sýrlandi og Írak eftir að hafa síðasta vor tapað mikilvægum landsvæðum, og þá einkum borginni Raqqa í Sýrlandi, sem og flutningaleiðum og reiða samtökin sig því í auknum mæli á skæruhernað og einstaka hryðjuverk. Á sama tíma hafa samtökin verið að styrkja stöðu sína í Afganistan, Norður-Afríku og Suðaustur-Asíu. Ísland á hlutdeild að fjölþjóðabandalagi sem vinnur að því að uppræta ISIL en leggur einkum að mörkum með þátttöku í verkefnum sem fyrst og fremst snúa að uppbyggingu og því að viðhalda stöðugleikanum á fyrrum yfirráðasvæðum ISIL. Voru sóttir nokkrir fundir á vegum fjölþjóðabandalagsins, nú síðast ráðherrafundur í Kúvaít í febrúar sl.

5.2. Málefni Sameinuðu þjóðanna

Nýr aðalframkvæmdastjóri, António Guterres hefur sett í forgang að vinna að umbótum á starfsháttum SP. Í fyrsta lagi hefur hann sett í gang sérstakt ferli til að endurskipuleggja starfshætti á sviði þróunarmála þar sem sérstaklega er horft til þess hvernig betur sé hægt að sinna innleiðingu heimsmarkmiðanna og auka samhæfingu og samræmingu starfa hinna ýmsu stofnana og starfseininga SP á vettvangi. Í öðru lagi er unnið að umbótum á störfum SP á sviði friðar- og öryggismála, friðargæslu, forvörnum og friðaruppbyggingu. Síðast en ekki síst hefur Guterres sett af stað sérstakt umbótaferli á innri starfsháttum og stjórnun SP, þar sem hann hefur m.a. lagt mjög ríka áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstöðum innan SP kerfisins. Útlit er fyrir að jöfnun kynjahlutfalla í fjórum efstu stjórnunarlægum náist á fyrri hluta þessa árs.

Þegar kemur að einstökum áherslumálum framkvæmdastjórans má auk heimsmarkmiðanna og Parísarsamkomulagsins nefna friðarumleitanir í einstökum deilum á Kóreuskaga, í Mið-Austurlöndum, Austur-Evrópu og Afríku. Þá hefur hann lagt áherslu á mikilvægi þess að ná góðri niðurstöðu í samningaferli um fólksflutninga sem fram fer á árinu og lýkur með leiðtogafundi í Marokkó í desember 2018. Utanríkisráðherra átti fund með aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í febrúar sl. og lýsti þar yfir stuðningi við umbótaáætlanir og áherslur aðalframkvæmdastjórans, auk þess að ræða mannréttinda- og jafnréttismál.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru nú leiðarljós í íslenskri utanríkisstefnu. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau ná til allra þjóða sem ber að vinna skipulega að þeim bæði innanlands sem og í alþjóðasamstarfi og þróunarsamvinnu fram til ársins 2030. Skipuð var verkefnastjórn á fyrri hluta árs 2017 sem gegnir því hlutverki að halda utan um greiningu, innleiðingu og kynningu heimsmarkmiðanna. Í verkefnastjórn voru skipaðir fulltrúar forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, velferðarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Hagstofu Íslands. Verkefnastjórnin, sem starfar undir forystu forsætisráðuneytis og varaformennsku utanríkisráðuneytis, hefur lokið við gerð stöðuskýrslu og forgangsroðun heimsmarkmiðanna ásamt því að koma á fót ungmennaráði og kynningarherferð.

Heimsmarkmiðin eru veigamikill þáttur í allri umræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og vegvísir undirstofnana í öllu þeirra starfi. Í allsherjarþinginu beitir Ísland sérstaklega fyrir mannréttindum, jafnrétti og sjálfbærri nýtingu auðlinda með áherslu á orku, haf og landgræðslu. Þar bar hæst formennsku Íslands í mannréttindanefnd allsherjarþingsins en Ísland tók einnig að sér formennsku í nefnd um félagslega þróun og viðræðustjórn í samningaviðræðum um endurskoðun á efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Ísland var áfram öflugur málsvari kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna á vettvangi SP, m. a. skrifaði utanríkisráðherra undir rammasamning við Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), og forseti Íslands tók í desember við hlutverki eins talsmanna HeForShe-átaksins svonefnda.

Mynd 5: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna




ECOSOC ber meginábyrgð á að hvetja til og samræma innleiðingu heimsmarkmiðanna, bæði gagnvart aðildarríkjum og innan SP kerfisins. Í júlí á hverju ári efnir ECOSOC til pólitíks umræðuvettvangs (High Level Political Forum, HLPF) þar sem staða innleiðingar heimsmarkmiðanna er tekin fyrir með áherslu á afmarkaðan hluta þeirra, auk þess sem hluti aðildarríkjanna undirgengst valkvæða jafningjarýni. Á HLPF í júlí 2018 verður m.a. um 7. heimsmarkmiðið um sjálfbæra orku og hyggst Ísland standa fyrir hliðarviðburði um jarðhitaorku. Árið 2019 er síðan stefnt að því að forsætisráðherra leiði fyrirtöku Íslands í jafningjarýninni og geri grein fyrir heildarinnleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum öllum. Á vettvangi allsherjarþingsins má síðan geta þess að líkt og undanfarin ár leiddi Ísland samningaviðræður um ályktun um eyðimerkurmyndun og landgræðslu í annarri nefnd sem fjallar um sjálfbæra þróun.

Ísland tók virkan þátt í ráðstefnu SP um innleiðingu 14. heimsmarkmiðsins um heilbrigði sjávar, sem haldin var í júní 2017 með þátttöku umhverfis- og auðlindaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þar lagði Ísland áherslu á ábyrga fiskveiðistjórnun byggða á vísindalegri nálgun og mikilvægi þess að miðla af þekkingu þar að lútandi, líkt og gert er í gegnum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Ísland lagði fram áheit um aðgerðir til að stuðla að bættu ástandi sjávar sem lúta að því að draga úr plastmengun í sjó, auka þekkingu á afleiðingum súrnunar sjávar og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, ljúka kortlagningu hafsbotsins innan íslenskrar efnahagslögsögu og koma á nýtingaráætlunum fyrir mikilvægustu fiskistofnana. Ísland styður einnig áttak Umhverfisstofnunar SP (*e. UN Environment, UNEP*) gegn plasti í sjó. Þá tók Ísland virkan þátt í störfum allsherjarþingsins tengdum málefnum hafsins líkt og hefð er fyrir.

Fastanefnd Íslands fylgist með störfum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, m.a. í gegnum norrænt samstarf þar sem Svíþjóð á nú sæti í ráðinu. Þá tekur Ísland reglulega þátt í opnum umræðum á vettvangi ráðsins, stundum í samstarfi við líkt þenkjandi ríki eins og Norðurlönd og leggur m.a. áherslu á málefni Mið-Austurlanda og stöðu kvenna í átökum. Ísland ber sig einnig eftir beinni þátttöku í nefndum og stjórnnum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sem stendur sækist Ísland eftir sæti í Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2019-2023, en kosningar fara fram í júní nk. Þá hafa stjórnvöld ákveðið að Ísland bjóði sig fram til setu í framkvæmdastjórn Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) fyrir tímabilið 2021-2025. Framboð Íslands fer fram undir samnorrenum hatti, en Norðurlöndin hafa skipst á að taka sæti í stjórn UNESCO. Ísland átti síðast sæti í stjórn UNESCO fyrir tímabilið 2001-2005.

Fastanefnd í New York



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	Sjá Washington
-------------------	----------------

Vöruútflutningur	Sjá Washington
------------------	----------------

Þjónustuútflutningur	Sjá Washington
----------------------	----------------

Vöruinnflutningur	Sjá Washington
-------------------	----------------

Þjónustuinnflutningur	Sjá Washington
-----------------------	----------------

Fjölþjóðasamstarf	S.p.
-------------------	------

Starfsmenn	Fj.	%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2,5	

Kostnaður	226	8,9%
-----------	-----	------

Fastanefnd í New York: Rödd Íslands í hnattrænu samstarfi.

Fastanefnd Íslands í New York ber ábyrgð á þátttöku Íslands í Sameinuðu þjóðunum og tekur þátt í umræðum í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum samtakanna í New York með það að markmiði að hafa áhrif á stefnu, verkefni og stjórnun samtakanna í samræmi við stefnu Íslands í málefnum SP.

Fastanefndin annast þátttöku á fundum allsherjarþingsins og sex undirnefnda þess. Þar beitir Ísland sér sérstaklega fyrir mannréttindum, jafnrétti og sjálfbærri nýtingu auðlinda með áherslu á orku, haf og landgræðslu. Ár leiddi Ísland þriðju nefnd allsherjarþings sem sinnir mannréttindamálum, og var fastafulltrúi Íslands formaður nefndarinnar frá síðastliðnum september. Á hverju ári tekur fastanefndin þátt í samningaviðræðum um varða hafréttarályktun SP ásamt sérfræðingum frá Íslandi. Einnig tekur fastanefndin þátt í samningaviðræðum um alþjóðasáttmála og eftirfylgni þeirra. Má þar helst nefna viðræður um ný heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun sem er fylgt eftir á pólitískum umræðuvettvangi undir umsjón ECOSOC í júlí hvert ár.

Nýverið gegndi Ísland formennsku nefndar um félagslega þróun (*e. Commission for Social Development*) og lagði fastanefndin fram drög að ályktun og leiddi samningaviðræður um meginþema fundarins sem sneri að mögulegum leiðum til að vinna gegn fátækt en það er 1. heimsmarkmiðið. Einnig hefur Ísland tekið að sér viðræðustjórn í samningaviðræðum um endurskoðun á ECOSOC. Ísland tekur þar að auki virkan þátt í árlegum kvennafundi SP.

Um þessar mundir tekur fastanefndin þátt í samningaviðræðum tveggja alþjóðasáttmála. Annars vegar sáttmála er varðar örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga og hins vegar sáttmála er snýr að umhverfismálum. Þar að auki tekur fastanefnd þátt í undirbúningi fyrir alþjóðlegar samningaviðræður um gerð samnings er varðar verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (*BBNJ*). Fastanefndin fylgist með störfum öryggisráðs SP og tekur reglulega þátt í opnum umræðum á vettvangi ráðsins, stundum í samstarfi við líkt þenkjandi ríki eins og Norðurlönd. Þar að auki tekur fastanefnd þátt í viðræðum um endurbætur á starfsháttum SP, má þar nefnda á sviði þróunar-, friðar- og öryggismála og í sérstöku umbótaferli á innri starfsháttum og stjórnun SP.

5.3. Mannréttindamál

5.3.1. Almenn

Sérstakur stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindi hóf störf á árinu og á utanríkisráðuneytið þar fulltrúa. Tildrög þess að stýrihópurinn var settur á laggirnar eru þau, að í kjölfar þess að Ísland undirgekkst í annað skipti svokallaða jafningjarýni (e. *Universal Periodic Review*) á vegum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna haustið 2016 var talið æskilegt og gagnlegt að viðhalda því samstarfi ráðuneyta, sem þar hafði átt sér stað við undirbúning fyrirtöku Íslands. Er hópnun bæði falið að fylgja eftir þeim tilmælum sem fram komu í jafningjarýninni og Ísland samþykkti að verða við, sem og brúa bilið uns Ísland undirgengst jafningjarýnina 2021, þá í þriðja sinn. Þá eru bundnar vonir við að hópurinn geti tryggt betri samræmingu mála sem oft tengjast verksviðum fleiri en eins ráðuneytis.

Mannréttindi verða sífellt veigameiri hluti af utanríkisstefnu Íslands en byggt hefur verið á stefnu sem var mörkuð fyrir rúmum tíu árum síðan með útkomu sérstakrar skýrslu, Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu (2007). Senn hefst vinna við að uppfæra stefnuna og má segja að gott tilefni sé fyrir hendi á þessu ári þegar þess er minnst að sjöttíu ár verða í desember liðin frá samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar.

Mannréttindamálum er einkum sinnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, s.s. með þátttöku í starfi kvennanefndar allsherjarþingsins í New York, sem og þriðju nefndar allsherjarþingsins, auk mannréttindaráðsins í Genf. Þá er ógetið þátttöku í starfi Evrópuráðsins í Strassborg og enn fremur eru mannréttindamál meðal viðfangsefna Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í Vín og undirstofnunar ÖSE, Mannréttinda- og lýðræðisstofnunar ÖSE (ODIHR) í Varsjá í Póllandi. Mannréttindamál koma einnig iðulega upp í tvíhliða viðræðum Íslands við önnur ríki, s.s. í pólitísku samráði við Kína og Rússland á árinu.

5.3.2. Jafnréttismál

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð sérstök áhersla á að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi með því að vera fyrirmynd í jafnréttismálum. Slá má föstu að þar sé byggt á sterkum grunni en níunda árið í röð er Ísland efst á lista Alþjóðaeftirvörðunarráðsins yfir árangur ríkja á sviði kynjajafnréttis. Í krafti þess hefur Ísland verið leiðandi á sviði jafnréttismála á alþjóðavísu, m.a. í tengslum við konur frið og öryggi, sjálfbæra þróun, mannréttindi kvenna, þ.m.t. kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi, viðskipti og efnahagslega valdeflingu kvenna.

Á undanförunum misserum hefur Ísland lagt aukna áherslu á þátttöku karla í jafnréttismálum. Frá árinu 2015 hefur Ísland skipulagt svokallaðar rakarastofuráðstefnur (e. *Barbershop*) til að stuðla að aukinni þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi, breyttum viðhorfum til kynjajafnréttis og staðalmynda kynjanna. Hafa nú hátt í 2000 manns sótt ráðstefnurnar, þar af um helmingur karlar. Árið 2017 voru m.a. skipulagðar rakarastofuráðstefnur á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, Sameinuðu þjóðanna í Genf og New York og Norrænu ráðherra nefndarinnar með þátttöku norræna fræðasamfélagsins og atvinnulífsins. Í janúar 2018 tók forseti Íslands við sem sérstakur málsvari HeForShe-átaks UN Women en Ísland vinnur áfram að því að uppfylla HeForShe-skuldbindingar sem lúta að launajafnrétti, aukinni jafnréttisvitund karla og jöfnum hlut kynjanna í fjölmiðlum.

Aðalþema 62. fundar kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna 2018 var áskoranir og tækifæri til vinnu að auknu jafnrétti og valdeflingu kvenna í dreifbýli. Utanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið hafa staðið fyrir samráði um málefni nefndarinnar með félagasamtökum og stofnunum sem starfa að jafnréttismálum. Að þessu sinni stóðu íslensk stjórnvöld fyrir tveimur hliðarviðburðum, annars vegar um kynjað stafrænt ofbeldi og hlutverk löggjafans í að stemma stigu við slíku ofbeldi og hins vegar um baráttuna gegn barnahjónaböndum í Malaví. Jafnréttisráðherra fór fyrir sendinefndinni og tók þátt í fjölmörgum viðburðum og fundum fyrir hönd Íslands.

5.3.3. Þriðja nefnd allsherjarþingsins

Ísland leiddi í ár félags-, mannúðar- og menningarnefnd (þriðju nefnd) allsherjarþings SP þar sem fastafulltrúi Íslands í New York var formaður nefndarinnar. Var það í fyrsta skipti í yfir 50 ár sem Ísland tók að sér formennsku í einni undirnefnda allsherjarþingsins. Nefndin tók m.a. á móti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, sem og forseta mannréttindaráðsins, ásamt 60 öðrum mannréttindasérfræðingum og síðast en ekki síst stýrði Ísland fundinum þegar þriðja nefndin tók í fyrsta sinn á móti nýjum sjálfstæðum sérfræðingi mannréttindaráðsins um vernd gegn ofbeldi og mismunun byggðri á kynhneigð eða kynvitund.

Hafði Ísland verið meðal ríkja sem studdi eindregið að til slíks embættis yrði stofnað. Tæplega 60 ályktanir voru samþykktar á vettvangi þriðju nefndarinnar undir formennsku Íslands en þar bar hæst nýja ályktun um ástand mannréttinda í Myanmar.

Ísland leiddi einnig í ár nefnd efnahags- og félagsmálaráðsins um félagslega þróun. Lagði Ísland sérstaka áherslu á að gera nefndina betur búna undir að fylgja eftir nýjum heimsmarkmiðum, þá sérstaklega að ná til þeirra sem lifa í sárafátækt, og að nefndin tæki því sérstaklega að sér að ræða ójöfnuð í heiminum. Var vel látið að formennsku Íslands í báðum nefndum.

5.3.4. Mannréttindaráðið í Genf

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fundar þrisvar sinnum á ári, í þriggja vikna löngum lotum í hvert sinn. Svonefnd ráðherravika er haldin í mars-lotunni ár hvert og tók utanríkisráðherra þátt í henni nú í ár, eins og í fyrra. Hann fundaði m.a. með mannréttindafulltrúa SP, Zeid Ra'ad al Hussein, og flóttamannafulltrúa SP, Filippo Grandi, í heimsókninni til Genf en í ávarpi sínu til mannréttindaráðsins ítrekaði ráðherra mikilvægi mannréttindafyrirlysingar Sameinuðu þjóðanna, sem er sjötú ára á þessu ári. Hann tilkynnti einnig að Ísland hygðist ganga í ríkjahópinn *Equal Rights Coalition* sem beitir sér fyrir bættum réttindum hinsegin fólks (LGBT+). Hápunktur ræðunnar var þó umfjöllun um aðstæður á Filippseyjum en þar þykir forseti landsins, Rodrigo Duterte, hafa farið mjög á svig við mannréttindi í nafni svonefndrar „baráttu gegn eiturlyfjum“ en það hefur haft í för með sér að þúsundir meintra eiturlyfjasala og eiturlyfjaneytenda hafa verið drepnir án dóms og laga.

Ísland tók á liðnu ári að sér forystuhlutverk á vettvangi mannréttindaráðsins í Genf um þróunina á Filippseyjum þegar það talaði í tvígang fyrir hönd fjölmargra ríkja – í seinna skiptið fyrir hönd alls 39 aðildarríkja SP – og gagnrýndi ástand mannréttindamála í landinu. Málafylgja þessi vakti nokkra athygli, bæði heima og ytra, og í nýrri ársskýrslu Mannréttindavaktarinnar (e. *Human Rights Watch*), einna af þekktustu alþjóðlegu borgarasamtökum heimsins á sviði mannréttinda, er þannig fjallað sérstaklega um hlutverk smárikja sem málsvara mannréttinda í breyttum heimi, þar sem æ algengara gerist að ráðist sé að þeirri hugmyndafræði sem byggt hefur verið á í sjötú ár, eða frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Jórdaninn Zeid Ra'ad al Hussein, tilkynnti við lok síðasta árs að hann sæktist ekki eftir öðru kjörtímabili í starfi sínu og kenndi hann um „hrikalegu“ umhverfi í mannréttindageiranum, þar sem málsvarar mannréttinda ættu sífellt meira undir högg að sækja, á meðan hinir eflust dag frá degi sem lítt vildu fylgja þeim alþjóðalögum og reglum sem samið hefur verið um. Átak í þágu mannréttinda þurfi að koma til og standa vörð um þau gildi sem hafi mótað heim okkar allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Að því er varðar Filippseyjar var það mat Mannréttindavaktarinnar að með því að tala tæpitungulaust um stöðu mála þar hefði Íslandi – með kraft 38 annarra aðildarríkja SP að baki sér – tekist að hafa áhrif á hegðun stjórnvalda sem, eftir september-lotu mannréttindaráðsins, lýstu sig tilbúin til að taka á móti rannsóknarnefnd á vegum SP. Málafylgja skiptir því máli og getur haft áhrif en jafn mikilvægt er líka að missa ekki dampinn og halda ríkjum við efnið, sem gera sig sek um mannréttindabrot, með því m.a. að gera þeim ljóst að áfram verði fylgst með þróun mála. Gerði utanríkisráðherra stjórnvöldum á Filippseyjum þetta ljóst í ræðu sinni í mannréttindaráðinu nú í febrúar, jafnframt því sem hann hvatti þau til dáða. Ljóst er að stjórnvöld á Filippseyjum tóku eftir gagnrýninni en á meðan heimsókn ráðherra til Genf stóð í febrúar átti hann fund með Peter Cayetano, utanríkisráðherra Filippseyja, að beiðni þess síðarnefnda.

5.3.5. Evrópuráðið

Sendiherra Íslands í París hefur um nokkurt skeið gegnt störfum fastafulltrúa hjá Evrópuráðinu í Strasborg (e. *Council of Europe*), en staðarráðinn sérfræðingur þar í borg sinnt ýmsum verkefnum af hálfu fastanefndar Íslands gagnvart ráðinu síðan 2016. Senn líður að því að það komi að Íslandi að takast á hendur formennsku í ráðinu til sex mánaða. Með það í huga er fyrirhugað síðar á árinu að starf fastafulltrúa flytjist til utanríkisráðuneytisins í Reykjavík í því augnamiði að hefja undirbúning fyrir formennskutímabilið og greiða jafnframt fyrir betri tengingu Alþingis, stofnana og sérfræðinga við starf Evrópuráðsins.

Evrópuráðið er einn mikilvægasti vettvangur ríkja álfunnar til að stuðla að stöðuleika og friði, auk þess að vera vettvangur fyrir mannréttindaumræðu og réttindi borgaranna. Starfsemi ráðsins hefur aftur á móti ekki farið varhluta af þeirri tortryggni og óvissu sem nú ríkir samskiptum Vesturlanda og Rússlands. Helstu

mál á vettvangi Evrópuráðsins á árinu tengjast m.a. Rússlandi en þingmenn þaðan hafa ekki tekið þátt í störfum þingmannaráðs Evrópuráðsins síðan þar var tekin ákvörðun um að svipta Rússa atkvæðisrétti í kjölfar innlimunar þeirra á Krímskaga árið 2014. Ákvörðunin átti þá einungis við um yfirstandandi þing en Rússar hafa æ síðan neitað að senda þingnefnd nema þeir fái tryggingu fyrir því að þeir fái fullan þátttökurétt. Síðan í maí 2017 hefur Rússland, á grundvelli ákvörðunar þingsins frá 2014, haldið eftir 2/3 hluta greiðslu sinnar til Evrópuráðsins og veldur það umtalsverðum vanda. Bíður nú forsvarsmanna þingmannaráðsins, í samstarfi við framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að finna lausn á þessu máli.

Af vettvangi Evrópuráðsins er einnig rétt að nefna málefni Tyrklands en gagnrýni sem Tyrkir hafa sætt þar varð til þess að þeir tilkynntu í desember 2017 að þeir myndu hætta sem einn af stærri styrkveitendum Evrópuráðsins, þ.e. draga mjög úr framlagi sínu til Evrópuráðsins. Þurfti í kjölfarið að bregðast við, endurskipuleggja fjárlög Evrópuráðsins og skera niður á ýmsum stöðum.

5.4. Markmið og starfið framundan

Stuðlað verði að jákvæðum samskiptum við helstu valdaríki heimsins í því augnamiði að tryggja hagsmuni Íslands og vinna áherslum Íslands á alþjóðavettvangi frekara brautargengi. Unnið verði markvisst að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna með skilvirkum hætti með fyrirtöku á sérstökum ráðherravettvangi um mitt ár 2019. Staðið verði áfram að öflugum málatalilbúnaði um mannréttindi innan alþjóðastofnana og í tvíhliða samskiptum við önnur ríki.

6. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL

6.1. Almennt

Lífsafkoma þjóðarinnar byggist á sjálfbærri nýtingu auðlinda á láði og í legi og heilbrigðu umhverfi. Nauðsynlegt er því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um auðlindanýtingu og verndun umhverfisins á grundvelli hafréttarsamnings SP (e. *UN Convention on the Law of the Sea, UNCLOS*). Halda þarf fram rétti ríkja til að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt og vernda umhverfið á nærsvæðum. Þýðingarmikill þáttur er baráttan gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, einkanlega áhrifum þeirra á hafið, fiskistofna og lífríkið. Heimsmarkmiðin eru mikilvægt tæki hvað þetta varðar og órjúfanlegur þáttur í framkvæmd Parísarsamkomulagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sérstaka þýðingu, hvað Ísland varðar, hefur 14. heimsmarkmiðið um *að vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun*.

Í samræmi við tillögur skýrslunnar um *Utanríkisþjónustu til framtíðar* er hafin greining á núverandi skipulagi, skuldbindingum, hagsmunum, ógnunum og tækifærum um stefnumörkun og fyrirvar í alþjóðlegum loftslagsmálum, norðurslóðamálum, auðlindamálum og auðlindum hafsins í því skyni að koma samráði og samræmingu um þetta í fastari skorður undir forystu utanríkisráðuneytisins. Ætlunin er að eiga samráð innan stjórnsýslunnar og við fagráðuneyti og sem og við atvinnuvegi og félagsamtök og að því loknu leggja fram tillögur að endurskoðuðu fyrirkomulagi þátttöku í alþjóðastarfi á þessu sviði.

Til að ná sem bestum árangri í þessum málum er þörf á að samtvinna starf íslenskra stjórnvalda á utanríkispolítískum vettvangi við viðskiptahagsmuni og þróunarsamvinnu. Til að stuðla að því er hafin greining á því hvernig samræma megi stefnuna í loftslags-, viðskipta-, auðlinda- og þróunarmálum, m.a. í því skyni að koma markvisst á framfæri íslenskri þekkingu á sviði endurnýjanlegrar orku og öðru sem varðar loftslagsbreytingar og aðlögun að þeim. Lögð er sérstök áhersla á verkefni sem auka hlut endurnýjanlegrar orku í orkuframleiðslu á norðurslóðum, þ.m.t. jarðhita, í samvinnu við atvinnulíf og stofnanir.

6.2. Loftslagsmál

Mikilvægur liður er þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um loftslagsmál. Málefni hafsins fengu sérstaka athygli á 23. aðildarríkjafundi loftslagssamnings SP (e. *UN Framework Convention on Climate Change, UNFCCC*) sem var haldinn í Bonn í nóvember 2017. Fíji, sem fór með formennsku á fundinum, beitti sér fyrir áttakinu *Ocean Pathway Partnership*. Fagnaði Ísland frumkvæðinu og sagði súrnun hafsins eina helstu ógn sem tengdist loftslagsbreytingum. Eitt helsta verkefni Bonn-fundarins var að vinna að útfærslu Parísarsamningsins um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Meðal annars þarf að ganga frá reglum um bókhald og gagnsæi, svo að unnt sé að meta framlög ríkja og árangur á hlutlægan hátt. Stefnt er að því að ná niðurstöðu í þessum efnum á næsta ári en flest ríki heims hafa skilað markmiðum um það hvernig þau

hyggjast takmarka losun fram til 2030. Ísland sagði í ræðu sinni að afleiðingar loftslagsbreytinga væru vel sýnilegar á Íslandi, m.a. í hopandi jöklum. Eina raunhæfa lausnin til lengdar til að takast á við súrnun hafsins og aðrar birtingarmyndir breytts loftslags væri að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hvað Ísland snerti væri forgangsmál að draga úr losun frá bifreiðum og skipum. Skógrækt, landgræðsla og önnur loftslagsvæn landnotkun væri mikilvægt tæki til ná markmiðum.

Leiðtogafundur um Parísarsamkomulagið um loftslagsbreytingar var haldinn í París í desember 2017 undir yfirskriftinni *One Planet Summit* og sótti forsætisráðherra hann fyrir Íslands hönd. Megintilgangur hans var vekja athygli á markmiðum samkomulagsins og átaksverkefnum sem unnið er að undir merkjum þess. Einnig er hvatt til framkvæmdar á ákvæðum samkomulagsins og hertra skuldbindinga, auk þess sem fjármögnun loftslagsverkefna var til umræðu á fundinum. Í ávarpi sínu nefndi forsætisráðherra sérstaklega markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, nýtingu grænnar orku í samgöngum og fiskveiðum. Ísland tók undir tvær yfirlýsingar í þessu sambandi. Annars vegar skuldbindingu um að vinna að kolefnishlutleysi og að gera langtímaáætlun um róttæka minnkun losunar. Hins vegar yfirlýsingu um áætlun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum sem unnið er að á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*e. International Maritime Organization, IMO*).

6.3. Jarðvarmi – Endurnýjanlegir orkugjafar

Í málflutningi á alþjóðavettvangi hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á mikilvægi nýtingar jarðvarma til orkuframleiðslu og aukningu á hlut endurnýjanlegrar orku í orkusamsetningu heimsins, ekki síst í ljósi þess að Íslendingar hafa til að bera sérþekkingu á þessu sviði. Leiðarljós í þessu er 7. heimsmarkmiðið um að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.

Í sumar er framundan umfjöllun háttsetts vettvangs (*e. High Level Political Forum, HLPF*) um sjálfbæra þróun, innan ramma Efnahags- og félagsmálaráðs SP (*e. Economic and Social Council, ECOSOC*), í New York dagana 9.–18. júlí 2018 um 7. heimsmarkmiðið um orku. Þema fundahaldanna er umbreyting í átt að sjálfbærum samfélögum með viðnámsþrótt. Auk 7. markmiðsins verður einnig fjallað um 6., 11., 12. og 15. heimsmarkmiðið. Undirbúningsfundur um HLPF-fundinn var haldinn í Bangkok 21.–23. febrúar sl. Á þessum vettvangi er mikilvægt að veita upplýsingar um það hvað Ísland hefur fram að færa í sérþekkingu og reynslu í þeim efnum, svo að nýtast megi í baráttunni gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, fyrir aukinni hlutdeild jarðvarma í orkunýtingu heimsbyggðarinnar og framgangi heimsmarkmiðanna.

Í sumar er framundan hjá SP í New York umfjöllun um 7. heimsmarkmiðið sem er að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Á þessum vettvangi er mikilvægt að veita upplýsingar um það hvað Ísland hefur fram að færa í sérþekkingu og reynslu í þeim efnum, svo að nýtast megi í baráttunni gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga, fyrir aukinni hlutdeild jarðvarma í orkunýtingu heimsbyggðarinnar og framgangi heimsmarkmiðanna.

Íslensk stjórnvöld hafa eftt samstarf sitt við fjölþjóðastofnanir sem sinna sérstaklega endurnýjanlegum orkugjöfum, einkanlega jarðvarma. Annars vegar er um að ræða Alþjóðastofnun fyrir endurnýjanlega orku (*e. International Renewable Energy Agency, IRENA*) með höfuðstöðvar í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Stofnunin hefur það að markmiði að flest ríki heims nýti betur endurnýjanlegra orkugjafa. Í þessu skyni var síðastliðið haust skipaður fyrsti íslenski fastafulltrúinn gagnvart IRENA. Fyrirverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir stofnunina. Hann var einnig aðalhvatamaður að Alþjóðlega jarðvarmabandalaginu (*e. Global Geothermal Alliance, GGA*) sem telur 43 aðildarríki og 31 samstarfsaðila og er starfrækt á vegum IRENA. Jarðvarmabandalagið hélt aðalfund síðastliðið haust í Flórens á Ítalíu þar sem megin umfjöllunarefnið var aukin jarðvarmanýting í orkunotkun heimsins. Fyrirverandi forseti var einn aðalræðumaður fundarins. Aðalfundur IRENA var haldin í Abu Dhabi í janúar 2018 og var nýting jarðvarma meginefni á dagskrá stofnunarinnar. Fjölmargin fulltrúar á þinginu þökkðu íslenskum stjórnvöldum fyrir aðkomu þeirra að jarðvarmanýtingu og menntun sérfræðinga frá heimalöndum þeirra. Á fundinum var m.a. rætt um jarðvarmaverkefni Íslendinga í Austur-Afríku og alþjóðlega fjármögnun þeirra.

Hins vegar er um að ræða Átak SP um sjálfbæra orku fyrir alla (*e. Sustainable Energy for All, SE4All*) í Vínarborg. Sú stofnun verður æ virkari í umræðunni um endurnýjanlega orku, og er stofnunin áhugaverður samstarfsaðili. Stofnunin hefur skapað sérstakan vettvang fyrir konur og orkumál undir yfirskriftinni *People-*

Centered Accelerator. Íslensk stjórnvöld studdu fund vettvangsins á loftslagsráðstefnunni í Bonn í nóvember sl., sem m.a. var haldinn í samvinnu við Landsvirkjun. Framundan er meira samstarf við SE4All um þetta.

Utarríkisráðuneytið hefur einnig stutt við ráðstefnur jarðvarmaklasans á Íslandi og verður sú næsta, *Iceland Geothermal Conference*, haldin í Reykjavík 24.-26. apríl nk.

6.4. Jarðvegsmál

Ísland hefur lagt áherslu á að landgræðsla og sjálfbær nýting lands sé mikilvæg aðferð til kolefnisbindingar og þar með til að draga úr gróðurhúsalofttegundum. Helsti vettvangur til þess að auka vægi sjálfbærrar landnýtingar í heiminum er eyðimerkursamningur Sameinuðu þjóðanna (e. *UN Convention to Combat Desertification*, UNCCD). Reynsla og þekking Íslendinga í landgræðslu hefur nýst vel í baráttunni gegn jarðvegseyðingu og var Ísland á meðal stofnenda vinahóps eyðimerkursamningsins. Landgræðsluskóli Háskóla SP á Íslandi vinnur að markmiðum eyðimerkursamningsins, auk þess sem hann hefur sterk tengsl við loftslagsmálin. Hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (e. *Food and Agriculture Organization of the UN*, FAO) er vistað hnattrænt samstarf um jarðvegsmál í þágu fæðuöryggis (e. *Global Soil Partnership for Food Security*) sem íslenskir sérfræðingar hafa tekið þátt í. Á vettvangi FAO hefur verið stuðlað að auknu samstarfi milli fastanefndanna um landgræðslumál og sjónum beint að mikilvægi jarðvegs fyrir fæðuöryggi. Ísland hefur unnið að því að auka samvinnu milli þeirra sem vinna að jarðvegsmálum hjá stofnuninni og þeirra sem vinna að framkvæmd eyðimerkursamnings SP. Einnig hafa samskipti við skrifstofu jarðvegsdeildar FAO verið aukin með það fyrir augum að efla samstarf við sérfræðinga á Íslandi, m.a. við Landgræðsluskólann.

6.5. Fiskveiðar og sjálfbær nýting auðlinda hafsins

6.5.1. Samningur um stjórnun fiskveiða og vísindasamstarf í Norður-Íshafi

Í lok árs 2017 náðist tímamótasamkomulag ríkja um stjórnun fiskveiða í Norður-Íshafi utan lögsögu ríkja, en viðræður höfðu staðið yfir í sex lotum frá því í desember 2015. Að samkomulaginu standa 10 aðilar, þ.e. Bandaríkin, Danmörk f.h. Færeyja og Grænlands, Ísland, Japan, Kanada, Kína, Noregur, Rússland, Suður-Kórea, ásamt Evrópusambandinu (ESB) og er gert ráð fyrir formlegri undirritun bindandi samnings um mitt ár 2018. Með aðild Íslands að samningnum verður í framtíðinni tryggt aðkoma Íslands að ákvarðanatöku og rannsóknasamstarfi á þessu mikilvæga hafsvæði.

Samningurinn um stjórnun fiskveiða í Norður-Íshafi nær til úthafsins og felur í sér að aðilar hans munu skuldbinda sig til að heimila ekki veiðar á samningssvæðinu fyrr en vísindarannsóknir hafa lagt grunn að sjálfbærum fiskveiðum. Einnig eru ákvæði um vísindasamstarf, vöktun fiskistofna og lífríkis í Norður-Íshafi og ákvarðanatöku um að koma á fót svæðisbundinni fiskveiðistjórnunarstofnun þegar slíkt er tímabært. Ekki er fyrirsjáanlegt að mögulegt verði að stunda fiskveiðar á samningssvæðinu á allra næstu árum en á grundvelli varúðarnálgunar er stofnað til þessa samnings nú til að fyrirbyggja stjórnlausar veiðar á þessu viðkvæma hafsvæði á komandi árum þar sem hraðar breytingar eiga sér nú stað vegna hlýnunar og bráðnunar íss. Að þessu leyti er um að ræða tímamótasamning. Með aðild Íslands að samningnum verður í framtíðinni tryggt aðkoma Íslands að ákvarðanatöku og rannsóknasamstarfi á þessu mikilvæga hafsvæði.

6.5.2. Fiskimál á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO)

Ísland lauk þriggja ára setu í stjórn Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (e. *Food and Agriculture Organization of the UN*, FAO) á miðju ári 2017. Samvinna milli Íslands og fiski- og fiskeldisdeildar stofnunarinnar jókst verulega á því tímabili en það er mikilvægt þegar kemur að því að gæta hagsmuna Íslands og vinna að framgangi málefna hafsins. Einkum á þetta við þegar kemur að framkvæmd 14. heimsmarkmiðsins um verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins. Deildin sinnir einnig fiskeldi á heimsvísu en hlutur þess í fiskframleiðslu fer ört vaxandi og er nú orðinn um 45% á móti 56% frá fiskveiðum.

Hlutverk FAO er tvíþætt, annars vegar er stofnunin alþjóðlegur vettvangur fyrir stefnumörkun í sjálfbærri nýtingu auðlinda og hins vegar vinnur hún með og veitir aðildarríkjum sérfræðiaðstoð. Ísland hefur gjarnan lagt meiri áherslu á fyrri þáttinn, enda varða ákvarðanir ríkja á vettvangi FAO hagsmuni Íslands. Í málefnum hafsins er FAO einn mikilvægasti vettvangurinn en þar getur Ísland beitt sér fyrir bættri umgengni og sjálfbærari nýtingu auðlinda hafsins. Seinni þátturinn er verulega stór hluti verkefna fiskimáladeildarinnar og

fær deildin til þess umtalsverð frjáls framlög frá aðildarríkjunum. Evrópusambandið veitir stór framlög, auk þess sem Svíþjóð, Holland og Ítalía veita fjármunum beint til verkefna. Japan er einnig mikilvægur samstarfsaðili, auk Noregs, sem hefur kostað rekstur rannsóknaskipsins Fridtjof Nansen síðan 1975 og stundað rannsóknir í lögsögum þróunarriksja undir stjórn FAO. Norsk stjórnvöld hleyptu af stokkunum nýju rannsóknaskipi til verkefnisins á síðasta ári.

Fiskinefnd FAO (e. *Committee on Fisheries*, COFI) er helsti alþjóðlegi vettvangurinn fyrir stefnumörkun en þar eru áherslur deildarinnar ákveðnar til tveggja ára í senn. Nefndin kemur saman á tveggja ára fresti og er næsti fundur í júlí nk. Frá síðasta fundi, árið 2016, hafa aðildarríkin náð nokkrum mikilvægum áföngum í viðleitni sinni til að bæta umgengi og nýtingu hafsins. Á aðalráðstefnu stofnunarinnar 2017 voru endanlega samþykktar leiðbeiningar um gerð veiðivottorðakerfa en samningaviðræðum lauk árið 2016. Í febrúar 2018 lauk síðan samningaviðræðum um leiðbeiningar fyrir merkingar veiðarfæra. Báðar þessar leiðbeiningar eru mikilvægar í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum og munu nýtast samningnum um aðgerðir hafnríkja til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar (e. *Agreement on Port State Measures to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing*, PSMA). Á síðasta ári var haldin fyrsta aðildarríksráðstefna þess sammings. Áfram var unnið að þróun alheimsskrár fiskiskipa, verkefni sem fengið hefur stuðning frá Íslandi, og hefur frumgerð þeirrar skrár verið opnuð á netinu. Áfram hefur verið unnið að því að efla samstarf við FAO á sviði þróunarsamvinnu en þar kemur helst til greina samvinna á milli Sjávarútvegsskólans og fiskideildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP.

Fastanefnd í Róm: Hagsmunagæsla í sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins.

Fastanefnd Íslands í Róm fer með fyrirvar gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO) sem er helsta stofnun SP á sviði landbúnaðar, fiskimála og skógræktar. Viðamestu verkefni stofnunarinnar eru að útrýma hungri og fátækt og bæta fæðuöryggi með stuðningi við efnahagslega og félagslega framþróun, jafnframt því að stuðla að sjálfbærri stjórnun og nýtingu náttúruauðlinda. Fastanefndin deilir húsnaði með danska sendiráðinu í Róm.

Ísland hefur tvisvar setið í stjórn FAO fyrir Norðurlandahópinn, síðast 2014–2017. Einnig er þátttaka í samráði Evrópuríkja og OECD-ríkja. Verkefni FAO snerta víða hagsmuni Íslands og stefnu í utanríkismálum, sérstaklega sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og áherslur í auðlinda-, umhverfis-, og þróunarmálum. Í nánu samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er lögð áhersla á fiskimálanefndina (COFI) og starf að málefnum hafsins. Fastanefndin tekur þátt í störfum fæðuöryggisnefndar SP-kerfisins (*Committee on World Food Security*, CFS) og hefur látið sig varða jarðvegsmál og alheimsjarðvegssamstarfið (e. *Global Soil Programme*). Ýmis samvinna hefur verið milli skóla Háskóla SP á Íslandi og stofnana í Róm.

Í samráði við ráðuneyti og stofnanir, sem fara með viðkomandi málefni, sinnir fastanefndin verkefnum sem varða alþjóðasamninginn um erfðaauðlindir plantna í matvælaframleiðslu og landbúnaði (ITPGRFA), Evrópunefnd um gin- og klaufaveiki (EuFMD), nefnd um erfðaauðlindir í matvælaframleiðslu og landbúnaði (CGRFA) og staðlanefnd fyrir matvæli (Codex Alimentarius).

Fastanefndin hefur einnig fyrirvar gagnvart Matvælaáætlun SP (e. *World Food Programme*, WFP) og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (e. *International Fund for Agricultural Development*, IFAD). WFP er mikilvægasta neyðaráðstoðarstofnun SP-kerfisins. Árlega veitir Ísland frjáls framlög til neyðaráðstoðarverkefna á vegum hennar og styrkir verkefni með útsendum starfsmönnum. Í gildi er viðbragðssamningur um aðstoð sérhæfðra íslenskra starfsmanna. Áherslumál Íslands á vettvangi WFP hafa verið virk og skjót neyðaráðstoð, umhverfis- og loftslagsmál, auk jafnréttismála. Til skoðunar er samstarf þar sem aukin áhersla er lögð á tengsl þróunar- og mannúðarmála. IFAD er ein af sérstofnunum SP sem veitir þróunarriksjum lán og styrki með góðum kjörum til verkefna í landbúnaði og sjávarútvegi. Meginmarkmið sjóðsins er að gera fátæku fólki í dreifbýli kleift að bæta fæðuöryggið og auka tekjur sínar og viðnámsþrótt. Komið hefur verið á samvinnu við Landgræðsluskóla og Sjávarútvegsskóla HSP.


6.5.3. Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin (NEAFC)

Tæpur þriðjungur verðmæta íslensks sjávarútvegs á rætur að rekja til fiskistofna sem semja þarf um nýtingu á við aðrar þjóðir á grundvelli úthafsveiðisamningsins (e. „*UN Fish Stocks Agreement*“). Nú er svo komið að engir samningar eru í gildi milli þjóða á norðaustanverðu Atlantshafi um heildarstjórn veiða úr mikilvægustu deilistofnunum, þ.e. makríl, norsk-íslenski síld og kolmunna. Viðræður strandríkja hafa um árabíl ekki skilað samkomulagi milli þjóðanna um stjórn veiðanna. Það helgast m.a. af miklum umhverfisbreytingum í hafinu, sem leitt hafa til breyttrar útbreiðslu og göngumynsturs þessara mikilvægu fiskistofna, en einnig skortir skýr viðmið um skiptingu aflaheimilda. Afleiðingin er sú að ríkin hafa sett sér einhliða aflaheimildir sem í heild nema tugum prósentu umfram vísindaráðgjöf. Ljóst er að þessi ofveiði getur stórlega skert afrakstur þessara fiskistofna, ef fram heldur sem horfir. Ísland hefur tekið umtalsvert frumkvæði í því að þoka viðræðum strandríkjanna í samkomulagsátt og munhalda áfram þeirri viðleitni.

Á ársfundi Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (e. *North East Atlantic Fisheries Commission*, NEAFC) í nóvember 2017 lagði Ísland enn sem fyrr áherslu á að stöðva veiðar á karfa á Reykjanes hrygg en fyrir fundinum lá ráðgjöf frá Alþjóðahafrannsóknaráðinu (e. *International Council for the Exploration of the Sea*, ICES) um að engar veiðar skyldu stundaðar næstu tvö árin. Um er að ræða tvo aðskilda karfastofna sem báðir hafa verið ofveiddir um árabíl og eru í verulegri hættu ef ekkert er að gert. Rússland hefur ekki viljað viðurkenna stofnmat ráðsins og hefur undanfarin ár sett sér einhliða kvóta sem er tvisvar til þrisvar sinnum meiri en samanlögð veiði hinna veiðiþjóðanna. Ekki náðist samkomulag um að stöðva karfaveiðarnar og var sett 6.500 tonna heildaraflamark fyrir 2018. Ljóst er að Rússar munu mótmæla þeirri stjórnun og raunverulegar heildarveiðar verða því líklega nálægt 30,000 tonnum.

Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin er áfram leiðandi meðal svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana að því er varðar vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins, s.s. kóralla. Á ársfundi nefndarinnar í nóvember 2017 var m.a. framlengd svæðalokun fyrir botnveiðarfæri á stórum svæðum á úthafinu. Sem fyrr er það stefna Íslands að ná samningum við hluteigandi þjóðir um heildarstjórn og skiptingu á hverjum og einum deilistofni sem Íslendingar eiga réttmæta kröfu á að nýta í samvinnu við aðrar þjóðir. Þar skulu höfð að leiðarljósi sanngjörn sjónarmið Íslands sem strandríkis og þjóðar með mikla sjávarútvegshagsmuni, auk sjálfbærni- og varúðarsjónarmiða.

Pórshöfn



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	222	0,5%
-------------------	-----	------

Vöruútflutningur	4.127	0,7%
Þjónustuútflutningur	2.305	0,4%

Vöruinnflutningur	2.664	0,4%
Þjónustuinnflutningur	2.766	0,7%

Fjölþjóðasamstarf		
-------------------	--	--

Starfsmenn	2,5	2,2%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir		
Staðarr. viðskiptaf.		
Aðrir staðarráðnir	1,5	

Kostnaður	44	1,7%
------------------	-----------	-------------

Aðalræðisskrifstofa í Pórshöfn: Mikilvæg samskipti í sjávarútvegsmálum.

Engin þjóð er Íslendingum skyldari en hin færeyska. Menning, saga og tunga Íslendinga og Færeyinga eru samtvinnuð og samskiptin hafa löngum verið nái. Aðalræðisskrifstofan var opnuð árið 2007 en kjöræðismaður hefur verið skipaður í Pórshöfn frá 1947. Auk útsends aðalræðismanns starfa nú tveir staðarráðnir starfsmenn. Helstu viðfangsefni sendiskrifstofunnar eru viðskiptamál, menningarmál, aðstoð við Íslendinga og íslensk fyrirtæki og ýmis pólitísk samskipti við stjórnvöld.

Ísland á í marghliða samskiptum við Færeyjar í gegnum Vestnorræna ráðið og Norðurlandaráð. Í Pórshöfn eru tvær vestnorrænar stofnanir, Norræna Atlantshafssamstarfið (*e. North Atlantic Cooperation, NORA*) og Ferðamálasamtök Norður-Atlantshafs (*e. North Atlantic Tourism Association, NATA*). Norðurlandahúsið í Pórshöfn rekur víðtæka menningarstarfsemi allt árið. Mikilvægir samningar Íslands við Færeyjar eru Hoyvíkursamningurinn frá 2005 sem er víðtækasti fríverslunarsamningur sem Ísland hefur gert, svo og árlegir fiskveiðisamningar sem hafa verið gerðir frá 1976.

Færeyjar voru 22. mikilvægasta viðskiptaland Íslands árið 2016. Ísland hefur meiri viðskipti við Færeyjar en t.d. Rússland, Indland, Brasilíu, Mexíkó, Suður-Kóreu, Finnland eða Austurríki. Meðalvelta vöru- og þjónustuviðskipta 2013-2016 var ISK 14,6 milljarðar á ári. Ýmsar blikur eru á lofti varðandi Hoyvíkursamninginn í kjölfar þess að Færeyingar samþykktu lög á síðasta ári sem banna erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi. Mörg íslensk fyrirtæki eru í Færeyjum og er töluverður áhugi meðal fyrirtækja á Íslandi til að auka viðskipti við Færeyjar. Aðalræðisskrifstofan aðstoðar þau við tengslamyndun og markaðsrannsóknir. Starfandi er færeyskt-íslenskt viðskiptaráð.

Sendiskrifstofan gætir menningarhagsmuna Íslands, miðlar og fræðir um íslenskan menningararf og samtímamenningu, skipuleggur eða tekur þátt í menningarviðburðum í samstarfi við menningarstofnanir og kynningarmiðstöðvar, er bakhjarl listafólks og annarra fulltrúa íslensks menningarlífs, kemur á tengslum og miðlar upplýsingum um listviðburði. Hátt í 200 Íslendingar búa í Færeyjum en margir fleiri hafa átt íslenskan ríkisborgararétt eða starfa hér tímabundið. Margir Færeyingar hafa starfað á Íslandi og eiga þar réttindi. Sendiskrifstofan aðstoðar Íslendinga og erlenda ferðamenn við ferðaskilríki. Flugferðir milli landana eru 2-3 á viku.

6.5.4. Líffræðileg fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja

Sameinuðu þjóðirnar hafa boðað til alþjóðlegrar ráðstefnu í september 2018 um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. *Conservation and Sustainable Use of Biodiversity of Areas Beyond National Jurisdiction*, BBNJ). Um er að ræða mjög víðtækt efnissvið því framtíðarsamningur um BBNJ mun snerta hafrétt, allar gerðir hafrannsóknna, umhverfismál, líffræðilega fjölbreytni, líftækni og erfðæfni í lífrænum auðlindum, einkaleyfarétt, o. m. fl. Ísland tók virkan þátt í starfi undirbúningsnefndar um þetta málefni sem lauk störfum í júlí 2017 og mun leggja mikla áherslu á fulla og virka þátttöku í ráðstefnunni.

6.5.6. Ráðherrafundur um bláa hagkerfið

„World Seafood Congress“ (WSC) fór fram í Reykjavík 11. – 13. september 2017. „Nýtt tækifæri fyrir höfin“ var yfyrskrift fundar innan ramma WSC hinn 12. september sem haldinn var í boði utanríkisráðuneytisins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, FAO og Matís. Þetta var í fyrsta sinn sem ráðstefnan var haldin á Norðurlöndum. Meginefni fundarins var 14. heimsmarkmiðið um hafið. Utanríkisráðherra flutti inngangsorð og sagði sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins vera meginatriði í utanríkisstefnunni. Einnig tók hann þátt í ráðherrafundi að lokinni WSC-ráðstefnunni með sendinefndum frá Banglades, Grænhöfðaejyjum, Costa Rica, Nígeríu, Malasíu, Kanada, Nova Scotia, Nýfundnalandi og Labrador, Prince Edwardeyju í Kanada, framkvæmdastjórn ESB, FAO, Alþjóðabankanum, Norrænu ráðherranefndinni, Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Iðnþróunarstofnun SP (UNIDO). Meginumræðuefni fundarins var hvernig vinna megi að framgangi bláa hagkerfisins og nýta á bestan hátt möguleika hafsins, auk þess að leiða saman sjávarútvegsráðherra frá ólíkum löndum.

Utanríkisráðherra lagði áherslu á tryggja sjálfbæra þróun efnahags- og viðskiptalífs á norðurslóðum í sátt við umhverfið á svæðinu í ávarpi á Hringborði norðurslóða (e. *Arctic Circle Assembly*) í Reykjavík í október 2017. Utanríkisráðherra lagði höfuðáherslu á að tryggja sjálfbæra og friðsamlega þróun á norðurslóðum á sama tíma og augu beindust í æ ríkari mæli að svæðinu. Gæta yrði að umhverfinu, óvíða væru áhrif loftslagsbreytinga sýnilegri en þar og að breytingarnar hefðu svo aftur áhrif um allan heim. Alþjóðleg samvinna ríkja væri lykillinn að því að takast á við þær.

6.6. Markmið og starfið framundan

Lögð verði áhersla á samþættingu loftslagsmála í utanríkisstefnunni og framkvæmd Parísarsamningsins. Tryggja hagsmuni Íslands varðandi sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, fjölþjóðlegum fundum og svæðasamstarfi.

7. ÞJÓÐRÉTTARMÁL

7.1. Samningar Íslands við erlend ríki

Frá því í maí 2017 hefur Ísland fullgilt, staðfest eða gerst aðili að þrettán samningum. Um er að ræða samning milli Íslands og Evrópusambandsins um vernd landfræðilegra merkinga landbúnaðarafurða; samning í formi bréfaskipta milli Evrópusambandsins og Íslands um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarafurðir; viðauka VI um varnir gegn loftmengun frá skipum 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978; viðbótarbókun við Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga, um rétt til þátttöku í málefnum sveitarstjórna; samnings um breytingar á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar (NEFCO); fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Georgíu; bókun við samþykkt um nauðungarvinnu 1930; samningsviðauka nr. 15 um breytingu á samningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis; samkomulag um breytingar á samningi frá 19. ágúst 1986 milli ríkisstjórnar Danmerkur, ásamt landsstjórnnum Færeyja og Grænlands, og ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að stofna norræna þróunarsjóð fyrir vestnorrænu löndin; samning milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Alþýðlýðveldisins Kína um undanþágu fyrir handhafa diplómátskra vegabréfa frá vegabréfsáritun til stuttrar dvalar; og samning milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinuðu arabísku furstadæmanna um upplýsingaskipti um skattamál; auk þeirra er verið að ganga frá fullgildingu ákvörðunar III/1, breyting á Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra; og staðfestingu samnings milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og

Konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs. Þá vinnur utanríkisráðuneytið, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgildingum, staðfestingu og aðild að ýmsum samningum við erlend ríki, sem munu öðlast gildi á árinu.

7.2. Hafréttarmál

Hafréttarmál hafa ávallt verið í öndvegi í utanríkisstefnu Íslands og hinir miklu sjávarútvegshagsmunir þjóðarinnar hafa kallað á öflugt fyrirvar í þeim málum, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Auk reglulegs starfs á sviði hafréttarmála, m.a. árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktun Sameinuðu þjóðanna, hefst haustið 2018 alþjóðleg ráðstefna um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. *Biodiversity Beyond National Jurisdiction*, BBNJ). Ísland tók virkan þátt í starfi undirbúningsnefndar um þetta málefni sem lauk störfum í júlí 2017 og mun leggja mikla áherslu á fulla og virka þátttöku í ráðstefnunni. Um er að ræða mjög víðtækt efnissvið, því að framtíðarsamningur um BBNJ mun snerta hafrétt, allar gerðir hafrannsóknna, umhverfismál, líffræðilega fjölbreytni, líftækni og erfðafni í lífrænum auðlindum, fiskveiðar, einkaleyfarétt, o.m.fl. Samráðshópur þriggja ráðuneyta hefur hingað til unnið að mótun stefnu um BBNJ og mun halda því áfram. Að auki verður sérstök samninganefnd skipuð til að sækja fundi ráðstefnunnar sem fyrirséð er að verði haldnir á næstu árum. Afstaða Íslands hefur verið sú að framtíðarsamningur um BBNJ eigi að laga sig að þeim alþjóðasamningum sem til staðar eru á þessu sviði, s.s. hafréttarsamningnum, úthafsveiðisamningnum, samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (e. *International Maritime Organisation*, IMO), o. fl. Hinn nýi BBNJ-samningur megi ekki víkja núgildandi samningum til hliðar eða taki yfir efni þeirra og þannig geti t.d. fiskveiðar ekki orðið hluti hins nýja samnings.

7.3. Landgrunnsból

Í mars 2016 afgreiddi landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna tillögu sínar vegna hluta-greinargerðar íslenskra stjórnvalda um ytri mörk íslenska landgrunnsins utan 200 sjómílna sem skilað var til nefndarinnar í apríl 2009. Náði greinargerðin annars vegar til Ægisdjúps í suðurhluta Síldarsmugunnar og hins vegar til vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar. Greinargerðin tók hvorki til hins umdeilda Hatton Rockall-svæðis, sem er hluti af íslenska landgrunninu, og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til, né austurhluta Reykjaneshryggjar sem skarast við það svæði. Greinargerðum um þessi svæði verður skilað síðar.

Í tillögu landgrunnsnefndarinnar varðandi Ægisdjúp var fallist á kröfur Íslands í samræmi við upprunalega greinargerð þar um. Hvað Reykjaneshrygg varðar féllst landgrunns-nefndin á þá punkta sem marka hinn svokallaða hlíðarfót sem grundvallar ytri mörk landgrunns-ins, innan 350 sjómílna frá grunnlínum, en ekki þá punkta sem liggja þar fyrir utan. Taldi nefndin að fyrirbyggjandi gögn væru ekki nægilega afgerandi (e. *inconclusive*) fyrir svæðið utan 350 sjómílna til stuðnings kröfum Íslands um að Reykjaneshryggurinn teljist náttúrulegur hluti landgrunnsins.

Niðurstaða landgrunnsnefndarinnar er sett fram í formi tillögu til stjórnvalda. Fallist stjórnvöld á tillögu nefndarinnar telst ákvörðun um ytri mörk á þeim grunni bindandi samkvæmt hafréttarsamningnum. Fallist stjórnvöld ekki á tillögu nefndarinnar gerir samningur-inn hins vegar ráð fyrir að stjórnvöld geti skilað endurskoðaðri greinargerð til nefndarinnar innan hæfilegs tíma.

Hvað Reykjaneshrygg varðar er nú unnið að framhaldi málsins fyrir suður- og vesturhluta hryggjarins á grundvelli hinnar vönduðu niðurstöðu undirnefndarinnar með það fyrir augum að styrkja röksemdir Íslands. Þá hefur um nokkurt skeið verið unnið að afmörkun landgrunns austurhluta Reykjaneshryggjar á grundvelli hins sameiginlega skilnings sem skapaðist með undirnefnd landgrunnsnefndarinnar með það að markmiði að gefa heildstæða mynd af öllu svæðinu.

Tillaga landgrunnsnefndarinnar um Ægisdjúp gerir íslenskum stjórnvöldum kleift, á grundvelli 76. gr. hafréttarsamningsins, að ákveða ytri mörk landgrunns-ins á því svæði á endanlegan og bindandi hátt í samræmi við tillögu nefndarinnar. Samhliða undirbúningi þess stendur yfir vinna við formlegan frágang samnings við Noreg og Danmörk/Færeyjar, sem hafa einnig tilkall til landgrunns á þessu svæði, um innbyrðis skiptingu þeirra réttinda. Unnið er að framhaldi málsins fyrir suður- og vesturhluta Reykjaneshryggjar með það fyrir augum að styrkja röksemdir Íslands. Þá er jafnframt unnið að afmörkun landgrunns austurhluta Reykjaneshryggjar.

7.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Ísland hefur frá upphafi verið meðal dyggustu stuðningsríkja Alþjóðlega sakamáladómstólsins og þeirra gilda sem hann stendur fyrir. Slíkur stuðningur hefur trúlega aldrei verið mikilvægari en nú, því að undanförunu hafa blikur verið á lofti í tengslum við starf dómstólsins. Hópur Afríkuríkja hefur verið mjög gagnrýninn á dómstólinn og starf hans. Þrjú Afríkuríki drógu m.a. aðild sína að dómstólnum nýverið til baka (eitt þeirra sneri þeirri ákvörðun síðar við), og Afríkusambandið kallaði á ársfundi sínum í febrúar 2017 eftir hópursögnum aðildarríkja sinna frá dómstólnum. Rússland hefur einnig verið gagnrýnið á dómstólinn vegna afstöðu saksóknara hans til átakanna á Krímskaga. Á aðildarríkjaráðstefnu dómstólsins í desember 2018 var ákveðið að virkja viðbótarlögsögu dómstólsins vegna glæpa gegn friði (*e. Crime of Aggression*) á 20 ára afmæli dómstólsins hinn 17. júlí 2018. Ísland er eitt þeirra 30 ríkja sem hefur fullgilt svokallaðar Kampala-breytingar sem viðbótarlögsagan byggir á. Ísland, líkt og önnur vinaríki dómstólsins, mun áfram styðja dómstólinn á allan hátt sem kostur er og leitast við að auka þátttöku sína í starfsemi dómstólsins.

7.5. Mannúðarréttur

Utanríkisráðuneytið fer með formennsku í landsnefnd um mannúðarrétt sem stofnuð var í samræmi við heit stjórnvalda og Rauða krossins á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins árið 2007. Hlutverk nefndarinnar er að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarrétti, vera vettvangur umræðna um alþjóðlegan mannúðarrétt og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd mannúðarréttar. Áfram hefur verið unnið að framkvæmd fjögurra sameiginlegra heita fyrir tímabilið 2016-2019 sem fulltrúar Rauða kross Íslands og íslenskra stjórnvalda skuldbundu sig til að vinna að með samkomulagi sem undirritað var í lok árs 2015. Voru heitin undirbúin af landsnefndinni undir forystu utanríkisráðuneytis. Í samkomulaginu samþykkti ríkisstjórnin að veita fimm milljónum kr. til að standast straum af kostnaði við framkvæmd heitanna. Heitin varða m.a. vernd flóttafólks frá átakasvæðum, aukna aðstoð við fórnarlömb mansals og ráðstafanir gegn fordómum gagnvart útlendingum og til að auðvelda þeim að laga sig að samfélaginu. Þá hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að innleiða refsíákvæði Genfarsáttmálanna og til að innleiða Kampala-breytingarnar á stofnsamþykktum Alþjóðlega sakamáladómstólsins um brot gegn friði.

7.6. Útflutningseftirlit

Íslandi er skylt að hafa eftirlit með vissum útflutningi á grundvelli ýmissa alþjóðaskuldbindinga. Stjórnsýslulega heyrir útflutningur undir utanríkisráðuneytið. Alþjóðaskuldbindingarnar grundvallast m.a. á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum frá árinu 1992, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að svokölluðum eftirlitskerfum. Ísland tekur þátt í þremur eftirlitskerfum: Ástralíuhópnum um efna- og lífefnavopn, Eftirlitskerfinu með flugskeytataekni (MTCR) og *Kjarnbirgjahópnum* (*e. Nuclear suppliers Group, NSG*). Þá hefur Ísland sótt um þátttöku í *Wassenaar*-fyrirkomulaginu frá 1995 sem fjallar um hefðbundin vopn og hluti með tvíþætt notagildi. Rússland hefur hingað til eitt ríkja lagst gegn þátttöku Íslands. Í flestum tilvikum er getið um leyfissskyldan útflutning á listum sem eru birtir á grundvelli laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010. Utanríkisráðherra veitir þrenns konar útflutningsleyfi, þ.e. einstök leyfi, almenn leyfi og heildarleyfi. Dæmi um leyfissskyldan útflutning frá Íslandi eru dvergkafbátar, einnig nefnd ómönnuð neðansjárvarför. Eftirlitskerfið um flugskeytataekni (MTCR) frá 1987 er óformlegt samstarf 35 ríkja, þ. á m. Bandaríkjanna og Rússlands sem Ísland gerðist aðili árið 1993. Aðildarríkin skiptast á að gegna formennsku. Ísland og Írland gegna saman formennsku í MTCR frá október 2017 til október 2018 og er þetta í fyrsta skipti sem ríkin gegna formennsku.

7.7. Þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 27 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka, vegna geryðingarvopna. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt gildandi lögum í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Þvingunaraðgerðir gagnvart Úkraínu hafa gilt frá mars 2014 vegna ólöglegra aðgerða Rússlands í austurhluta Úkraínu. Þessum aðgerðum er beitt af flestum ríkjum sem teljast til hóps Vesturlanda, m.a. af Bandaríkjunum, ESB og Kanada.

7.8. Iceland-málið á vettvangi EUIPO

Í nóvember 2016 var lögð inn krafa af hálfu íslenskra stjórnvalda, Íslandsstofu og Samtaka atvinnulífsins hjá Hugverkastofa ESB (e. *European Union Intellectual Property Office*, EUIPO) um ógildingú skráningar Iceland Foods Ltd. (IFL) á orðmerkinu „Iceland“ í Evrópusambandinu. Krafan byggist á því að um þekkt landfræðilegt heiti sé að ræða og merkið „Iceland“ sé almennt, sérkennalaust og hefði aldrei átt að fást skráð.

Ógilding á skráningu orðmerkisins „Iceland“ myndi gera íslenskum fyrirtækjum kleift að fá vörumerki fyrir vörur sínar og þjónustu skráðar í aðildarríkjum ESB utan Bretlands með tilvísun til upprunalands og njóta þeirrar verndar sem slíkri skráningu fylgir. Verði orðmerkið „Iceland“ metið óskráningarhæft innan ESB getur enginn einn aðili fengið einkarétt á orðinu. Íslensk fyrirtæki gætu þá notað vörumerki sem innihalda orðið „Iceland“ innan ESB ótalið.

Málið er enn til meðferðar hjá EUIPO. Afar mikilvægt er að leiða málið til lykta svo að það haldi til framtíðar í síbreytilegu og ófyrirsjáanlegu viðskiptaumhverfi. Frekari þróun málsins veltur einnig á styrkum almannatengslum og málflytningi stjórnvalda gagnvart erlendum fjölmiðlum. Af hálfu stjórnvalda fara með málið utanríkisráðuneytið, vegna tengingar við útflutningsverslun, og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið, vegna hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Íslensk stjórnvöld hafa vakið athygli annarra alþjóðastofnana, s.s. Evrópusambandsins og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (e. *World Intellectual Property Organization*, WIPO) á málinu.

7.9. Markmið og starfið framundan

Hagsmunagæsla á sviði þjóðréttarmála með víðtæku samstarfi við önnur ríki, ríkjasamtök og alþjóðastofnanir. Grundvallarstefna Íslands á sviði þjóðaréttar er að öll ríki virði þjóðarétt í samskiptum ríkja og gæti friðar og öryggis í samfélagi þjóðanna. Virk þátttaka í viðræðum um gerð samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ) og öðrum verkefnum á sviði hafréttar. Framundan eru umfangsmikil verkefni á sviði hafréttar sem geta varðað mikla hagsmuni á úthafinu og sjálfbæra nýtingu auðlinda þar.

Vinna að málefnum hafsins á grundvelli hafréttarsamningsins og samninga sem tengjast honum. Enn fremur áframhaldandi áhersla á rétt strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og að fiskveiðistjórnun sé ýmist staðbundin eða svæðisbundin en ekki hnattræn. Ábyrg fiskveiðistjórn Íslands og afrakstur hennar skapar Íslandi sterka stöðu til virkrar þátttöku í samningaviðræðum um varnir gegn stjórnlausum veiðum í Norður-Íshafinu og um líffræðilega fjölbreytni utan lögsögu ríkja.

Áframhaldandi og virk þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði þjóðaréttar, einkum á vettvangi SP og Alþjóðlega sakamáladómstólsins, með stuðningi við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, virðingu fyrir alþjóðlegum mannréttindum og mannúðarrétti, afvopnun og banni við gereyðingar- og ómannúðlegum vopnum og öðrum aðgerðum sem tryggt geta öryggi óbreyttra borgara.

8. PRÓTOKOLLMÁL

Prótókollskrifstofa annast réttindi og skyldur erlendra sendiskrifstofa á Íslandi. Þær eru núna 16 talsins og er búist við að þeim fjölgi innan skamms en stjórnvöld í Grænlandi fyrirhuga nú að opna sendiskrifstofu í Reykjavík. Stig sendiskrifstofu Póllands var hækkað um síðastliðin áramóti þegar pólsk stjórnvöld skipuðu sendiherra með aðsetur í Reykjavík en um nokkra ára skeið hafði sendifulltrúi stjórnað sendiráðinu.

Mikil vinna felst í að annast regluleg samskipti við erlendu sendiskrifstofurnar og þau rúmlega 115 erlendu sendiráð gagnvart Íslandi sem staðsett eru í erlendum höfuðborgum, einkallega í höfuðborgum Norðurlandanna. Þessi samskipti varða öll þau ríki sem Ísland er í stjórnmalasambandi við, þó einkum hin formlegu samskipti erlendra sendiráða við utanríkisráðuneytið og ýmis framkvæmdaatriði sem lúta að friðhelgisréttindum og úrlendisrétti erlendra sendiráða samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnmalasamband frá 1961. Allir sendiráðsstarfsmenn í sendiráðum gagnvart Íslandi eru skráðir í ritið *Diplomatic List and List of Honorary Consuls in Iceland* sem prótókollskrifstofa annast árlega. Í henni eru hagnýtar upplýsingar um erlend sendiráð gagnvart Íslandi. Sinna þarf ýmis konar fyrirgreiðslu vegna búsetu erlendra sendiráðsmanna á Íslandi, þ.m.t. að útvega dvalarleyfi á Íslandi, atvinnuleyfi maka diplómata og gefa út diplómata skírteini.

Ýmis konar starf hlýst af réttindum sendiráðsstarfsmanna, eins og skattaundanþágum á vörum samkvæmt reglum.

Á síðustu mánuðum hafa 14 nýir sendiherrar erlendra ríkja afhent trúnaðarbréf sín hjá forseta Íslands. Próköllskrifstofan annast framkvæmdaatriði í samvinnu við forsetaskrifstofu vegna erlendra sendiherra, sem afhenda forseta Íslands trúnaðarbréf, en slíkar afhendingar eru einnig um 36 á ári. Skrifstofan skipuleggur einnig dagskrá fyrir nýja sendiherra þegar þeir koma til að afhenda trúnaðarbréf og í kveðjuheimsóknir.

Skrifstofan er einnig til ráðgjafar um val ræðismanna erlendra ríkja á Íslandi og annast viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á skipun kjöræðismanna á Íslandi. Skrifstofan annast regluleg samskipti við kjöræðismenn 56 ríkja á Íslandi og félag þeirra. Kjöræðismenn erlendra ríkja eru skráðir í handbókina *Diplomatic List* og upplýsingar um þá. Grundvöllur starfs kjöræðismanna er Vínarsamningurinn um ræðissamband frá 1963.

Auk almennra prótókollmála og þjónustu vegna erlendra sendiskrifstofa, fellur deild kjöræðismála undir prótókollskrifstofu en gerð er grein fyrir starfsemi hennar í kafla um utanríkisþjónustu til framtíðar.

9. UPPLÝSINGAR- OG GREININGARMÁL

9.1. Greiningarstarf

Í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* eru fjölmargar tillögur gerðar til að skerpa á upplýsingamiðlun, bæði innan ráðuneytis og stjórnarráðsins alls, sem og út á við. Deild upplýsingamála hefur verið færð undir nýja skrifstofu ráðuneytisstjóra og henni ætlað að hafa umsjón með ýmissi greiningarvinnu á vegum ráðuneytisins. Með aukinni áherslu á greiningu upplýsinga og miðlun þeirra til viðskiptalífs og almennings er takmarkið að nýta betur þá þekkingu sem utanríkisþjónustan býr yfir og skerpa á utanríkisstefnunni. Meðal slíkra greiningarverkefna er skýrsla um skref í átt að bættri framkvæmd EES-samningsins og yfirstandandi greining á stöðu Íslands á Rússlandsmarkaði í tengslum við innflutningsbann Rússlands, og áætlanir Kínverja um nýja Silkileið sem kennd er við Belti og braut. Þá verður upplýsingum um árangur íslenskrar þróunarsamvinnu miðlað til almennings í enn meira mæli en gert hefur verið sem og upplýsingum um stefnu stjórnvalda um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

9.2. Upplýsingamiðlun

Á síðasta áratug hefur áhugi á Íslandi erlendis aukist mikið eins og fjölgun ferðamanna ber vott um. Í mörgum tilfellum er utanríkisþjónustan fyrsti snertiflötur ríkisborgara annarra landa, erlendra fjölmiðla, fyrirtækja og stofnana sem óska eftir upplýsingum. Því þarf að efla þverlæga upplýsingamiðlun utanríkisþjónustunnar, bæði í ráðuneytinu og sendiskrifstofum, samfara hinni öru þróun samfélagsmiðla. Ímynd Íslands á alþjóðavettvangi er jákvæð og því þarf að vakta mál sem geta laskað ímynd landsins og hafa getu til að bregðast við hvers konar áskorunum með virkum hætti.

Utanríkisráðuneytið miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum er tengjast stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi og stefnumiðum stjórnvalda, sem og að efla skilning almennings á hlutverki utanríkisþjónustunnar. Einnig miðlar utanríkisþjónustan upplýsingum um sértæk málefni til fjölda innlendra og erlendra fyrirspyrjenda, auk þess sem utanríkisráðuneytinu ber rík skylda til að upplýsa Alþingi. Þá gegnir upplýsingamiðlunin lykilhlutverki í sambandi við borgarþjónustuna og vegna viðbúnaðar við hættuástandi.

Upplýsingamiðlun utanríkisþjónustunnar miðar að því að styrkja stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi ásamt því að miðla almennum upplýsingum um starfsemi utanríkisþjónustunnar og efla skilning á hlutverki hennar. Viðfangsefnin eru mörg og ólík og tengjast öllum störfum utanríkisþjónustunnar. Sem dæmi má nefna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, öryggis- og varnarmál á Norður-Atlantshafi, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, áherslur Íslands í þróunarsamvinnu og mannréttinda- og jafnréttismálum. Utanríkisþjónustan miðlar einnig upplýsingum um sértæk málefni til fyrirspyrjenda, hvort sem það eru innlendir eða erlendir fjölmiðlar eða almenningur.

Á hverju ári berast utanríkisráðherra, ráðuneytinu og sendiskrifstofum hundruð fyrirspurna og viðtalsbeiðna um hvaðeina tengt utanríkismálum og erlendum samskiptum sem starfsfólk ráðuneytisins vinnur úr. Fyrirspurnum hefur fjölgað á undanförunum árum samhliða aukinni virkni á samfélagsmiðlum. Í

hverjum mánuði berast ráðuneytinu á bilinu 50 - 100 slíkar fyrirspurnir sem flestar varða borgarþjónustu, ferðalög og vegabréfsáritanir. Þá beitir ráðuneytið upplýsingamiðlum sínum og tengslaneti ef hættuástand skapast erlendis, t. a. m. í kjölfar náttúruhamfara eða hryðjuverka, með það að höfuðmarkmiði að tryggja öryggi Íslendinga og veita nákvæmar upplýsingar fljótt og örugglega.

Þá ber utanríkisráðuneytinu rík skylda til að miðla upplýsingum til Alþingis í formi skýrslugjafar, svara fyrirspurnum þingmanna eða miðla upplýsingaefni til þingnefnda. Undir þennan flokk fellur einnig upplýsingamiðlun til borgarasamtaka, nemenda og annarra hópa sem biðja um kynningu á starfsemi utanríkisráðuneytisins. Ráðherra svarar bæði formlegum og óundirbúnum fyrirspurnum um ýmis málefni, auk þess sem hann og embættismenn mæta reglulega á fundi utanríkismálanefndar. Nú þegar er hafin vinna innan stjórnarráðsins þar sem unnið verður að samræmdu útliti kynningarefnis ráðuneyta og samræmdri upplýsingastefnu.

Helstu aðgerðir síðustu misseri til að bæta þjónustuna fela m. a. í sér aukið samráð og samstarf við önnur lykilorðuneyti og stofnanir í málefnum er varðar stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi og eflingu upplýsingamiðlunar í tengslum við borgarþjónustuverkefni utanríkisráðuneytisins. Aukin áhersla er á að miðla efni til almennings á störfum utanríkisþjónustunnar og hlutverki hennar. Miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum.

Sérstök áhersla er lögð á að miðla upplýsingum til almennings um þróunarsamvinnu Íslands. Á stjórnarráðsvefnum og á sérstökum vef um þróunarsamvinnu, www.iceida.is, er að finna fræðslu um málaflokkinn í heild, tvíhliða og fjölþjóða þróunarsamvinnu, mannúðarmál og samstarf við borgarasamtök en til stendur að sameina þessa vefi. Á vefnum eru birtar fréttir, greinar, kvikmyndabrot, skýrslur, verkefna- og úttektarskjöl og þar er gagnagrunnur um öll íslensk þróunarverkefni sem unnin hafa verið. Einnig er á vefnum sérstakt svæði með efni úr *Heimsljósi*, vefúmariti ráðuneytisins um þróunar- og mannúðarmál, og annað svæði helgað heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. *Heimsljós* kemur út flestar vikur ársins og fjallar jöfnum höndum um það helsta sem er að gerast á heimsvísu í málaflokknum með áherslu á umfjöllun um verkefni sem unnin eru fyrir íslenskt þróunarfé í samstarfslöndunum eða á vegum fjölþjóðastofnana.

Við upplýsingagjöf og fræðslustarf kappkostar ráðuneytið að eiga samstarf við borgarasamtök og einkum landsnefndir stofnana Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, UN Women og Félag Sameinuðu þjóðanna, en um árábil hefur ráðuneytið fjárhagslega stutt við bakið á öflugum fræðslu- og kynningarstarfi landsnefndanna. Enn fremur veitir ráðuneytið sérstaka kynningarstyrki til íslenskra borgarasamtaka sem vinna að verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarmála.

9.3. Markmið og starfið framundan

Átak í að efla kynningu helstu hagsmunamála Íslands á alþjóðavettvangi og nýta til þess m.a. fullveldisafmæli og heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu. Aukið samstarf innan stjórnarráðsins við að miðla upplýsingum á alþjóðavettvangi og styrkur samfélagsmiðla nýttur. Sérstakt átak verður gert í notkun samfélagsmiðla sendiskrifstofanna sem eru einstakt tæki til að ná til fjölda Íslendinga sem búsettir eru erlendis, almennings jafnt á Íslandi sem og í gistiríkjum þeirra. Allar sendiskrifstofur nota nú þegar Facebook eða Weibo og langflestar nýta Twitter. Stefnt er að því að allar sendiskrifstofur nýti Twitter með reglubundnum hætti fyrir lok árs enda er sá miðill best til þess fallinn að tengjast lykilaðilum í gistiríkjunum og taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi.

Eflid verður upplýsingamiðlun í tengslum við borgarþjónustuverkefni í ljósi reynslu af viðbrögðum við hryðjuverkaárásum erlendis og mikils fjölda Íslendinga á erlendri grundu. Verður það t.a.m. gert með virkari framsetningu ferðaviðvarana í samstarfi við grannríki á Norðurlöndum. Aukin áhersla á greiningu upplýsinga og miðlun þeirra til viðskiptalífs og almennings til að nýta betur þá þekkingu sem utanríkisþjónustan býr yfir og skerpa á utanríkisstefnunni.

Í skýrslu stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar er lagt til að "*Gerð verði gangskör að aukinni upplýsingamiðlun hérlendis og erlendis um tilgang tilhögun og árangur í íslenskri þróunarsamvinnu*". Í takt við tillöguna er stefnt að auknum sýnileika þróunarsamvinnu Íslands og þess árangurs sem náðst hefur. Auk þess hefur verið ráðinn sérstakur upplýsingafulltrúi á sviði heimsmarkaða Sameinuðu þjóðanna sem mun þróa og vinna upplýsingaefni til að auka meðvitund og skilning á heimsmarkmiðunum og huga sérstaklega að samþættingu þeirra við starfsemi Stjórnarráðsins.

9.4. Skjalasafn utanríkisþjónustunnar

Í utanríkisþjónustunni, þar sem fimmti hver starfsmaður byrjar starf á nýrri starfsstöð á hverju ári er góð skjalastjórn ómissandi. Í skjalasafni eru upplýsingar um stefnu, samninga, aðgerðir og verkefni Íslands og annarra ríkja í hundruðum málaflokka. Þar finna starfsmenn fordæmi um verklag sem nauðsynlegt er í hinu formlega vinnuumhverfi diplómata. Útsendum starfsmönnum á sendiskrifstofum hefur fækkað mikið á undanförunum árum. Um leið hefur skjalasafn ráðuneytisins tekið að sér verkefni við skjalastjórn sem áður voru unnin í sendiskrifstofum.

Á einu ári bætast í skjalasafn utanríkisþjónustunnar rúmlega hundrað þúsund skjöl. Hvert þeirra þarf að skrá á skipulegan hátt og varðveita þannig að þau séu aðgengileg skv. 23. laga um opinber skjalasöfn. Skjalasafnið er nú rafrænt en mikið starf er enn óunnið við frágang pappírsskjalasafna fyrri ára. Meðal skjalanna eru frumrit milliríkjasaminga, minnisblöð fyrir ákvarðanir, frásagnir og fundargerðir af fundum ráðherra, embættismanna og sendinefnda, auk tugþúsunda móttækinda erinda, formlegra og óformlegra.

Helstu verkefni skjalasafns: Móttaka, flokkun og skráning erinda sem berast. Frágangur og skráning varðveislusafna. Leitir í skjalasöfnum um utanríkismál og öðrum gagnasöfnum fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Leit að skjölum sem óskað er eftir aðgangi að með vísan til upplýsingalaga. Gerð verklagsreglna og leiðbeininga til starfsmanna um skjalastjórn og notkun skjalavistunarkerfa.

Árið 1997 var tekið í notkun skjala- og verkefnastjórnunarkerfi sem hefur verið notað samfellt síðan með fjórum stórum uppfærslum. Kerfið stenst ekki lengur kröfur um vinnuástöðu starfsmanna. Unnið er að vali á nýju kerfi sem allt stjórnarráðið mun taka í notkun á árinu.

Helstu aðgerðir síðustu misseri til að bæta þjónustuna: Málaskrá ráðuneytisins gerð að rafrænu skjalavistunarkerfi í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns. Vistun skjala á pappírformi að mestu óþörf og húsnæði sendiskrifstofa nýtist betur. Verkefni við frágang skjala flutt úr sendiskrifstofum til ráðuneytisins. Tími starfsmanna í sendiskrifstofum nýtist betur. Verkferlar hafa verið settir upp í Málaskrá ráðuneytisins til að auðvelda starfsmönnum yfirsýn yfir stöðu verkefna.

Skjölum sem borist hafa undanfarin þrjú ár verður skilað til Þjóðskjalasafns á rafrænu formi. En utanríkisráðuneytið varðveitir á pappírformi skjöl sem urðu til fyrir þann tíma, allt til ársloka 2014. Á næstu árum eykst umfang pappírsskjala mjög hratt eftir því sem þau berast úr sendiskrifstofum, en minnkar svo smám saman allt til ársins 2045 þegar síðustu skjölin verða afhent Þjóðskjalasafni. Þegar umfangið er mest, verður þörf fyrir 300 fermetra húsnæði. Þrír af starfsmönnum skjalasafns ráðuneytisins vinna á Sauðárkróki en frágengin skjöl eru varðveitt í leigugeymslum í Reykjavík.

9.5. Markmið og starfið fram undan

Á þessu ári er stefnt að því að ganga frá 250 hillumetrum af skjölum sendiskrifstofa til varðveislu til frambúðar. Stærsta verkefni ársins á skjalasafni verður þegar tekið verður í notkun nýtt skjalastjórnar- og verkefnastjórnunarkerfi. Því fylgir mikil þjálfun, bæði fyrir starfsmenn og aðra starfsmenn í ráðuneytinu og sendiskrifstofum. Flytja þarf hundruð þúsunda skjala milli kerfanna og setja upp tugi verkferla með skilgreiningum á ábyrgð, flæði og samskiptum. Markmiðið er að skapa starfsmönnum utanríkisþjónustunnar betra rafrænt vinnuumhverfi, þar sem þeir geti sinnt verkefnum sínum fjarri skrifstofu. Um leið verði öryggi skjala tryggt, sem og skipuleg skráning og varðveisla.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR: I. UTANRÍKISÞJÓNUSTA OG STJÓRNSÝSLA UTANRÍKISMÁLA

Nr.	Markmið	HM	SR	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
1	Að standa betur vörð um hag íslenskra ríkisborgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.	16	X	Hlutfall þeirra sem leita til borgaraþjónustunnar og eru ánægðir með þjónustuna.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
				Hversu regluleg og góð upplýsingamiðlun er um öryggi á ferðalögum erlendis, m.a. á samskiptamiðlum.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
				Hversu vel viðbrögð við neyðarástandi erlendis eru samræmd með öðrum Norðurlöndum og viðbragsaðilum innanlands.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
2	Að standa betur vörð um grunngildi utanríkisstefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra og sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.	1-17	186	Hversu vel utanríkisþjónustan nýtir þau tækifæri sem gefast til að tala fyrir grunngildum í utanríkisstefnu Íslands.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
				Hversu mikið er tekið mið af grunngildum í utanríkisstefnu Íslands í alþjóðlegu og svæðis-bundnu samstarfi.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
3	Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda.	7 14 15	186	Hversu vel utanríkisþjónustan nýtir þau tækifæri sem gefast í tvíhliða og marghliða samskiptum til að vekja athygli á hagsmunum Íslands.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
				Hversu vel er tekið mið af sjónarmiðum Íslands í alþjóðlegu og svæðis-bundnu samstarfi.	Utanríkisráðuneytið er að skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		

Nr.	Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili
1	1	Tryggja að útsendir og staðarráðnir starfsmenn fái fræðslu og þjálfun varðandi borgaraþjónustumál.	2018-2023	UTN
2	1	Hefja undirbúning fyrir móttöku umsókna fyrir vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands í London, Washington og Nýju-Delí.	2019-2021	UTN
3	1	Auka virkni sendiskrifstofa á samfélags-miðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.	2017-2020	UTN
4	2 3	Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og svæðabundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og stjórnarráðsins alls.	2017-2023	UTN
5	2	Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði, sbr. t.d. rakarastofuviðburði, og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga.	2017-2021	UTN
6	2	Tryggja virka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskauts-ráðsins og standa vel að formennsku í norrænu samstarfi (N5+NB8) 2019 og Norðurskautsráðinu 2019-2021.	2017-2021	UTN
7	3	Tryggja hagsmuni Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðasamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagråduneyti.	2017-2019	UTN
8	3	Tryggja hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftlagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgða í loftslagsmálum.	2017-2019	UTN
9	1 2 3	Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	2017-2021	UTN


II. UTANRÍKISVIÐSKIPTI

1. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU (BREXIT)

1.1. Almenn

Frá því að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu Breta um að ganga út úr Evrópusambandinu (Brexit) lágu fyrir hefur Brexit verið eitt helsta forgangsmál utanríkisþjónustunnar, enda afar brýnt að tryggja Íslandi sömu eða betri viðskiptakjör við Bretland eftir útgöngu þeirra úr ESB. Á næstu misserum verður skorið úr um hvernig Bretar munu haga utanríkisviðskiptum sínum þegar þeir semja um fríverslun á alþjóðavettvangi á eigin spýtur, og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að vera reiðubúin til samningaviðræðna allt frá fyrsta degi. Náðst hefur umtalsverður árangur við að efla bæði skilning og áhuga innan breska stjórnkerfisins um að fríverslun og aukið samstarf milli ríkjanna, þegar Bretar hafa gengið úr ESB og EES, sé hagfelld og þjóni sameiginlegum hagsmunum ríkjanna beggja. Breska ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á aukna hnattræna fríverslun í kjölfar þess að Bretar gangi úr ESB og ríma þessi stefnumið breskra stjórnvalda vel við utanríkisviðskiptastefnu Íslands og aukna áherslu á alþjóðlega fríverslun og sókn á nýmarkaði.

Lundúnir



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	2.345	5,1%
-------------------	-------	------

Vöruútflutningur	72.687	11,6%
Þjónustuútflutningur	61.279	10,7%

Vöruinnflutningur	35.252	5,0%
Þjónustuinnflutningur	65.801	17,7%

Fjölþjóðasamstarf	IMO
-------------------	-----

Starfsmenn	7	6,1%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. Viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	

Kostnaður	158	6,2%
------------------	-----	------

Sendiráð í Lundúnum: Brexit meginverkefnið framundan.

Á síðustu áratugum hafa samskipti og samstarf Íslands og Bretlands aukist jafnt og þétt. Ríkin hafa með sér reglulegt samráð um viðskipti, fiskveiðar, utanríkis- og öryggismál, auk menningar- og menntamála. Með útgöngu Bretlands úr ESB er komið að kaflaskiptum í starfi sendiráðsins og hefur starf að Brexit-málum verið fyrirferðarmikið. Í sendiráðinu starfa nú fjórir útsendir starfsmenn og fjórir staðarráðnir. Sendiráðið er til húsa í sömu byggingu og danska sendiráðið. Önnur umdæmislönd eru Írland, Jórdanía, Katar, og Malta.

Fjöldi Íslendinga sækir menntun sína til Bretlands og íslensk fyrirtæki koma vörum og þjónustu á breskan markað, samhliða því að nota Bretland sem viðskiptagátt að umheiminum. Á síðasta ári sóttu rúmlega 320 þúsund breskir ríkisborgarar Ísland heim. Að meðaltali voru 78 flugferðir á viku til Bretlands yfir sumartímamann og 125 yfir vetrartímamann, en Íslandsferðir eru vinsælli meðal Breta yfir vetrarmánuðina og dregur það verulega úr árstíðarsveiflum íslenskrar ferðaþjónustu. Meginmarkmið íslenskra stjórnvalda nú er að tryggja sama greiða aðgang að Bretlandsmarkaði og áður, enda einn mikilvægasti markaður íslensks varnings og þjónustu. Bresk stjórnvöld hyggjast verða málsvarar fríverslunar eftir útgöngu úr ESB og felast í því ýmis tækifæri til að móta samskiptin á nýjum grunni. Þetta er og verður eitt meginverkefni sendiráðsins á næstu misserum og árum.


Aukið vægi öryggismála á Norður-Atlantshafi gefur tilefni til þess að huga frekar að tvíhliða samstarfi ríkjanna á þeim vettvangi, m.a. hvað varðar aukna umferð og athafnasemi á hafsvæðum ríkjanna. Um leið þarf að tryggja öryggi sjófarenda og viðbragðsgetu vegna björgunar á hafsvæðunum. Bæði ríkin taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í innanríkisöryggismálum og er litið til samlegðar í aukinni samvinnu ríkjanna í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, hryðjuverkum og netöryggismálum. Viðvarandi hryðjuverkaógn endurspeglar mikilvægi náinnar samvinnu við bresk dóms- og lögregluþyriföld.

Ein grunnstoðin í starfsemi sendiráðsins er borgarþjónusta og ávallt er gert ráð fyrir að hægt sé að bregðast við neyðartilvikum, allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þá veitir sendiráðið góða aðstoð og þjónustu við íslenska ríkisborgara, m.a. við útgáfu vegabréfa, utankjörfundaatkvæðagreiðslu, próftökur, veikindi og slyss og réttarfarsleg mál. Öflugur vöxtur og viðgangur hefur einkennt sókn íslenskrar menningar í Bretlandi og öðrum umdæmisríkjum síðustu misseri og hefur sendiráðið stutt við hana, m.a. með bókarkynningum, list- og hönnunarsýningum og tónlistarviðburðum. Afar umfangsmikilli menningarhátíð, „Nordic Matters“, á vegum Norðurlandasendiráðanna og stærstu menningarmidstöðvar Evrópu, *Southbank Centre*, lauk í upphafi þessa árs en 3.1 milljón gesta heimsótti miðstöðina 2017. Tugir íslenskra listamanna tóku þátt í hátíðinni.

Frá júní 2016 hefur Brexit-stefna íslenskra stjórnvalda grundvallast á þremur skýrum sviðsmyndum. Í fyrsta lagi að stefnt verði að gerð vísitæks og alhliða efnahags- og samstarfssamnings við Bretland sem undirstrikar nán tengsl landanna á helstu sviðum utanríkismála og utanríkisviðskipta. Í öðru lagi að EFTA-ríkin fjögur (Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss) eða EFTA-ríkin þrjú innan EES (EFTA-ríkin utan Sviss) semji í sameiningu við Bretland, þegar það á við, og að þeir samningar samræmist hagsmunum Íslands. Þriðja sviðsmyndin er að samningur Íslands við Bretland taki mið af samningum ESB og Bretlands um fyrirkomulag milliríkjaviðskipta, ef það samræmist markmiðum og hagsmunum Íslands.

Bretland er meðal mikilvægustu markaða fyrir íslenskar útflutningsvörur, yfir 2000 Íslendingar búa á Bretlandseyjum og Bretar eru annar fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi, svo að fátt eitt sé nefnt. Það er því forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda að tryggja að tengsl Íslands og Bretlands verði áfram sterk og að íslenskir aðilar hafi greiðan aðgang að Bretlandi og breskum mörkuðum, eins og þeir njóta í dag í krafti EES-samningsins og annarra samninga Íslands við ESB. Enn fremur verður horft til þess að bæta aðgang að breskum mörkuðum, þar sem þess er kostur. Þá er mikilvægt að huga að réttindum íslenskra borgara sem búa á Bretlandseyjum.

Mynd 6: Vægi Bretlands í heildarútflytningi eftir vöruflokki 2015 í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Í grófum dráttum má segja að verkefni íslenskra stjórnvalda sé tvíþætt. Annars vegar að tryggja virkni samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) á fyrstu misserunum eftir útgöngu Bretlands sem í daglegu tali nefnist bráðabirgðatímabilið eða aðlögunartímabilið. Um leið og Bretar ganga úr Evrópusambandinu ganga þeir úr EES. Það eru því sameiginlegir hagsmunir Íslands og hinna EES-/EFTA-ríkjanna, Noregs og Liechtenstein, að tryggja hagfelldt samkomulag um aðkomu að samningi Bretlands og Evrópusambandsins um tilhögun bráðabirgðatímabilsins sem staðfest var á leiðtogafundi ESB 23. mars síðastliðinn. Hitt meginverkefnið er að tryggja framtíðarhagsmuni þjóðarbúsins í vísitækum efnahags- og viðskiptasamningi við Bretland eftir að bráðabirgðatímabilinu lýkur. Hafa íslensk stjórnvöld tekið frumkvæði hvað slíkan framtíðarsamning varðar.

1.2. Fyrsti fasi og bráðabirgðatímabilið

Tryggja þarf sem minnsta röskun í samskiptum við Bretland, einkum á þeim sviðum sem heyra undir EES-samninginn. Hagsmunagæsla Íslands á bráðabirgðatímabilinu svokallaða, þ.e. fyrstu misserin eftir að Bretland gengur formlega úr Evrópusambandinu, er afmörkuð í tíma og er samofin hagsmunum annarra EES-/EFTA-ríkja. Formleg útganga Breta úr Sambandinu verður 29. mars 2019, og munu Bretar þá jafnframt ganga úr EES. Fyrirferðarmesta verkefni bráðabirgðatímabilsins er að viðhalda virkni innri markaðarins á þessu 20 mánaða tímabili, sem líða mun frá formlegri útgöngu til 31. desember 2020. Á síðustu misserum

hefur utanríkisþjónustan fylgst grannt með þróun mála í viðræðum Breta og Evrópusambandsins um bráðabirgðafyrirkomulag og meginforsendur útgöngusamnings og hefur átt náið samráð við bresk stjórnvöld, fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja þess, auk virks samráðs við EES-/EFTA-ríkin. Meginmarkmið þeirrar hagsmunagæslu hefur verið að EES-samningurinn geti virkað snurdulaust og að hagsmunir EES-/EFTA-ríkjanna á innri markaðinum verði ekki fyrir borð bornir í útfærslu bráðabirgðasamkomulags Breta og ESB. Var efnt til þó nokkurs átaks í því skyni að kynna sameiginlega afstöðu EES-/EFTA-ríkjanna um að tryggja aðkomu og hagsmuni Íslands í tengslum við útgöngusamninginn í ljósi þess að samningaviðræður fara fram á grundvelli 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandsins sem útilokar að gildissvið útgöngusamningsins nái til þriðju ríkja. Hvað hagsmuni Íslands varðar eru meginatriðin í niðurstöðu leiðtogaáráðs ESB frá 23. mars þau að Bretland verður bundið af löggjöf ESB, þ.m.t. alþjóðsamningum, til 31. desember 2020 með sama hætti og það væri aðildarríki. Bretland tekur hins vegar ekki þátt í ákvarðanatöku og kemur einungis að framkvæmd eða undirbúningi ákvarðana þar sem þær varða Bretland beint. Í öðru lagi mun ESB tilkynna þeim ríkjum sem eiga alþjóðasamninga við ESB að á bráðabirgðatímabilinu skuli meðhöndla Bretland með sama hætti og það væri aðildarríki ESB og með því er lagður grunnur að því að EES-samningurinn gildi óbreyttur frá lokum mars 2019 til ársloka 2020. Í þriðja lagi var komist að samkomulagi um það að á bráðabirgðatímabilinu getur Bretland samið um, undirritað og staðfest alþjóðasamninga á sviðum sem annars falla innan valdheimilda ESB (þ.m.t. fríverslunarsamninga), að því gefnu að þeir samningar taki ekki gildi eða verði beitt fyrr en eftir að bráðabirgðatímabilinu lýkur. Slíkir samningar geti þó tekið gildi á bráðabirgðatímabilinu ef ESB veitir sérstaka heimild til þess. Og í fjórða lagi munu borgarar njóta áfram réttar til frjálsrar farar á bráðabirgðatímabilinu og viðmiðunardagsetning vegna réttar til áframhaldandi dvalar verður 31. desember 2020.

Þegar kemur að aðskilnaðarsamningnum milli ESB og Bretlands hafa öll EFTA-ríkin innan EES (Ísland, Liechtenstein og Noregur) áþekka hagsmuni og eru það því sameiginlegir hagsmunir þeirra að hið sama eða svipað gildi fyrir þau og það sem gilda mun eftir samninga milli Bretlands og ESB varðandi útgöngu, enda löggjöfin, sem semja þarf, að hluta til hin sama. Með þeirri ráðstöfun að Bretland slítur sig frá innri markaði ESB, rýfur það einnig tengsl sín við innri markaðinn varðandi EFTA-ríkin. Því er rökrétt að sömu uppgjörsreglur, varðandi t.d. réttindi borgaranna, frjálst flæði vöru, o.fl., gildi með líkum hætti annars vegar milli Bretlands og ESB og hins vegar milli Bretlands og EFTA-ríkjanna. Eðli málsins samkvæmt eru þó fleiri málaflokkar undir að því er snertir skilnað Bretlands við aðildarríki ESB heldur en aðskilnaðinn við EES-/EFTA-ríkin, þar eð mun fleiri málaflokkar eru til grundvallar samkvæmt stofnsáttmálum ESB heldur en samkvæmt EES-samningnum. Þótt hagsmunir EES-/EFTA-ríkjanna séu svipaðir varðandi skilnaðarsamninginn kann að gegna öðru máli hvað varðar samning um framtíðarfyrirkomulag hvers og eins EES-EFTA-ríkisins við Bretland, þar sem áherslur EFTA-ríkjanna kunna að vera mismunandi.


1.3. Framtíðarfyrirkomulag í öðrum fasa


Framtíðarfyrirkomulag viðskipta Bretlands og Íslands er hitt meginverkefnið í hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda í málefnum Brexit, enda afar mikilvægt að vel takist til við að skapa traustan ramma utan um efnahagsleg samskipti ríkjanna. Hefur utanríkisráðuneytið að undanförmu tekið mikið frumkvæði í því að ræða framtíðarmálin, bæði gagnvart breskum stjórnvöldum og einnig gagnvart hinum EFTA-ríkjunum. Síðustu mánuði hafa átt sér stað viðræður við Breta um grundvallarforsendur framtíðarfyrirkomulags á fríverslun Breta og Íslendinga samhliða nánara pólitísku og efnahagslegu samstarfi eftir útgöngu Bretlands úr ESB. Ísland stefnir að því að slíkur fríverslunarsamningur byggji ofan á það viðskiptafrelsi sem Ísland nýtur á vettvangi EES og er m.a. horft til fulls afnáms tolla á sjávarafurðum. Utanríkisráðherra hefur reifað stefnumið Íslands í þessa veru á fundum sínum með breskum ráðherrum, auk þess að ræða þessi mál við ráðherra EFTA-ríkjanna.

Málefni framtíðarfyrirkomulags eru enn sem komið er að mestu í tvíhliða ferli á milli Íslands og Bretlands. Eftir því sem mál þokast áfram og línur skýrast verður unnt að meta hvort æskilegt sé að EFTA-ríkin semji í sameiningu eða hvort taka skuli mið af samningum ESB og Bretlands þegar það á við. Formlegar samningaviðræður um slíkan samning munu að öllum líkindum ekki geta hafist fyrr en á fyrirhuguðu bráðabirgðatímabili eftir útgöngu Bretlands úr ESB í lok mars 2019. Bresk stjórnvöld hafa lagt mikla vinnu í að greina viðskiptahagsmuni sína og forgangsraða þeim ríkjum og ríkjahópum sem samningaviðræður munu hefjast við á bráðabirgðatímabilinu. Mikið er í húfi fyrir Ísland að vera ofarlega á þeim forgangslista.

Mynd 7:

Tímalína Brexit og mismunandi verkþættir





1.4. Skipulag Brexit-vinnunnar

Mikil vinna hefur þegar átt sér stað við undirbúning og forgangsöröðun Brexit-viðræðna. Í ársbyrjun 2017 var skipaður Brexit-stýrihópur utanríkisráðuneytisins, sem og fimm vinnuhópar til að skilgreina markmið Íslands fyrir framtíðarviðræður við Bretland. Í nóvember 2017 var birt viðamikil skýrsla sem byggði á þessu starfi og greindi hagsmuni Íslands við útgöngu Breta úr EES samhliða útgöngu þeirra úr ESB. Þá hafa vinnuhóparnir haldið áfram greiningarvinnu sinni sem miðar að því að skila helstu markmiðum og forgangsöröðun sammingsatriða þegar kemur að fyrirkomulagi framtíðarviðskipta Íslands og Bretlands. Hafa vinnuhóparnir átt samráð við fulltrúa ólíkra atvinnugreina við að kortleggja stöðuna og skilgreina sammingsmarkmið Íslands. Einnig þarf sífellt að endurmeta markmið Íslands í ljósi framvindu viðræðna á milli Bretlands og ESB. Ef marka má yfirlýsingar ESB og Bretlands um lok hugsanlegs bráðabirgðatímabils þyrfti nýr fríverslunarsamningur milli Íslands og Bretlands að geta tekið gildi í 1. janúar 2021 til að tryggja að ekkert lagalegt tómarúm myndist.

Eins og áður hefur komið fram þurfa stjórnvöld einnig að huga að því hvernig styrkja megi tvíhliða samstarf Íslands og Bretlands á ýmsum sviðum, eins og t.d. í öryggis- og varnarmálum. Brexit-vinnuhópur V hefur t.a.m. unnið að kortlagningu samstarfs Íslands og Bretlands utan EES og hvernig auka má þetta samstarf. Samstarf á sviði sjávarútvegsmála er annað svið sem mikill vilji er til að efla, enda er ljóst að Bretar munu taka sæti við borðið þegar samið verður um nýtingu deilistofna eftir útgöngu úr ESB. Þessi mál, auk annarra, tengjast eftirfylgni tvíhliða samráðs Íslands og Bretlands sem fram fór í nóvember sl., m.a. með gerð samstarfsáætlunar sem nær yfir mörg ólík svið. Vonast er til að slík samstarfsáætlun liggi fyrir síðar á árinu.

1.5. Varúðarráðstafanir

Auk vinnunnar við útgöngumál og framtíðarsamband við Bretland þarf einnig að huga að viðbrögðum Íslands ef ekki næst að semja um bráðabirgðatímabil á milli ESB og Bretlands með óbreyttu regluverki. Þótt litlar líkur séu á því, er ekki hægt að útiloka að viðræður á milli Bretlands og ESB sigli í strand, þ.e. að Bretland hverfi úr ESB án sammings. Ef sú staða kemur upp hvílir sú ábyrgð á íslenskum stjórnvöldum að þau hafi tilbúna aðgerðaáætlun sem hrinda mætti í framkvæmd til að tryggja skilgreinda kjarnahagsmuni, t.d. varðandi útflutning, loftferðamál og önnur málefni. Í þessu tilliti hefur fyrsta skrefið verið tekið með hagsmunagreiningunni vegna útgöngu Bretlands úr EES sem utanríkisráðuneytið birti í nóvember sl. Í henni var leitast við að greina áhrif þess ef ákvæði EES giltu ekki lengur í samskiptum við Bretland. Brýnt er að undirbúa hugsanleg viðbrögð Íslands við slíku ástandi í samráði við hagsmunaaðila.

1.6. Markmið og starfið framundan

Tryggja að EES-reglur gildi áfram í samskiptum við Bretland á fyrirhuguðu bráðabirgðatímabili sem áætlað er að taki gildi fyrst eftir útgöngu Bretlands úr ESB. Skoða aðra alþjóðasamninga sem útganga Bretlands úr ESB gæti haft áhrif á hvað varðar tengsl Íslands og Bretlands með það fyrir augum að ekkert lagalegt tómarúm skapist í samskiptum ríkjanna. Finna lausn varðandi málefni í útgöngusamningi Bretlands og ESB sem varða EFTA-ríkin innan EES, þ.m.t. réttindi borgara til búsetu, til þess að tryggja að samningurinn nái einnig til þessara atriða að því er hin EFTA-ríkin varðar. Undirbúningur fyrir samningaviðræður um víðtækan framtíðarviðskiptasamning við Bretland. Leitast verður við að tryggja að íslenskir aðilar hafi greiðan aðgang að Bretlandi og breskum mörkuðum eins og þeir njóta í dag í krafti EES-sammingsins og annarra samninga Íslands við ESB. Enn fremur verður horft til þess að bæta aðgang að breskum mörkuðum þar sem þess er kostur.

Brexit stöðugt á dagskrá utanríkisráðherra:

Málefni Brexit og markmið Íslands í því sambandi hafa verið til umræðu á nánast öllum fundum utanríkisráðherra Íslands með evrópskum starfsbræðrum frá því í júní 2016. Megináherslan hefur verið á að halda á lofti mikilvægi utanríkisviðskipta Íslands og Bretlands, þeim ríka samhljómi sem er í utanríkisviðskiptastefnu Íslands og Bretland og mikilvægi þess að fyrirbyggja rof í viðskiptum landanna.

Utanríkisráðherra fundaði í Lundúnum í apríl 2017 með utanríkisráðherranum Boris Johnson, Greg Hands, ráðherra í utanríkisviðskiptaráðuneytinu, og David Jones, ráðherra í útgönguráðuneytinu, auk þess sem hann átti fundi með þingmönnum í Brexit-nefnd og utanríkisviðskiptanefnd neðri deildar breska þingsins.

Michael Gove, ráðherra umhverfismála, matvælaframleiðslu og byggðamála í bresku ríkisstjórninni, sótti Ísland heim í ágúst 2017 og fundaði með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra og Þorgerði K. Gunnarsdóttur, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Var megingilgangur ferðar Gove hingað til lands að kynna sér sjávarútvegsstarfsemi sem tengist Bretlandi.

Einnig átti Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra fundi með bæði Boris Johnson utanríkisráðherra og Liam Fox, utanríkisviðskiptaráðherra Bretlands, í Lundúnum í lok september sl..

Þá eru Brexit-mál rædd reglulega á vettvangi EFTA-ríkjanna og EES, og hefur Ísland iðulega haft frumkvæði að því að efla enn frekar samráð um þau milli Sviss, Noregs og Liechtenstein. Málefni vegna útgöngu Breta úr ESB og áhrifa hennar á EFTA-ríkin voru rædd á ráðherrafundum EFTA í Bern í júní 2016, Genf í nóvember og á sumarfundi EFTA á Svalbarða í júní 2017.

Ísland gegnir formennsku í ráðherraráði EFTA á fyrri hluta ársins 2018 og á þeim vettvangi hafa verið rædd sameiginleg hagsmunamál vegna Brexit og framtíð EFTA á vinnufundum í öllum höfuðborgum EFTA-ríkjanna. Þannig átti utanríkisráðherra fundi með Ine Marie Eriksen Søreide, utanríkisráðherra Noregs, og Torbjørn Røe Isaksen, utanríkisviðskiptaráðherra Noregs, í Ósló í lok janúar og fyrirhugaðar eru vinnuheimsóknir til bæði Bern og Vaduz í sama tilgangi.

Þá áttu EES-/EFTA-ríkin samráð við framkvæmdastjórn ESB á vettvangi EES-ráðsins í nóvember 2017 þegar utanríkisráðherra og ráðherrar hinna EES-EFTA ríkjanna, Noregs og Liechtenstein, afhentu Michel Barnier, aðalsamningamanni framkvæmdastjórnar ESB, og aðildarríkjum ESB sameiginlega afstöðu sína um að taka verði tillit til EFTA-ríkjanna í EES í samningaviðræðum ESB og Bretlands um tilhögun bráðabirgðatímabils fyrst eftir að Bretar ganga úr ESB.

Einnig hefur utanríkisráðherra nýtt alla tvíhliða fundi sína með evrópskum ráðamönnum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins (NATO), á vettvangi norræns samstarfs og samstarfs með Eystrasaltsríkjunum til að ræða Brexit-mál og kynna afstöðu Íslands. Utanríkisráðherra átti t.a.m. fundi með Michel Barnier, aðalsamningamanni ESB, og Federicu Mogherini, utanríkismálastjóra ESB, í Brussel í febrúar 2017.

Sömu mál voru á dagskrá fundar utanríkisráðherra með Sigmar Gabriel, utanríkisráðherra Þýskalands, og Peter Ptasek, aðalsamningamanni Þjóðverja vegna Brexit, í Berlín í apríl 2017.

Fjöldmenn sendinefnd á vegum ráðuneytis útgöngumála sótti Ísland heim í september 2017 og átti fundi með fulltrúum stýrihóps og vinnuhópa þar sem formlegu samráði um kortlagningu hagsmuna Íslands og Bretlands var ýtt úr vör. Þeim viðræðum var fram haldið á tvíhliða samráðsfundi Íslands og Bretlands um efnahagsmál og alþjóðasamstarf um miðjan nóvember 2017 þar sem málefni Brexit voru fyrirferðarmikil.

Fjöldmenn sendinefnd breskra sérfræðinga heimsótti Reykjavík í janúar 2018 í þeim tilgangi að ræða alþjóðasamninga sem bæði ríkin eru aðilar að.

Að frumkvæði Íslands var efnt til sérlegs samráðsfundar í Genf í október sl. þar sem helstu embættismenn, sem bera ábyrgð á Brexit-málum innan stjórnýslu EFTA-ríkjanna, báru saman bækur sínar og virkjuðu skrifstofu EFTA til undirbúningsvinnu. Ráðgert er að slíkir fundir verði haldnir með reglulegu millibili á meðan útganga Breta úr ESB er undirbúin og þar til hún kemur til framkvæmda.


Sendiráð Íslands í Lundúnum hefur verið eflt vegna hagsmunagæslu í tengslum við Brexit-mál og eiga starfsmenn sendiráðsins í reglulegu samráði við fulltrúa stjórnýslunnar í Lundúnum. Hið sama er uppi á teningnum í sendiráði Íslands í Brussel og hjá fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf. Þá eru tíð samskipti og samráð milli utanríkisráðuneytisins og sendiráðs Bretlands á Íslandi.

2. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF

2.1. Utanríkisviðskipti almennt

Ísland er með opið og útflutningsdrifið hagkerfi. Hlutfall samanlagðs innflutnings og útflutnings af landsframleiðslu var um 100% á árunum 2014-2015 en féll niður í 92% árið 2016 skv. upplýsingum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (*e. Organization for Economic Co-operation and Development, OECD*) og hefur að öllum líkindum lækkað enn meira á síðasta ári. Þetta hlutfall er yfir heimsmeðaltali og meðaltali OECD-ríkjanna (<60%) en þó sambærilegt við mörg smærri ríki. Samanlagðar tekjur af vöru- og þjónustuútflutningi drógust saman á milli ára um (19.6) milljarða króna (-1,7%) sem einkum má rekja til samdráttar í vöruútflutningi.

Mynd 8: Útflutningur á vöru og þjónustu



Vöru- og þjónustujöfnuður árið 2017 var hagstæður um 105.1 milljarð kr.¹ samanborið við 155.4 milljarða kr. árið áður. Methalli var á vöruviðskiptum, en hann mældist 178.3 ma. kr. eða um 6,8 % sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall ekki verið hærra í áratug. Hins vegar var mikill afgangur af þjónustuviðskiptum og námu tekjur af útflutningi á þjónustu 671.814 ma. kr. Fluttar voru út vörur fyrir 517.648.6 ma.kr. (fob) og inn fyrir 695.907.9 ma.kr. (fob).

Tafla 2: Samsetning vöruútflutnings miðað við vörutegundir


Samsetning vöruútflutnings		
milljónir króna	2016	2017
Útflutningur á vöru	537.445	517.632
Sjávarafurðir	232.238	197.074
Afurðir áls	182.162	202.893
Iðnaðarvörur, aðrar	88.246	77.038
Aðrar vörur	37.799	40.627

Helstu skýringu á auknum vöruskiptahalla milli ára má rekja til styrkingar krónunnar en raungengið var að jafnaði 12% hærra á árinu 2017 en 2016. Þetta jók kaupmátt og gerði innflutning ódýrari. Þannig stóð útflutningur nánast í stað í magni mælt á síðasta ári en innflutningur jókst um 10%, þar af jókst innflutningur

¹ Skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar og reiknað á fob-gengi hvors árs skv. nýjum staðli.

neysluvara hraðar en annar innflutningur, eða um 20%. Samdrátt í vöruútflutningi má aðallega rekja til samdráttar í útflutningi sjávarafurða sem bæði á rætur sínar að rekja til styrkingar á gengi krónunnar og sjómannaverkfallsins í byrjun árs 2017. Heildaraflinn jókst þó um 40 þúsund tonn á milli ára (þrátt fyrir 34 þús. tonna samdrátt í þorskafla) en útflutningsverðmæti dróst saman um 35 ma.kr. (-15,1%). Útflutningur á áli jókst hins vegar um 20.7 ma.kr. milli ára, sem fyrst og fremst má rekja til herra heimsmarkaðsverðs á áli, en greina má aukna eftirspurn eftir áli hjá bílaframleiðendum. Mikil aukning á útflutningi á áli til Spánar hefur leitt til þess að Spánn er orðinn stærsti einstaki útflutningsmarkaður Íslands fyrir vörur.

Mynd 9: Vöruútflutningur miðað við vörutegundir



Útflutningur á vöru og þjónustu árið 2017 nam 1.199.721.8 ma. kr. samanborið við 1.183.9 ma. kr. árið áður. Útflutningstekjur jukust því einungis um 15.8 ma. kr., eða 1,3%. Reyndar hafa útflutningstekjur ekki aukist nema um 8,4% frá árinu 2013. Þá vekur athygli að ef frá eru dregnar tekjur vegna neyslu ferðamanna á Íslandi hafa tekjurnar dregist saman um 13% á tímabilinu, eða um 123 milljarða kr.

Ef horft er til styrkingar krónunnar á tímabilinu blasir við önnur mynd og hafa tekjur í erlendum gjaldeyri á þessu tímabili vaxið umtalsvert meira en t.d. það markmið sem Samráðsvettvangur um aukna hagsæld lagði til árið 2012 um tvöföldum útflutningstekna á tímabilinu 2012-2030. Hlutdeild Bandaríkjadals í vöruútflutningi nam tæplega 54% árið 2016, hlutdeild evru 31% og sterlingspunds 7,5%.

Tafla 3: Útflutningur á vörum eftir löndum

Útflutningur á vörum eftir löndum

<i>Milljónir kr.</i>	2016	2017	Hlutfall af heild 2017
ALLS	537.445	517.632	100%
Evrópa	442.831	431.278	83,3%
ESB28	393.362	380.589	73,5%
ESB27	332.674	331.991	64,1%
EFTA	29.990	30.123	5,8%
Holland	137.034	131.784	25,5%
Spánn	55.779	69.754	13,5%
Bretland	60.689	48.599	9,4%
Þýskaland	37.276	39.414	7,6%
Frakkland	35.802	32.567	6,3%
Noregur	22.879	26.843	5,2%
Danmörk	13.082	11.737	2,3%
Belgía	12.303	9.792	1,9%
Portúgal	10.031	8.130	1,6%
Rússland	2.626	7.029	1,4%
Pólland	6.281	5.465	1,1%
Færeyjar	6.154	3.586	0,7%
Önnur Evrópuríki	37.233	31.799	6,1%
N- og S-Ameríka	50.564	45.323	8,8%
Bandaríkin	41.729	36.209	7,0%
Kanada	5.335	5.930	1,1%
Grænland	2.736	2.207	0,4%
Afríka	7.893	8.910	1,7%
Nígería	5.987	5.521	1,1%
Asía	3 46	29.669	5,7%
Kína	11.021	10.274	2,0%
Japan	12.022	10.009	1,9%
Eyjaálfa	1.812	2.468	0,5%
Ástralía	1.404	2.389	0,5%


Þegar lítið er til einstakra þátta þjónustuútflutnings sést að helmingur þjónustutekna er borinn uppi af neyslu ferðamanna (ferðalög) en sá þáttur hefur vaxið um 11,7% samanborið við 35,6% árið áður. Tekjur af farþegaflugi er rúmur fjórðungur þjónustuteknanna og nam vöxtur þeirra 4%. Mikil aukning hefur verið í flugferðum erlendra flugfélaga hingað til lands sem skýrir hraðari vöxt í komu til landsins og neyslu erlendra ferðamanna en í tekjum af flugi en farþegum sem fóru um Leifsstöð fjölgaði um 15,6%. Spáð er umtalsverðum vexti í komu skiptifarþega í tengiflugi á þessu ári, eða aukningu um 33%. Á síðasta ári var Keflavík orðinn fimmti stærsti flugvöllur í heimi fyrir farþega á leið til Bandaríkjanna frá Evrópu. Ferðaþjónustan heldur áfram að vaxa, sérstaklega yfir vetrartímamann, en búast má við að fjölgun ferðamanna verði nálægt 11%, samanborið við 24% árið 2017 og 40% árið 2016.

Tafla 4: Samsetning þjónustuútflutnings

Samsetning þjónustuútflutnings		
milljónir króna	2016	2017
Útflutningur á þjónustu	646.453	671.814
Farþegaflutningar með flugi	173.195	180.193
Ferðalög	289.338	323.157
Önnur þjónusta	183.920	168.465

Skapast hefur flöskuháls í útgáfu Schengen-vegabréfsáritana á nokkrum stöðum þar sem önnur ríki eru í fyrirsvari fyrir Íslands hönd. Afar brýnt er að íslenskar sendiskrifstofur taki starfseminna yfir á þessum stöðum og geri jafnframt áætlun um þá framkvæmd fram í tímann. Um leið þarf að taka mið af aukinni flugumferð til Íslands. Ef horft er til annarra þjónustutekna kemur í ljós að útflutningstekjur vegna fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónustu (31 ma. kr.) og gjalda fyrir notkun hugverka (26.7 ma.kr.) er tiltölulega stöðugur en heldur dregur úr útflutningi á „annarri viðskiptaþjónustu“ (28.2 ma.kr. í stað 40.6 ma.kr. árið áður).


Mynd 10: Útflutningur á þjónustu



Samsetning vöruviðskiptajafnaðarins gefur til kynna að hagsveiflan á Íslandi sé að þróast frá útflutnings- og fjárfestingardrífnum hagvexti yfir í vöxt sem er í auknum mæli drifinn áfram af neyslu og fjárfestingum heimilanna. Mikilvægt verkefni til framtíðar er að hlúa að útflutningsgreinunum bæði hinum hefðbundnu auðlindatengdu útflutningsstöðum og alþjóða- eða hugvitsgeiranum en þar eru vaxtarmöguleikarnir óendanlegir.

Hagvaxtarhorfur á helstu mörkuðum Íslands fara almennt batnandi. Gert er ráð fyrir meiri hagvexti á evrusvæðinu, í Japan og nýmarkaðsríkjum Asíu en á móti hafa horfurnar versnað í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þessi tvö lönd eru mikilvæg viðskiptalönd Íslands en rúmlega 30% af heildarutanríkisviðskiptum Íslands má rekja til Bandaríkjanna og Bretlands á árinu 2016.

Sundurliðun á útflutningi þjónustu eftir löndum árið 2017 liggur enn ekki fyrir, en árið 2016 voru stærstu einstöku markaðirnir Bandaríkin (175.412 ma.kr.), Bretland (75.944 ma.kr.) og Þýskaland (44.756 ma.kr.)

Mynd 11: Þróun útflutningstekna

Breið sátt ríkir um það markmið að hagvöxtur skuli vera útflutningsdrifinn og að árlegur vöxtur hans árin 2012-2030 skuli vera þrefalt meiri en á árunum 1994-2013. Þetta þýðir að hagvöxtur þarf að vaxa úr því að vera um 1,3% á ári í um 3,9%. Æskilegt er að hann verði í auknum mæli borinn uppi af alþjóðageiranum sem er óháður náttúruauðlindunum (sjávarútvegur, orkutengd framleiðsla og ferðaþjónusta). Þannig þarf vöxtur útflutningstekna vegna alþjóðageirans að þrefaldast á tímabilinu, þ. e. 300% aukning, og tekjur auðlindageirans að vaxa um 66%. Hvorugu markmiðinu hefur verið náð enn sem komið er.


2.2. Viðskiptaþjónusta

Viðskiptaþjónusta utanríkisþjónustunnar styður við sókn á erlenda markaði. Sérstök áhersla er lögð á samstarf við atvinnulífið til að tryggja markvissa þjónustu. Viðskiptaþjónustan er einnig ábyrg fyrir menningar- og orðsporsmálum utanríkisþjónustunnar og styður við alþjóðleg átaksverkefni og kynningu á íslenski menningu. Á þessu ári eru í fyrirrúmi aldarafmæli fullveldis Íslands og þátttaka Íslands á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Rússlandi. Reynt er að nýta slík verkefni til að vekja áhuga á viðskipta- og fjárfestingatækifærum og miðla upplýsingum um góðan árangur Íslands á ýmsum sviðum, t.d. í nýtingu náttúruauðlinda. Sendiráð Íslands búa yfir staðarþekkingu og tengslaneti og veita fyrirtækjum fjölbreytta þjónustu.

Utanríkisráðuneytið hefur undirritað samstarfssamning við Samtök atvinnulífsins til eins árs. Ráðgjafi á vegum samtakanna mun veita ráðgjöf við stefnumótun og framkvæmd stuðningskerfis við útflutning og markaðssetningu erlendis, auk annarrar ráðgjafar um mikilvæg hagsunamál sem varða íslenskt atvinnulíf. Byggist samstarfið m.a. á tillögum sem lagðar eru fram í skýrslum á borð við *Áfram Ísland* og *Utanríkisþjónusta til framtíðar – hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi*.

Sendiskrifstofur Íslands vinna með margvíslegum hætti að viðskiptaþjónustu, menningarsamstarfi og tengslamyndun. Viðskiptafulltrúar starfa í sendiskrifstofum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Bretlandi, Rússlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum (New York), Indlandi, Japan og Kína. Nýverið var komið á svæðisbundnum markaðsteymum sendiskrifstofa í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu í þeim tilgangi að samræma betur markaðsstarf og þjónustu sendiráðanna.

Aðalræðisskrifstofa í New York



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	Sjá Washington	
-------------------	----------------	--

Vöruútflutningur	Sjá Washington	
Þjónustuútflutningur	Sjá Washington	

Vöruinnflutningur	Sjá Washington	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Washington	

Fjölþjóðasamstarf		
-------------------	--	--

Starfsmenn	2	1,7%
Útsendir diplómatar	0	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. Viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	

Kostnaður	65	2,5%
------------------	----	------

Aðalræðisskrifstofa í New York: Viðskiptabjónusta víða í Ameríku.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York gegnir hlutverki viðskiptaskrifstofu Íslands í Norður-Ameríku, rekur markaðsverkefnið *Iceland Naturally* (IN) í samstarfi við Íslandsstofu og hýsir *Icelandic American Chamber of Commerce* og *Icelandic Canadian Chamber of Commerce*. Á skrifstofunni starfar aðalræðismaður og aðstoðarmaður. Móttaka, fundaraðstaða o.fl. er samnýtt með fastanefnd gagnvart SP. Skrifstofan svaraði um 2200 fyrirspurnum árið 2017 tengdum ferðabjónustu, viðskiptum og menningu, og útseldir tímar eru milli 400-500 árið 2018.

Svarað var um 400 fyrirspurnum frá íslenskum og erlendum fyrirtækjum árið 2017. Aðalræðisskrifstofan hefur lagt megináherslu á aðstoð við íslenska sprotaumhverfið, erlendar fjárfestingar, sjávarútveg, jarðhita, tónlistariðnaðinn, orkugeirann og aðstoð við útflutningsfyrirtæki og ferðabjónustu ásamt *Iceland Naturally*. Hér fara nokkur dæmi um verkefni sem flest eru unnin í nánu samstarfi við hagsmunaaðila:

- Sprotaumhverfið: Unnið er náið með hinum Norðurlöndunum og sameiginlega opnuðu þau *Nordic Innovation House-New York* í september 2017. Átta íslensk fyrirtæki hafa sótt um í NIH-NY og hraðal fyrir skapandi fyrirtæki. Nokkur önnur verkefni eru í gangi sem m.a. snerta sprotafyrirtæki á Íslandi, t.d. *Nordic Sustainable Cities* og *Nordic Welfare Solutions*. Einnig er unnið að hugsanlegri opnun viðskiptaskrifstofu á vesturströnd Bandaríkjana.
- Erlendar fjárfestingar: Fjárfestingarstofa Íslandsstofu er náinn samstarfsaðili. Helstu verkefni í Norður-Ameríku eru fjárfestingar í innviðum ferðabjónustu, gagnaver, líftækni og kynning á Íslandi sem staðsetningu fyrir erlenda kvikmyndaframleiðslu.
- Sjávarútvegur: *Seafood Expo North America* er eitt af stóru verkefnum þar sem viðskiptabjónustan hefur verið með bás í afurðahlutanum síðan 2012 í samstarfi við Íslandsstofu. Áhersla er lögð á sölu- og markaðsmál og 2017 fengu fyrirtækin yfir 170 söluáþendingar á sýningunni og héldu yfir 100 fundi. Annað stórt verkefni er „*Fresh and Frozen Fresh – Sourcing From Iceland*“, þ.e. kaupstefnur á mörkuðum í Bandaríkjunum og Kanada. Fyrirtækin hafa gert samninga fyrir rúmlega 3.3 milljarða kr. á kaupstefnunum.
- Tónlist: Aðalræðisskrifstofan og *Iceland Naturally* hafa unnið náið með ÚTÓN að kynningu á íslenski tónlist og tengingum við iðnaðinn í Norður-Ameríku. Dæmi um verkefni er útsending KEXP útvarpsstöðvarinnar frá Iceland Airwaves. Árið 2018 markar tíu ára afmæli þessa verkefnis. KEXP hefur tekið upp yfir 250 tónlistarmyndbönd sem hafa fengið um 60 milljónir niðurból á YouTube síðan 2009.
- *Iceland Naturally*: IN er samstarfsverkefni Íslandsstofu og 11 fyrirtækja frá Íslandi. IN var sett á laggirnar árið 2000. Samkvæmt könnun IN frá 1999 var meiri hluti neytenda í Bandaríkjunum neikvæðir gagnvart Íslandi. Viðhorfið hefur breyst og er nú jákvætt í garð landsins og meiri áhuga á því. Bandaríkin eru t.d. stærsti viðskiptavinur Íslands í ferðabjónustu og samanlagt eru gestir frá Bandaríkjunum og Kanada þriðjungur af ferðabjónustumarkaði Íslands.

Fyrirhugað er að fjölga viðskiptafulltrúum á árinu. Áherslan nú er fyrst og fremst á það að efla þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki og alþjóðageirann, s.s. hátækniíðnað og skapandi greinar, og að efla frumkvæði utanríkisþjónustunnar almennt við að leita uppi tækifæri á viðskiptum og erlendri fjárfestingu á þessu sviði. Þá er unnið að því að virkja betur ólaunaða kjöræðismenn Íslands um allan heim í þágu viðskiptasóknar Íslands.

Viðskiptaþjónustan:

- Viðskiptaþjónusta eflað úti á mörkuðum með fjölgun viðskiptafulltrúa í Asíu og Norður-Ameríku, m.a. í Kaliforníu, Ottawa, Japan og Kína.
- Komið hefur verið á þremur svæðisbundnum viðskipta- og markaðsteymum sendiráða í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu til að auka samlegð, slagkraft og þjónustu á mörkuðum.
- Sendiráðin efna til viðskipta- og markaðskynninga, samráðs og tengslamyndunar í samstarfi við atvinnugreinar og fyrirtæki ár hvert.
- Viðskiptaþjónustan sinnir fyrirspurnum fyrirtækja endurgjaldslaust en tekið er gjald fyrir sértæka fyrirtækjaþjónustu. Þjónustan felst í leit að samstarfsaðilum um sölu eða vöruþróun, greiningu á markaðstækifærum, skipulagningu funda, samskiptum við erlend stjórnvöld.
- Allir viðskipta- og menningarfulltrúar í sendiskrifstofum og starfsmenn viðskiptaþjónustu í ráðuneyti eiga reglulega fjárfundi undir merkjum *Team Iceland* til að stilla saman strengi, miðla reynslu og þekkingu.
- Stefnumót atvinnulífs og sendiskrifstofa eru í deiglu á árinu 2018 sem liður í samþættingu, tengslamyndun og auknu upplýsingaflæði í þágu enn betri þjónustu og árangurs.
- Sendiherrar og viðskiptafulltrúar svöruðu 8.200 fyrirspurnum á sviði viðskipta á árinu 2017 og veittu tæplega 660 íslenskum fyrirtækjum viðskiptaþjónustu, þá eru ótaldar fyrirspurnir sem aðrir starfsmenn og ræðismenn sinntu.

Til þess að halda við bestu lífsgæðum og stöðugum hagvexti á Íslandi þarf að auka útflutning frá Íslandi um sem nemur 1000 milljörðum á næstu tveimur áratugum eða einum milljarði á viku. Markmið á sviði viðskiptaþjónustu og -sóknar byggja á tillögum Framtíðarskýrslu um eflingu viðskiptasóknar og -þjónustu.

2.3. Markmið og starfið framundan

Að utanríkisþjónustan öll sýni aukið frumkvæði og veiti framúrskarandi þjónustu til fyrirtækja í sókn á markaði. Liður í þessu er að eiga reglubundið samráð við atvinnugreinarnar annars vegar, að fjölga viðskiptafulltrúum á ríkum nærmörkuðum og nýjum mörkuðum í Asíu og Norður Ameríku þ. á m. í Kísildal í Kaliforníu og að virkja kjöræðismenn í þágu viðskiptasóknar. Að byggja upp þekkingu og getu utanríkisþjónustunnar til að þjóna sérstaklega vel alþjóðageiranum þ.e. fyrirtækjum sem byggja á hugviti og nýsköpun. Þetta hefur í för með sér eflingu tengslamyndunar og skipulagningu viðburða sem styðja við alþjóðlegt samstarf, útflutning og fjárfestingar á þessu sviði.

Gerð ársskýrslu, að fyrirmynd Framtíðarskýrslu, um starfsemi sendiskrifstofa á sviði viðskiptaþjónustu, menningarsamstarfs og orðsporsmála, sem miðlað verður til atvinnulífsins og birt á heimasíðu ráðuneytisins og nýtist við langtímastefnumótun fyrirhugaðs Útflutnings- og markaðsráðs. Með vaxandi alþjóðlegri eftirspurn eftir samstarfi við Ísland, og byggt á áherslum Framtíðarskýrslu, hefur fjárförf vegna viðskiptatengra verkefna sendiskrifstofa aukist verulega. Að þróaðar verði fjármögnunarleiðir til að svara hratt vaxandi alþjóðlegri eftirspurn eftir samstarfi á þessu sviði.

2.4. Íslandsstofa

Íslandsstofa gegnir veigamiklu hlutverki við að markaðssetja Ísland og styrkja íslenskt atvinnulíf í sókn á erlenda markaði með því að veita því þjónustu. Meginþungi starfseminnar undanfarin ár hefur beinst að því að skapa áhuga á landinu sem áfangastað ferðamanna og vinna að því að auka eftirspurn eftir íslenskri vöru og þjónustu. Hún sinnir jafnframt upplýsingamiðlun, ráðgjöf og fræðslu við samtök, fyrirtæki og einstaklinga til þess að efla færni þeirra og árangur í alþjóðaviðskiptum. Þá laðar hún að erlenda fjárfesta til beinna fjárfestinga í atvinnustarfsemi og nýsköpun í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Sendiskrifstofur munu taka þátt í átaksverkefni um þátttöku íslenska landsliðsins í Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fram fer í Rússlandi næsta sumar. Gera má ráð fyrir því að kastljós alþjóðlegra fjölmiðla muni beinast að Íslandi sem nýliðum á mótinu. Sendiskrifstofur munu nýta þetta kastljós til að kalla fram alþjóðlega umfjöllun í fjölmiðlum. Þá munu sendiskrifstofur Íslands skipuleggja viðburði er tengjast beinni útsendingu leikjanna í samstarfi við stuðningsmannafélög í fótbolta eða taka höndum saman með þeim sem standa fyrir beinni útsendingu frá leikjunum. Samráðshópur utanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Íslandsstofu og Knattspyrnusambands Íslands mun samstillta skilaboðin heima fyrir, auk þess sem efnt verður til menningardagskrár í Rússlandi.

Viðskiptaþjónusta ráðuneytisins og Íslandsstofa hafa með sér samráð um viðskiptatengd verkefni á vegum utanríkisþjónustunnar. Sendiskrifstofur geta haft frumkvæði að verkefnum á markaði og sótt fjármagn úr samstarfssjóði ráðuneytisins og Íslandsstofu. Viðskiptafulltrúar sækja Ísland heim árlega og fá tækifæri til að stilla af starfsáætlanir sínar með Íslandsstofu og kynna fyrir viðskiptalífinu tækifæri á mörkuðum. Fyrirtæki fá tækifæri til að funda með forstöðumönnum sendiskrifstofa Íslands og viðskiptafulltrúum á hverju ári og eru viðtalstímar auglýstir hjá Íslandsstofu.

Samvinna atvinnulífsins og stjórnvalda mun ráða miklu um hvort takist að nýta tækifæri á alþjóðamörkuðum. Enn er full ástæða til að horfa til þeirra markmiða sem fyrst komu fram hjá ráðgjafafyrirtækinu McKinsey árið 2012, og Samráðsvettvangur um aukna hagsæld og Viðskiptaráð hafa haldið á lofti, sem og Samtök atvinnulífsins. Þessi markmið fólu í sér að tvöfalda þyrfti árlegan vöxt útflutningstekna frá 2012 til 2030 og að vöxturinn yrði knúinn áfram af alþjóðageiranum. Miðað við útreikninga Samtaka atvinnulífsins er nauðsynlegt að auka útflutning sem nemur um einum milljarði króna í hverri einustu viku næstu tvo áratugi til að tryggja megi viðunandi lífsgæði á Íslandi fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Markmiðið með breytingum á frumvarpi um Íslandsstofu er ekki síst að efla markvissa langtímastefnumótun og tryggja að stjórnvöld og atvinnulíf gangi í takt, svo að unnt sé að veita íslenskum fyrirtækjum framúrskarandi þjónustu og auka árangur þeirra og slagkraft á erlendum mörkuðum.

Íslandsstofa er og verður samstarfsvettvangur atvinnulífsins og hins opinbera. Meginmarkmiðið með breytingu á lögum um Íslandsstofu er að skerpa og skýra rekstrarfyrirkomulag hennar til að festa með afgerandi ábyrgð atvinnulífsins á henni. Komið verður á þjónustusamningum sem kveða á um skyldur Íslandsstofu og hlutverk hennar gagnvart hinu opinbera. Í frumvarpinu er einnig lagt til að komið verði á Útflutnings- og markaðsráði sem hefur það hlutverk að marka langtímastefnu fyrir Ísland um alþjóðlega viðskipta- og markaðssókn. Þá er það eindreginn vilji stjórnvalda að breytingin hafi í för með sér að stuðningskerfið við útflutningsfyrirtæki í heild verði enn öflugra, samstilltara og sveigjanlegra þannig að þjónustan verði eins og best er á kosið og hún löguð að þörfum fyrirtækjanna í þágu aukins útflutnings, markvissari markaðssetningar og aukinna fjárfestinga á hverjum tíma.

Vörumerkið „Ísland“

Utanríkisráðuneytið hefur undanfarin 10 ár sinnt vörumerkjavöktun vegna orðsins „Ísland“ (á ýmsum tungumálum). Í grunninn veitir vörumerkjaréttur einkarétt á notkun viðkomandi merkis í viðskiptum með tiltekna vörur á tilteknum markaði og er því mikilvægt að koma í veg fyrir að einhver einn einkaaðili öðlist vörumerkjarétt á orðinu Ísland. Bæði er mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að geta kennt sig við Ísland og þannig notað landsheiti sitt til þess að auðkenna vörur sínar og þjónustu á erlendum mörkuðum, en einnig er mikilvægt að hið opinbera geti notað landsheiti sitt í viðskiptatengdar landkynningar. Þessir hagsmunir koma m.a. skýrt fram í hinu svokallaða Iceland v. Iceland-máli sem nú er til meðferðar fyrir Hugverkastofnun ESB (EUIPO).

Ráðuneytið kaupir þjónustu vöktunarfyrirtækis á sviði hugverkaréttar til að vakta skráningar aðila um heim allan á orðinu „Ísland“. Á undanförunum árum hefur orðið mjög mikil aukning á fjölda skráninga á orðinu Ísland sem vörumerki. Árið 2012 nam útlagður kostnaður vegna vöktunar og andmæla 876.124 kr. en árið 2016 nam kostnaðurinn 3.160.099 kr. og árið 2017 var kostnaðurinn kominn upp í 7.641.709 kr.

Það liggur beinast við að tengja þessa aukningu í skráningu vörumerkja við aukna jákvæða umfjöllun um Ísland erlendis. Þess ber að geta að mjög mikil aukning varð á skráningum sem innihéldu orðið „Ísland“ eftir gott gengi íslenska karlalandsliðsins á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu 2016. Gera má ráð fyrir svipaðri þróun á næstunni, m.a. vegna þátttöku íslenska karlalandsliðsins í heimsmeistaramótinu í fótbolta í Rússlandi næsta sumar. Einnig má benda á að samkvæmt „Brand Finance“, sem er fyrirtæki sem fylgist m.a. með ímynd ríkja vegna þeirra nánú tengsla sem eru á milli ímyndar ríkja og velgengni vörumerkja eða útflutningsfyrirtækja viðkomandi ríkis, jókst virði ímyndar Íslands einna mest af öllum ríkjum árið 2017 (e. *nation branding*).


Ísland hefur jafnframt unnið að því á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) að vekja athygli aðildarríkjanna á hinu svokallaða Iceland v. Iceland máli og þeim vanda sem getur skapast þegar landsheiti eru skráð sem orðmerki. Nú hefur verið ákveðið að sérstakur kynningarfundur um landsheiti og vörumerki verði haldinn í lok apríl á þessu ári fyrir aðildarríkin á fundi fastanefndar WIPO um hönnun, vörumerki og landfræðilegar tilvísanir. Fastanefndin er vettvangur aðildarríkja Alþjóðahugverkastofnunarinnar til þess að kveða á um túlkun alþjóðaregluversins um vörumerki, hönnun og landfræðilegar tilvísanir, leiðbeina um þróun alþjóðaregluversins og samræma landslög og verklagsreglur.

2.5. Viðskipti við einstök ríki og svæði

2.5.1. Almenn

Í töflu hér að neðan er sýnt umfang utanríkisviðskipta árið 2016 við nokkur lönd. Er þá sýndur inn- og útflutningur á vörum og þjónustu eftir nokkrum löndum og hlutfall (%) viðskipta við þau miðað við heildarutanríkisviðskipti.

Mynd 12: Umfang utanríkisviðskipta 2016



2.5.2. Færeyjar og Grænland

Í Hoyvíkur-samningnum er kveðið á um tollfrelsi í viðskiptum milli Íslands og Færeyja með hvers kyns vörur sem upprunnar eru í löndunum, þ.m.t. landbúnaðarvörur. Þá kveður samningurinn á um frelsi í þjónustuviðskiptum, frjálsa för fólks, búseturétt, staðfesturétt, frjálsa fjármagnsflutninga, frelsi til gagnkvæmra fjárfestinga, o.fl. Tvö mál, sem lúta að framkvæmd samningsins, hafa verið til umræðu undanfarin ár. Hið fyrra varðar upprunareglur en Ísland hefur ekki fallist á túlkun Færeyinga um að samningurinn opni fyrir tollfrjálsan innflutning á evrópskum landbúnaðarafurðum sem unnar hafa verið í Færeyjum. Hið síðara snýr að því að Ísland hefur ekki getað veitt innflutningsleyfi fyrir tiltekin færeysk lyf til Íslands þar sem ekki er til staðar svokallað markaðsleyfi sem gerð er krafa um samkvæmt EES-samningnum. Unnið er að lausn í því máli.


Í lok árs 2017 var ný fiskveiðilöggjöf samþykkt í Færeyjum en samkvæmt henni verður aðild útlendinga að útgerðarfélögum óheimil og er erlendum fjárfestum gefinn sjö ára frestur til losa um eignir sínar. Þar sem löggin fara gegn ákvæðum Hoyvíkur-samningsins um fjárfestingar þarf að vinna að úrlausn málsins en Færeyingar hafa gefið til kynna að þeir muni óska eftir endurskoðun samningsins með það að markmiði að fella á brott heimildir fyrir íslenska aðila til að fjárfesta í færeyskum sjávarútvegi. Nú mega íslenskir aðilar eiga þriðjungshlut í færeyskum útgerðarfélögum, og Færeyingar mega eiga fjórðungshlut í íslenskum útgerðarfélögum.

Árlegir fiskveiðisamningar hafa verið gerðir milli landanna frá 1976. Með fiskveiðisamningum landanna er annars vegar skipst á aflaheimildum og hins vegar aðgangsheimildum (til veiða úr eigin kvóta í lögsögu hins). Undanfarin ár hafa Færeyingar fengið um 5 þús. tonn af botnfiski (þorsk, ýsu o.fl.) og 18 þús. tonn af loðnu en Íslendingar lítið nýtt aflaheimildir sínar, um 3 þús. tonn af makríl og síld. Hins vegar hafa Íslendingar veitt úr eigin kvótum í færeyskri lögsögu undanfarið um 164 þús. tonn af kolmunna og 11 þús. tonn af síld en Færeyingar lítið nýtt aðgangsheimildir sínar.

Á fundi vestnorrænu ráðherranna í ágúst sl. var m.a. rætt um gerð þríhliða fríverslunarsamnings Vestur-Norðurlanda. Ísland og Færeyjar vildu ganga til samningsgerðar en að svo stöddu hefur Grænland ekki hug á slíkum samningi. Komid hefur verið á fót sameiginlegum vettvangi embættismanna til að ræða m.a. um viðskiptamál landanna, svo og starfshópi á sviði flugmála sem skipaður er fulltrúum frá utanríkis- og samgönguráðuneytum landanna. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili skýrslu um aukið samstarf á sviði flugumferðarmála fyrir lok apríl á þessu ári. Stjórnvöld á Grænlandi stefna að því að opna aðalræðisskrifstofu á Íslandi á seinni hluta ársins 2018.

Undanfarin þrjú ár hafa vöru- og þjónustuviðskiptin verið Færeyingum í hag. Útflutningur á vöru dróst saman árið 2016 og fór úr 6.2 ma.kr. niður í 3.6 ma.kr. Tölur um þjónustuútflytning 2017 liggja enn ekki fyrir.

Mynd 13: Þjónustu- og vöruviðskipti Íslands og Færeyja 2013-16



Myndin sýnir útflutning frá Íslandi og innflutning frá Færeyjum. (Heimild: Hagstofa Íslands, í millj. ísl. kr.).


2.5.3. Japan

Japan er mikilvægasti beini útflutningsmarkaður Íslands í Asíu en tekur þar að auki við talsverðu magni af íslenskum vörum sem unnar hafa verið í þriðja landi í Asíu, t.d. Kína. Stærstur hluti íslensks útflutnings til Japans eru frystar sjávarafurðir og kísiljárn en á síðustu árum hefur útflutningur á eldisfiski, lambakjöti og æðardúni, sem og íslenskri hönnunarvöru aukist talsvert. Viðskipta- og þjónustujöfnuður við Japan hefur um árabil verið hagstæður Íslandi.

Ísland hefur um nokkurra ára skeið sóst eftir gerð fríverslunarsamnings við Japan. Nú er svo komið að samningaviðræðum ESB og Japans um gerð fjölþætts viðskipta- og þjónustusamnings er lokið og gera japönsk stjórnvöld ráð fyrir að hefja samningaviðræður við fleiri lönd í kjölfar staðfestingar samningsins við ESB. Áhugi er á tvíhliða viðræðum við Japan um svipaðan samning. Hinn 15. janúar 2018 undirrituðu utanríkisráðherra og sendiherra Japans á Íslandi tvísköttunarsamning á milli ríkjanna sem er mikilvægt skref í að styrkja tvíhliða samskipti Japans og Íslands. Á næstu mánuðum verður unnið að fullgildingu samningsins og er vonast til að hann komi til framkvæmda 1. janúar 2019 og ýti undir aukin viðskipti og fjárfestingar á milli landanna. Einnig er áætlað að skrifa undir samkomulag landanna um gagnkvæm atvinnuréttindi námsmanna á árinu. Sem fyrr leggja íslensk stjórnvöld talsverða áherslu á að ljúka við gerð loftferðasamnings milli landanna en japanskir ferðamenn eru mikilvægur markhópur fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki, einkum utan hefðbundins háannatíma.

Sendiráð Íslands í Japan hefur síðastliðin tvö ár tekið þátt í öflugu markaðsstarfi fyrir íslenskt lambakjöt í Japan í samstarfi við Icelandic Lamb, viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins, Íslandsstofu og íslenska kjötútflytjendur. Nú er svo komið að yfir 100 veitingastaðir í Tókýó eru með íslenskt lambakjöt á matseðlum og hefur útflutningur á íslensku lambakjöti til Japans þrefaldast meðan á þessari herferð stóð. Vonir standa til að enn frekari aukningar sé að vænta á þessu ári.

Tókýó



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	36	0,1%
-------------------	----	------

Vöruútflutningur	12.543	2,0%
Þjónustuútflutningur	5.693	1,0%

Vöruinnflutningur	12.070	1,7%
Þjónustuinnflutningur	522	0,1%

Fjölþjóðasamstarf		
-------------------	--	--

Starfsmenn	4	3,5%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. Viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	2	

Kostnaður	70	2,7%
------------------	----	------

Sendiráð í Tókýó: Rótgróin viðskipti og pólitískt samstarf um auðlindamál.

Sendiráð Íslands í Tókýó var opnað í október 2001 og starfa þar nú þrjár staðarráðnir starfsmenn og sendiherra sem er eini útsendi starfsmaðurinn. Meginhlutverk sendiráðsins er að hlúa að og efla tvíhliða samstarf á milli landanna á sviði stjórnmála, viðskipta og menningar. Þá sinnir sendiráðið einnig verkefnum í öðrum umdæmisríkjum, þ.e. Brúnei, Filippseyjar og Tímor-Leste.

Tvíhliða stjórnmálasamstarf Íslands og Japans hefur löngum verið með miklum ágætum og gott samstarf þeirra á milli í hópi líkt þenkjandi ríkja innan fjölþjóðastofnana, ekki síst hvað varðar sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda hafsins. Samstarf um norðurslóðamál hefur aukist eftir að Japan varð áheyrnarríki innan Norðurskautsráðsins og kynnti í framhaldi norðurslóðastefnu sína árið 2015. Á japanska þjóðþinginu er starfandi vináttufélag Íslands sem var stofnað árið 1998. Nú eru um 40 þingmenn skráðir félagar. Formaður félagsins er Shinako Tsuchiya, fyrrverandi formaður utanríkismálanefndar neðri deildar þingsins.

Mikil viðskiptatengsl eru á milli Íslands og Japans, en Japan hefur verið stærsti útflutningsmarkaður fyrir íslenskar vörur í Asíu. Tvísköttunarsamningur milli landanna var undirritaður í janúar 2018. Mikill áhugi er af hálfu Íslands að hefja fríverslunarviðræður við Japan, sem og að hefja viðræður um gagnkvæman loftferðasamning. Starfandi eru virk viðskiptaráð og vinafélög í báðum löndum og styður sendiráðið við Íslenska-japanska viðskiptaráðið sem stofnað var 2003.

Fjölbreytt vísindasamstarf og menningarsamstarf hefur verið milli landanna. Í Japan dvelja að jafnaði um 70-100 íslenskir ríkisborgarar og eru flestir þeirra námsmenn, þar á meðal skiptinemar bæði í háskólum og menntaskólum. Flestir Íslendingar í Japan búa á Tókýó-svæðinu en dreifast annars út um allt land.

Sendiráðið veitir borgarþjónustu og gefur út vegabréf fyrir íslenska ríkisborgara búsetta í Japan og annars staðar í Austur- og Suðaustur-Asíu. Mikið er um fyrirspurnir sem tengjast ferðalögum til Íslands, enda hefur straumur ferðamanna aukist samhliða umfjöllun og áhuga japanskra fjölmiðla á landinu.

2.5.4. Kína

Útflutningur frá Íslandi til Kína hefur aukist umtalsvert frá því er fríverslunarsamningur landanna tók gildi. Þannig var vöruútflutningur reiknaður krónum um 10.3 milljarðar á árinu 2017 en var 4.8 milljarðar árið 2014 og hefur því tvöfaldast á tímabilinu. Innflutningur frá Kína nam 51 milljörðum króna 2017, samanborið við 50 milljarða króna 2016. Fjöldi kínverskra ferðamanna til Íslands hefur jafnframt aukist umtalsvert en þeir voru um 67 þúsund 2016 og um 85 þúsund 2017.

Árið 2013 settu kínversk stjórnvöld reglur um að framkvæma þyrfti sérstaka heilbrigðisúttekt vegna allra tegunda matvæla, sem ekki höfðu áður verið fluttar til landsins, frá öllum ríkjum heims. Þetta er umfangsmikið verkefni fyrir kínversk matvælayfirvöld og töluverð samkeppni um athygli þeirra. Á árinu 2017 komu þrjár sendinefndir á vegum matvælayfirvalda í Kína til Íslands til að taka út framleiðslu á fiskimjöli og lýsi, eldisfiski og lambakjöti. Þegar niðurstöður heimsóknanna liggja fyrir og þegar kínversk yfirvöld hafa metið svo að aðstæður séu fullnægjandi verður innflutningur til Kína á viðkomandi afurðum heimilaður fyrir afurðir frá afurðastöðvum sem teknar hafa verið út og samþykktar af kínverskum stjórnvöldum. Þá hafa kínversk yfirvöld gefið út að líklega geti þau samþykkt innflutning á íslenskri ull og gærum/gæruskinnnum án sérstakrar eftirlitsheimsóknar.

2.5.5. Rússland

Mikill samdráttur varð í útflutningi til Rússlands í kjölfar gagnþvingunaraðgerða Rússa sem tóku gildi hinn 13. ágúst 2015. Nær innflutningsbannið til allra sjávar- og landbúnaðarafurða, sem fluttar voru út til Rússlands, nema kinda-, ær- og hrossakjöts, fiskmetis í dósum og laktósafrírra mjólkurvara. Sams konar bann er í gildi gagnvart þeim ríkjum hafa beitt Rússa þvingunaraðgerðum í kjölfar innlimunar Krímskaga árið 2014. Auk þessa er fjöldi íslenskra útflytjenda í banni hjá rússnesku matvælastofnuninni. Uppistaða útflutnings til Rússlands var uppsjávarfiskur (makrill, síld og loðna). Mikil aukning hafði verið á vöruútflutningi til Rússlands áður en Rússar gripu til gagnþvingunaraðgerða. Hann jókst úr sex milljörðum kr. árið 2009 í 29.2 milljarða árið 2014. Árið 2016 fór hann niður í 1.2 milljarða króna en jókst í sjö milljarða í fyrra. Þar af voru flutt út notuð fiskiskip fyrir 5.1 milljarð króna. Rússnesk stjórnvöld leggja nú áherslu á aukna sjálfbærni í innlendri matvælaframleiðslu sem hefur aftur á móti skapað markaðstækifæri fyrir íslenska framleiðendur á búnaði fyrir fiskvinnslu og fiskveiðar.

2.5.5. Bandaríkin

Ljóst er að sökum reglna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er ekki unnt að ná fram bættum aðgangi að Bandaríkjamarkaði í formi tollfríðinda nema með gerð heildstæðs fríverslunarsamnings. Hafin er í ráðuneytinu greining á hagsmunum og áskorunum við gerð tvíhliða fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Í því sambandi verður m.a. áætlað hversu háar fjárhæðir eru greiddar árlega í tolla í tengslum við innflutning íslenskra afurða til Bandaríkjanna, svo og hvaða kröfur megi reikna með að Bandaríkin muni gera varðandi markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur til Íslands.

Í nóvember 2016 samþykktu bandarísk stjórnvöld umsókn Isavia um að hefja viðræður um forskráningu farþega (*e. preclearance*) til Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli. Forskráning feldur í sér að bandarísk stjórnvöld myndu færa landamæraeftirlit farþega frá áfangastað í Bandaríkjunum til Keflavíkurflugvallar. Í umsókn ISAVIA fólst engin skuldbinding af hálfu Íslands um að forskráningu farþega yrði komið á laggirnar og samráð innan stjórnsýslunnar er ekki hafið.

2.6. Tvíhliða viðskiptasamningar

Ýmsir tvíhliða viðskiptasamningar stuðla að því að greiða götu fyrirtækja og einstaklinga og styrkja viðskiptaumhverfið á erlendum mörkuðum, s.s. loftferðasamningar, fjárfestingarsamningar og tvísköttunarsamningar. Utanríkisráðuneytið vinnur í nánú samstarfi við samgönguráðuneytið, fjármálaráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið við gerð þessara samninga en hin síðarnefndu bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Flestir fríverslunarsamningar eru gerðir undir hatti EFTA en Ísland hefur gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Kína og Færeyjar og hefur jafnframt óskað eftir gerð tvíhliða

fríverslunarsamnings við Japan. Á árinu er einnig stefnt að því að skrifa undir samkomulag Íslands og Japans um tímabundin atvinnuleyfi ungs fólks (*e. Working Holiday Arrangement*).

2.7. Loftferðasamningar

Ísland hefur í gegnum tíðina gert fjölda loftferðasamninga sem veita að jafnaði víðtækar heimildir til viðskiptaflugs til rúmlega 100 ríkja. Íslensk stjórnvöld hafa sótt flestar samningaráðstefnur á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*e. International Civil Aviation Organization, ICAO*) með ágætum afrakstri. Núna er markmiðið hins vegar að semja frekar við færri mikilvæg ríki, sér í lagi Japan og Marokkó og önnur lönd, sem vitað er að íslenskir flugrekendur hafa mikinn áhuga á. Einnig er stefnt að því að uppfæra gildandi samninga eftir því sem þörf er á og fullgilda undirritaða samninga. Þá hefur Ísland sóst eftir að gerast aðili að loftferðasamningum ESB við þriðju ríki til viðbótar við „*Open skies*“ samning við Bandaríkin.

Með ört vaxandi umsvifum íslenskra flugrekenda er orðið enn mikilvægara en áður að gera nýja tvíhliða loftferðasamninga eða uppfæra eldri samninga. Veruleg aukning ferðapjónustunnar hér á landi á undanförunum árum hefði ekki verið möguleg ef ekki hefði komið til mikil fjölgun flugferða til og frá landinu. Einnig er vilji til að byggja Keflavíkurflugvöll upp sem alþjóðlega miðstöð fyrir flugferðir mikilvægt framlag til hagsældar hér á landi.

2.8. Fjárfestingasamningar

Fjárfestingasamningar milli ríkja gegna fyrst og fremst því hlutverki að vernda fjárfesta og fjárfestingar þeirra á erlendri grund þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki, þar sem þeir fjárfesta, og geti gætt hagsmuna sinna gagnvart dómstólum. Fjárfestingasamningar ýta því undir og stuðla að fjárfestingum á milli landa. Ísland hefur gert ellefu fjárfestingasamninga við önnur ríki, þar af við níu ríki í tvíhliða samningum og við tvö ríki sem hluta af fríverslunarsamningu EFTA-ríkjanna. Í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna er í sumum tilvikum ákvæði um stofnfjárfestingar og vernd fjárfestinga og er í þeim tilvikum ekki talin ástæða til að gera sérstakan fjárfestingasamning milli viðkomandi ríkja. Á árinu 2018 verður leitast við að ljúka undirritun og fullgildingu fjárfestingasamninga við Tyrkland og Makedóníu. Þá verður þess farið á leit við stjórnvöld í Úkraínu og Albaníu að teknar verði upp formlegar viðræður um gerð tvíhliða fjárfestingasamnings en ríkin hafa skipst á samningsfyrirmyndum.

2.9. Markmið og starfið framundan

Markmiðið er að gera loftferðasamninga við fleiri mikilvæg ríki og önnur lönd sem vitað er að íslenskir flugrekendur hafa mikinn áhuga á. Einnig er stefnt að því að uppfæra gildandi samninga eftir því sem þörf er á og fullgilda undirritaða samninga. Stefnt er að því að eiga samráð við hagsmunaaðila, Íslandsstofu, fjármálaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um tvíhliða fjárfestingasamninga. Það verði skoðað sérstaklega hvar íslenskir fjárfestar hafa hagsmuna að gæta, hvaða ríki nágrannaríki Íslands hafa samið við og í stærra samhengi skoðað hvaða ríki eigi að leggja áherslu á að hefja viðræður við um gerð fjárfestingasamnings. Í kjölfarið verði viðræðum forgangsraðað og jafnframt lagt mat á þörf á endurskoðun samningsmódel. Langtímamarkmið samninganeftindar um tvísköttunarmál hefur verið að ljúka samningsgerð við öll aðildarríki OECD auk ríkja innan Evrópu. Af OECD-ríkjunum á eftir að ljúka samningsgerð við Ástralíu, Chile, Ísrael, Nýja-Sjáland og Tyrkland.

3. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF

3.1. Fjölþjóðastofnanir

3.1.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

Staða heimsmála hefur sett mark sitt á starf Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (e. *World Trade Organization*, WTO) og um þessar mundir er mikilvægt að tryggja að stofnunin geti haldið áfram að sinna hlutverki sínu og að standa vörð um reglur í alþjóðaviðskiptum og hið alþjóðlega viðskiptakerfi.

Alþjóðleg viðskiptamál og jafnrétti

Utanríkisþjónustan leggur aukna áherslu á jafnréttismál í starfi sínu á sviði alþjóðaviðskipta og er Ísland í leiðandi hlutverki við að koma jafnréttismálum á dagskrá innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Á ráðherrafundi WTO í Buenos Aires í desember sl. gáfu rúmlega 120 aðildarríki WTO frá sér yfirlýsingu um viðskipti og valdeflingu kvenna. Yfirlýsingin er afrakstur starfshóps um viðskipti og jafnrétti, sem Ísland leiðir, ásamt Síerra Leóne og Alþjóðaviðskiptamiðstöðinni (e. *International Trade Center*, ITC). Vinnuhópurinn starfar undir regnhlíf samráðsvettvangs sendiherra og framkvæmdastjóra alþjóðastofnana í Genf sem vilja leggja sitt af mörkum til að auka áherslu á jafnréttismál í mismunandi málaflokkum (e. *International Gender Champions Geneva*). Ríkin, sem að yfirlýsingunni standa, munu starfa saman við að koma jafnréttisáherslum á framfæri í alþjóðaviðskiptum. Þá lagði Ísland í fyrsta sinn sérstaka áherslu á jafnréttismál í heildaryfirferð á viðskiptastefnu Íslands sem fram fór í WTO í október sl. Einnig stóðu Ísland, Kanada og ITC saman að viðburði um jafnréttismál og alþjóðaviðskipti í WTO í september sl.

Ísland hefur einnig gert samning við ITC, um fjárhagslegan stuðning næstu þrjú árin við verkefnið “*SheTrades*”. Verkefnið hefur það að meginmarkmiði að stuðla að efnahagslegri valdeflingu kvenna og tengja konur í þróunarríkjunum og á stríðshrjádum svæðum við alþjóðamarkaði. Ísland mun veita stofnuninni framlög að upphæð 300.000 Bandaríkjadala sem verða greiddir á næstu þremur árum, eða alls rúmlega 30 milljónir króna undir hatti þróunarástóðar.

Utanríkisþjónustan hefur einnig unnið að framgangi jafnréttismála á vettvangi EFTA. Haustið 2016, undir formennsku Íslands, samþykkti EFTA jafnréttisáætlun fyrir stofnunina. Eitt af áherslumálum íslensku formennskunnar á fyrri hluta þessa árs er að skoða hvort og þá hvernig taka mætti jafnréttisákvæði upp í fríverslunarsamningum samtakanna. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að við gerð fríverslunarsamninga skuli horft til þess að efla umhverfissjónarmið og mannréttindi, þ.m.t. réttindi kvenna.

Ellefti ráðherrafundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem haldinn var í Buenos Aires í desember 2017, sýndi hversu mikið ber á milli aðildarríkja stofnunarinnar og að samningaviðræður sitja fastar í gömlum hjólförum. Ekki náðist samstaða um stutta ráðherraýfirlýsingu á fundinum og var því niðurstaða fundarins í formi yfirlýsingar formanns fundarins. Þær ákvarðanir sem á annað borð voru teknar voru ítrekanir á því sem áður hefur verið samþykkt og endurskuldbindingar gagnvart gömlum markmiðum. Reyndar var ekki búist við miklu af fundinum vegna þeirrar gjár sem hefur myndast milli þróaðra ríkja og þróunarríkja. Þróunarríkin krefjast annars vegar sérlausna og undantekninga fyrir sig og berjast hins vegar gegn því að „ný málefni“ séu sett á dagskrá, s. s. rafræn viðskipti. Með svokölluðum „nýjum málefnum“ er átt við þau málefni sem ekki voru tilgreind í Doha-samningaferlinu, sem hrundið var af stað árið 2001, og þar sem mörg málefni eru enn óútkljáð.


Fyrir ráðherrafundinn vann Ísland að því að takmarka ríkisstyrki í sjávarútvegi, auk þess sem Ísland tók þátt í yfirlýsingum um að takmarka ríkisstyrki til jarðefniseldsneyta, yfirlýsingu um landbúnaðarmál (G10-hópurinn) og að vinna frekar í tollamálefnum rafrænna viðskipta. Einnig studdi Ísland við ákvörðun um örsmá, lítil og meðalstór fyrirtæki. Ekki náðist samstaða um þessi málefni á ráðherrafundinum en ákveðið var að halda áfram að áfram að vinna að því að takmarka ríkisstyrki í sjávarútvegi og var tímabundið fyrirkomulag, sem lýtur að rafrænum viðskiptum, framlengt. Vegna afstöðu Bandaríkjanna hefur enn ekki verið skipað í lausar stöður í áfrýjunarnefnd WTO (e. *appellate body*) sem tekur alþjóðleg viðskiptadeilumál fyrir. Nú eru aðeins fjórir starfandi dómara í nefndinni í stað sjö og í lok þessa árs verða þar einungis þrír dómara. Til að unnt sé að taka deilumál fyrir innan WTO þarf þrjá dómara og hafa því ýmsir áhyggjur af þessu ástandi.

Viðskiptastefna Íslands var til skoðunar á vettvangi WTO sl. október en aðildarríki stofnunarinnar gangast reglulega undir úttekt á viðskiptastefnu sinni. Tilgangurinn með slíkri úttekt er að stuðla að því að aðildarríkin virði skuldbindingar sínar og auðveldi þar með framkvæmd alþjóðaviðskiptakerfisins. Meginniðurstaða endurskoðunarinnar var að íslenskt viðskiptaumhverfi sé opið og viðskiptastefna Íslands í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

3.1.2. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

Aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (*e. European Free Trade Association, EFTA*) hafa gert 27 fríverslunarsamninga sem taka til 38 ríkja utan ESB og hafa 26 þeirra samninga þegar tekið gildi. Í september á síðasta ári tók gildi fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Georgíu. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja var lögð fram á 146. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Gert er ráð fyrir endurframlagningu tillögunnar á yfirstandandi löggjafarþingi.

Genf



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	Sjá Brussel	
-------------------	-------------	--

Vöruútflutningur	Sjá Brussel	
------------------	-------------	--

Þjónustuútflutningur	Sjá Brussel	
----------------------	-------------	--

Vöruinnflutningur	Sjá Brussel	
-------------------	-------------	--

Þjónustuinnflutningur	Sjá Brussel	
-----------------------	-------------	--

Fjölbjódasamstarf	EFTA, WTO, S.þ. o.fl	
-------------------	----------------------	--

Starfsmenn	Fj.	%
Útsendir diplómatar	6	5,2%
Útsendir aðrir	3	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	0	
	2	

Kostnaður	153	6,0%
-----------	-----	------

Sendiráð í Genf: Forysta í gerð fríverslunarsamninga.

Fastanefnd Íslands í Genf tók til starfa 1. mars 1970 samhliða aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA). Fastanefndin fer með fyrirvar gagnvart EFTA og hinum fjölmörgu alþjóðastofnunum sem hafa aðsetur í Genf. Á skrifstofunni starfa fjórir útsendir starfsmenn og tveir staðarráðnir. Alþjóðaviðskipti skipa afar stóran sess í starfi fastanefndarinnar, bæði vegna viðræðna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og eins vegna fríverslunarviðræðna EFTA við önnur ríki. Utanríkisþjónustan nýtur fulltingis hlutaðeigandi ráðuneyta í þessum samningaviðræðum en í flestum tilvikum annast fastanefndin samræmingu og daglega stjórn samningaviðræðna undir forystu ráðuneytisins.

Fríverslunarsamningar á vegum EFTA eru 27 talsins. Nú standa yfir sex viðræðuferli um nýja samninga: við Ekvador, Indland, Indónesíu, Malasíu, Víetnam og Mercosur-ríkin fjögur (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ). Einnig eru unnið er að uppfærslu nokkurra eldri samninga, við Tyrkland, Chile, Mexíkó og Suður-afríska tollabandalagið sem samanstendur af Botsvana, Lesótó, Namibíu, Suður-Afríku og Svasílandi.

Starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Genf er margþætt og eru mannréttinda- og mannúðarmál mikilvægur þáttur í starfsemi fastanefndarinnar. Fastanefndin leggur sérstaka áherslu á þessa málaflokka og vinnur þar að framgangi markmiða Íslands. Fastanefndin sinnir undirbúningi fyrir jafningjarýni SP um mannréttindi (*e. Universal Periodic Review, UPR*) og tekur þátt í því starfi fyrir Íslands hönd. Enn fremur annast fastanefndin undirbúning fundalotu Mannréttindaráðsins tvisvar á ári og tekur þátt í starfi þess. Flóttamannamál hafa á undanförunum árum öðlast æ stærri sess í starfi fastanefndarinnar og sinna starfsmenn hennar almennum tvíhliða samskiptum við Flóttamannastofnun SP (UNHCR).

Þátttaka Íslands í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (*e. World Health Organization, WHO*), Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar (*e. International Labour Organization, ILO*) og Alþjóðahugverkarráðgjafastofnunarinnar (*e. World Intellectual Property Organization, WIPO*) er einnig mikilvægur hluti af starfsemi fastanefndarinnar, auk þess sem hún sinnir eftir föngum verkefnum í ýmsum öðrum alþjóðastofnunum. Fastanefndin er að auki sendiráð Íslands gagnvart Liechtenstein.

Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Ekvador, Indland, Indónesíu, Malasíu, Mercosur-löndin (Argentína, Brasilía, Paragvæ, Úrúgvæ) og Víetnam. Gert er ráð fyrir að unnt verði að ljúka viðræðunum við Ekvador á fyrri hluta ársins og er stefnt að undirritun samningsins á ráðherra fundi EFTA sem haldinn verður á Sauðárkróki í júní nk. Samkvæmt formennskuáætlun Íslands, sem fer með formennsku EFTA á fyrri hluta þessa árs, er jafnframt stefnt að því að ljúka viðræðum við Indland, Indónesíu og Malasíu á þessu ári en viðræður við þessi lönd hafa reynst torsóttari en vonast hafði verið til. Þá standa yfir viðræður um endurskoðun gildandi fríverslunarsamninga EFTA við Tyrkland, Mexíkó og Tollabandalag Suður-Afríkuríkja (*e. South African Customs Union, SACU*) og vonast er til að hægt verði að hefja á árinu viðræður um uppfærslu fríverslunarsamninga við Kanada og Chile. Samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan eru hins vegar í biðstöðu um ótiltekinn tíma. Sama má segja um fríverslunarviðræður við Taíland.

Stefnt er að aukinni þátttöku á vettvangi EFTA og auknu samráði við sérfræðinga í ráðuneytum og undirstofnunum sem fara með málefni er falla undir einstök svið fríverslunarsamninga. Sömuleiðis hefur verið komið á fót reglubundnu samráði um fríverslunarviðræður við helstu hagsmunasamtök. Þá hefur að samningateymi Íslands í fríverslunarviðræðum EFTA verið styrkt í samningalotum.

Undanfarið hafa einstakir viðsemjendur EFTA-ríkjanna sett fram kröfur um að EFTA-ríkin gangi lengra í opnun markaða og semji á grundvelli annarra samningslíkana á sviðum þjónustu og fjárfestinga en gert hefur verið hingað til. Kanada er eitt þeirra ríkja sem þetta á við um. Í ljósi þessa var stofnaður sérstakur vinnuhópur meðal EFTA-ríkjanna til að fara yfir stöðu mála um þjónustu og fjárfestingar í fríverslunarviðræðum samtakanna. Þar hefur verið náð samkomulagi um nýtt samningslíkan á sviðum þjónustuviðskipta og fjárfestinga til að leggja fram í viðræðum við ríki sem byggja á öðrum samningslíkönum. Vonast er til að Kanada verði tilbúið til að hefja viðræður við EFTA-ríkin um uppfærslu fríverslunarsamnings ríkjanna á grundvelli þessa nýja samningslíkans.

EFTA-ríkin og Mercosur (tollabandalag Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ) hófu fríverslunarviðræður á síðasta ári. Viðræðurnar hafa farið nokkuð vel af stað og gefa væntingar um að grundvöllur sé fyrir því að ljúka fljótt viðræðum um ýmis efnisatriði hins fyrirhugaða samnings. Hins vegar er ljóst að viðræður um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur verða erfiðar. Talsmenn Mercosur-ríkjanna hafa þó lýst yfir væntingum um að semja við EFTA-ríkin um greiðan markaðsaðgang fyrir nautakjöt og aðrar kjötafurðir. Greiður markaðsaðgangur fyrir slíkar afurðir sé forsenda þess að geta veitt EFTA-ríkjunum greiðan aðgang fyrir iðnaðarvörur og sjávarafurðir. Gera má ráð fyrir því að væntingar Mercosur standi til þess að fá umtalsverðan tollfrjálsan kvóta fyrir slíkar afurðir.

3.1.3. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Efnahags- og framfarastofnunin (*e. Organization for Economic Co-operation and Development, OECD*) í París hefur það markmið að bæta efnahagsþróun og hagvöxt, stuðla að bættum lífskjörum og vexti og þróun heimsviðskipta. Starf stofnunarinnar miðar að því að efla stefnumótun aðildarríkja sinna og vera vettvangur þar sem ríki geta borið saman stefnur og starfshætti, deilt reynslu sinni og leitað lausna á því hvernig skuli mæta sameiginlegum áskorunum. Stofnunin er leiðandi í tölfræðiúttektum og samanburðarrannsóknnum og gefur út fjölda skýrslna ár hvert þar sem aðildarríkin og stefnumörkun þeirra á ólíkum sviðum er borin saman og árangur þeirra metinn.

Íslensk stjórnvöld hafa tekið virkan þátt í störfum OECD og nefnda stofnunarinnar um ríkisfjármál, skattamál, stjórnun efnahagsmála og opinbera stjórnsýslu. Ísland tekur einnig virkan þátt í nefndum OECD sem tengjast menntamálum, félagsmálum, umhverfismálum, viðskiptum og fjárfestingum, auk þróunarnefndar OECD. Á ráðherra fundi OECD á síðasta ári var athyglinni fyrst og fremst beint að alþjóðavæðingu og mikilvægi þess að tryggja að allir gætu notið og verið upplýstir um ávinninginn af alþjóðavæðingunni. Um þessar mundir beinir stofnunin einnig sjónum að því að aðstoða ríkisstjórnir við að endurheimta traust á mörkuðum og stofnunum markaðarins, auka heilbrigði opinberra fjármála, sem grundvöll fyrir sjálfbærum hagvexti, stuðla að og styðja við nýja vaxtarbrodda með nýsköpun, umhverfisvænum „grænum“ hagvaxtarstefnum og þróun nýmarkaðsríkja, sem og með því að tryggja eins og framast er unnt að fólk á öllum aldri geti þróað með sér hæfileika til þess að taka fullan þátt í starfsumhverfi framtíðarinnar, þ.e. undirbúningur fyrir hina svokölluðu „fjórðu iðnbýltingu“.

4. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ (EES)

4.1. EES og samstarf við Evrópusambandið

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) (*e. European Economic Area, EEA*) kallar á öfluga hagsmunagæslu af hálfu íslenskra stjórnvalda, samráð við Alþingi og hagsmunaaðila og skilvirka vinnu bæði við undirbúning að upptöku löggjafar á sviði innri markaðarins í EES-samninginn, sem og við innleiðingu EES-reglna í íslenska löggjöf.

Með EES-samningnum er Ísland, ásamt hinum EFTA-ríkjunum innan EES, þátttakandi í innri markaði Evrópusambandsins (*e. European Union, EU*). Með samningnum var komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði sem byggir á frjálsum vöruflutningum, frjálstri för launafólks, frjálstri þjónustustarfsemi og staðfesturétti, ásamt frjálsum fjármagnshreyfingum (fjórþætta frelsið). EES-samningurinn byggir á svonefndu einsleitnimarkmiði en í því felst að hvarvetna innan EES eiga að gilda sömu reglur á þeim sviðum sem samningurinn nær yfir. Af þessu leiðir að þeim ríkjum sem eiga aðild að EES ber að innleiða í löggjöf sína þær reglur sem samþykktar hafa verið á vettvangi EES-samstarfsins.

Þátttaka Íslands í innri markaðinum gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að stunda starfsemi sína svo til hindrunarlaust hvarvetna á EES-svæðinu, auk þess sem hún gerir Íslendingum kleift að afla sér menntunar eða leita sér starfa í öllum ríkjum EES og felur í sér tækifæri fyrir íslenska vísinda- og fræðimenn til að taka þátt í rannsóknarstarfsemi með samstarfsaðilum hvaðanæva að af EES-svæðinu.

Utanríkisráðuneytið samræmir stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart EES-samstarfinu, sinnir samskiptum við önnur ráðuneyti, Alþingi og hagsmunaaðila um málefni, sem tengjast EES, og hefur umsjón með samskiptum við stofnanir ESB og EFTA. Áhersla er lögð á að fylgjast vel með þróun mála innan ESB, einkum á sviðum sem eru mikilvæg fyrir íslenska hagsmunum, auk þess að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki við að njóta þeirra réttinda sem EES-samningurinn tryggir þeim.

Forsenda þess að nýta megi til fulls þau tækifæri sem aðildin að EES skapar íslensku atvinnulífi og ríkisborgurum er að stjórnvöld sinni vel hagsmunagæslu í EES-samstarfinu og standist þær kröfur sem af samningnum leiða. Í skýrslu stýrihóps um framkvæmd EES-samningsins undir forystu forsætisráðuneytisins frá desember 2015 komu fram margvíslegar tillögur í þá veru að efla og auka skilvirkni í þátttöku Íslands í EES-samstarfinu og meta hvernig hagsmunagæslu af Íslands hálfu verði best háttáð. Meðal tillagna stýrihópsins, sem þegar hafa komið til framkvæmda, má nefna:

- Samþykktur var listi yfir þau mál í lagasetningarferli hjá ESB sem eru forgangsmál af hálfu Íslands. Þessi mál eru vöktuð sérstaklega og sjónarmiðum Íslands komið á framfæri við ESB.
- Komið hefur verið á fót miðlægum EES-gagnagrunni sem hefur að geyma upplýsingar um ferli EES-gerða frá upphafi til enda.
- Í fjárlögum 2017 var samþykkt heimild til að ráða tímabundið fjóra starfsmenn sem aðstoði ráðuneytin við að vinna að upptöku og innleiðingu tilskipana.

4.2. Framkvæmd EES-samningsins

Við framkvæmd EES-samningsins hér á landi skiptir upptaka gerða og innleiðing þeirra í landsrétt miklu máli. ESB samþykkir á hverju ári fjölda gerða sem varða málefni innri markaðarins. Til þess að EFTA-ríkin geti verið fullir þátttakendur í innri markaðinum þarf að taka þessar gerðir upp í EES-samninginn. Það leiðir af eðli EES-samningsins að óumflýjanlegt er að alltaf sé til staðar ákveðinn fjöldi gerða, sem ESB hefur samþykkt en bíða þess að verða teknar upp í EES-samninginn, enda samþykkja EFTA-ríkin innan EES ekki sjálfkrafa gerðir ESB. Undir lok árs 2017 voru um 600 gerðir til umfjöllunar á meðal EFTA-ríkjanna innan EES sem biðu upptöku í EES-samninginn. Þar af eru um 200 gerðir sem taka evrópskt regluverk um fjármálastofnanir upp í EES-samninginn. Þegar gerðir hafa verið teknar upp í EES-samninginn þurfa EFTA-ríkin innan EES að innleiða þær í löggjöf sína. Eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir tvisvar á ári mat sem felur í sér könnun og samanburð á því hvernig EES-ríkjunum hefur gengið að innleiða tilskipanir í landsrétt. Í töflu hér að neðan má sjá hlutfall þeirra tilskipana, sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, en hafa ekki ennþá verið innleiddar í landsrétt. Markmiðið síðustu ár hefur verið að ná hlutfallinu niður fyrir 1%.

Tafla 5: Hlutfall þeirra tilskipana sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn en hafa enn ekki verið innleiddar í landsrétt.

2014		2015		2016		2017		2018
Febrúar: 3,2%	Júlí: 3,1%	Apríl: 2,8%	Október: 2,1%	Júlí: 1,8%	September: 2%	Janúar: 2,2%	September: 2,2%	Apríl: 1,8%

Í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn á Alþingi um gerðir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn kemur fram að frá árinu 1994 til ársloka 2016 hafa 13,4% þeirra gerða, sem að ESB hefur samþykkt á sama tímabili, verið tekin upp í EES-samninginn. Heildarfjöldi þeirra gerða sem að Ísland hefur tekið upp er 9.028 samkvæmt skráningu í EES-gagnagrunni Stjórnarráðsins, sem byggist á nýjustu tölum frá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Heildarfjöldi þeirra gerða sem að stofnanir ESB hafa samþykkt á sama tímabili eru alls 67.158, samkvæmt lagagagnagrunni ESB (EUR-lex). Mikilvægt er að hafa í huga að hér er um að ræða heildarfjölda þeirra gerða sem Evrópusambandið samþykkti á tímabilinu, þ.m.t. gerðir sem felldar hafa verið brott. Þá skal það einnig áréttað að um er að ræða gerðir á öllum málavæðum Evrópusambandsins, einnig þeim sviðum sem ekki falla undir gildissvið EES-samningsins.

Eins og áður greinir felst í EES-samstarfinu að sömu reglur eigi að gilda á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Ef langan tíma tekur að taka slíka löggjöf ESB upp í EES-samninginn eða ef miklar tafir verða á innleiðingu EES-reglna í íslenska löggjöf er afleiðingin sú að ekki er hægt að ganga að því sem vísu að sömu reglur gildi á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Slíkt grefur undan meginmarkmiði EES-samningsins um að skapa einsleitt Evrópskt efnahagssvæði og skekkir samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs..

4.3. EFTA-dómstóllinn

Á tímabilinu frá mars 2017 til mars 2018 hefur EFTA-dómstóllinn kveðið upp fimm dóma í málum sem Eftirlitsstofnun EFTA (*e. European Surveillance Authority, ESA*) hefur höfðað gegn Íslandi. Í flestum þessara mála hefur Ísland ekki innleitt gerðir, sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, innan settra tímamarka. Dómsmálum gegn Íslandi vegna tafa á innleiðingu hefur fækkað en markmiðið er að Ísland fari ekki fyrir EFTA-dómstóllinn fyrir að hafa ekki innleitt EES-gerðir.

4.4. Hagsmunagæsla innan EES

Utanríkisþjónustan sinnir margháttaðri hagsmunagæslu innan EES-samstarfsins. Í því felst að koma til skila sjónarmiðum Íslands við mótun löggjafar innan Evrópusambandsins, fylgjast með umfjöllun um málefni sem varða íslenska hagsmuni innan stofnana ESB og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri eftir þörfum. Jafnframt felur það í sér að semja um nauðsynlegar aðlaganir við upptöku gerða í EES-samninginn og leysa úr hugsanlegum vandkvæðum sem íslensk fyrirtæki eða ríkisborgarar kunna að standa frammi fyrir á Evrópska efnahagssvæðinu.


Í september 2016 samþykkti ríkisstjórnin forgangslista fyrir hagsmunagæslu í EES-samstarfinu. Forgangslistinn hefur verið endurskoðaður fyrir árið 2018 og þar eru skilgreind þau hagsmunamál Íslands sem eru brýnust af þeim málefnum sem eru í lagasetningarferli innan Evrópusambandsins. Forgangslistinn var unninn í samvinnu allra ráðuneyta og að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og hagsmunaaðila. Spannar listinn allt frá loftslagsmálum til reglna um útsenda starfsmenn. Munu íslensk stjórnvöld fylgjast með framvindu þeirra mála, sem tiltekin eru á forgangslistanum, og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri við umfjöllun um þau innan stofnana ESB. Gengið er út frá því að listinn verði endurskoðaður um mitt ár 2018 og árangur þá metinn.

Samkvæmt EES-samningnum hefur Ísland margvísleg tækifæri til að hafa áhrif á mótun nýrra EES-reglna. Mikilvægt er að nýta þau sem best. Til að mynda býðst íslenskum sérfræðingum þátttaka í sérfræðingahópum sem framkvæmdastjórnin hefur samráð við um mótun löggjafar. Ísland á sæti (án atkvæðisréttar) í stjórnarnefndum þeirra undirstofnana framkvæmdastjórnar ESB sem EFTA-ríkin innan EES eru þátttakendur í og þá er íslenskum ráðherrum oft boðin þátttaka í óformlegum ráðherrafundum ESB. Utanríkisráðuneytið hyggst leggja aukna áherslu á upplýsingastreymi til sérfræðinga í stjórnsýslunni og hagsmunaaðila um hvaða Evrópulöggjöf sé í farvatninu og ekki síst til Alþingis, skv. 8. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála, og auka aðkomu þess að hagsmunagæslunni. Samráð við önnur EFTA-ríki hefur m.a. verið aukið í þessu skyni.

Nýi EES-gagnagrunnurinn gefur tækifæri til aukins samráðs innan stjórnarráðsins. Um 250 sérfræðingar innan stjórnsýslunnar hafa nú aðgang að gagnagrunninum og geta nýtt hann til að vinna sameiginlega

greiningarvinnu á stefnumótandi skjölum um mótun löggjafar í ESB inn í grunninum. Einnig gefur grunnurinn heildaryfirsýn yfir ferli EES-gerða allt frá mótunarstigi til upptöku í samninginn, innleiðingar í íslenska löggjöf og hugsanlegrar málsmeðferðar sem tengist gerðunum hjá Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum. Ekki hvað síst þarf að vinna með skipulegum hætti að því að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri í umræðu um stefnumótun ESB, innan stofnana þess og gagnvart aðildarríkjunum og nýta möguleika sem Ísland hefur til að taka virkan þátt í mótun löggjafar ESB. Því markmiði verður einungis náð með því að koma á framfæri afstöðu Íslands við stofnanir og aðildarríki Evrópusambandsins og afla henni fylgis. Stefnt er að því að gera upplýsingar úr gagnagrunninum aðgengilegar Alþingi, hagsmunaaðilum og almenningi til að auka og auðvelda aðkomu þeirra að EES-málum.

Brussel



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	141	0,3%
-------------------	-----	------

Vöruútflutningur	14.136	2,3%
------------------	--------	------

Þjónustuútflutningur	9.729	1,7%
----------------------	-------	------

Vöruinnflutningur	9.358	1,3%
-------------------	-------	------

Þjónustuinnflutningur	7.570	2,0%
-----------------------	-------	------

Fjölþjóðasamstarf	EES, Schengen	
-------------------	---------------	--

Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	13	11,3%

Útsendir aðrir	5	
----------------	---	--

Útsend, önnur rn.	1	
-------------------	---	--

Staðarr. Viðskiptaf.	3	
----------------------	---	--

Aðrir staðarráðnir	0	
--------------------	---	--

	4	
--	---	--

Kostnaður	228	8,9%
-----------	-----	------

Sendiráðið í Brussel: Hagsmunagæsla vegna EES-samningsins.

Í sendiráðinu í Brussel starfa sex útsendir starfsmenn frá utanríkisráðuneytinu, þrír fulltrúar frá öðrum ráðuneytum og fimm staðarráðnir starfsmenn. Meginhlutverk þess er að taka þátt í rekstri samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Schengen-samstarfsins. Það er gert í samstarfi við fastanefndir Noregs og Liechtenstein í Brussel, auk stofnana EFTA og Evrópusambandsins (ESB). Sendiráðið sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB, t.d. með því að kynna sjónarmið Íslands við mótun lagasetningar innan ESB sem til stendur að taka upp í EES-samninginn.

Rekstur EES- og Schengen-samninganna fer fram í nánú samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi. Formlegur rekstur EES-samningsins fer að mestu fram á vettvangi fastanefndar EFTA, sameiginlegrar nefndar EES, eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), EFTA-dómstólsins í Lúxemborg og á skrifstofu EFTA í Brussel. Íslenskir sérfræðingar taka þátt í fundum sérfræðinganevnda EFTA og nokkrum hinna fjölmörgu vinnunefnda framkvæmdastjórnar ESB þar sem fjallað um málefni innan ramma EES-samningsins. Sendiráðið veitir sérfræðingum stuðning og undirbýr funda. Sendiráðið fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Breta úr ESB (Brexit) og tekur þátt í starfi Uppbyggingarsjóðs EES en markmiðið með honum er að draga úr félagslegu og efnahagslegu mismæmi innan EES og efla tvíhliða samstarf milli EES/EFTA-ríkjanna og viðtökuríkjanna fimmtán. Lögð er áhersla á að skapa tækifæri fyrir íslenskar stofnanir, fyrirtæki og frjáls félagasamtök til samstarfs í viðtökuríkjunum. Sendiráðið á margháttáð samráð við stofnanir sambandsins og fastanefndir aðildarríkjanna í Brussel á sviði utanríkismála. Sem náinn samstarfsaðili ESB á alþjóðavettvangi er mikilvægt að til staðar sé öflugt tengslanet við lykilaðila innan stofnana ESB. Formleg samskipti fara m.a. fram með pólitísku samráði EES/EFTA-ríkjanna við utanríkisþjónustu ESB (e. *European External Action Service*, EEAS), en einnig situr fulltrúi Íslands einstaka fundi stjórn mála- og öryggisnefndar ESB, þar sem Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Umdæmisríki sendiráðsins eru Belgía, Lúxemborg, Holland og San Marínó og eru ræðismenn starfandi í fjórum af þeim ríkjum. Sendiráðið sinnir hefðbundnu hlutverki sendiskrifstofa gagnvart umdæmisríkjunum þ.e.a.s. að gæta hagsmuna Íslands í víðum skilningi, einkum á sviði utanríkis-, viðskipta- og menningarmála og veita Íslendinga ýmis konar aðstoð.

4.5. Markmið og starfið framundan

Vinna að hraðari upptöku og innleiðingu gerða til að tryggja einsleitni í löggjöf innan EES-svæðisins. Þannig eiga fyrirtæki og einstaklingar innan EES að geta treyst því að sömu reglur gildi innan EES á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Ísland mun taka virkari þátt í mótun löggjafar ESB til að gæta hagsmuna landsins. Áhersla verði lögð á að greina hagsmunamál snemma á mótunarstigi. Jafnframt verði aukið formlegt samráð við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélög og borgarasamtök. Samstarf við önnur ráðuneyti og Alþingi eftir með það að markmiði að bæta árangur og vanda vinnubrögð við upptöku og innleiðingu EES-reglna. Aðgangur almennings að upplýsingum um EES-samninginn verði aukinn, t.a.m. með því að gera upplýsingar úr EES-gagnagrunninum aðgengilegar almenningi. Utanríkisráðuneytið bjóði starfsmönnum Stjórnarráðsins, sem vinna að EES-málum, reglulega til fræðslufunda og hefjist handa við endurskoðun á handbók um meðferð EES-mála.

4.6. Uppbyggingarsjóður EES

Allt frá gildistöku EES-samningsins hafa EES-ríkin innan EFTA, Noregur, Ísland og Liechtenstein, innt af hendi tiltekin framlög til að draga úr efnahagslegu og félagslegu mismæmi milli svæða innan EES með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila, eins og EES-samningurinn kveður á um. Hefur þetta falist í fjárhagslegum framlögum EES-ríkjanna innan EFTA til tiltekinna ríkja innan Evrópusambandsins (ESB).

Uppbyggingarsjóður EES skapar tækifæri til að efla tvíhliða samstarf Íslands við 15 ríki innan ESB. Með þátttöku Íslands í sjöðnum skapast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, stofnanir, frjáls félagasamtök og einstaklinga til þess að taka þátt í verkefnum með samstarfsaðilum innan ríkjanna 15.

Markmið Uppbyggingarsjóðs EES (e. *EEA Grants*) er að draga úr félagslegu og efnahagslegu mismæmi innan EES og efla tvíhliða samstarf milli EES-/EFTA-ríkjanna og viðtökuríkjanna fimmtán. Samningurinn milli EES-/EFTA-ríkjanna við ESB um nýtt starfstímabil Uppbyggingarsjóðsins fyrir samningstímabilið 2014-2021, sem undirritaður var árið 2016, kveður á um að heildarframlag EES-/EFTA-ríkjanna til viðtökuríkjanna 15 fyrir tímabilið skuli nema 1.584,1 milljónum evra. Framlag Íslands er sambærilegt við fyrra tímabil eða um 3-4% af heildarframlagi. Einnig var samið um áherslusvið sjóðsins, sem eru að þessu sinni 22, og sett fram í svonefndri *Blábók*. Viðtökuríkin gera sjálf tillögur um hvaða málaflokkum þau vilja starfa að í samstarfi við EES-/EFTA-ríkin. Samningaviðræðum við viðtökuríkin um skiptingu sjóðsins eftir málaflokkum er að ljúka og hafa samningar verið undirritaðir við 12 ríki af 15.

Ísland mun á komandi tímabili leggja áherslu á verkefni á sviði rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar, orku- og umhverfismála, samfélagslegra umbóta og málefna flóttamanna. Samvinna á sviði jarðvarma hefur fram til þessa verið mikið áherslumál Íslendinga og mun halda áfram í þeim viðtökuríkjum þar sem kostur er. Á komandi tímabili verður aukin áhersla lögð á tvíhliða verkefni milli viðkomandi ríkja og hvers og eins EES-/EFTA-ríkis og verður um 2% af framlagi til sérhvers ríkis varið til slíkra verkefna. Með þessari nýbreytni í starfinu munu skapast einstök tækifæri til þess að efla samskipti Íslands og einstakra ríkja. Til þess að tryggja sem best aðstoð við fyrirtæki og stofnanir á Íslandi, sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefnum á vegum sjóðsins, munu Rannís og Orkustofnun halda áfram hlutverki sínu sem samstarfsaðilar stjórnvalda á Íslandi og í viðtökuríkjunum. Mannréttindaskrifstofa Íslands mun einnig aðstoða vegna samstarfs við frjáls félagasamtök.

4.7. Schengen-samstarfið

Aðildarríki samstarfsins eru 26 talsins, þ. á m. öll aðildarríki EFTA og ESB, nema Bretland, Írland, Kýpur, Rúmenía og Búlgaría. Í Schengen-samstarfinu felst annars vegar afnám persónueftirlits á innri landamærum Schengen-svæðisins og hins vegar mótvægisáðgerðir til að tryggja öryggi borgara á svæðinu.

Málefni flóttamanna hafa verið ofarlega á dagskrá Schengen-ríkjanna frá árinu 2015 þegar straumur flóttamanna til Evrópu jókst gríðarlega. Þá hefur aukin öryggisógn í Evrópu vegna hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi leitt til þess að mótvægisáðgerðir, þ.m.t. samvinna evrópskra lögregluumbætta, beinast í auknum mæli að því að tryggja betur öryggi borgaranna. Hefur þetta m.a. verið gert með bættu eftirliti á ytri landamærum Schengen-svæðisins á vegum löggæsluyfirvalda og FRONTEX, landamæra- og strandgæslustofnunar Schengen-ríkjanna. Nokkur ríki Schengen-samstarfsins hafa nýtt heimild til

tímabundins eftirlits á innri landamærum og er það í fyrsta skipti sem það hefur verið gert frá upphafi samstarfsins.

Árið 2017 lauk Evrópusambandið samningsgerð um vegabréfaáritanafrelsi við Úkraínu og Georgíu. Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að Ísland geri sambærilega samninga og ESB hefur gert við þriðju ríki um vegabréfsáritanafrelsi, um útgáfu vegabréfsáritana og um endurviðtöku þeirra sem koma ólöglega hingað til lands. Á síðasta ári var lokið við gerð endurviðtökusamnings við Georgíu og eru samningaviðræður við Makedóníu komnar langt á leið. Stefnt er að því að ljúka slíkri samningagerð við fleiri ríki á næsta ári.

Samræmd Schengen-vegabréfsáritun er gefin út af ríkjum Schengen-svæðisins. Þessi áritun gildir um ferðir til Schengen-ríkjanna en sótt er um hana til þess ríkis sem er aðaláfangastaður ferðar. Ferðamenn frá yfir 120 ríkjum utan Schengen-samstarfsins, sem ekki hafa samið um áritanafrelsi við Schengen-ríkin, þurfa að hafa gilda vegabréfsáritun til að koma til Íslands. Tvö sendiráð Íslands erlendis, í Moskvu og Peking, gefa út vegabréfsáritanir til Íslands. Annars staðar sækja ferðamenn um vegabréfsáritun í sendiráðum annarra Schengen-ríkja sem Ísland hefur samið við um fyrirsvar við útgáfu Schengen-áritana. Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna til Íslands er þanþol margra umsóknarstaða hjá ríkjum, sem annast fyrirsvar fyrir Ísland, komið að ystu mörkum, og er því brýnt gera þarfagreiningu og aðgerðaráætlun um fjölgun áritanaafgreiðslna.

Í ársbyrjun 2017 gerði framkvæmdastjórn ESB úttekt á því hvernig Ísland uppfyllir kröfur Schengen-samstarfsins um útgáfu vegabréfsáritana. Úttektin fór m.a. fram í sendiráði Íslands í Peking. Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB um úttektina var birt í júlí 2017 og er unnið að því að bregðast við athugasemdum sem þar kom fram. Ábendingarnar munu m.a. gagnast að bæta framkvæmd við útgáfu áritana og tryggja samræmi við reglugerð ESB um vegabréfsáritanir (e. *Visa Code*).

4.8. Markmið og starfið framundan

Samningum verður lokið við viðtökuríki Uppbyggingarsjóðsins fyrri hluta árs 2018. Utanríkisráðuneytið mun leggja aukna áherslu á að kynna Uppbyggingarsjóð EES og áherslusvið sjóðsins á því starfstímabili sem er að hefjast. Vakin verður athygli á samstarfstækifærum fyrir íslensk fyrirtæki, stofnanir, frjáls félagasamtök og einstaklinga. Áhersla verður lögð á að skapa markviss tækifæri fyrir tvíhliða verkefni milli Íslands og viðkomandi viðtökuríki.

Gerð verður þarfagreining og aðgerðaráætlun um fjölgun áritanaafgreiðsla á vegum utanríkisráðuneytisins út frá því hvar þörfin er mest. Áhersla verður lögð á að ljúka við gerð endurviðtökusamninga og samninga um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana.

5. MENNINGARMÁL

5.1. Alþjóðlegt menningarstarf og kynning


Listsköpun og kröftugt menningarlíf á Íslandi hefur á síðustu árum ekki aðeins orðið meginstef í landkynningu og ræktun orðspors landsins, heldur einnig ein af grunnstoðum alþjóðlegs, skapandi og framsækings atvinnulífs. Íslenskir listamenn og hugvitsfólk eru æftar í forgrunni umfjallana alþjóðlegra fjölmiðla. Hið sama má segja um íþróttafólkið sem gert hefur garðinn frægan og aukið þannig tiltrú á það sem frá Íslandi kemur. Þessi mikla orka og sköpun í listum og íþróttum skapar traust og áhuga og býr þannig í haginn fyrir þá einstaklinga sem eru við nám, störf eða í viðskiptatengdum verkefnum erlendis.

100 ára fullveldi

Í tilefni af hundrað ára fullveldisafmæli Íslands skipuleggja sendiskrifstofur málþing, fundi og móttökur með þátttöku háttsettra opinberra aðila frá Íslandi og hlutaðeigandi gistiríkjum. Þau koma á framfæri sögum af árangri Íslands á liðinni öld við fjölmiðla og reyna þannig að skapa jákvæða ímynd af landi og þjóð.

Menning og listir verða sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi sendiskrifstofa. Utanríkisþjónustan öll kemur að hundruðum menningartengdra verkefna á hverju ári. Sendiráðin hafa byggt upp hæfni og þekkingu til að veita liðsinni sitt í framkvæmd menningarverkefna og til tengslamyndunar í þágu íslenskra listamanna. Utanríkisráðuneytið ver talsverðu fé til menningartengdra verkefna á vegum sendiráðanna á hverju ári en það dugar þó stundum skammt vegna þess hveeftirspurnin er mikil.

Winnipeg



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	Sjá Ottawa	
-------------------	------------	--

Vöruútflutningur	Sjá Ottawa	
Þjónustuútflutningur	Sjá Ottawa	

Vöruinnflutningur	Sjá Ottawa	
Þjónustuinnflutningur	Sjá Ottawa	

Fjölþjóðasamstarf		
-------------------	--	--

Starfsmenn	Fj.	%
Útsendir diplómatar	2	1,7%
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. Viðskiptaf.		
Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður	50	2,0%
-----------	----	------

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Ræktar samskiptin við Vestur-Íslendinga.

Í ljóði sínu „Þorpinu“ segir skáldið Jón úr Vör: „Enginn slítur þau bönd, sem hann er bundinn áttögum sínum. Móðir þín fylgir þér á götu, er þú leggur af stað út í heiminn en þorpið fer með þér alla leið.“ Segja má að þetta séu orð að sönnu þegar höfð eru í huga störf utanríkisþjónustunnar, þar sem unnið er að því að rækta og styrkja böndin við frændur okkar, afkomendur íslensku landnemanna er fluttu vestur um haf á seinni hluta 19. aldar. Ekki virðast nein takmörk fyrir því hvað þessir frændur okkar eru reiðubúnir að leggja á sig við að halda tengslum við uppruna sinn og varðveislur sameiginlegs menningararfs þjóðanna.

Hvergi í heiminum fyrir utan Ísland er að finna sambærilegan fjölda fólks af íslenskum ættum og í Kanada, þá sérstaklega í Manítóba, þar sem hjartað slær. Enda er þar að finna fjölmargar stofnanir, félög og verkefni sem tengjast Íslandi og íslenski menningu. Á undanförunum árum og áratugum hafa samskipti Íslendinga við Vestur-Íslendinga eflst beggja vegna Atlantsála. Þessi nánur og góðu tengsl við „okkar“ fólk vestanhafs hafa verið og eru styrkur fyrir land og þjóð, ekki síst núna á tímum sívaxandi alþjóðavæðingar.

Meginverkefni aðalræðisskrifstofunnar snýr að samfélagi fólks af íslenskum ættum, en þau eru langfjölmennust í Manítóba og fylkjunum fyrir vestan, Saskatchewan, Alberta og Bresku Kólumbíu. Tilgangurinn er m.a. að styrkja bönd menningar vináttu, skilnings og bræðræðis. Skrifstofan greiðir fyrir menningarviðburðum, listum, fræðum, upplýsingaöflun og öðru því sem má verða til að hjálpa áhugasömu fólki að leggja rækt við menningararf sinn og sögu. Á hverju ári koma listamenn, fræðimenn og ýmsir aðrir til að miðla af þekkingu sinni og list. Þá sinnir hún einnig tengslum við ráðamenn í sínu umdæmi, viðskiptaþjónustu og aðstoð við Íslendinga svo að dæmi séu tekin. Einnig hefur verið leitast við að styrkja viðskiptatengslin, ekki hvað síst viðskiptatengsl Íslands og Manítóba-fylkis.

Ekki er vitað með vissu um fjölda fólks af íslenskum uppruna í allri Norður-Ameríku en ekki er ólíklegt að hann gæti verið rúmlega 200 þúsund manns. Manítóba er fjölmennasta einstaka byggðarlag fólks af íslenskum uppruna í heiminum utan Íslands. Það gefur því auga leið að Íslendingasamfélagið í Manítóba er mjög áberandi og þar hefur skrifstofan mikilvægu hlutverki að gegna.

Á skrifstofunni starfar útsendur aðalræðismaður og staðarráðinn starfsmaður. Umdæmi skrifstofunnar er Manítóba-fylki, Saskatchewan-fylki, að undanskilinni borginni Regina, og Alberta-fylki, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.

Norrænt menningarsamstarf sendiráða verður sífellt fyrirferðarmeira, en á hverju ári eru skipulagðir norrænir menningarviðburðir, og Norðurlönd koma fram sem ein heild á hátíðum og kaupstefnum. Norrænt samstarf skapar aukin tækifæri fyrir íslenska listamenn, auk þess sem það hefur töluverð samlegðaráhrif og dregur úr kostnaði fyrir löndin fimm. Dæmi um áhugaverð ný verkefni á árinu er norrænn hraðall fyrir fyrirtæki í skapandi greinum á vegum norrænna nýsköpunarmiðstöðva sem nú starfa í New York og Kaliforníu. Íslensk fyrirtæki geta tekið fullan þátt í þessu samstarfi.

Utanríkisþjónustan kemur, með beinum eða óbeinum hætti, að mörg hundruð samstarfsverkefnum á sviði menningar víða um heim á hverju ári. Sendiskrifstofur svöruðu tæplega 1.300 fyrirspurnum á sviði menningar og lista á árinu 2017 og komu að framkvæmd hátt í 600 menningarviðburða á árinu. Þá eru ótaldar fyrirspurnir sem kjöræðismenn sinntu. Um er að ræða höfundakynningar og bókmenntahátíðir, tónleikahald og hönnunarsýningar, opnanir myndlistarsýninga og kvikmyndahátíða og þátttöku í sviðslistasýningum og svo mætti áfram telja. Utanríkisþjónustan á samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti og kynningarmiðstöðvar lista og skapandi greina og einnig Íslandsstofu við framkvæmd alþjóðlegs menningarsamstafs á vegum sendiskrifstofa. Ráðuneytið styður jafnframt við alþjóðlegar hátíðir og útflutningsverkefni á vegum kynningarmiðstöðva lista og skapandi greina.

Listir og menning eru orðin mikilvægur liður í aðráttarafl og orðspori Íslands og stjórnvöld leggja áherslu á aukinn stuðning við þjónustu og útflutning á þessu sviði. Þetta endurspeglast í starfsemi sendiskrifstofa, sem svöruðu vel á annað þúsund fyrirspurnum og komu með beinum hætti að 600 verkefnum á sviði menningar á sl. ári.

5.2. Markmið og starfið framundan

Að greina starfsemina og móta skýrari áherslur um hvernig utanríkisþjónustan getur með faglegum og árangursríkum hætti þjónustað og stutt enn markvissar við alþjóðlegt samstarf, kynningu, og útflutning á sviði menningar. Til stuðnings verði samin "menningahandbók utanríkisþjónustunnar" á íslensku og ensku sem allt starfsfólk og ræðismenn styðjast við. Samstarf haft við fagráðuneyti, kynningarmiðstöðvar og Íslandsstofu.

Gerð ársskýrslu, að fyrirmynd Framtíðarskýrslu, um starfsemi sendiskrifstofa á sviði viðskiptaþjónustu, menningarsamstarfs og orðsporsmála sem miðlað verður til samstarfsaðila og birt á heimasíðu ráðuneytis. Ársskýrslan nýtist jafnframt við langtímastefnumótun fyrirhugaðs Útflutnings- og markaðsráðs.

Með vaxandi alþjóðlegri eftirspurn eftir samstarfi við Ísland, og byggt á áherslum Framtíðarskýrslu, hefur umfang og fjárförf vegna orðspors- og menningarstarfsemi aukist verulega. Að þróaðar verði fjármögnunarleiðir til að svara hratt vaxandi alþjóðlegri eftirspurn.


5.3. Mennta- og menningarmálastofnun SP (UNESCO)

Mennta- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (*e. United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization*, UNESCO) gegnir lykilhlutverki í innleiðingu 4. heimsmarkmiðs SP um menntun fyrir alla. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna tiltrú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum. Segja má að UNESCO standi nú á ákveðnum tímamótum. Nýr aðalframkvæmdastjóri, Audrey Azoulay hefur tekið við störfum og vonir standa til frekari endurbóta innan stofnunarinnar undir leiðsögn hennar. Á sama tíma hafa Bandaríkin ákveðið að draga sig út úr UNESCO, en sú ákvörðun á rætur að rekja til aðildar Palestínu að stofnuninni árið 2011.

Ísland hefur tekið virkan þátt í norrænu samstarfi innan UNESCO, en Norðurlöndin hafa skipst á að taka sæti í framkvæmdastjórn stofnunarinnar frá upphafi. Á aðalráðstefnunni árið 2017 fékk Finnland kosningu í stjórnina. Hefur ríkisstjórnin samþykkt að Ísland bjóði sig fram til setu í framkvæmdastjórninni fyrir tímabilið 2021 - 2025. Ísland átti síðast sæti í stjórn UNESCO tímabilið 2001-2005.

Ísland hefur til langs tíma lagt ríka áherslu á skráningu menningarminja á Heimsminjaskrá UNESCO en undanfarið ár hefur Ísland einnig lagt aukna áherslu á áframhaldandi endurskipulagningu og hagræðingu í starfi UNESCO. Líkt og í öðrum alþjóðastofnunum hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á jafnréttismál og baráttuna gegn hvers konar mismunun og að staðinn sé vörður um tjáningarfrelsið. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á innleiðingu á heimsmarkmiðum SP.

París



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	476	1,0%
-------------------	-----	------

Vöruútflutningur	35.736	5,7%
Þjónustuútflutningur	24.878	4,3%

Vöruinnflutningur	31.365	4,5%
Þjónustuinnflutningur	9.040	2,4%

Fjölþjóðasamstarf	OECD, UNESCO, Evrópuráðið
-------------------	------------------------------

Starfsmenn	Fjöldi	Prosent
Útsendir diplómatar	8	7,0%
Útsendir aðrir	3	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	0	
	4	

Kostnaður	149	5,8%
-----------	-----	------

Sendiráð í París: Fyrirsvar í Suður-Evrópu og hjá OECD og UNESCO.

Umdæmi sendiráðsins í París nær auk Frakklands til Ítalíu, Spánnar, Portúgal, Andorra, Mónakó, Marokkó, Alsír, Túnis og Líbanon. Sendiráðið gegnir jafnframt hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun SP (UNESCO) og Evrópuráðinu. Í sendiráðinu eru fjórir útsendir starfsmenn og fjórir staðarráðnir, þar af einn sérfræðingur við skrifstofu fastanefndarinnar í Strassborg. Sendiráðinu bætist liðsauki í sumar þegar útsendur starfsmaður tekur sæti í þróunarsamvinnunefnd OECD. Sendiráðið býr auk þess að mikilvirku neti kjöræðismanna, alls 30 í umdæmislöndunum öllum.

Sendiráðið hefur leitast við að fylgja eftir á markvissan hátt vaxandi áhuga á Íslandi í kjölfar Evrópumeistaramótsins í Frakklandi sumarið 2016. Stærsta verkefnið af þeim toga var án efa fólgið í að þekkja boð um að Ísland væri heiðursgestur á jólamarkaðnum í Strassborg 2017, en það er stærsti og elsti markaður sinnar tegundar í Frakklandi, sóttur af tveimur milljónum gesta árlega. Tíu íslensk fyrirtæki tóku þátt í markaðnum, auk þess sem boðið var upp á fjölbætta menningardagskrá meðan á honum stóð. Ísland var að auki í öndvegi á norrænu listahátíðinni í Caen í nóvember sl. þar sem fjöldi íslenskra listamanna kom fram, sem og á kvikmyndahátíðinni í Valladolid á Spáni. Af öðrum stórum viðburðum annars staðar í umdæminu má nefna vel heppnað framlag Íslands til Feneyjatvíværingsins og á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum. Sendiráðið tekur einnig virkan þátt í norrænu menningarsamstarfi í Frakklandi, nú síðast með þátttöku í norrænu danshátíðinni í París en einnig með stuðningi við norrænu menningarhátíðina PØLAR.

Sendiráðið leitast við að greiða fyrir viðskiptum og hefur boðið fram sendiherrabústaðinn sem vettvangur fyrir viðburði, þ. á m. um franskt-íslenskt samstarf á sviði jarðhita í samvinnu við jarðhitaklasann á Íslandi, til að kynna verkefnið um kvikuhólf Kröflu og afla fjármuna í rannsóknarskyni, til að kynna verkefnið um ábyrgar fiskveiðar í samstarfi við Íslandsstofu og til að kynna íslenskt lambakjöt á Frakklandsmarkaði.

Pólítískt landslag tók á síðasta ári stakkaskiptum í Frakklandi með öruggum sigri óháðs forsetaframbjóðanda og flokks hans í þingkosningum en hann fékk hreinan meiri hluta. Nýi forsetinn og ríkisstjórn hans hafa sett sér háleit markmið í loftslagsmálum og efndi hann til alþjóðlegrar ráðstefnu á tveggja ára afmæli Parísarsáttmálans þar sem forsætisráðherra Íslands lýsti metnaðarfullum stefnumiðum ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Frönsk stjórnvöld fylgjast einnig vel með þróun mála á norðurslóðum og hafa útnefnt sérstakan heimskautasendiherra, sem var heiðursgestur á *Arctic Circle* á síðasta ári.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR: II. UTANRÍKISVIÐSKIPTI

Nr.	Markmið	HM #	Mælikvarðar	Staða 2016	Viðmið 2018	Viðmið 2022
1	Bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningar lífs að erlendum mörkuðum, m.a. með fríverslunar-samningum, og efla samkeppnis-hæfni íslenskra fyrirtækja.	8,9,1 og 7	Ánægja fyrirtækja og hagaðila með þjónustu utanríkisþjónustunnar og Íslandsstofu (á skalanum 1-5).	3,9	4,2	4,5
			Útflutningsverðmæti vöru og þjónustu sé komið yfir 2.000 milljarða króna árið 2030 á núverandi verðlagi.	.	.	.
2	Styrkja kynningar- og markaðs-starf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.	8,9,1 og 7	Jákvætt viðhorf og aukin vitund á völdum erlendum markaðssvæðum og markhópum gagnvart íslenskri vöru og þjónustu, áfangastað og erlendri fjárfestingu.	Mælingar hafa ekki verið framkvæmdar. Utanríkisráðuneytið mun skoða hvernig hægt er að mæla þetta.		
3	Innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnis-aðilar á EES-markaði.	17	Frammistöðumat eftirlitsstofnunar EFTA sem mælir hlutfall gerða sem ekki hafa verið innleiddar.	Hlutfall gerða sem ekki hafa verið innleiddar 2%.	Hlutfall gerða, sem ekki hafa verið innleiddar, innan við 1%.	Hlutfall gerða, sem ekki hafa verið innleiddar, innan við 1%.
			Allar nýjar gerðir þýddar tímanlega.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.
			Fjöldi samningsbrotamála fyrir EFTA-dómstólum.	9 mál á ári.	3 mál á ári.	0 mál á ári.

Nr	Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili
1	1 og 2	Styrkja samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu og efla samstarf við atvinnulífið, m.a. með því að endurskoða lög um Íslandsstofu.	2017-2020	UTN/ Íslandsstofa
2	1 og 2	Setja á fót útflutnings- og markaðsráð og marka langtíma stefnu er varðar útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	2017-2018	UTN/ Íslandsstofa
3	1 og 2	Styrkja menningarstarf sendiskrifstofa í samstarfi við Íslandsstofu, menntamálaráðuneytið og hagsmunaaðila.	2018	UTN/ Íslandsstofa
4	1	Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af brotthvarfi Bretlands úr ESB, m.a. með nægum mannafla.	2017-2018	UTN
5	1	Kynna fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífínu og efla samráð við haghafa.	2017-2018	UTN
6	1	Marka heildarstefnu á sviði utanríkisviðskipta, m.a. með það að markmiði að styrkja net viðskiptasamninga.	2017-2021	UTN
7	2 og 3	Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES-löggjafar.	2017-2018	UTN
8	2 og 3	Ljúka innleiðingu EES-gagnagrunns og gera hann að helsta vinnutæki stjórnvalda við utanumhald EES-mála.	2017-2018	UTN
9	3	Auka samstarf við önnur EFTA-ríki á fyrri stigum upptökuferlis.	2018	UTN

III. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

1. Varnir Íslands

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að öryggismál þjóðarinnar séu í traustum skordrum og þjóðaröryggisstefna Íslands, sem samþykkt var á Alþingi 2016, er leiðarljós í því starfi. Í samræmi við stefnuna er grundvöllur varna landsins eftir sem áður aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (*e. North Atlantic Treaty Organization*, NATO) og tvíhliða varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Markvisst er unnið að því að tryggja varnir landsins og styrkja samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins.

Hornsteinar varna landsins eru eftir sem áður aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Sérstök varnarmálaskrifstofa hefur verið endurreist í utanríkisráðuneytinu, auk þess sem Íslenska friðargæslan hefur verið færð undir hina nýju varnarmálaskrifstofu.

Sérstök varnarmálaskrifstofa var endurreist hinn 1. október 2017 í utanríkisráðuneytinu samkvæmt tillögum í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar*. Innan varnarmálaskrifstofunnar eru fjórar deildir, 1) æfinga- og aðgerðadeild, 2) fjölþjóðlegt varnarmálasamstarf, 3) varnartengd rekstrar- og þjónustumál og 4) þátttaka í fjölþjóðlegum aðgerðum. Þá hefur Íslenska friðargæslan verið færð undir hina nýju varnarmálaskrifstofu.

Á liðnu ári tók Þjóðaröryggisráð til starfa og hefur þá stórt skref verið stigið í samhæfingu öryggis- og varnarmála Íslands. Hlutverk ráðsins er að hafa eftirlit með framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar, standa fyrir umræðu um öryggis- og varnarmál og vinna að endurskoðun stefnunnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þjóðaröryggisstefnan felur jafnt í sér virkra utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaöryggi og nær því heildstætt yfir öryggis- og varnarmál sem er nauðsynlegt þegar horft er til breyttrar heimsmyndar, nýrrar tækni og þeirra áskorana sem ríki heims standa frammi fyrir.

Á síðustu árum hafa umsvif Bandaríkjahers, sem og annarra bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins, aukist á norðanverðu Atlantshafi, vegna versnandi horfa í öryggismálum og breytts öryggisumhverfis í Evrópu. Í framhaldi af sameiginlegri yfirlýsingu Íslands og Bandaríkjanna 2016 var á síðasta ári gengið frá samkomulagi milli landanna um fyrirkomulag á varnarframkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Tilgangur framkvæmdanna er að styðja við tímabundna viðveru erlends liðsafla á Íslandi og sinna nauðsynlegu viðhaldi á flugbrautum og öryggissvæði Keflavíkurflugvallar.

Tvíhliða samráð Íslands við nágrannalönd hefur farið vaxandi undanfarin ár með hliðsjón af versnandi horfum í öryggismálum. Eftir hefur verið til aukins samráðs við Bretland, Þýskaland, Noreg og Eystrasaltslöndin. Undirrituð var sameiginleg yfirlýsing Noregs og Íslands þar sem áréttaðar eru gagnkvæmar skuldbindingar ríkjanna og áhuga á að kanna tækifæri til aukinnar samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála.

Samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á liðnum árum, m. a. innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (*e. Nordic Defence Cooperation*, NORDEF) þar sem Ísland tekur þátt í borgaralegum hluta samstarfsins. Undir lok árs 2017 gerðist Ísland aðili að norrænu samkomulagi sem auðveldar komu og brottför óvopnaðra herflugvéla vegna sameiginlegra æfinga eða annarra aðgerða (*e. Alternative Landing Base Technical Agreement*).

Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins hér við land er með óbreyttu sniði og á síðasta ári tóku Ítalía, Kanada og Bandaríkin þátt í henni. Alls hafa níu ríki sinnt verkefnum á 29 gæslutímabilum frá árinu 2007 þegar Atlantshafsbandalagið ákvað að loftrýmisgæslu yrði komið á hér við land. Loftrýmisgæslan er liður í því að hafa eftirlit með nyrðri mörkum bandalagsins og auka samstarfshæfni og viðbragðsgetu þátttökuríkja.

Ísland hefur á undanförunum árum aukið framlög til öryggis- og varnarmála heima fyrir og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í samræmi við skuldbindingar bandalagsríkja um aukinn viðbúnað og jafnari byrðar til að mæta breyttum öryggishorfum í Evrópu. Lögð hefur verið áhersla á að endurnýja og bæta varnarinnviði á Íslandi, efla gistiríkjastuðning við loftrýmisgæslu, leggja til fjármagn í stuðnings- og átakssjóði bandalagsins og auka þátttöku borgaralegra sérfræðinga í verkefnum og aðgerðum bandalagsins. Rekstur varnarmannvirkja á öryggissvæðinu og starfræksla ratsjárkerfisins, sem nær yfir víðfeðmt svæði á Norður-Atlantshafi, er veigamikill þáttur í framlagi Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins. Ratsjárkerfin á

Íslandi teljast hluti af innviðum bandalagsins sem leggur sinn skerf til fjárfestinga og uppbyggingar á svæðum sem nýtast því. Á síðasta ári náðist samkomulag um fjármögnun bandalagsins á viðhaldi og endurnýjun á stærstum hluta kerfisins.

Utanríkisráðuneytið hefur, í samvinnu við Atlantshafsbandalagið og helstu samstarfsríki, sinnt stefnumótun og hagsmunagæslu til að tryggja að fullnægjandi mannvirki, geta og þekking séu til staðar á Íslandi. Landhelgisgæsla Íslands sinnir rekstri og viðhaldi varnarmannvirkja á Íslandi fyrir hönd ráðuneytisins. Á síðustu árum hefur ráðuneytið aukið framlög til slíkra verkefna samhliða því að fá samþykkt framlög til stórra verkefna innan mannvirkja- og innviðasjóða Atlantshafsbandalagsins sem veitir fjármunum til framkvæmda vegna sameiginlegra varna bandalagsins.

Kafbátaleitaræfingin *Dynamic Mongoose* fór fram í lögsögu Íslands í júní 2017 og tóku níu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins þátt í æfingunni, auk Íslands. Vegna æfingarinnar komu til landsins um 15 skip og kabátar, auk kabátaleitarflugvéla og þyrllu. Ísland undirbýr nú þátttöku í varnaræfingunni *Trident Juncture* sem verður haldin haustið 2018 á vegum Atlantshafsbandalagsins. Undirbúningur vegna æfinganna kallar á víðtækt samráð helstu stofnana sem koma að framkvæmd öryggis- og varnarmála á Íslandi. Auk þessa tekur Ísland árlega þátt í *Northern Challenge* æfingu bandalagsins en markmið hennar er að æfa sprengjueyðingu og viðbrögð við hryðjuverkum. Árið 2017 tóku 33 lið frá 15 ríkjum þátt í henni og var heildarfjöldi þátttakenda um 300 manns. Í lok september 2017 komu hermálafulltrúar bandalagsþjóða Atlantshafsbandalagsins frá Evrópuherstjórninni (*e. Supreme Headquarters Allied Powers Europe, SHAPE*) í opinbera heimsókn til Íslands til að kynna betur öryggis- og varnarmálum Íslands hjá utanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni.

Undanfarið ár hefur áhersla verið lögð á virka þátttöku í afvopnunarmálum. Ísland og Írland gegna formennsku saman í Eftirlitskerfinu með flugskeytataekni (*e. Missile Technology Control Regime, MTCR*) 2017-2018 en samstarfið lýtur að því að takmarka útbreiðslu á eldflaugataekni fyrir burðarkerfi vopna, þ.m.t. geryðingarvopna. Ísland verður gestgjafi, af hálfu Atlantshafsbandalagsins, fyrir ráðstefnu um afvopnun og geryðingarvopn haustið 2018.

Ísland og Írland gegna formennsku saman í Eftirlitskerfinu með flugskeytataekni (*e. Missile Technology Control Regime, MTCR*) 2017-2018 en samstarfið lýtur að því að takmarka útbreiðslu á eldflaugataekni fyrir burðarkerfi vopna, þ.m.t. geryðingarvopna. Ísland verður gestgjafi, af hálfu Atlantshafsbandalagsins, fyrir ráðstefnu um afvopnun og geryðingarvopn haustið 2018.

Samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur farið vaxandi á liðnum árum, m. a. innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (*e. Nordic Defence Cooperation, NORDEFCO*) þar sem Ísland tekur þátt í borgaralegum hluta samstarfsins. Undir lok árs 2017 gerðist Ísland aðili að norrænu samkomulagi sem auðveldar komu og brottför óvopnaðra herflugvéla vegna sameiginlegra æfinga eða annarra aðgerða (*e. Alternative Landing Base Technical Agreement*).

2. Íslenska friðargæslan

Í samræmi við tillögur í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* heyrir Íslenska friðargæslan (ÍF) nú undir nýja varnarmálaskrifstofu. Þróunarsamvinnuskrifstofa annast hliðstæða þátttöku í verkefnum erlendis á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Á liðnu ári tóku tíu einstaklingar þátt í verkefnum á vegum Íslensku friðargæslunnar á sviði öryggis- og varnarmála, fjórar konur og sex karlar. Sérfræðingarnir starfa í Afganistan þar sem verkefni Atlantshafsbandalagsins halda áfram, á tengiliðaskrifstofu bandalagsins í Georgíu, og í höfuðstöðvum samstöðuadgerðar bandalagsins í Eistlandi. Þar að auki hefur verið gerð úttekt á þjálfunarverkefni fyrir sprengjueyðingasérfræðinga í Írak og stefnt er að því að fulltrúar sprengjueyðingasveitar Landhelgisgæslunnar taki frekari þátt í því. Sérfræðingar í höfuðstöðvum og hjá yfirherstjórn bandalagsins fyrir Evrópu (SHAPE) hafa unnið að málefnum samstarfsríkja, aðgerðarskipulagi og í teymi sérstaks fulltrúa um konur, frið og öryggi. Einnig starfaði íslenskur sérfræðingur í herstjórnarmiðstöð í Póllandi við áætlanagerð, sem hluti af samstöðuadgerðum bandalagsins, en þátttöku hans lauk sl. haust.

Borgaralegum sérfræðingum á vegum Íslands í störfum hjá Atlantshafsbandalaginu hefur fjölgað úr fjórum í upphafi árs 2016 í níu við árslok 2017. Stefnt er að því að árið 2018 verði að jafnaði 11 stöður sérfræðinga á vegum Íslands í verkefnum hjá Atlantshafsbandalaginu, auk sprengjueyðingasérfræðinga

Landhelgisgæslunnar. Framlaginu er ætlað styðja við starf bandalagsins samhliða því að efla getu og sérfræðipækkingu í öryggis- og varnarmálum á Íslandi.

Íslenska friðargæslan hefur um árabil annast þátttöku Íslendinga í kosningaefirliti á vegum Skrifstofu fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (e. *Office for Democratic Institutions and Human Rights*, ODIHR) í Varsjá sem er undirstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Árið 2017 sendi utanríkisráðuneytið alls sex manns í kosningaefirliti í Armeníu, Albaníu og Georgíu á vegum ODIHR.

Þjálfun friðargæsluliða er margvísleg. Áhersla hefur áfram verið lögð á öryggismál og sérfræðingar hafa m. a. verið sendir á sérstök öryggisnámskeið í Bretlandi og Þýskalandi áður en þeir hefja störf. Ráðuneytið hefur gert samning við *International SOS* sem veitir aðgang að sérstakri neyðarþjónustu fyrir sérfræðinga á vettvangi. Landsnefnd UN Women á Íslandi veitir fræðslu til allra útsendra sérfræðinga um jafnréttismál og framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325. Í lok síðasta árs tók Íslenska friðargæslan í notkun nýjan viðbragðslista og verkefnagrunn og eru nú rúmlega hundrað einstaklingar samþykktir á viðbragðslistann.

Íslenska friðargæslan hefur einnig um árabil annast þátttöku Íslendinga í kosningaefirliti á vegum Skrifstofu fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (e. *Office for Democratic Institutions and Human Rights*, ODIHR) í Varsjá sem er undirstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Árið 2017 sendi utanríkisráðuneytið alls sex manns í kosningaefirliti í Armeníu, Albaníu og Georgíu á vegum ODIHR.

3. Fjölpjódasamstarf

3.1. Atlantshafsbandalagið


Atlantshafsbandalagið hefur verið að laga sig að breyttum öryggishorfum í Evrópu í kjölfar ólögmætrar innlimunar Rússlands á Krímskaga og íhlutunar Rússa í austurhluta Úkraínu, sem og í ljósi uppgangs öfgasamtaka á borð við ISIS. Unnið hefur verið að því að auka varnarviðbúnað við austurjaðar bandalagsins, fjölgað hefur verið í viðbragðsliði þess, varnaráætlanir hafa verið uppfærðar og ákvarðanatöku einfölduð. Þá hefur samvinna við aðrar alþjóðastofnanir og helstu samstarfsríki bandalagsins, þ. m. t. Finnland og Svíþjóð, verið augin.

Ísland hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á pólitíska samstöðu um eflingu sameiginlegra varna samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, afvopnunarmál og virkari þátttaka kvenna í öryggismálum hafa verið forgangsmál. Í þessu samhengi hefur Ísland tekið að sér að vera gestgjafi ráðstefnu Atlantshafsbandalagsins um geyrdingarpögn og afvopnunarmál undir lok þessa árs. Ísland hefur einnig beitt sér fyrir innleiðingu ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 í bandalaginu.

Ísland tók virkan þátt í endurskoðun á skipulagi herstjórnkerfis með það í huga að bæta skilvirkni kerfisins gagnvart nýjum öryggisáskorunum, sérstaklega með tilliti til þróunar öryggismála á Norður-Atlantshafi. Bandalagið hefur aukið áhersluna á viðbúnað á Atlantshafinu og hefur Ísland ásamt öðrum bandalagsríkjum beitt sér fyrir því að efla eftirlit og viðbragðsgetu á svæðinu.

Sem fyrr greinir skuldbatt Ísland sig til að auka framlög til öryggis- og varnarmála á leiðtogafundinum í Wales 2014. Íslenskum sérfræðingum í alþjóðastarfslíði og aðgerðum bandalagsins hefur verið fjölgað undanfarið ár. Framlög Íslands til Atlantshafsbandalagsins eru m. a. í formi rekstrar varnarmannvirkja og starfrækslu ratsjárkerfisins sem nær yfir víðáttumikið svæði á Norður-Atlantshafinu. Samhliða auknum framlögum til reksturs og viðhalds varnarmannvirkja hefur umtalsverður stuðningur verið veittur úr mannvirkja- og innviðasjóði Atlantshafsbandalagsins. Heimilaðar hafa verið greiðslur úr sjóðnum vegna endurnýjunar á ratsjárstöðvum á Íslandi að upphæð 22,4 milljónir evra. Hluttur Íslands í verkefninu eru 3,02 milljónir evra.

Fastanefnd hjá NATO



	Fj. / m.kr.	%
--	-------------	---

Fjöldi Íslendinga	Sjá sendiráð	
-------------------	--------------	--

Vöruútflutningur	Sjá sendiráð	
Þjónustuútflutningur	Sjá sendiráð	

Vöruinnflutningur	Sjá sendiráð	
Þjónustuinnflutningur	Sjá sendiráð	

Fjölþjóðasamstarf	NATO	
-------------------	------	--

Starfsmenn	8	7,0%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. Viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	

Kostnaður	177	6,9%
-----------	-----	------

Fastanefnd í Brussel: NATO hefur tryggt öryggi í Evrópu síðan 1949.

Atlantshafsbandalagið (NATO) var stofnað með grunnsáttmála bandalagsins, Washingtonsáttmálanum, 4. apríl 1949 og var Ísland eitt af tólf stofnríkjum þess. Fastanefndin hefur verið starfandi frá 1952 og sinnir hagsmunamálum og fyrirsvari Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu og eru öryggis- og varnarmál, pólitískt samráð og samráð í tengslum við hernaðarhlið bandalagsins í forgrunni. Fastanefndin er með skrifstofu innan höfuðstöðva bandalagsins í Brussel og starfa þar sex útsendir starfsmenn og tveir staðarráðnir. Fastanefndin fer einnig með fyrirsvar gagnvart yfirherstjórn bandalagsins fyrir Evrópu (SHAPE) sem staðsett er í Mons í Belgíu. Annað fyrirsvar snýr að Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart (EUCOM), NATO-herstjórninni í Brunssum í Hollandi og Napólí á Ítalíu (JFC Brunssum, JFC Naples). Fastafulltrúi situr í fastaráði (e. *North-Atlantic Council*) sem er ædsta ákvörðunarvald bandalagsins. Fulltrúar hermálafirvalda í hverju ríki sitja í hermálanefnd sem veitir fastaráði ráðgjöf.

Fastanefndin hefur um árabíl lagt áherslu á hagsmunagæslu fyrir Ísland á sviði öryggis- og varnarmála, öryggi á Norður-Atlantshafi og samstarf um öryggismál við nágrannaríki og samstarfsríki. Stærsta framlag Íslands í öryggisverkefnum bandalagsins er rekstur ratsjárkerfisins á loftrýmissvæði Íslands og nágrennis. Frá brotthvarfi varnarliðsins árið 2006 hefur Ísland tekið við auknu hlutverki í hagsmunagæslu vegna mannvirkja og innviða sem bandalagið nýtir á Keflavíkurlflugvelli í samstarfi bandalagsþjóða. Bandalagið sinnir reglulegri loftrýmisgæslu við Ísland, nokkrum sinnum á hverju ári, auk þess sem Ísland tekur þátt í æfingum og þjálfun með aðkomu Landhelgisgæslunnar og Ríkislögreglustjóra sem sjá um framkvæmd varnartengdra mála.

Þátttaka Íslands í verkefnum bandalagsins á vettvangi hefur breyst nokkuð undanfarin ár. Áfram leggur Ísland til sérfræðinga m.a. í Afganistan, Eystrasaltsríkjum og í þjálfunarverkefnum fyrir Íraka, auk sérfræðinga í alþjóðastarfsliðinu bandalagsins að málaflokkum sem Ísland leggur áherslu á, m. a. samstarf við vinabjóðir um öryggismál, greininga- og upplýsingamál og jafnréttismál.

3.2. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Hlutverk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) (e. *Organization for Security and Co-operation in Europe*, OSCE) er að tryggja öryggi og frið á ÖSE-svæðinu með því að standa vörð um grundvallarmannréttindi, lýðræði og réttarríkið, friðhelgi landamæra og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála. Á þetta hlutverk hefur mikið reynt á síðustu misserum. Aðildarríki ÖSE eru 57 talsins.

Ástand mála í Úkraínu er helsta áhersluefnið í viðleitni ÖSE til að tryggja þar öryggi. Sem stendur eru um 700 alþjóðlegir eftirlitsmenn að staðaldri í eftirlitsverkefni ÖSE í Úkraínu. Aðildarríki stofnunarinnar hvetja til þess að staðið verði við Minsk-vopnahléssamkomulagið í Austur-Úkraínu, sem ætlað er að varða veginn til friðar í landinu, og stutt er í orði af öllum þátttökuríkjum ÖSE. Aftur á móti hefur skort pólitískan vilja af hálfu deiluaðila til að framkvæma samkomulagið. Ástandið er ennþá mjög eldfimt og erfitt að sjá fyrir endann á deilunni. Mannúðarástandið á átakasvæðunum er einnig mjög slæmt og áframhaldandi brot á vopnahléum hafa áhrif á mannréttindi og lífsskilyrði almennra borgara.


Á árlegum utanríkisráðherrafundi ÖSE desember í Vín náðust m. a. fram tvær samþykktir sem falla undir mannréttindavídd ÖSE en á síðustu árum hefur ekki tekist að ná samstöðu um ákvarðanir er varða mannréttindi. Þar er um að ræða um ákvarðanir um að efla aðgerðir gegn mansali og um að efla baráttuna gegn barnamansali og kynferðislegri misnotkun á börnum. Engin breyting er á stöðu viðræðna um Vínarskjalið þar sem erfiðlega gengur að ná samstöðu um endurskoðun þess, einkum vegna andstöðu Rússlands. Vínarskjalið er einn af grundvallarsamningum um öryggissamvinnu í Evrópu og kveður á um gagnsæi og er ætlað að byggja upp og viðhalda trausti meðal þátttökuríkjana.

Ítalía tók við formennsku í ÖSE af Austurríki um áramótin og hyggst leggja áherslu á átökin innan ÖSE-svæðisins, einkum Úkraínu en einnig svokölluðum frosnum átökum í Georgíu, Ngorno-Karabach og Transnistríu. Jafnframt er horft til þess að halda áfram umræðum um takmörkun vígbúnaðar sem var hleypt af stokkunum í formennskutíð Þýskalands árið 2016. Þá mun Ítalía freista þess að koma hreyfingu á mál er varða baráttuna gegn hryðjuverkum, mansal, glæpi, hatursorðræðu og öfgastefnur, sem og að leggja áherslu á áskoranir og ógn sem steðja að Evrópu sunnan og austan Miðjarðarhafsins, flóttamanna- og fólksflutningavandamál.

ÖSE starfrækir Skrifstofu fyrir Lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (e. *Office for Democratic Institutions and Human Rights*, ODIHR) í Varsjá. Hlutverk ODIHR varðar stuðning við 57 aðildarríki ÖSE á sviði mannréttinda og lýðræðis. Er stofnunin líklega þekktust fyrir kosningaeftirlit, sem hún stendur fyrir í aðildarríkjunum, en jafnframt veitir hún ráðgjöf og aðhald á ýmsum sviðum, s. s. með því að sporna gegn fordómum. Á undanfögnu ári hefur ODIHR m. a. staðið fyrir námskeiði fyrir saksóknara á Íslandi um hatursglæpi, eðli þeirra og aðferðir til að bregðast við þeim. Þá fékk hópur lögreglumanna og ákæranda þjálfun í lok apríl 2017 í að rannsaka hatursglæpi og sækja þá til saka sem grunaðir eru um slík brot. Slík þjálfun miðar jafnan að því að þeir sem hennar njóta geti miðlað sinni þekkingu til annarra sem einnig sinna löggæslu og fara með ákærvald. Þessi aðstoð grundvallast á samkomulagi sem ODIHR gerði í desember 2016 við íslensk stjórnvöld og er stefnt að því að þessi fræðsla verði fastur liður í menntun og símenntun lögreglumanna og ákæranda.

Á utanríkisráðherrafundi ÖSE í Mauerbach í Austurríki í júní sl. varð samkomulag um skipan í fjórar yfirmannsstöður á vettvangi ÖSE sem sumar höfðu verið ómannaðar í nokkurn tíma. Um er að ræða stöðu framkvæmdastjóra ÖSE, fulltrúa um málefni minnihlutahópa, fulltrúa um frelsi fjölmiðla og yfirmanns ODIHR en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi utanríkisráðherra var skipuð í þá stöðu hlaut þá stöðu.

Vín



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	253	0,5%
Vöruútflutningur	332	0,1%
Þjónustuútflutningur	2.988	0,5%
Vöruinnflutningur	3.377	0,5%
Þjónustuinnflutningur	1.694	0,5%
Fjölþjóðasamstarf	ÖSE, IAEA o.fl.	

Starfsmenn	3	2,6%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. Viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	

Kostnaður	86	3,4%
------------------	----	------

Fastanefnd í Vín: ÖSE stuðlar að öryggi í austurhluta Evrópu.

Nú starfar í Vín fastanefnd Íslands gagnvart Öryggissamvinnustofnun Evrópu (ÖSE), Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA), undirbúningsstjórn Samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (*e. Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty, CTBTO*) og stofnunum SP í Vín, s.s. skrifstofu fyrir varnir gegn eiturfjögum og glæpum. Starfandi er útsendur fastafulltrúi og staðarráðinn starfsmaður. Fastanefndin er í sama húsi og kjöræðisskrifstofan. Burðarás verkefna fastanefndarinnar hefur lengst af verið þátttaka í starfi ÖSE en aðildarríki stofnunarinnar eru 57. Öryggisstarfið á austurhluta ÖSE-svæðisins hefur vaxið verulega að umfangi síðustu fjögur árin eða síðan Rússar innlimuðu Krímskaga og átökin í Austur- Úkraínu brutust út. Starfsemi ÖSE er í meginatriðum á þremur sviðum eða víddum: öryggismála-, efnahags- og umhverfismála- og mannréttindavídd.

Á vettvangi stofnana SP hefur starfsemin einkum beinst að þátttöku í starfi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (*e. International Atomic Energy Agency, IAEA*) og undirbúningsstjórnar Samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn (*e. Preparatory Commission for the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organization, CBTBO*). Þá hefur fastanefnd einnig tekið þátt í starfi Skrifstofu SP um varnir gegn eiturfjögum og afbrotum (*e. UN Office on Drugs and Crime, UNODC*). Mikilvægur þáttur í mannréttindastarfi ÖSE er Skrifstofa fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (*e. Office for Democratic Institutions and Human Rights, ODIHR*) sem staðsett er í Varsjá. ODIHR sinnir einnig umfangsmiklu kosningaefirliti í aðildarríkjunum og hefur utanríkisráðuneytið sent fjölda eftirlitsmanna á vegum þess á liðnum árum.

Ákveðið var að færa fyrirvar gagnvart Austurríki til utanríkisráðuneytisins í Reykjavík 1. maí 2018. Við breytinguna fækkaði útsendum starfsmönnum úr tveimur í einn. Sendiráðið, sem hefur starfað frá 2001, hefur einnig verið með fyrirvar gagnvart Tékklandi, Slóvakíu, Ungverjalandi, Slóveníu, Bosníu og Hersegóvínu og Makedóníu. Sendiráðið sinnti pólitísku tvíhliða sambandi, einkum við Austurríki, viðskiptatengslum milli Íslands og umdæmislandanna og menningarstarfsemi, þar sem einkum hefur verið ræktaður stuðningur við kynningu á íslenskum bókmenntum, kvikmyndum og tónlist. Nú hefur borgarþjónustustarfsemin verið flutt til kjöræðisskrifstofunnar í Vín..

4. Markmið og starfið framundan

Að tryggja að hér á landi séu trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á því alþjóðlega öryggis- og varnarmálasamstarfi sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Að tryggja áframhaldandi aukin framlög til öryggis- og varnarmála, m. a. til nauðsynlegs reksturs og viðhalds á ratsjárkerfinu hér á landi og varnarmannvirkjum. Að stuðla að skilvirkri framkvæmd þjóðaröryggisstefunnar og starfi þjóðaröryggisráðs. Að halda áfram á lofti sjónarmiðum og áherslum Íslands innan Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og vinna þeim framgang. Að efla frekar samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR: III. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

Nr.	Markmið	HM #	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2022
1	Tryggja að á Íslandi séu trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggja á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, varnarsamningi við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.	16, 17	Árangur í að koma íslenskum sjónarmiðum í öryggis- og varnarmálum á framfæri.	Þetta er erfitt að mæla og verður byggt á sjálfsmati.		
			Hlutfall fjárveitinga og styrkja til framkvæmda hér á landi úr sjóðum NATO og með vísan til varnarsamningsins.	400 m.kr. 20%	1.700 m.kr. 74%	1.800 m.kr. 70%
2	Tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarmakerfisins, kerfa NATO og varnarmannvirkja á Íslandi og að ávallt sé unnin og til staðar skýr stöðumynd af loftrýminu og hafsvæðinu við Ísland.	16, 17	Áreiðanleiki (e. availability) kerfa og viðhald þeirra sé í samræmi við staðla og reglur NATO (hversu hátt hlutfall af tíma kerfin virka).	90%	90%	90%
			Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Kerfið er í uppsetningu.	Engar athugasemdir.	Engar athugasemdir.
			Fjöldi kerfa NATO sem aðgangur er að hér á landi.	ACCS-innleiðing 30%.	ACCS-innleiðing 50%.	ACCS-innleiðing 100%.
3	Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjastuðningur og viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsafla á friðar-, hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.	16, 17	Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Ásættanlegt	Ásættanlegt	Ásættanlegt
			Fjöldi gistirýma innan Öryggissvæðisins.	200	200	300

Nr	Tengist markmiði nr.	Aðgerð	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili
1	1	Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO og SP á sviði öryggis- og varnarmála.	2017-2021	UTN
2	1	Tryggja nægar fjárveitingar til málaflokksins bæði frá íslenska ríkinu og NATO í samræmi við skuldbindingar.	2017-2021	UTN/Landhelgisgæslan
3	1	Uppfæra varnaráætlun fyrir Noreg, Ísland og Norður-Atlantshafið og gera varnaráætlun fyrir Ísland. Taka þátt í æfingunum <i>Dynamic Mongoose</i> 2017 og <i>Trident Juncture</i> 2018. Stefnt er að því að hluti þeirra fari fram á og umhverfis Ísland.	2017-2018	UTN/Landhelgisgæslan
4	2	Viðhald varnarmannvirkja og kerfa á Íslandi, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið (ACCS).	2017-2020	UTN/Landhelgisgæslan
5	2	Tryggja rekstur og reglubundið viðhald tækja og kerfa sem tengjast þátttöku Íslands í samþættu loftrýmifertiliti og loftrýmisgæslu NATO við Ísland og eftirliti með hafinu, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið.	2018-2021	UTN/Landhelgisgæslan
6	2	Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.	2017-2021	UTN/Landhelgisgæslan
7	3	Styrkja starfsemi Landhelgisgæslu Íslands til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum.	2017-2020	UTN/Landhelgisgæslan
8	3	Bæta aðbúnað, öryggi og fjölga gistirýmum á öryggissvæðum.	2017-2021	UTN/Landhelgisgæslan

IV. ÞRÓUNARSAMVINNA

1. Almenn

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Með virkri þátttöku á þessu sviði leitast Ísland við að uppfylla skyldur sínar sem ábyrg þjóð. Þannig taka íslensk stjórnvöld þátt í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn fátækt og fyrir friði og betri lífsskjörum á heimsvísu. Aðild að Sameinuðu þjóðunum er einn helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands og heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun varða veginn. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins með 169 undirmerkiðum og beinast bæði að innanlandsstarfi og starfi Íslands á alþjóðavettvangi. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmdinni hvað alþjóðastarf og þróunarsamvinnu varðar.

Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og ber öllum þjóðum að vinna skipulega að þeim bæði innanlands sem og í alþjóðasamstarfi og þróunarsamvinnu fram til ársins 2030. Skipuð var verkefnastjórn á fyrri hluta árs 2017 sem gegnir því hlutverki að halda utan um greiningu, innleiðingu og kynningu heimsmarkmiðanna. Í verkefnastjórn voru skipaðir fulltrúar forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, velferðarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Hagstofu Íslands. Verkefnastjórnin, sem starfar undir forystu forsætisráðuneytis og varaformennsku utanríkisráðuneytis, hefur lokið við gerð stöðuskýrslu og forgangsröðun heimsmarkmiðanna, ásamt því að koma á fót ungmennaráði og kynningarherferð.

Þróunarsamvinnunefnd sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvörðunartöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma, jafnframt því sem hún fylgist með framkvæmd þróunarsamvinnustefunnar. Nefndin er skipuð fulltrúum allra þingflokka, fimm fulltrúum borgarasamtaka sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðarástod, tveimur fulltrúum háskólasamfélagsins og tveimur fulltrúum vinnumarkaðarins.

2. Framlög til þróunarsamvinnu

Ríkisstjórnin ætlar að auka framlög til þróunarsamvinnu á næstu árum og stefnir að því að þau verði 0,35% af vergum þjóðartekjum (VPT) eftir fimm ár. Til samanburðar má nefna að meðaltal framlaga aðildarríkja að Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) er 0,32 % af VPT. Samkvæmt fjárlögum 2018 námu framlög til þróunarsamvinnu 5,9 milljörðum kr. árið 2017 og hlutfallið verður 0,26% af VPT.

3. Samstarf við atvinnulífið

Í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* var m. a. lögð áhersla á að „...virkja atvinnulífið betur til þátttöku í þróunarstarfi í samræmi við ákall alþjóðasamfélagsins, hvetja til fjárfestinga og viðskipta, og tefla fram íslenskri þekkingu í hin stóru verkefni alþjóðastofnana og á vettvangi skóla Háskóla SP. Mikilvægt er að augin áhersla verði lögð á atvinnulífið í framkvæmd nýrrar þróunarsamvinnustefnu næstu árin og að búið verði svo um hnútana að íslensk sérþekking og reynsla, t.d. hvað varðar nýtingu á jarðvarma og sjálfbærum sjávarútvegi, geti nýst í þágu fátækra þjóða.“ Í kjölfar þessa var hinn 1. október sl. sett á fót ný deild Svæðasamstarfs og samstarfs við atvinnulífið innan þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Í tengslum við aukið samstarf við atvinnulífið í þróunarsamvinnu er hafin skoðun og undirbúningur á sk. Heimsmarkmiðasjóði sem m. a. er ætlað að virkja samstarf við einkageirann til þátttöku í verkefnum sem tengjast heimsmarkmiðum SP til hagsbóta fyrir fátæk lönd.

Helstu verkefni deildarinnar eru umsjón með svæðasamstarfi og samstarfi við atvinnulífið og starfi skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (e. *UN University*, UNU/HSP) á Íslandi. Auk þess sem deildinni er ætlað hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna, er henni ætlað að auka þátttöku atvinnulífsins í þróunarsamvinnu. Forsendan fyrir slíku samstarfi og mögulegum verkefnum er að þau séu virðisaukandi og hafi skýra tengingu við þróunarsamvinnu- og styðji einnig við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í fátækustu ríkjum heims. Á sl. ári var að störfum vinnuhópur sem hafði það hlutverk að kortleggja möguleika Íslands og áhuga íslensks atvinnulífs hvað varðar sjálfbæra þróun og uppbyggingu í þróunarlöndum. Í vinnuhópnum voru fulltrúar þróunarsamvinnuskrifstofu, viðskiptaskrifstofu og Íslandsstofu. Í febrúar sl. var haldinn fundur með aðilum atvinnulífsins um viðskipti í þróunarlöndum og þátttöku atvinnulífs í

þróunarsamvinnu um um möguleika og hindranir í þessu samhengi. Áfram verður unnið með niðurstöður fundarins og möguleg verkefni skilgreind innan þróunarsamvinnuskrifstofu, viðskiptaskrifstofu og Íslandsstofu. Í sama mánuði var jafnframt haldinn fundur með fyrirtækjum og sérfræðingum varðandi ráðgjöf í fiskimálum í tengslum við verkefni Alþjóðabankans. Stefnt er að því að slíkt samstarf fari af stað vorið 2018.

Í takt við auknar áherslur á viðskiptamál innan þróunarsamvinnu var í lok árs 2017 undirritaður samningur til þriggja ára við Alþjóðaviðskiptamiðstöðina (*e. International Trade Centre, ITC*) sem hefur að markmiði að stuðla að efnahagslegri þróun og útrýma fátækt í þróunarríkjum fyrir tilstuðlan viðskipta. Leggur Ísland sérstaka áherslu á efnahagslega valdeflingu kvenna og í því samhengi er stuðningur Íslands eyrnamerkur verkefninu *SheTrades* sem var sett á fót samhliða samþykkt heimsmarkmiðanna. Markmið verkefnisins er að tengja konur og kvenfrumkvöðla í þróunarríkjum og á stríðshráðum svæðum við alþjóðamarkaði en takmarkið er að tengja milljón konur við markaði fyrir árið 2020.

4. Tvíhliða þróunarsamvinna

4.1. Almenn

Ákveðið hefur verið, samkvæmt tillögum í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar*, að færa út verksvið sendiráða Íslands í Úganda og Malaví, fyrst með því að skipa sendiherra í Kampala í Úganda. Þar með styrkist mjög staða sendiráðsins til að sinna fjölbreyttari verkefnum en áður, einkallega á sviði stjórnmálasamskipta og viðskipta í Austur-Afríku. Er þetta liður í því að hjálpa íslenskum fyrirtækjum til athafnasemi í álfunni. Í sigdalnum mikla í Austur-Afríku eru miklir möguleikar til jarðhitanýtingar sem geta verið áhugaverðir fyrir fyrirtæki. Mikil þörf er einnig á tækniþekkingu í jarðvarmanýtingu á svæðinu. Ætlunin er að sendiráðið í Kampala sinni fleiri umdæmislöndum og geti byggt upp öflugt net kjöræðismanna í Austur-Afríku sem sinni íslenskum viðskiptahagsmunum og borgaraþjónustu. Sendiráðið verður einnig með fyrirsvar gagnvart Eþíópíu og Afríkusambandinu (*e. African Union, AU*) en það hefur höfuðstöðvar í Addis Ababa. Með fyrirsvari þar er hægt ná til allra ríkja álfunnar og rækta betur sambandið við einstaka ríkjahópa hvað pólitísk tengsl varðar, s.s frambod Íslands til setu í stjórnnum stofnana SP. Þá myndi sendiráðið einnig hafa fyrirsvar gagnvart Umhverfisstofnun SP (*e. UN Environment, UNEP*) í Kenýa og sinna þar m.a. loftslagsmálum.

Í tvíhliða þróunarsamvinnu í Afríku er unnið að uppbyggingu félagslegra innviða, heilsugæslu, bættu stjórnarfari og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Þótt þriðja sendiráði Íslands í Afríku, þ.e. í Mósambík, hafi verið lokað á síðasta ári verða þar áfram nokkur verkefni í gangi. Tvíhliða samstarf er við ýmis ríki í Austur-Afríku á sviði jarðvarma.

4.2. Svæðasamstarf í jarðhita og samstarf við atvinnulíf

Frá 2013 hafa íslensk stjórnvöld staðið fyrir umfangsmiklu samstarfi um jarðhitarannsóknir í Austur-Afríku í samstarfi við Norræna þróunarsjóðinn (*e. Nordic Development Fund, NDF*) en verkefnið er einnig tengt viljayfirlýsingu Íslands og Alþjóðabankans (*e. Geothermal Compact*) um aukna jarðhitanýtingu á svæðinu. Verkefninu lauk formlega í lok árs 2017 en framkvæmd nokkurra verkþátta, sem ekki hefur náðst að ljúka, mun halda áfram 2018. Verkefnið snýr að því að aðstoða lönd við frumjarðhitarannsóknir til að skera úr um hvort nýtanlegan jarðhita sé að finna. Ef jákvæðar niðurstöður fást taka við tilraunaboranir með þátttöku Alþjóðabankans, Afríkusambandsins (*e. African Union, AU*) og fleiri aðila, til að aðstoða löndin við að lágmarka áhættuna sem felst í tilraunaborunum. Reynslan bendir til þess að veruleg þörf sé fyrir stuðning á þessu stigi jarðhitaþróunar.

Árið 2017 komu 19 sérfræðingar frá jarðhitafyrirtæki Kenýa (*e. Geothermal Development Company, GDC*) til Íslands. Starfsmennirnir voru þjálfaðir á sérfræðisviðum sínum hjá ólíkum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum sem tóku þátt í verkefninu. Þar má nefna ÍSOR, Verkís, Mannvit, Vatnaskil, Matís og Háskóla Íslands. Þjálfunarverkefnin voru m.a. innleiðing gæðastaðla á rannsóknarstofum, hönnun og rekstur gufuveitna, dreifilíkon fyrir loftmengun og borholumælingar og var markmiðið að þjálfunin nýttist beint við úrlausn og frekari framgang í þróun jarðhita í landinu.

Á árinu 2017 var aðaláhersla innan verkefnisins á samstarf við Eþíópíu, Kenýa, Tansaníu og Djíbútí, enda hafa rannsóknir sýnt að þar fyrirfinnast betri jarðhitasvæði heldur en í vestari hluta sigdalsins, þar sem

möguleikar á nýtingu eru takmarkaðir og um mun lægri hita að ræða. Aðstoð við jarðhitarannsóknir í þessum löndum lauk að mestu á árinu 2017 en í Eþíópíu á enn eftir að veita aðstoð við rannsókn á einu svæði. Verið er að ljúka við undirbúning að verkefni sem felst í því að setja upp þurrkofn á svæði í Menengai, sem er í umsjón jarðhitafyrirtækis Kenýa (*e. Geothermal Development Company, GDC*), til að nýta jarðhita við þurrkun matvæla en talið er að þar felist áhugaverðir möguleikar sem einnig gætu nýst fyrir löndin í kring. Í Tansaníu lauk jarðhitarannsóknnum á þremur svæðum og var einnig veitt tæknileg aðstoð til jarðhitafyrirtækis landsins (*e. Tanzania Geothermal Development Company, TGDC*) til að aðstoða við þróun og umsóknir vegna tilraunaborana í viðkomandi sjóði Afrikusambandsins (*e. Geothermal Risk Mitigation Facility, GRMF*). Í Djíbútí var veitt þjálfun við yfirborðsrannsóknir, auk þess sem tæknileg aðstoð var veitt vegna undirbúnings borverkefna. Í Djíbútí er stefnt á að hefja tilraunaboranir á næsta ári.

Á síðasta ári var skrifað undir áframhaldandi samstarf við Umhverfisstofnun SP (*e. UN Environment, UNEP*) í Nairobi um jarðhitaþróun í Austur-Afríku undir Argeo-verkefninu. Því er m.a. ætlað að styðja Kenýa og löndin í kring að setja á stofn þjálfunarmiðstöð í jarðhita á svæðinu. Jarðhitaskóli HSP á Íslandi mun einnig koma að þjálfun og ráðgjöf í tengslum við þetta starf og er reiknað með að íslensk sérþekking muni nýtast vel í því starfi.

Á árinu 2017 var unnið að frekara samstarfi við Alþjóðabankann um beina aðkomu íslenskra sérfræðinga að jarðhitaverkefnum bankans. Sú samvinna felst í tæknilegri aðstoð við tiltekna afmarkaða þætti innan stærri verkefna sem bankinn eða viðskiptavinir hans eru með í undirbúningi eða framkvæmd. Utanríkisráðuneytið heldur utan um lista íslenskra jarðhitasérfræðinga til að sinna þessum verkefnum en eðli og umfang verkefna ræðst af eftirspurn frá bankanum. Á árinu 2017 fóru tvö verkefni undir þessum hatti af stað þar sem tæknileg aðstoð var veitt í tengslum við verkefni í El Salvador og á Fíji-eyjum. Vonir standa til að þetta samstarf geti skilað góðum árangri í aðstoð við að koma vænlegum jarðhitaverkefnum til framkvæmda og er það einnig í takt við tillögur í *Utanríkisþjónustu til framtíðar* þar sem lagt var til að: „Sérstaklega verði lögð áhersla á að nýta íslenska sérþekkingu og koma henni á framfæri í verkefnum innan alþjóðastofnana“.

Á sl. ári var samstarfi við Norræna þróunarsjóðinn (*e. Nordic Development Fund, NDF*), Jarðhitaskóla HSP og LaGeo, jarðhitafyrirtækis El Salvador, fram haldið um rekstur og framkvæmd jarðhitanáms í El Salvador. Námið er að fyrirmynd Jarðhitaskólans sem aðstoðar LaGeo við framkvæmd þess. Á árinu stunduðu 30 nemendur frá Mið- og Suður-Ameríku námið. Þá fór fram á vegum NDF og ráðuneytisins úttekt á náminu í tengslum við mögulegt framhald samstarfsins og var úttektin jákvæð með tilliti til þess árangurs sem náðst hafði og mögulegs frekara samstarfs. La Geo hefur því lagt fram tillögu um áframhaldandi samstarf með stuðningi frá Íslandi og NDF.

Þá hefur einnig hafist undirbúningur að svæðasamstarfi með Alþjóðabankanum á sviði fiskimála í Vestur-Afríku. Meðal annars hefur verið skoðaður grundvöllur að þátttöku í verkefnum bankans í Síerra Leónu og Líberíu og er reiknað með að slík verkefni geti farið af stað eftir mitt ár 2018. Þar er miðað við að íslensk sérfræðingþekking nýtist m.a. á sviði fiskveiðistjórnunar og bættri meðferð afla, auk þess sem leitað verði leiða til að bæta lífskjör í fiskveiðisamfélögum.

4.3. Úganda

Í Úganda er starfað með héraðsstjórnvöldum í tveimur héruðum landsins, Kalangala og Buikwe. Það fyrnefnda er eyjasamfélag í Viktoríuvatni en það síðarnefnda um miðbik landsins við Viktoríuvatn. Í báðum héruðunum eru stundaðar fiskveiðar og er stuðningi Íslands einkum beint að þorpum þar sem fiskveiðar eru mikilvægur atvinnuvegur. Samstarfið felst í því að styðja héraðsstjórnvöld við að framkvæma áætlanir sínar um byggðaðróun í viðkomandi héraði. Samstarfið í Buikwe-héraði hvílir á áætlun fyrir tímabilið 2014-2019 og beinist að tveimur málaflokkum, grunnmenntun og vatns- og salernismálum.

Í menntaþættinum er unnið samkvæmt verkefnisskjali fyrir tímabilið 2016-2019 að auknu aðgengi og bættem gæðum grunnskólamenntunar í byggðakjörnum sem samtals hafa um 50.000 íbúa. Framkvæmdir við verkefnið gengu vel á síðasta ári, aðbúnaður nemenda og kennara hefur batnað og nemendum fjölgað. Lítil hliðarverkefni voru einnig undirbúin og framkvæmd, þar á meðal samstarf um orkusparandi skólalæðhús og að veita unglingsstúlkum stuðning vegna blæðinga til að draga úr fjarveru þeirra frá skóla. Í vatns- og salernisþættinum er unnið samkvæmt verkefnisskjali fyrir tímabilið 2015-2019. Mikill skortur er á aðgengi

að heilnæmu vatni í héraðinu og eru fiskveiðiþorpin þar sérstaklega illa sett. Framkvæmdir gengu ágætlega á sl. ári, útfærslur á vatnsdreifikerfum voru samþykktar og sú nýjung tekin upp að setja upp vatnssjálfsala í þorpunum þar sem þorpsbúar geta sótt sér vatn gegn vægu gjaldi.

Í Kalangalahéraði er unnið með héraðsstjórnvöldum samkvæmt verkefnisskjali sem gildir til loka 2019. Stuðningur við héraðið beinist nú orðið eingöngu að uppbyggingu grunnskóla og miðskóla og hafa framkvæmdir gengið nokkuð vel. Samningur um átak í kennaramenntun var gerður á árinu og tilraunir í verkmenntakennslu útfærðar. Í Kalangala er fylgt áætlun um orkusparandi hlóðir í skólaeldhúsum en talið er að eldiviðarbrennsla geti minnkað um 50% í hverjum skóla.

Í Úganda eru um 1,3 milljónir flóttamanna sem flestir koma frá nágrennaríkinu Suður-Súdan. Mjög stór hluti þeirra eru konur og börn. Gert er ráð fyrir að alþjóðasamfélagið muni þurfa að veita mannúðaraðstoð í Úganda til langs tíma og eru uppi fyrirætlanir um að samþætta þar stuðning Íslands á sviði mannúðar og þróunarsamvinnu með því að beina aðstoð til viðtökubyggða flóttamanna.

Sendiráð í Kampala: Viðtækari stjórnmalasamskipti og viðskipti í Austur-Afríku.

Í sumar tekur sendiherra til starfa sem yfirmaður sendiráðsins samkvæmt tillögum í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* og er þá ætlunin að sendiráðið sinni fjölbreyttari verkefnum en áður, einkanlega á sviði stjórnmalasamskipta og viðskipta í Austur-Afríku. Er þetta liður í því að hjálpa íslenskum fyrirtækjum til athafnasemi í álfunni. Í Austur-Afríku eru miklir möguleikar til jarðhitanýtingar sem gefa möguleika fyrir áhugasöm fyrirtæki. Umdæmi sendiráðsins er Úganda, Djíbúti, Eþíópía, Kenýa, Malaví og Namibía. Ætlunin er að sendiráðið geti byggt upp öflugt net kjöræðismanna í Austur-Afríku sem sinni íslenskum viðskiptahagsmunum og borgarþjónustu. Sendiráðið verður einnig með fyrirsvart gagnvart Afríkusambandinu (AU) en það hefur höfuðstöðvar í Addis Ababa. Með fyrirsvart þar er hægt ná til allra ríkja álfunnar og rækta betur sambandið við einstaka ríkjahópa hvað pólitísk tengsl varðar, s.s. framboð Íslands til setu í stjórnnum stofnana SP. Í sendiráðinu eru tveir útsendir starfsmenn og sjö staðarráðnir. Sendiráðið leigir húsnæði af danska sendiráðinu.

Í Úganda er nú unnið samkvæmt samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2014-2019 að byggjaþróunarverkefnum í fiskimannsamfélögum í tveimur héruðum, Kalangala og Buikwe. Heimamenn sjá um framkvæmdir í samvinnu við sendiráð Íslands. Hlutverk sendiráðsins er að veita tæknilega aðstoð við stefnumótun og áætlunargerð í framkvæmdum verkþátta. Það hefur virkt eftirlit með fjármálastjórn og gerð verkáætlaða og tekur þátt í vöktun og árangursmati.

Í Kalangala-héraði eru helstu áherslur innan verkefnisins á menntun og á bættu stjórnsýslu. Menntaverkefnið er margþætt: Áhersla er á mikilvægi vatns og hreinlætis við skóla, bætt húsnæði, námsgögn, þjálfun kennara, árangurseftirlit og orkusparandi eldun í skólaeldhúsum. Lokaúttekt á samstarfsverkefninu verður 2018 en menntaverkefnið verður metið sérstaklega við verklok 2019. Í Buikwe-héraði beinist samstarfið einkum að því að styrkja grunnmenntun og auka aðgengi að hreinu vatni og bættri salernisaðstöðu. Menntaþátturinn hefur verið í mótun en eins og í Kalangala er margþættur stuðningur með húsnæði, námsgögnum og kennaramenntun. Sérstaklega er hugað að vatni og hreinlæti í skólunum og unnið að undirbúningi sjálfbærra skólagarða. Héraðsstjórnin er styrkt til að framfylgja verkáætlunum.

4.4. Malaví

Í Malaví var, eins og undanfarin ár, unnið með héraðsstjórnvöldum í Mangochi-héraði að því að bæta grunnþjónustu fyrir íbúa héraðsins. Undirritað hefur verið samkomulag um nýjan áfanga í verkefnastöðinni fyrir tímabilið 2017-2021. Markmiðið er að bæta lífsafkomu og aðstæður í dreifbýli í héraðinu. Helstu verkþættir eru uppbygging í heilbrigðismálum, með áherslu á mæðra- og ungbarnaheilsu og fjölskylduáætlanir; uppbygging í grunnskólum, með áherslu á yngsta aldurstigið; uppbygging í vatns- og hreinlætismálum og loks bætt tækifæri kvenna og ungmenna, með áherslu á þjálfun og efnahagslega valdeflingu sem er nýtt áherslusvið.

Í lýðheilsuþætti verkefnastöðarinnar gengu framkvæmdir vel á sl. ári. Ný fæðingardeild á héraðssjúkrahúsinu í Mangochi er nánast tilbúin og einnig fjórar smærri fæðingardeildir í dreifbýli. Góður árangur hefur náðst á undanföllum árum í mæðra- og ungbarnaheilsu, ekki síst benda tölfræðilegar upplýsingar til að verulega hafi dregið úr mæðradauða. Framgangur í vatns- og salernishlutunum var einnig góður á árinu. Sérstök áhersla var lögð á salernishlutann og fengu fyrstu þorpin í héraðinu svokallaða ODF-vottun (*e. Open Defecation Free*) sem felur í sér staðfestingu á að allir í þorpinu hafi aðgang að viðunandi salernisaðstöðu. Almenn tókst að ljúka við þá verkþætti sem á áætlun voru fyrir árið og gengið var frá útboðum fyrir geirann fyrir næsta ár. Í menntahlutanum var lokið við skólabyggingar og kennarahús fyrir 12 skóla. Kennarar og skólastjórnendur fengu þjálfun og kennslugögn og búnaður var keyptur. Mæðrahópar voru virkir við skólana en tilgangur þeirra er að styðja við stúlkur, einkum unglingsstúlkur, svo að þær hverfi síður úr skóla.

Í desember 2017 var undirritað samkomulag við Matvælaáætlun SP (*e. World Food Programme, WFP*) um stuðning við skólamáltíðir í Malaví fyrir tímabilið 2017-2021. Ísland og WFP hafa síðan 2012 haft með sér samstarf um heimaræktaðar skólamáltíðir í nokkrum grunnskólum í Mangochi-héraði. Nú bætast fleiri skólar í hópinn, og munu nemendur allra þeirra 12 grunnskóla, sem fá stuðning í gegnum héraðsverkefnið, fá mat í skólanum. Loks var veittur stuðningur til Mannfjöldastofnunar SP (*e. UN Populations Fund, UNFPA*) til að byggja upp aðstöðu á Mulanje-sjúkrahúsi fyrir konur sem þjást af fistúlu.

Sendiráð í Lilongwe: Stuðningur við lýðheilsu-, vatns- og salernisverkefni.

Íslensk stjórnvöld opnuðu sendiráð í Lilongwe árið 2004 og er það eina sendiskrifstofa Íslands í sunnanverðri Afríku. Meginhlutverk hennar er yfirumsjón með framlögum til tvíhliða þróunarsamvinnu í Malaví. Sendiskrifstofan hefur aðsetur á tveimur stöðum. Á aðalskrifstofunni í Lilongwe starfa tveir útsendir og fimm staðarráðnir starfsmenn og á verkefnisskrifstofu í Mangochi-bæ starfa fjórir staðarráðnir starfsmenn. Auk þess vinna margir starfsmenn Mangochi-héraðs við framkvæmd verkefna.

Ísland hefur stutt þróunaráform malavískra stjórnvalda síðan árið 1989. Fyrst á sviði fiskimála en síðar meir þróaðist samvinna yfir í margþættan stuðning við héraðsyfirvöld í Mangochi-héraði. Árið 2012 hófst Mangochi-héraðsþróunarverkefnið sem einkum snéri að fjárfestingum í lýðheilsu-, vatns- og salernismálum í þremur sveitarfélögum og grunnenntun í 12 skólum. Nýlega var skrifað undir árangurssamning um næsta þátt í samstarfinu við Mangochi. Samningurinn, sem hljóðar upp á 1,6 milljarða króna, er til fjögurra ára og sem áður fyrr beinist stuðningurinn einkum að fjárfestingum í lýðheilsu-, vatns- og salernismálum og menntamálum.

Auk þróunarsamvinnunnar annast sendiskrifstofan almenn diplómátsk samskipti við stjórnvöld í Malaví og önnur gjafaríki. Talsvert er um samráðsfundi og þátttöku í málþingum og vinnustofum um ýmis málefni. Sendiráðið sinnir einnig borgarþjónustu við Íslendinga á svæðinu en töluvert er þar af ungu fólki sem dvelst um lengri eða skemmri tíma sem sjálfboðaliðar eða eru í skiptinámi.

4.5. Mósambík

Þróunarsamvinna Íslands við Mósambík tók breytingum í lok árs 2017 þegar Mósambík breytist úr tvíhliða samstarfslandi í áhersluland. Sendiráði Íslands í Mapútó var lokað en þó er ekki gert ráð fyrir umfangsmiklum samdrætti í heildarframlögum til verkefna í landinu. Stuðningi við áherslulönd er beint í gegnum fjölþjóðastofnanir, skóla HSP á Íslandi og borgarasamtök og er sinnt af þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem fylgist með að fjármunum sé ráðstafað í samræmi við áætlanir og sinnir reglubundnu eftirliti um framvindu. Fjármagni sem annars hefði verið varið í rekstur sendiráðs í Mapútó verður varið til annarra verkefna á sviði tvíhliða þróunarsamvinnu Markmið breytinganna er að auka skilvirkni og bæta árangur af þróunarframlögum Íslands. Ákvörðun þessi var tekin í kjölfar ítarlegrar greiningarvinnu, sem fram fór á árunum 2014-2016, þar sem litið var til ýmissa þátta, með það að augnamiði að þróunarframlög Íslands nýttust sem best. Þar á meðal var litið til umfangs þróunarsamvinnu við landið, fjölda framlagsríkja, mati á mikilvægi þróunarframlaga Íslands og stjórnarfars.

Ísland mun þannig halda áfram stuðningi við Mósambík í gegnum samstarfsverkefni með Barnahjálpi SP (*e. UN Children's Fund, UNICEF*), um vatn og salernisaðstöðu og samstarfsverkefni með Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdaflingu kvenna (*e. UN Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women, UN Women*) um konur, frið og öryggi. Jafnframt munu sérfræðingar frá Mósambík halda áfram að stunda nám við Jafnréttisskóla HSP og Sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi. Því til viðbótar er veittur stuðningur til í formi framlaga og útsendra sérfræðinga á sviði mannúðaraðstoðar Matvælaáætlun SP (*e. World Food Programme, WFP*). Í árslok 2017 lauk öðrum áfanga þríhliða verkefnastöðar með Noregi og Mósambík á sviði fiskimála. Á árinu var kapp lagt á að ljúka þeim verkþætti sem eftir stóð í verkefnastöðinni sem var að koma á laggirnar rannsókn- og seiðaeldisstöð til að þjóna fiskeldi í landinu. Miklar vonir eru bundnar við starfsemi stöðvarinnar, ekki síst við að þróa eldi á mósambískri tilapíu, en útflutningur seiða til Asíulanda gæti orðið að veruleika á næstu 5-7 árum, ef vel gengur.

Í apríl 2017 var skrifað undir samning um verkefni með UN Women í Mósambík. Meginmarkmið verkefnisins er að vinna að jafnrétti og valdeygingu kvenna í tengslum við framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 í Mósambík. Fyrstu sex mánuði ársins var unnið að söfnun upplýsinga með aðstoð háskóla í Mósambík og Jafnréttisskóla HSP á Íslandi. Í lok síðasta árs var skrifað undir samning um annan áfanga samstarfs við UNICEF í Mósambík um aðgengi að heilnæmu drykkjarvatni og viðunandi salernisaðstöðu í Zambezia-fylki, í norðurhluta landsins. Samningurinn gildir frá 2018-2020. Fyrsti áfanginn, fyrir tímabilið 2014-2017, bar góðan árangur og leiddi til verulegra umbóta í sex héruðum fylkisins. Í öðrum áfanga verður haldið áfram á sömu braut og gert ráð fyrir 150 þúsund nýjum notendum með viðunandi salernisaðstöðu, 25 þúsund nýjum notendum með aðgengi að heilnæmu vatni og 15 skólum sem fá bætt vatns- og salernisaðstöðu. Í desember sl. var samið við Matvælaáætlun SP um stuðning við að setja á laggirnar kerfi í tilraunaskyni í sex mánuði til að gera viðtakendum matvælaaðstoðar kleift að láta vita hvernig til tekst og senda inn tillögur um úrbætur. Þetta er hugsað til að koma í veg fyrir að viðtakendur matvælaaðstoðar lendi í vandræðum eða sæti ofbeldi af þeim sökum. Mósambík er eitt þeirra landa sem búa við mikinn óstöðugleika og þar skapast íðulega neyðarástand.

5. Fjölpjódleg þróunarsamvinna

5.1. Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (UNU)

Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) hafa um áratuga skeið verið mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslendinga, enda er innan þeirra hagnýtt sú sér- og tækniþekking sem til staðar er á Íslandi og henni miðlað til íbúa þróunarlandanna. Þessi starfsemi hefur verið við lýði síðan 1979 þegar Jarðhitaskólinn var stofnaður. Sjávarútvegsskólinn hóf starfsemi árið 1998, en árin 2007 og 2013 bættust Landgræðslu- og Jafnréttisskólinn í hópinn. Ár hvert sækja sérfræðingar frá þróunarlöndum þjálfun í sex mánuði á Íslandi á þeim sviðum sem skólarnir bjóða upp á. Auk þess standa skólarnir að styttri námskeiðum í þróunarríkjum og veita styrki til valinna sérfræðinga frá þróunarríkjum til áframhaldandi háskólanáms á Íslandi.

Um 1200 sérfræðingar hafa hlotið þjálfun í skólum HSP á Íslandi og u.þ.b. 3500 hafa tekið þátt í styttri námskeiðum þeirra erlendis. Starfsemi skólanna er dæmi um það hvernig íslensk sérþekking nýtist í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og undirstrikar mögulegan ávinning af aðkomu einkageirans fyrir málaflokkinn.

Markmið Jarðhitaskólans er að bæta aðgang að jarðvarmaorku og hafa þannig jákvæð áhrif á grænan hagvöxt, að draga úr fátækt og sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Sjávarútvegsskólinn vinnur að eflingu stofnanagetu og getu einstaklinga til að nýta á sjálfbæran hátt auðlindir bláa lífhagkerfisins. Landgræðsluskólinn þjálfar sérfræðinga til að berjast gegn landeyðingu, í endurheimt landgæða og sjálfbærri nýtingu þeirra í þróunarlöndum. Markmið Jafnréttisskólans er að efla kynjajafnrétti og félagslegt réttlæti í þróunarlöndum á svæðum þar sem átök geisa og í kjölfar átaka.

Alls hafa í kringum 1200 sérfræðingar hlotið þjálfun í skólum HSP á Íslandi og u.þ.b. 3500 tekið þátt í styttri námskeiðum þeirra erlendis. Starfsemi skólanna er dæmi um það hvernig íslensk sérþekking nýtist í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og undirstrikar mögulegan ávinning af aðkomu einkageirans fyrir

málaflokkinn. Niðurstöður óháðrar úttektar, sem gerð var á starfsemi skólanna á árinu, gefa til kynna að sú þjálfun sem skólarnir veita hafi bein þróunaráhrif í samfélögum þeirra sem hennar njóta.

5.2. Alþjóðabankinn

Ísland tekur virkan þátt í fjölþjóðastarfi Alþjóðabankans (*e. World Bank*) í gegnum kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna en ríkin átta deila stjórnarsæti í bankanum og samræma því málflytning sinn og afstöðu til málefna. Árið 2019 mun Ísland leiða kjördæmisstarfið til tveggja ára en í því felst annars vegar að Ísland mun eiga aðalfulltrúa (*e. Executive Director*) í stjórn Alþjóðabankans, sem gegnir starfinu fyrir hönd kjördæmisins, og hins vegar mun deild fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu í þróunarsamvinnuskrifstofu leiða samræmingu á málefnastrarfi kjördæmisins í höfuðborgum kjördæmislanda. Utanríkisráðherra mun eiga sæti í þróunarsamvinnunefnd (*e. Development Committee*) Alþjóðabankans og Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins (*e. International Monetary Fund, IMF*) fyrir hönd kjördæmisins árið 2019. Undirbúningur fyrir þessi umfangsmiklu verkefni er þegar hafinn innan ráðuneytisins.

Stór hluti framlaga Íslands til Alþjóðabankasamsteypunnar (*e. World Bank Group*) fer til Alþjóðafarmfarastofnunarinnar (*e. International Development Association, IDA*) sem er sú stofnun bankans sem veitir fátækustu löndum heims styrki og lán á hagstæðum kjörum, auk ráðgjafar. Þá veita íslensk stjórnvöld stuðning til sömu ríkja í gegnum áætlun Alþjóðafarmfarastofnunarinnar um niðurfellingu á skuldum fátækustu ríkja (*e. Multilateral Debt Relief Initiative, MDRI*).

Tvíhliða samstarf Íslands við bankann hefur aukist talsvert á síðustu árum þar sem sérstök áhersla er lögð á samstarf á sviði jarðhita, fiskimála, jafnréttis- og mannréttindamála. Ísland veitir framlög í orkusjóð bankans (*e. Energy Sector Management Assistance Programme, ESMAP*). Ísland hefur fjármagnað stöðu jarðhitasérfræðings hjá bankanum um árabil. Síðasti samningur við sjóðinn var endurnýjaður árið 2016 til fjögurra ára í samræmi við nýja stefnu sjóðsins sem hefur sterka skírskotun til heimsmarkmiðanna. ESMAP hefur reynst einn mikilvægasti vettvangur bankans í greiða fyrir fjárfestingum á sviði jarðhita og vinna að því að efla markaði á þessu sviði víðsvegar í heiminum. Að undanfögnu hafa Ísland og ESMAP unnið að mótun aukins samstarfs á sviði gagnamála og jarðhita annars vegar og jafnréttis- og jarðhitamála hins vegar.

Utánríkisráðuneytið kom nýverið á fót samstarfi við ESMAP um ráðgjöf á sviði jarðhitamála en með samstarfinu er viðskiptalöndum bankans gert kleift að fá sérfræðiráðgjöf tengda jarðhitaverkefnum til að vinna að afmörkuðum þáttum innan stærri verkefna. Unnið er að því að koma sams konar fyrirkomulagi á fót á sviði fiskimála en sérstakur kynningarfundur var haldinn nýverið í utánríkisráðuneytinu fyrir áhugasama ráðgjafa. Samstarfið samræmist vel tillögum í *Utánríkisþjónustu til framtíðar* þar sem lögð er áhersla á að nýta íslenska sérþekkingu og koma henni á framfæri í verkefnum innan alþjóðastofnana.

Á síðasta ári gerði Ísland samning til fimm ára (2017-2021) við sjóð Alþjóðabankans á sviði fiskimála, PROFISH (*e. Global Programme on Fisheries*), sem settur var á laggirnar árið 2005 með það að markmiði að styrkja sjálfbæra fiskveiðistjórnun, stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum, byggja upp fiskistofna og auka afrakstur þeirra. Ísland hefur um árabil lagt áherslu á að Alþjóðabankinn beini sjónum sínum í meira mæli að verkefnum á sviði fiskimála. Því til viðbótar fjármagnar Ísland stöðu sérfræðings á sviði fiskimála í Gana og tók sérfræðingur til starfa við fiskiverkefni bankans í Vestur-Afríku.

Ísland veitir framlög í sérstakan jafnréttissjóð (*e. Umbrella Facility for Gender Equality, UFGE*) innan bankans en á sl. ári var gerður nýr samningur við sjóðinn til fimm ára (2018-2022). Meginmarkmið sjóðsins er að auka þekkingu á jafnréttismálum innan Alþjóðabankans en sjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í stefnumótun bankans á þessu sviði. Sjóðurinn hefur skilað góðum árangri og byggir ný jafnréttisstefna bankans fyrir árin 2017-2023 m.a. á rannsóknnum og verkefnum á vegum UFGE-sjóðsins. Ísland veitir einnig framlög til norræns mannréttindasjóðs (*e. Nordic Trust Fund*) sem ætlað er að auka veg mannréttindamála innan bankans og verkefna hans. Úttekt á sjóðnum lauk í byrjum árs 2018 og stendur nú yfir mótun á framtíð sjóðsins. Niðurstöður úttektarinnar eru almennt jákvæðar og benda til þess að þrátt fyrir smæð sína hafi sjóðurinn átt þátt í að skapa aukna vitund um samspil mannréttinda og þróunarsamvinnu innan bankans.

5.3. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF)

Á síðastliðnu ári veitti Ísland framlag til heilbrigðisverkefna Barnahjálpar SP (*e. UN Children's Fund, UNICEF*) í Palestínu og til vatns- og hreinlætisverkefna í Mósambík. Áfram voru veitt framlög til samstarfsverkefnis UNICEF og UNFPA sem hefur að markmiði að uppræta limlestingar á kynfærum kvenna og stúlkna í 17 löndum í Afríku en áætlað er að meira en 200 milljónir kvenna hafi þurft að þola þessa meðferð. Ísland er eitt af átta gjafaríkjum þessa verkefnis sem hefur verið starfrækt frá árinu 2008 en í febrúar sl. undirritaði utanríkisráðherra samstarfssamning um stuðning við verkefnið til næstu fjögurra ára. Þá veitti Ísland kjarnaframlag til UNICEF en gert er ráð fyrir að þau framlög hafi náð til milljóna barna víðsvegar um heiminn. Kjarnaframlagið frá Íslandi og öðrum löndum nýttust til að mynda til að bregðast við flóttamannastraumnum í Úganda, bólusetja börn í Nígíeríu gegn mænusótt og tryggja börnum í Eþíópíu aðgengi að hreinu vatni.

Í gildi er rammamarkmið milli íslenskra stjórnvalda og UNICEF, sem veitir heildstæða umgjörð um samstarfið, en þar er m.a. gerð grein fyrir verklagi, skýrslugjöf, eftirliti og úttektum. Þá er í gildi samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UNICEF fyrir 2017-2019 sem felst, auk kynningarstarfa, m.a. í því að landsnefndin veiti útsendum sérfræðingum fræðslu áður en þeir hefja störf á vettvangi. Þegar framlög ríkisins og landsnefndar eru lögð saman var Ísland fjórða stærsta gjafaríki UNICEF árið 2016 miðað við höfðatölu.

5.4. Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women)

Utanríkisráðherra undirritaði í febrúar sl. rammamarkmið við UN Women, en samningurinn veitir heildræna umgjörð utan um samstarf Íslands og stofnunarinnar. Ísland hefur veitt framlög til stofnunarinnar frá því að hún var sett á laggirnar árið 2011. Á undanförunum árum hefur Ísland lagt áherslu á að auka vægi kjarnaframlaga sem svar við beiðni UN Women um að gjafaríki dragi úr eyrnamerkingum framlaga en með því getur stofnunin brugðist hraðar við breyttum aðstæðum og forgangsraðað verkefnum betur. Á þeim forsendum er framlögum Íslands til UN Women í Afganistan og Palestínu beint í almenna framkvæmd ársáætlana skrifstofanna tveggja í stað ákveðinna afmarkaðra verkefna. Þá voru veitt framlög til verkefna stofnunarinnar í Zaatari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu þar sem konur á flótta frá Sírylandi fá atvinnutækifæri, menntun og daggæslu fyrir börn sín. Er þetta verkefni einn liður í því að auka samlegðaráhrif fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mannúðarástóðar. Einnig veitti Ísland framlag til verkefnis UN Women sem snýr að framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi í Mósambík sem miðar að því að tryggja að hugað sé að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna í ferlum og áætlunum sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn þar í landi. Þá fjármagnaði Ísland stöðu sérfræðings á skrifstofu UN Women í Tyrklandi. Árið 2016 var Ísland stærsta gjafaríki UN Women miðað við höfðatölu. Framundan er seta Íslands í stjórn UN Women í eitt ár á tímabilinu 2019-2021.

Fjórði samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi um framlög gildir tímabilið 2016-2018 en auk kynningar- og fræðslumála veitir landsnefndin almenna ráðgjöf og umsögn vegna málefna á alþjóðavettvangi og fræðir útsenda sérfræðinga á vegum Íslensku friðargæslunnar um jafnréttismál og framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325.

5.5. Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC)

Lokaniðurstöður sérstakrar rýni Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (*e. OECD Development Committee, DAC*) voru kynntar samtímis í Reykjavík og París hinn 19. júní sl. Sýna þær fram á að þrátt fyrir að framlög Íslands séu ekki há í samanburði við önnur lönd hafi íslenskum stjórnvöldum tekist á skilvirknan hátt að forgangsraða í þágu þeirra sem minnst mega sín og nýta styrkleika þróunarsamvinnu Íslands. Fram kemur að Ísland hafi nýtt sér smæð sína í stefnumótun og framkvæmd, t.d. með þátttöku í alþjóðasamstarfi á ýmsum sviðum þar sem áhrif Íslands eru umtalsverð og þar sem rödd Íslands er sterkari en stærðin segir til um, s.s. á sviði jarðhita, landgræðslu, fiskimála og kynjajafnréttis. Þá sýna niðurstöðurnar fram á að árangur, gagnsæi og ábyrgð einkenni þróunarsamvinnu Íslands og að fyrirkomulag, aðferðir og stefnumið séu til þess fallin að leiða til framfara í samstarfslöndum. Í niðurstöðum skýrslunnar eru settar fram tillögur um hvernig íslensk stjórnvöld megi bæta íslenska þróunarsamvinnu enn frekar. Efnisleg vinna við tillögurnar er nú þegar hafin og stendur til að flestum breytingum verði lokið fyrir miðannarrýni

Þróunarsamvinnunefndar OECD árið 2019, eins og kveðið er á um í við skýrslu stýrihóps um utanríkisþjónustu.

Ein af meginniðurstöðum jafningjarýni DAC er sú að þrátt fyrir að Ísland sé lítið framlagaríki í samanburði við önnur lönd hafi okkur tekist að forgangsraða og nýta styrkleika okkar á sviðum þar sem við búum yfir íslenskri sérþekkingu á skilvirkan hátt. Með því að leggja áherslu á þessi svið í þróunarsamvinnu Íslands felast tækifæri fyrir íslenskar stofnanir og fyrirtæki til að leggja sitt af mörkum til málaflokksins og taka þátt í verkefnum alþjóðasamfélagsins. Í starfinu fram undan verður lögð áhersla á að virkja atvinnulífið betur til þátttöku í þróunarstarfi í samræmi við ákall alþjóðasamfélagsins, hvetja til fjárfestinga og viðskipta, og tefla fram íslenskri þekkingu í hin stóru verkefni alþjóðastofnana og á vettvangi skóla Háskóla SP. Mikilvægt er að aukin áhersla verði lögð á atvinnulífið í framkvæmd nýrrar þróunarsamvinnustefnu næstu árin og að búið verði svo um hnútana að íslensk sérþekking og reynsla, t.d. hvað varðar nýtingu á jarðvarma og sjálfbærum sjávarútvegi, geti nýst í þágu fátækra þjóða. Í því samhengi er mikilvægt að utanríkisþjónustan eflir samstarf sitt við atvinnulífið og skilvirk upplýsingamiðlun til hagsmunaaðila innanlands er lykilatriði í því samhengi. Þessi markmið eru staðfest í nýlegri jafningjarýni DAC á þróunarsamvinnu Íslands þar sem fram kemur að íslensk stjórnvöld hafi náð miklum árangri í rekstri verkefna í samstarfi við atvinnulífið, sér í lagi á sviði nýtingar jarðvarma, og að færa megi þá nálgun á önnur svið þróunarsamvinnu.

5.6. Umhverfis- og loftslagsmál

Ísland veitti áfram framlag til Græna loftslagssjóðsins (*e. Green Climate Fund, GCF*) en sjóðnum er ætlað að fjármagna verkefni í lág- og meðaltekjuríkjum sem miða að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og gera löndum kleift að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Framkvæmdastjórn sjóðsins hefur þegar samþykkt að veita 2,2 milljörðum Bandaríkjadala til 43 loftslagsverkefna í 64 þróunarríkjum og vinnur nú að því að koma þessum fjárveitingum til viðeigandi stofnana og verkefna, þ.á m. í Úganda og Malaví. Einnig var framlag veitt í sjóð á vegum rammisamnings SP fyrir fátækustu þróunarlöndin en meginverkefni hans er að styðja við undirbúning og framkvæmd aðgerðaáætlana um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Á undanförunum árum hefur Ísland veitt kjarnaframlög til Sjóðs á vegum Sameinuðu þjóðanna fyrir sjálfbæra orku fyrir alla (*e. Sustainable Energy for All, SE4ALL*) en meginmarkmið hans er bætt aðgengi að orku, betri nýting hennar og aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa. Íslensk stjórnvöld hafa stutt SE4ALL við að koma á fót samstarfsvettvangi (*e. people-centred accelerator*) sem ætlað er að stuðla að kynjajafnrétti, samfélagsþátttöku og eflingu kvenna í orkugeiranum á heimsvísu. Einnig voru veitt framlög til Umhverfis- og þróunarstofnunar kvenna (*e. Women's Environment and Development Organization, WEDO*) samkvæmt samstarfssamningi fyrir árin 2017-2019 en stofnunin hefur að markmiði að auka hlut kvenna frá þróunarlöndum í alþjóðlegum viðræðum um loftslagsmál. Þá fjármöggnuðu íslensk stjórnvöld vinnufund í Gabon fyrir frumkvöðlakonur sem starfa við sjálfbæra orku í Afríku í samstarfi við UN Women, Jafnréttisskóla HSP og UN Environment. Í framhaldi af þessum vinnufundi hefur UN Environment, með stuðningi frá Íslandi, sett á fót verkefni sem miðar að því að virkja afrískar konur í frumkvöðlastarfi sem tengist orkumálum (*e. Africa Women Energy Entrepreneur Framework*).

Að lokum má nefna að Ísland hefur áfram átt gott samstarf við Norræna þróunarsjóðinn og við Alþjóðbankann á sviði jarðhita en sem aðilar að orkusjóði bankans (ESMAP) hafa íslensk stjórnvöld beitt sér fyrir stuðningi bankans við jarðhitanytingu.

5.7. Jafnréttismál

Kynjajafnrétti og valdefling kvenna vega þungt í þróunarsamvinnu Íslands.

Á árinu 2017 fór fram úttekt á jafnréttisstefnu í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að marktækur árangur hafi náðst í jafnréttismálum, bæði í tvíhliða- og fjölpjóða þróunarsamvinnu. Niðurstöður benda til þess að unnið sé á góðum grunni sem mætti þó styrkja enn frekar með skýrari markmiðasetningu og markvissari notkun árangursmælikvarða. Á næstu misserum verður unnið úr ábendingum og tillögum sem koma fram í úttektinni.

Frá árinu 2011 hefur Ísland notast við kynjajafnréttisstiku DAC til að greina þróunarverkefni með tilliti til þess hvort verkefnum er ætlað að vinna að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Notkun kynjajafnréttisstikkunnar hefur reynst mikilvægur hluti af umsjón með framlögum til þróunarsamvinnu. Hér á eftir má sem dæmi sjá niðurstöðu greiningar á tvíhliða framlögum og eyrnamerknum framlögum til alþjóðastofnana og borgarasamtaka með kynjajafnréttisstikkunni fyrir árin 2014-2016:

Tafla 6: Verkefni greind með jafnréttisstiku²

	2014	2015	2016
Verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að meginmarkmiði	9 %	10 %	7 %
Verkefni sem ætlað er á marktækan hátt að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna	77 %	82 %	84 %
Verkefni sem ekki hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að markmiði	14 %	8 %	9 %
Samtals	100 %	100 %	100 %

6. Mannúðaraðstoð

Langvarandi stríðsátök, ofbeldi og ofsóknir, sem og margvísleg neikvæð áhrif náttúruhamfara og loftslagsbreytinga í heiminum hafa enn frekar aukið þörfina fyrir mannúðaraðstoð og skipulögð viðbrögð alþjóðasamfélagsins. Fjöldi fólks á flótta í heiminum heldur áfram að aukast og Flóttamannastofnun SP (e. *UN High Commissioner for Refugees*, UNHCR) áætlað að fjöldi fólks á flótta sé tæpar 65 milljónir, þar af 22 milljónir á flótta utan landamæra heimalandsins. Rúmlega helmingur þessara flóttamanna kemur frá þremur löndum, Afganistan, Sírylandi og Suður-Súdan. Þótt straumur flóttamanna til Evrópu yfir Miðjarðarhafið hafi verið mikill undanfarin ár er þó yfirgnæfandi fjöldi flóttamanna að finna í ríkjum Afríku og Mið-Austurlanda. Í Tyrklandi eru nú tæpar þrjár milljónir flóttamanna, og í Líbanon, Íran, Úganda og Eþíópíu eru um og yfir ein milljón flóttamanna. Stríð, hungursneyð og almenn fátækt eru áfram stærstu drifkraftarnir á bak við flótta fólks og almenna neyð. Til þess að stemma stigu við áframhaldandi fjölgun flóttafólks í heiminum er nú lögð áhersla á að styrkja tengslin milli mannúðaraðstoðar, þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingar. Heimsmarkmiðin byggja á þeirri forsendu að órjúfanleg tengsl séu á milli friðar og sjálfbærrar þróunar, enda er 16. markmiðið helgað friðarmálum og réttarríkinu.

Ísland á samstarf við ýmsar stofnanir SP sem vinna að mannúðarmálum, s.s. WFP, UNHCR, UNICEF, Neyðarsjóð SP (e. *Central Emergency Response Fund*, CERF), Samræmingaskrifstofu aðgerða SP (e. *UN Office for the Coordination of Humanitarian Affairs*, OCHA) og Palestínuflóttamannaaðstoð SP (e. *UN Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East*, UNRWA).

Ísland starfar samkvæmt bestu starfsháttum við veitingu framlaga til mannúðaraðstoðar. Á árinu 2017 veittu íslensk stjórnvöld rúmlega 500 m.kr. til lífsbjargandi mannúðaraðstoðar, þar af fóru 200 m.kr í aðstoð við Síryland og nágrennaríki þess. Framlögum Íslands var beint til helstu mannúðarstofnana SP; UNHCR, OCHA, CERF, WFP, UNICEF og UNRWA og þeirra stofnana SP sem styðja sérstaklega við konur og stúlkur, UN Women og UNFPA. Einnig er stuðningur veittur við starf alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) og verkefni borgarasamtaka. Framlögum Íslands til mannúðaraðstoðar var m.a. veitt í nauðsynlega aðstoð, hvort heldur í formi húsaskjóls, matvælaaðstoðar, heilbrigðisþjónustu eða grunnkennslu og sálfræðilega aðstoð fyrir nauðstadda í Bangladess, Kongó, Jemen, Líbanon, Jórdaníu, Tyrkland, Palestínu og Suður-Súdan.

² Tvíhliða þróunarsamvinna og eyrnamerkt framlög til stofnana og borgarasamtaka 2014-2016 greind með kynjajafnréttisstiku OECD-DAC (e. Gender Equality Policy Marker)

Meginskilaboð leiðtogafundar um mannúðarmál í Istanbúl 2016 voru um þörfina fyrir breytta nálgun við framkvæmd mannúðaraðstoðar og betri tengsl milli mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Áhersla var lögð á betri samræmingu og tengsl mannúðaraðstoðar, þróunarsamvinnu og friðaruppbyggingar; að auka framlög og fyrirsjáanleika framlaga til mannúðarstofnana og að auka árangur og áreiðanleika veittrar aðstoðar til nauðstaddra, þ.m.t. aukin framlög til sameiginlegra neyðarsjóða og minni eyrnamerkingu framlaga. Íslensk stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til þess að leggja sitt af mörkum í þessum málum og hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að mæta vaxandi þörf fyrir mannúðaraðstoð, sem og stuðla að lausn mála sem snúa að rótum þess margvíslega vanda sem veldur auknum fólksflutningum og fólksflótta í heiminum.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað samninga til nokkurra ára við nokkrar stofnanir sem vinna að mannúðaraðstoð; UNHCR, WFP, CERF, OCHA og UNRWA. Með þessu uppfylla íslensk stjórnvöld þau loforð sem gefin voru á leiðtogafundinum um mannúðarmál 2016 um að auka fyrirsjáanleg kjarnaframlög til mannúðaraðstoðar.

Heildarframlög til mannúðaraðstoðar námu rúmum 530 milljónum króna á árinu 2017. Þá námu styrkir til mannúðarverkefna íslenskra borgarasamtaka 202 milljónum. Ísland veitti áframhaldandi stuðning við palestínsk borgarasamtök sem veita konum lagalega ráðgjöf og stuðning (*e. Women's Centre for Legal Aid and Counselling, WCLAC*). Á leiðtogafundi um málefni Sýrlands í apríl 2017 tilkynnti utanríkisráðherra að á árunum 2017-2020 muni íslensk stjórnvöld gera ráð fyrir að verja árlega að lágmarki 200 milljónum króna til mannúðarverkefna stofnana SP og borgarasamtaka í Sýrlandi og nágrennaríkjum þess.

Sjö íslenskir sérfræðingar starfa hjá ýmsum mannúðarstofnunum SP. Tveir sérfræðingar starfa hjá WFP í Mózambík, sérfræðingur á sviði jafnréttismála og verkfræðingur. Tveir útsendir sérfræðingar starfa fyrir UNRWA, annars vegar í Jórdaníu og hins vegar í Jerúsalem. Þá fór sérfræðingur á sviði jafnréttis- og flóttamannamála til starfa hjá UN Women í Tyrklandi, sérfræðingur á sviði mannréttinda til skrifstofu UNHCR í Líbanon og fulltrúi á sviði barnaverndar hjá UNICEF í Eþíópíu.

7. Borgarasamtök

Utanríkisráðuneytið veitti framlög til átta þróunarsamvinnuverkefna íslenskra borgarasamtaka að heildarupphæð 95,1 m.kr. Sjö langtíma verkefni njóta nú stuðnings ráðuneytisins, þar af voru þrjú langtíma verkefni, samþykkt árið 2017. Jafnframt hlaut eitt styttra þróunarsamvinnuverkefni stuðning á árinu. Langtíma verkefni eru á vegum Enza (1), Hjálparstarfs kirkjunnar (3), Rauða krossins á Íslandi (2) og SOS Barnaþorpanna á Íslandi (1), en styttra þróunarsamvinnuverkefnið er á vegum Sambands íslenskra kristnibóðsfélaga. Flest verkefnanna eru framkvæmd í Afríku sunnan Sahara, þrjú í Eþíópíu og eitt í Kenía, Malaví, Suður-Afríku og Úganda. Eitt verkefni kemur til framkvæmdar í Hvíta-Rússlandi. Úthlutað var til fjögurra verkefna á sviði fræðslu og kynningar að heildarupphæð 1,5 m.kr. sem öll komu til framkvæmdar á Íslandi. Eitt fræðsluverkefni var á vegum ABC barnahjálpar en kynningarverkefni voru á vegum ABC barnahjálpar, SOS Barnaþorpanna á Íslandi og Sól í Tógó. Þróunarsamvinnuverkefni lutu einkum að eflingu félagslegra innviða, menntamálum, sem og vatns- og hreinlætismálum.

Íslensk borgarasamtök kynntu starfsemi sína og verkefni í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð í ráðuneytinu á síðasta ári. Segja má að þetta sé vel í takt við tillögu stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar um að „*Eflt verði samráð og samstarf við Alþingi, frjáls félagsamtök og fræðasamfélagið á sviði þróunarsamvinnu*“. Þá var boðið upp á námskeið fyrir borgarasamtök í þróunarsamvinnu um grunnildi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, hugtök og verklag. Markmið námskeiðsins var að efla færni og getu samtakanna til að vinna innan málaflokksins.

Verkefni á sviði mannúðaraðstoðar voru fyrirferðarmikil en alls úthlutaði ráðuneytið 202 m.kr. til 11 mannúðarverkefna á vegum íslenskra borgarasamtaka. Flest verkefnanna voru vegna átakanna í Sýrlandi en alls úthlutaði ráðuneytið 115 m.kr. til sex verkefna til að bregðast við þeirri neyð. Jafnframt var úthlutað til verkefna sem komu til framkvæmdar í Jemen, Mið-Afríkulýðveldinu, Sómalíu og Suður-Súdan. Flest verkefnanna voru viðbrögð við ástandi af völdum átaka en einnig var veitt aðstoð til að bregðast við fæðuskorti og þurrki, auk þess sem veitt var aðstoð til að bregðast við kynferðislegu ofbeldi á átakasvæðum.

Tafla 7: Framlög til mannúðar- og þróunarverkefna 2017

Eftirfarandi langtímaþróunarsamvinnuverkefni voru fjármögnuð árið 2017:	
Enza, Uppbygging Enza tölvuvera í samvinnu við TCB í Suður-Afríku (2 ár).	4.005.125 kr.
Hjálparstarf kirkjunnar, valdefling ungs fólks í fátækrahverfum Kampala (3 ár).	8.789.000 kr.
Hjálparstarf kirkjunnar, þróunar- og neyðarverkefni í Jijiga, Eþíópíu (2 ár).	11.794.525 kr.
Hjálparstarf kirkjunnar, þróunar- og neyðarverkefni í Kebri Beya, Eþíópíu (3 ár).	20.000.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, aðstoð við geðfatlaða í Hvíta-Rússlandi (2 ár).	15.700.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, aukið viðnámsþol nærsamfélaga í Malaví (4 ár).	6.840.000 kr.
SOS Barnaþorpin á Íslandi, fjölskylduefning í Tulu Moye, Eþíópíu (4 ár).	20.000.000 kr.
Eftirfarandi styttra þróunarsamvinnuverkefni var fjármagnað árið 2017:	
Samband íslenskra kristniboðsfélaga, menntun á jaðarsvæðum í Kenía.	8.000.000 kr.
Eftirfarandi fræðslu- og kynningarverkefni voru fjármögnuð árið 2017:	
ABC barnahjálp, fræðsla um markaðssetningu hjálparstarfs og nytjamarkaðar.	229.960 kr.
ABC barnahjálp, fræðsla um mikilvægi borgarasamtaka í þróunarsamvinnu.	237.240 kr.
SOS Barnaþorpin á Íslandi, Sólblómaleiksskólar.	500.000 kr.
Sól í Tógó, kynning á rokkbúðum og tónlistarmíðstöð kvenna og stúlkna í Tógó	500.000 kr.
Eftirfarandi mannúðarverkefni voru fjármögnuð árið 2017:	
Hjálparstarf kirkjunnar, mannúðaraðstoð í Sómalíu vegna þurrka og ófriðar.	15.000.000 kr.
Hjálparstarf kirkjunnar, mannúðaraðstoð vegna átaka í Sýrlandi	25.000.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, barátta gegn kynferðislegu ofbeldi í Suður-Súdan.	15.000.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, barátta gegn kynferðislegu ofbeldi í Sýrlandi.	15.000.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, barnavernd og ofbeldisforvarnir meðal sýrlenskra flóttamanna og viðtökusamfélaga í Jórdaníu.	18.478.748 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, fjárhagsaðstoð fyrir einstæðar mæður í Líbanon.	18.130.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, neyðaraðstoð vegna fæðuskorts og vopnaðra átaka í Jemen.	30.000.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, neyðaraðstoð vegna fæðuskorts og yfirvofandi hungursneyðar í Sómalíu.	15.000.000 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, vernd flóttafólks frá Sýrlandi í Tyrklandi.	18.331.252 kr.
Rauði krossinn á Íslandi, örugg blóðgjöf til handa sýrlensku flóttafólki í Líbanon og berskjölduðu fólki í viðtökusamfélagi þeirra.	20.060.000 kr.
SOS Barnaþorpin á Íslandi, neyðaraðstoð í Mið-Afríkulýðveldinu.	12.000.000 kr.

8. Úttektir og árangur

Á árinu 2017 var unnið samkvæmt samþykktu úttektarstefnu þar sem markmið og framkvæmd úttekta eru skilgreind í samræmi við alþjóðlegt verklag og kröfur DAC um úttektir. Alls voru framkvæmdar fimm úttektir á árinu 2017. Í verklagi þróunarsamvinnu gegna úttektir mikilvægu hlutverki, enda skila þær þekkingu um árangur verkefna og þann lærdóm sem draga má af því sem vel gengur og sýna fram á það sem betur mætti fara. Þar til í lok árs 2017 fór sérstök deild innan þróunarsamvinnuskrifstofu með úttektarmál en nú hefur hluti af verkefnum deildarinnar færst yfir í nýja eftirlitsdeild sem fellur undir skrifstofu ráðuneytisstjóra og fer með eftirlit með stjórnsýsluframkvæmd utanríkisþjónustunnar og almennri nýtingu mannauðs og fjármuna. Þessi skipulagsbreyting var lögð til í jafningjarýni DAC og síðar undirstríkuð í skýrslu stýrihóps um *Utanríkisþjónustu til framtíðar*.

Á síðasta ári lauk fyrstu óháðu úttekt á skólum HSP sem fram fer á árangri skólanna og jafnframt umfangsmestu úttekt sem framkvæmd hefur verið í tengslum við alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Meginniðurstöður úttektarinnar eru að mikil námsgæði og góður árangur hafi náðst með starfi skólanna í þágu þróunarríkja, námið samrýmist stefnu Íslands, heimsmarkmiðum SP og stefnu þróunarríkja. Í úttektinni koma fram ýmsar ábendingar sem snúa bæði að skólunum og ráðuneytinu um það hvernig styrkja megi starfið. Nú þegar hefur verið hafist handa við vinnu í tengslum við innleiðingu á þeim ábendingum í samstarfi ráðuneytisins og skólanna.

Lokaúttekt á fiskgæðaverkefni í Úganda 2009-2015 lauk á sl. ári. Markmið verkefnisins var að draga úr fátækt og bæta lífsafkomu fólks í fiskiþorpum í Úganda. Úttektin var framkvæmd af óháðum úttektaraðila og fór fram á tímabilinu mars-maí 2017. Var henni ætlað að varpa ljósi á hvort verkefnið hefði tekist eins og lagt var upp með og að hvaða marki það hafi haft áhrif á íbúa fiskisamfélaganna í út frá settum markmiðum. Helstu niðurstöður voru þær að verkefnið hefði verið vel viðeigandi og mætt þörfum þeirra haghafa sem bjuggu á svæðinu. Þau markmið og áhrif sem lagt var upp með náðust að mestu leyti. Úttektaraðilinn taldi einnig að þverlægt markmið um jafnrétti og umhverfisáhrif hafi náðst að fullnægjandi marki með verkefninu. Þó komu fram áhyggjur vegna sjálfbærni verkefnisins, m.a. í tengslum við vatnsveitur. Í kjölfarið var brugðist við þeim ábendingum og vinna sett af stað við að renna tryggari stoðum undir rekstur þessara vatnsveitna til lengri tíma.

Á síðasta ári lauk óháðri úttekt á framkvæmd jafnréttisstefnunnar 2013-2016. Úttektaraðilum var ætlað að skoða hvort og hvaða árangur hafi náðst og að hvaða leyti stefnan hafi stuðlað að jafnrétti kynjanna, valdeflingu kvenna og aukinni kynjasamþættingu í þróunarsamvinnu Íslands. Úttektaraðilum var enn fremur falið að benda á hvernig styrkja mætti þessa sömu þætti og leggja til hvaða aðferðir og verkfæri væru best til þess fallin til að ná fram betri árangri í bæði tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu. Bæði var litið til þess árangurs sem náðst hefur í innleiðingu stefnunnar og einnig leitast við að draga lærdóm af því sem betur má fara og skilgreina leiðir til að bæta samþættingu jafnréttismála í þróunarsamstarfi. Niðurstöður úttektarinnar benda til þess að marktækur árangur hafi náðst með starfi Íslands í jafnréttismálum, bæði í gegnum tvíhliða- og marghliða þróunarsamvinnu.

Á árinu var lokið við áreiðanleikakönnun á samstarfi við borgarasamtök í þróunarsamvinnu, sem PwC framkvæmdi. Þá fór af stað síðari hluta árs úttekt á verkefnum Rauða Kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu, Malaví, Úganda og Hvíta Rússlandi. Þeirri úttekt er bæði ætlað að varpa ljósi á og meta árangur verkefnanna, sem og að draga ályktanir almennt um árangur og virðisaukandi framlag borgarasamtaka í þróunarsamvinnuverkefnum. Lokaskýrslu þessarar úttektar er að vænta fljótlega.

9. Markmið og starfið framundan

Markmið Íslands í þróunarsamvinnu taka mið af heimsmarkmiðum SP. Í starfinu framundan verður í því samhengi unnið að því að draga úr fátækt og stuðla að almennri velferð á grundvelli jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Fyrirhugað er að leggja fram á Alþingi á þessu ári nýja stefnu stjórnvalda á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu ásamt aðgerðaráætlun til tveggja ára. Viðskiptamál fá aukið vægi í þróunarsamvinnu Íslands og lögð verður meiri áhersla á samstarf við íslenskt atvinnulíf og nýtingu íslenskrar sérþekkingar í þeim tilgangi að auka hagvöxt í þróunarríkjum og stuðla að sjálfbærri þróun.

Þá verður unnið úr ábendingum og tillögum nýafstaðinnar úttektar á jafnréttisstefnu á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016 og hafist handa við mótnun nýrrar stefnu. Fram undan er einnig vinna við að koma á fót framtíðarfyrirkomulagi fyrir þá fjóra skóla Háskóla SP sem staðsettir eru á Íslandi. Á árinu 2019 fer fram miðannarrýni á þróunarsamvinnu Íslands sem framkvæmd er af DAC. Er sú rýni framhald af jafningjarýni DAC frá árinu 2017 þar sem mat verður lagt á hvernig stjórnvöldum hefur tekist að vinna úr ábendingum sem þar komu fram.

Um mitt ár 2019 mun Ísland taka við formennsku í kjördæmissamstarfi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hjá Alþjóðabankanum og gegna því í tvö ár. Í samræmi við tillögu hóps stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar mun deild fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu í þróunarsamvinnuskrifstofu leiða samræmingu á málefnum samstarfi kjördæmisins í höfuðborgum kjördæmislanda það tímabil sem Ísland leiðir samræmingarstarfið.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR: IV. ÞRÓUNARSAMVINNA

Nr.	Markmið	HM #	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
1	Efla grunnþjónustu og styrkja stofnanir til að bæta lífsgör og auka tækifæri þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð.	5	Jafnrétti: Fjöldi útskrifaðra nemenda í Jafnréttis- skóla HSP og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarríkjum á ári.	18 útskrifaðir nemendur	Áætlaður fjöldi er ekki til en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 26 talsins.	Áætlaður fjöldi er ekki til en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 26 talsins.
		4	Menntun: Aðbúnaður í grunnskólum (markskólum) í samstarfs-heruðum í Úganda og Malaví.		Grunnaðbúnaður til staðar í 28 grunnskólum í Úganda (Buikwe).	Grunnaðbúnaður til staðar í 12 skólum í Malaví (Mangochi) (viðmið 2021).
		3	Heilsa: a) Hlutfall kvenna í skoðun snemma á meðgöngu í Mangochi í Malaví. b) Hlutfall fæðinga undir stjórn faglærðra í Mangochi. c) Bólusetningar barna á fyrsta ári í Mangochi-héraði.	a) 8% b) 64% c) 75%		a) 15% b) 80% c) 95% (viðmið 2021).
		6	Vatn: Fjöldi heimila og skóla með aðgang að og not af aðstöðu með heilnæmu vatni og bættri salernis-aðstöðu á þeim svæðum sem samstarfsverkefni nær til í Zambésía-fylki (Mósambík).			Í árslok 2020 verði 52 nýjar borholur og vatnsveitur tilbúnar sem þjóni 25 þúsund íbúum og kamrar sem þjóni 150 þúsund manns. Einnig hafi 15 skólar fengið vatns og hreinlætisaðstöðu.
2	Bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, auk þess sem gripið verði til aðgerða vegna loftslagsbreytinga.	2, 14	Fiskimál: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Sjávarútvegs-skóla HSP og fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarríkjum á ári.	21 útskrifaður nemandi	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 26 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 26 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.

Nr.	Markmið	HM #	Mælikvarðar	Staða 2017	Viðmið 2019	Viðmið 2023
		7	Orkumál: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Jarðhitaskóla HSP og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarlöndum á ári.	23 útskrifaðir nemendur og 61 þátttakandi í þremur styttri námskeiðum erlendis.	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 27 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 27 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.
		15	Landgræðsla Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Landgræðsluskóla HSP og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunar-löndum á ári.	14 útskrifaðir nemendur	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 20 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	Áætlaður fjöldi er ekki til, en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaraðila á fjölda nemenda má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 20 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.
3	Auka viðnáms-þrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaradstoðar og þróunar-samvinnu.	2 og 16	Mannúðaradstoð: Heildarfjöldi ramma-samninga við áherslustofnanir og íslensk borgarasamtök.	4	7	8

NR	Tengist mark-miði nr.	Aðgerð	Tíma-áætlun	Kostnaður	Ábyrgðar-aðili
1	1	Jafnrétti: Stuðningur við UN Women, UNFPA, Jafnréttissjóð Alþjóðabankans og Jafnréttisskóla HSP.	2018-2019	525 m.kr. (2018)	UTN
2	1	Menntun: Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda (Buikwe og Kangala) og Malaví (Mangochi).	2018-2019	610 m.kr. (2018)	UTN
3	1	Heilsa: Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi-héraði í Malaví. Stuðningur við UNICEF í Palestínu.	2018-2019	183 m.kr. (2018)	UTN
4	1	Vatn: Samstarfsverkefni í vatns- og hreinlætisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Úganda (Buikwe) og Malaví (Mangochi). Stuðningur við UNICEF í Mósambík, (Zambesía).	2018-2019	423 m.kr. (2018)	UTN
5	2	Fiskimál: Stuðningur við Sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi og fiskisamstarf innan Alþjóðabankans.	2018-2019	336 m.kr. (2018)	UTN
6	2	Jarðhiti: Stuðningur við jarðhitarannsóknir í Austur-Afríku og sérfræðiráðgjöf við Alþjóðabankann, Jarðhitaskóla HSP á Íslandi, ESMAP innan Alþjóðabankans og SE4ALL.	2018-2019	466 m.kr. (2018)	UTN
7	2	Landgræðsla: Stuðningur við Landgræðsluskóla HSP á Íslandi.	2018-2019	138 m.kr. (2018)	UTN
8	3	Mannúðaraðstoð: Framlög til OCHA, CERF, UNHCR, WFP, UNRWA, UNICEF, UNFPA og ICRC. Rammasamningar við borgarasamtök og áherslustofnanir. Eyrnamerkt framlög og liðsafl til áherslustofnana, ICRC, Alþjóðabjörgunarsveitarinnar/Landsbjargar.	2018-2019	840 m.kr. (2018)	UTN

Ofangreindur listi er ekki tæmandi og endurspeglar ekki alla opinbera þróunarsamvinnu Íslands.